| Framlag úr ríkissjóði ..... | 89.909,1 |
|-----------------------------|----------|

|                           |          |
|---------------------------|----------|
| Viðskiptahreyfingar ..... | 35.479,5 |
|---------------------------|----------|

#### 33.20 Ríkisábyrgðir

##### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

|                            |       |
|----------------------------|-------|
| Fjárfestingarframlög ..... | 110,0 |
|----------------------------|-------|

|                                 |              |
|---------------------------------|--------------|
| <b>Heildarfjárheimild .....</b> | <b>110,0</b> |
|---------------------------------|--------------|

Fjármögnun:

|                             |      |
|-----------------------------|------|
| Framlag úr ríkissjóði ..... | 20,0 |
|-----------------------------|------|

|                           |      |
|---------------------------|------|
| Viðskiptahreyfingar ..... | 90,0 |
|---------------------------|------|

#### 33.30 Lífeyrisskuldbindingar

##### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

|                       |          |
|-----------------------|----------|
| Rekstrarframlög ..... | 80.899,6 |
|-----------------------|----------|

|                                 |                 |
|---------------------------------|-----------------|
| <b>Heildarfjárheimild .....</b> | <b>80.899,6</b> |
|---------------------------------|-----------------|

Fjármögnun:

|                             |          |
|-----------------------------|----------|
| Framlag úr ríkissjóði ..... | 43.205,8 |
|-----------------------------|----------|

|                           |          |
|---------------------------|----------|
| Viðskiptahreyfingar ..... | 37.693,8 |
|---------------------------|----------|

|                                                                                    | m.kr.            |
|------------------------------------------------------------------------------------|------------------|
| <b>33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi, heildargjöld . . . .</b> | <b>206.398,2</b> |
| <b>Rekstrartekjur . . . . .</b>                                                    | <b>0,0</b>       |
| <b>Framlag úr ríkissjóði . . . . .</b>                                             | <b>133.134,9</b> |
| <b>Viðskiptahreyfingar . . . . .</b>                                               | <b>73.263,3</b>  |



m.kr.

## 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir

### 34.10 Almennur varasjóður

#### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

|                                     |                 |
|-------------------------------------|-----------------|
| Rekstrarframlög . . . . .           | 18.404,4        |
| Rekstrartilfærslur . . . . .        | 2.378,3         |
| Fjárfestingarframlög . . . . .      | 2.106,0         |
| <b>Heildarfjárheimild . . . . .</b> | <b>22.888,7</b> |
| Fjármögnun:                         |                 |
| Framlag úr ríkissjóði . . . . .     | 22.888,7        |

### 34.20 Sértækar fjárráðstafanir

#### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

|                                     |              |
|-------------------------------------|--------------|
| Rekstrarframlög . . . . .           | 141,1        |
| Rekstrartilfærslur . . . . .        | 167,5        |
| Fjárfestingarframlög . . . . .      | 176,9        |
| <b>Heildarfjárheimild . . . . .</b> | <b>485,5</b> |
| Fjármögnun:                         |              |
| Framlag úr ríkissjóði . . . . .     | 485,5        |

### 34.30 Afskriftir skattkrafna

#### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

|                                     |                |
|-------------------------------------|----------------|
| Rekstrarframlög . . . . .           | 7.188,1        |
| <b>Heildarfjárheimild . . . . .</b> | <b>7.188,1</b> |
| Fjármögnun:                         |                |
| Viðskiptahreyfingar . . . . .       | 7.188,1        |

|           |                                                                                |                 |
|-----------|--------------------------------------------------------------------------------|-----------------|
|           |                                                                                | m.kr.           |
| <b>34</b> | <b>Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir, heildargjöld . . . . .</b> | <b>30.562,3</b> |
|           | <b>Rekstrartekjur . . . . .</b>                                                | <b>0,0</b>      |
|           | <b>Framlag úr ríkissjóði . . . . .</b>                                         | <b>23.374,2</b> |
|           | <b>Viðskiptahreyfingar . . . . .</b>                                           | <b>7.188,1</b>  |

m.kr.

## 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna

### 35.10 Þróunarsamvinna

#### 03 Utanríkisráðuneyti

|                                 |                 |
|---------------------------------|-----------------|
| Rekstrarframlög .....           | 3.376,1         |
| Rekstrartilfærslur .....        | 12.996,4        |
| <b>Heildarfjárheimild .....</b> | <b>16.372,5</b> |
| Fjármögnun:                     |                 |
| Rekstrartekjur .....            | -4,9            |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | 16.367,6        |

|                                                         |                 |
|---------------------------------------------------------|-----------------|
| <b>35 Alþjóðleg þróunarsamvinna, heildargjöld .....</b> | <b>16.372,5</b> |
| <b>Rekstrartekjur .....</b>                             | <b>-4,9</b>     |
| <b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>                      | <b>16.367,6</b> |
| <b>Viðskiptahreyfingar .....</b>                        | <b>0,0</b>      |

Greinargerð.

## Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi þegar það kemur saman og í þingskapalögum er kveðið á um að frumvarpið skuli lagt fram á fyrsta fundi haustþings sem er annar þriðjudagur í september.

Samkvæmt lögum um opinber fjármál skal frumvarp til fjárlaga sett fram á grundvelli þingsályktunar um fjármálaáætlun og skal það að efni til vera í samræmi við markmið hennar, sbr. 5. og 14. gr. laganna. Það fjárlagafrumvarp sem hér er lagt fram er í samræmi við fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030 sem Alþingi samþykkti í júlí sl.

Um meginefni fjárlagafrumvarpsins er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast afgreiðslu fjárlaga á annan hátt í öðrum fastanefndum Alþingis og eru framangreind frumvörp jafnan afgreidd eigi síðar en í desember.

### Stafræn framsetning frumvarps til fjárlaga

Vakin er athygli á því að frumvarp til fjárlaga er birt með stafrænum hætti á vefsíðu Stjórnarráðs Íslands á slóðinni [www.fjarlog.is](http://www.fjarlog.is). Lögð er áhersla á að hafa framsetningu frumvarpsins á vefnum skýra og notendavæna. Frumvarpið er ekki prentað en hægt er að nálgast prentvæna útgáfu á vefsíðum Alþingis og Stjórnarráðsins.

### Efnisskipan frumvarps til fjárlaga

Í frumvarpinu eru alls sex lagagreinar ásamt tveimur nánari sundurliðunum sem jafnframt hafa lagalegt gildi, fyrir tekju- og útgjaldahlið frumvarpsins.

Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er birt fjárstreymisyfirlit um meginflokkun tekna og hagræna skiptingu útgjalda-þátta ríkissjóðs (A1-hluti) á þjóðhagsgrunni samkvæmt svonefndum GFS-hagskýrslustaðli (e. Government Finance Statistics) sem sýnir efnahagsleg áhrif ríkisfjármála á aðra geira hagkerfisins. Þá er sett fram hvaða breytingar á peningalegum eignum og skuldum felast í heildarafkomu fjárlagaársins.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluti). Niðurstaða rekstrar- og fjárfestingarhreyfinga er hreinn lánsfjárfjöfnuður sem þykir gefa góða mynd af samtímaáhrifum ríkisfjármálanna á efnahagslífið.
- Í 3. gr. er yfirlit yfir skiptingu fjárheimilda ríkissjóðs (A1-hluti) til málefnasviða greindar í rekstur, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingu. Þar eru líka sýndar áætlaðar rekstrartekjur og áætluð heildargjöld fyrir hvert málefnasvið.
- Í 4. gr. er yfirlit yfir fjárheimildir ríkissjóðs (A1-hluti) til málefnasviða og málaflokka sundurgreindar eftir ráðuneytum. Með þessu er ábyrgðarsvið og hlutdeild hvers ráðuneytis innan málefnasviðs skýr en útgjöld á einstökum málefnasviðum geta fallið undir fleiri en eitt ráðuneyti.
- Í 5. gr. er greint frá heimildum fjármála- og efnahagsráðherra til töku nýrra lána og veitingar lána og ríkisábyrgða.
- Í 6. gr. er kveðið á um heimildir fjármála- og efnahagsráðherra til samningsgerða og fjárráðstafana, s.s. að kaupa og selja eignir.

Efni sundurliðananna er sem hér segir:

- Nánari sundurliðun á tekjuáætlun fjárlaga (A1-hluti) í 1. gr. fjárlagafrumvarpsins.
- Nánari sundurliðun á útgjöldum í 3. og 4. gr. frumvarpsins (A1-hluti) eftir málefna-sviðum, málaflokkum og ráðuneytum með hagrænni skiptingu.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er umfjöllun um einstaka þætti frumvarpsins sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er fjallað um framvindu efnahags- og ríkisfjármála ásamt áherslum og úrlausnarefnum sem eru fram undan.
- Í öðrum kafla er fjallað um stöðu og horfur í efnahagsmálum fyrir komandi fjárlagaár og hagrænar forsendur stefnumörkunar um ríkisfjármálin.
- Í þriðja kafla er gerð grein fyrir markmiðum í ríkisfjármálum og helstu niðurstöðum frumvarpsins.
- Í fjórða kafla er fjallað um tekjuöflun ríkissjóðs (A1-hluti), helstu skattkerfisbreytingar og skattastyrki.
- Í fimmta kafla er umfjöllun um gjaldahlið frumvarpsins (A1-hluti) þar sem m.a. er greint frá meginbreytingum á útgjaldahlið fyrir næsta fjárlagaár ásamt verðlagsforsendum gjaldahliðar.
- Í sjötta kafla er fjallað um fjárreiður ríkisaðila í A2- og A3-hluta og gerð grein fyrir flokkun ríkisaðila, áætlanir A2-hluta ríkisaðila, áætlanir A3-hluta ríkisaðila og helstu lykilstærðir í fjárreiðum þeirra.
- Í sjöunda kafla er fjallað um samstæðuyfirlit A-hluta í heild ásamt rekstraryfirliti A-hluta í heild fyrir árin 2023–2026.
- Í áttunda kafla er fjallað um fjárreiður ríkisaðila í B-hluta og gerð grein fyrir áætlun um rekstrarafkomu, arðgreiðslur, fjárfestingar, lántökur og lánveitingar.
- Í níunda kafla er umfjöllun um efnahag, lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
- Í tíunda kafla eru skýringar á heimildum í frumvarpinu til samningsgerðar og fjárráðstafana.
- Í ellefta kafla er gerð grein fyrir áhættuskuldbindingum sem geta varðað fjárhag ríkissjóðs.
- Í tólfta kafla er yfirlit yfir lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að áætlanir um gjöld og öflun tekna, sem fram koma í frumvarpinu, nái fram að ganga.
- Þar á eftir eru birtar greinargerðir ráðuneyta þar sem fjallað er um skiptingu fjárheimilda eftir málefnasviðum og málaflokkum (A1-hluti), breytingar fjárheimilda fyrir næsta fjárlagaár og helstu aðgerðir málaflokka fyrir næsta ár.
- Loks er í viðauka fjallað um reikningshaldslega framsetningu ríkisfjármálanna, auk þess sem helstu tölulegu niðurstöður frumvarpsins eru settar fram í sérstökum töfluviðauka.

### **Innihald fylgirits með fjárlagafrumvarpi**

Samkvæmt lögum um opinber fjármál skal leggja fram fylgirit með frumvarpi til fjárlaga sem sýnir sundurliðun á tekjum ríkissjóðs og skiptingu á fjárheimildum til málaflokka í fjárveitingar til ríkisaðila í A1-hluta, annarra verkefna og í varasjóði málaflokka. Fylgirit fjárlaga er ekki eiginlegur hluti af sjálfum fjárlögunum heldur til nánari útskýringar á þeim. Hægt er að nálgast fylgiritið með stafrænum hætti á vef Stjórnarráðsins.

Efni fylgiritisins er sem hér segir:

- Nánari sundurliðun á tekjuáætlun fjárlaga í 1. gr.
- Sundurliðun fjárveitinga eftir hagrænni skiptingu.
- Sundurliðun fjárveitinga eftir ráðuneytum og málaflokkum.
- Yfirlit fjárveitinga eftir stofnunum og verkefnum.
- Forsendur fjárveitinga samkvæmt reiknilíkönum.
- Yfirlit yfir skuldbindandi þjónustu- og styrktarsamninga.

Áréttað skal að í fylgiriti eru birtar áætlanir um fjárveitingar til stofnana og verkefna til næstu tveggja ára eftir fjárlagaárið sem eru ekki skuldbindandi fyrir Alþingi þar sem fjárlög gilda einungis til eins árs í senn.

# 1 Áherslur og forgangsmál

Á átta mánuðum í ríkisstjórn hefur margt áunnist. Markvissar aðgerðir til umbóta og hagræðingar hafa þegar haft jákvæð áhrif á horfur í efnahagslífinu og aukið stöðugleika ríkisfjármálanna. Síðustu ár hafa verið þjóðinni erfið. Ítrekuð áföll sem hafa haft neikvæð áhrif á efnahaginn og ósjálfbær útgjaldavöxtur hjá ríkinu hafa valdið sveiflum og ýtt undir verðbólgu. Fyrir vikið hafa vextir af lánum verið of háir í of langan tíma. Að snúa því við krefst mikils aga, varfærni og festu við stjórn ríkisfjármála. Tiltrú á efnahagsstefnuna er forsenda þess að verðbólga geti hjaðnað og þannig skapað skilyrði fyrir lækkun vaxta. Það mikilvægasta sem ríkisfjármálastefnan getur lagt af mörkum er að setja skýr og metnaðarfull markmið og standa við þau. Það er forgangsmál ríkisstjórnarinnar.

Ríkisfjármálastefna stjórnvalda birtist í fjármálastefnu og fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030. Þar eru sett skýr markmið um niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs og stöðvun hallareksturs eigi síðar en árið 2027, samhliða því sem forgangsraðað er í þágu innviðafjárfestingar. Fjárlagafrumvarpið snýst um að fylgja þeim markmiðum eftir af festu. Það er gert með tiltekt og marghátuðum umbótum í rekstri ríkisins. Á sama tíma hefst ríkisstjórnin handa við að efla öryggi og bæta innviði Íslands þar sem þörfin er brýnust.

Í þessu fjárlagafrumvarpi eru stigin stór skref til að ná stöðugleika í efnahagslífinu. Lögð er áhersla á að koma ríkisfjármálunum á rétta braut með því að ráðast í umbætur og hagræðingu, einfalda stjórnsýslu, sameina stofnanir og ná betri stjórn á starfsemi ríkisins í heild. Með þessu skapast um leið svigrúm til fjárfestinga, eflingar öryggis og innviða, svo sem samgönguinnviðum, heilbrigðisþjónustu, löggæslu og öðrum stofnunum sem sinna öryggi borgaranna.

## Hallalaus ríkisrekstur 2027

Forsenda árangurs er að fjármála- og efnahagsstjórn landsins markist af framsýni og að útgjaldasveiflur, sem hafa fylgt ofuráherslu stjórnsmálanna á árangur innan kjörtímabils, heyri sögunni til. Mikilvægur liður í því var innleiðing stöðugleikareglu í lög um opinber fjármál sem Alþingi samþykkti í sumar. Í henni felst að varanlegar skorður hafa verið settar við ósjálfbærum útgjaldavexti. Á grundvelli hennar er ekki lengur heimilt að auka ríkisútgjöld umfram vöxt verðmætasköpunar í hagkerfinu og komið hefur verið í veg fyrir að tímabundnum tekjum, sem stafa af uppsveiflu í efnahagslífinu, verði jafnharðan varið í varanleg rekstrarútgjöld. Fjármálaráð, helstu alþjóðastofnanir og lánshæfismatsfyrirtæki hafa fagnað innleiðingu reglunnar og telja hana stuðla að auknum stöðugleika efnahagslífs og ríkisfjármála.

Á þeim grunni var í fjármálaáætlun boðað að útgjaldavöxtur verði minni en vöxtur landsframleiðslu og þannig verður bundinn endir á hallarekstur ríkissjóðs árið 2027, en hann hefur verið viðvarandi frá því nokkru fyrir heimsfaraldur. Afkoma ríkissjóðs samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi er 11 ma.kr. betri en lagt var upp með í fjármálaáætlun í vor.

## Lækkum vaxtabyrðina


Skuldir ríkissjóðs hafa verið umtalsvert hærri en í nágrannaríkjunum og vaxtakostnaðurinn hefur bitnað á mikilvægum verkefnum á borð við uppbyggingu vega, raforkukerfis og annarra innviða. Vaxtagjöld ríkissjóðs, sem eru afleiðing hallareksturs síðustu ára, nema 125 ma.kr. Það felur í sér að vaxtagjöld hvers einasta íbúa landsins nema 314.000 kr. á ári. Það er hærri

fjárhæð en sem nemur rekstri allra framhaldsskóla og háskóla á landinu. Vaxtagjöldin verða ekki greidd öðruvísi en með sköttum eða hagræðingu. Það er einföld staðreind.

### Mynd 1.1

#### Meira fer til greiðslu vaxta en til lykilmálaflokka

Heildargjöld í ma.kr. skv. fjárlagafrumvarpi ársins 2026




Við þessa stöðu verður ekki unað og í fjárlagafrumvarpinu eru stigin mikilvæg skref í þá átt að snúa við blaðinu. Unnið er hratt og örugglega að því að ríkissjóður skili afgangi árið 2027 í fyrsta sinn í tæpan áratug. Uppgjör ÍL-sjóðs og sala á öllum eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka sýnir forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í verki. Ríkisstjórnin kom þessum tveimur risamálum í höfn á fyrstu sex mánuðum sínum við stjórnvölinn og nýtti allan afraksturinn til niðurgreiðslu skulda, sem lækkuðu um hátt í 400 ma.kr. Ríkisstjórnin sýnir festu í verki til að treysta viðnámsþrótt gagnvart áföllum og áskorunum. Hún styður vöxt verðmætasköpunar til framtíðar samtímis því að draga úr sligandi vaxtagjöldum. Undirliggjandi rekstur ríkisins er bættur samhliða því að fjármunum er varið í arðbærar innviðafjárfestingar.

Sterk efnahagsstjórn skilar sér í bættem hag heimilanna. Með jafnvægi í ríkisrekstrinum styður ríkisstjórnin markmið peningastefnu Seðlabanka Íslands um að draga úr verðbólgu og skapar forsendur fyrir lækkun stýrivaxta. Vextir af fasteignalánum hafa þyngt róður heimilanna undanfarin ár og er til mikils að vinna að ná þeim niður. Stöðugleikareglan tryggir að bætt lífskjör í dag verða ekki fjármögnuð með lánum og reikningurinn sendur komandi kynslóðum. Þá hefur tiltekt í ríkisfjármálunum þegar skilað svigrúmi til þess að bæta hag þeirra sem mest þurfa á stuðningi að halda, með sérhæfðri þjónustu fyrir börn með fjölþættan vanda, með hækkun á almennu frítækjumarki ellilífeyrisþega og með því að tryggja að aldursviðbót örorkulífeyrisþega haldist ævilangt.



**Mynd 1.2****Heimili og fyrirtæki njóta góðs af lækkun vaxta**

Uppsöfnuð áhrif af lækkun vaxta miðað við 30 m.kr. lán, á ársgrunni\*




\*Lækkun vaxtakostnaðar á ársgrunni frá því áður en stýrivextir byrjuðu að lækka í október 2024, miðað við 30 m.kr. óverðtryggt lán á breytilegum vöxtum.

**Jafnvægi náð með því að halda aftur af ríkisútgjöldum**

Þvert á það sem gjarnan er haldið fram munu markmið ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum fyrst og fremst nást með því að halda aftur af útgjaldavexti. Fjármálaráð hefur ítrekað bent á tilhneigingu tímabundinna ríkisútgjalda til að verða varanleg. Í því samhengi hefur ráðið bent á að seint hafi gengið að vinda ofan af þeim útgjaldavexti sem varð í kjölfar heimsfaraldursins. Skatttekjur ríkissjóðs eru á hinn bóginn svipaðar og síðast þegar ríkissjóður var rekinn með afgangi. Þess vegna er einkum lögð áhersla á að ná stjórn á ríkisútgjöldum, s.s. með hagræðingu, einföldun og aukinni skilvirkni, en gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs haldist stöðugar.

**Mynd 1.3****Hallarekstur ríkissjóðs loks stöðvaður með því að halda aftur af útgjaldavexti**

% af landsframleiðslu



## **Forgangsraðað í þágu verðmætasköpunar og innviðafjárfestingar**

Þrátt fyrir að fyrsta áherslumál ríkisfjármála sé að endurheimta sterka stöðu ríkissjóðs og stuðla að hjöðnun verðbólgu og lækkun vaxta sækir ríkisstjórnin einnig fram í þágu samfélagsins alls. Ríkisfjármálin og efnahagsstefna stjórnvalda gegna veigamiklu hlutverki við að stuðla að vaxandi velsæld og verðmætasköpun til lengdar. Stærsta verkefni ríkisfjármála í þágu verðmætasköpunar er að bæta stöðu opinberra innviða í landinu. Hér eru engar skyndilausnir í boði og sem fyrr mikilvægt að sýna festu, setja metnaðarfull en raunhæf markmið – og ná þeim. Þótt verkefnin séu mörg brýn er engum greiði gerður með því að fara of geyst af stað. Lítil fjárfesting um árabíl eftir fjármálahrunið ól af sér skuld sem þjóðarþúið er enn að fást við. Á sumum sviðum hefur tekist að snúa vörn í sókn, en ekki á öðrum. Á meðan unnið er á þeirri skuld er mikilvægt að hugsa til lengri tíma en áður. Aðeins með meiri fyrirsjáanleika stuðlar fjárfesting ríkis og sveitarfélaga að jafnvægi í byggingariðnaði og styður þannig við stöðugleika í efnahagsmálum.

Í samræmi við slíka langtímanálgun, og til að styðja við aukna verðmætasköpun, voru nýlega kynnt áform um atvinnustefnu Íslands til 2035. Á þeim vettvangi verður m.a. unnið að því að skapa atvinnulífínu umgjörð sem styður við samkeppnishæfni og að framleiðni vaxi. Með því að búa atvinnulífínu stöðugri rekstrarskilyrði geta stjórnvöld stutt við fjölbreyttari útflutning sem gerir hagkerfinu kleift að sækja fram samhliða því að auka viðnámsþrótt þess gagnvart áföllum.

## **Ábyrg efnahagsstefna er strax farin að skila árangri**

Hagvaxtarhorfur eru betri á Íslandi en í nágrannaríkjunum, atvinnuvegir þjóðarinnar verða sífellt þróttmeiri og fjölbreyttari og ríkisfjármálin eru loksins á réttri leið. Til þess að leggja grunn að framhaldi afkomu- og lífsgæðabata þjóðarinnar skiptir máli að halda áfram þeirri vegferð sem hafin var á liðnum vetri. Aðgerðir sem ríkisstjórnin sigldi í örugga höfn hafa þegar skilað umtalsverðum árangri. Lækkun skuldahlutfalls, uppgjör ÍL-sjóðs, sala Íslandsbanka, fjölbreytt atvinnulíf og ábyrg fjármálaáætlun leiddu til þess að alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings breytti horfum um láns hæfi ríkissjóðs í jákvæðar úr stöðugum. Fyrir vikið eru líkur á bættu láns hæfismati á næstu misserum og þar með bættum vaxtakjörum.

Til marks um hinar jákvæðu horfur var eftirspurn sexföld fjárhæð útgáfunnar þegar ríkisskuldabréf í evrum voru boðin út á vormánuðum. Helmingur andvirðis útgáfunnar fór til uppgjors ÍL-sjóðs en hinn til að styrkja gjaldeyrisforðann og efla viðbúnað hagkerfisins gagnvart áföllum. Vaxtakjör voru einnig umtalsvert betri en í síðustu erlendu útgáfu ríkissjóðs. Viðtökurnar endurspeglar mikið traust fjárfesta í garð efnahagsmála og ríkisfjármála á Íslandi. Það er ekki síst athyglisvert í ljósi þeirrar miklu óvissu sem er uppi í alþjóðlegum efnahagsmálum. Við slíkar aðstæður væri viðbúið að fjárfestar héldu sig frá smáum hagkerfum, líkt og því íslenska. Þess í stað eru merki um mikinn áhuga erlendra fjárfesta.

Með því að hafa sömu hagsýni áfram að leiðarljósi mun skapast svigrúm til þess að draga úr vaxtagjöldum sem helst hafa staðið í vegi fyrir lífskjarabótum, stuðla að áframhaldandi hagvexti og stöðugleika til frambúðar.

## **Haustverkin**

Í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hafa öll ráðuneyti kynnt aðgerðir til umbóta og hagræðingar fyrir komandi fjárlagaár. Aðgerðirnar eru mikilvægur þáttur í tiltekt í fjármálum ríkisins og munu á árinu 2026 nema 15,1 ma.kr. Þar af eru 12,8 ma.kr. vegna sérstakra ráðstafana sem styðjast við tillögur frá almenningi, ráðuneytum og ríkisstofnunum. Þær felast m.a. í að fella niður verkefni, betri nýtingu rammisamninga, bættri forgangsroðun í heilbrigðiskerfinu, aðhaldi hjá aðalskrifstofum ráðuneyta og fækkun stjórnsýslunefnda. Í


fjármálaáætlun var gert ráð fyrir því að aðgerðirnar myndu skila 11 ma.kr. eins og sést á mynd 1.4. Markmiðinu hefur því verið náð og ríflega það.

Það getur reynst þrautinni þyngra að leggja niður verkefni sem rekin eru fyrir opinbert fé. Í fjárlagavinnunni hefur verið lögð áhersla á að skapa hvata til þess að meta frá grunni hvaða verkefni eru brýn og stuðli að bættri þjónustu og hver þeirra sé rétt að leggja til hliðar til að skapa rými fyrir aðrar umbætur. Horfið er frá fyrra verklagi sem fólst ýmist í flötum niðurskurði eða óskilgreindum afkomubætandi aðgerðum.

### Mynd 1.4

#### Sértækar hagræðingaraðgerðir yfir tímabil fjármálaáætlunar

ma.kr.



### Fjárfest í öryggi og innviðum

Með umbótum í ríkisfjármálunum hefur þegar skapast svigrúm til þess að mæta þeim brýnustu áskorunum sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir. Nýjum útgjöldum er forgangsraðað til verkefna sem stuðla að öryggi borgaranna, svo sem í samgöngum, heilbrigðiskerfinu og víðar.

Á árinu 2026 verður 3 ma.kr. varið í uppbyggingu Sjúkrahússins á Akureyri og yfir 100 nýjum hjúkrunarrýmum verður komið á fót víðs vegar um landið. Þá er fjármunum varið í að stækka réttar- og öryggisdeildina á Kleppi um helming, fjölgun ýmissa meðferðarúrreða vegna fíknivanda og varanlega styrkingu geðþjónustu barna og aldraðra. Til að stuðla enn frekar að auknu öryggi má nefna að fjármagni er veitt í 50 ný stöðugildi innan lögreglunnar, eflingu Landhelgisgæslunnar og á sviði fangelsismála, ný öryggisvistun fyrir einstaklinga sem ekki eru sakhæfir verður sett á fót, snjóflóðavarnir eflar og brottfararmiðstöð opnuð.

### Sterk efnahagsstjórn til frambúðar

Aðhald í ríkisrekstrinum, umbætur og hagræðing eru viðvarandi verkefni. Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2026 slær tóninn fyrir það sem koma skal. Það felur í sér varfærni og ekki að ástæðulausu. Ríkisstjórnin mun ekki eyða um efni fram en hún mun heldur ekki halda mikilvægum kerfum í fjársveldi. Tilgangur fjárlagafrumvarpsins er, þegar öllu er á botninn hvolft, að tryggja öryggi og öfluga þjónustu við borgarana. Markmið um að skila afgangi gengur ekki í berhöggt við þetta heldur er það sett fram til að tryggja að ríkið geti staðið undir skyldum sínum gagnvart almenningi til frambúðar.

## 2 Efnahagsstefna

Efnahagsaðstæður, bæði innlendar og erlendar, krefjast festu og varfærni í ríkisfjármálum. Óvissa í alþjóðlegum efnahagsmálum jókst mikið fyrr á árinu þegar bandarísk stjórnvöld boðuðu algjör umskipti í stefnu um utanríkisviðskipti. Vísbendingar eru um að styrkurinn sem einkennt hefur bandaríska hagkerfið sé á undanhaldi og flest bendir til þess að hagvöxtur í Evrópu haldist áfram lágur.

Hér á landi hafa efnahagsumsvif verið með ágætum það sem af er ári. Þenslan sem myndaðist eftir heimsfaraldurinn hefur greinilega hjaðnað mjög en þrátt fyrir það er víða þróttur í efnahagslífinu. Í fyrsta sinn í alllangan tíma eru hvorki afgerandi vísbendingar um þenslu né slaka í þjóðarbuínu.

### Efnahagsaðstæður krefjast varfærni og festu í ríkisfjármálum

Þróttmikil umsvif á fyrri árhelmingi

Skýr merki um kólnun á vinnumarkaði

Lykilatriði að standa við markmið fjármálastefnu

Engu að síður stendur hagkerfið frammi fyrir áskorunum. Raungengi krónunnar er orðið sterkt með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á samkeppnishæfni útflutningsfyrirtækja, einkum þeirra sem reiða sig ekki að verulegu leyti á takmarkaðar náttúruauðlindir (Mynd 2.1). Óvissan í alþjóðaviðskiptum bætir ekki úr skák. Þá er verðbólga enn yfir markmiði Seðlabankans þrátt fyrir að ytri þættir styðji við hjöðnun hennar. Þar má helst nefna sterkt gengi krónunnar, litla innflutta verðbólgu og lækkun olíuverðs á heimsmarkaði.

Við þessar aðstæður er það í forgangi, við stefnumörkun í ríkisfjármálum, að treysta viðnámsþrótt samfélagsins gagnvart áföllum og áskorunum framtíðar og styðja við hagvöxt til lengri tíma. Með því að halda aftur af útgjaldavexti og vinna af festu að markmiðinu um hallalaus fjárlög árið 2027 skapa ríkisfjármálin forsendur fyrir lækkun vaxta og styðja þannig við peningastefnu Seðlabankans.

### Hvorki eru afgerandi vísbendingar um þenslu né slaka í efnahagslífinu

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem liggur til grundvallar fjárlagafrumvarpinu gerir ráð fyrir 2,2% hagvexti í ár og 2,6% árið 2026. Þessi hagvöxtur liggur nærri metinni vaxtargetu hagkerfisins til lengdar. Hagspáin gerir eðlilega ekki ráð fyrir neinum óvæntum áföllum eða búhnykkjum, heldur liggur spáin nærri sögulegum meðalvexti hagkerfisins sem litast af slíkum skellum.

Samsettur vísir ráðuneytisins á vöxt efnahagsumsvifa, sem dregur saman fjölda hagtalna, bendir til þess að efnahagsumsvif vaxi nú nálægt jafnvægistakti (Mynd 2.2). Væntingar heimila og kortavelta eru á meðal hagvísa sem sýna meiri þrótt en þegar hjöðnun verðbólgu var sem hröðust fyrir um ári síðan. Einkaneysla jókst um 3% á öðrum ársfjórðungi skv. bráðabirgðatölum Hagstofunnar og hefur vöxtur hennar sótt í sig veðrið frá því í fyrra. Vísbendingar um að einkaneysla sé heldur að taka við sér þrátt fyrir kólnun á vinnumarkaði er eitt af því sem kallar á varfærni og festu í hagstjórn.

**Mynd 2.1****Raungengi nálgaðs sögulegar hæðir**

Raungengi m.v. hlutfallslegt verðlag, vísitala, ársmeðaltal 2005 = 100




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Sterkur vöxtur fjárfestingar það sem af er ári skýrist að verulegu leyti af uppbyggingu gagnavera og í landeldi. Hvort tveggja eru dæmi um atvinnugreinar sem hagnýta samkeppnisforskot Íslands á tilteknum sviðum. Uppbygging gagnavera er drifin af tæknibreytingum, ekki síst gervigreind, sem getur haft mikil áhrif á hagkerfið á næstu árum og aukið framleiðni.

**Mynd 2.2****Vöxtur í efnahagslífinu virðist nálægt meðaltali**

Breyting efnahagsumsvifa á milli ára



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið. Samsettur vísir sem byggir á mörgum hagtölum.

Umsvif í ferðapjónustu voru enn fremur mikil á fyrri helmingi líðandi árs, sem birtist í fjölgun ferðamanna og miklum vexti í bæði fjölda gistinátta og erlendri kortaveltu. Bókunarstaða bæði flugfélaga og gististaða bendir til hægari vaxtar á seinni árshelmingi. veiðiheimildir lækka almennt milli ára á nýju fiskveiðiári sem hófst í september. Í þjóðhagsspánni er ekki gert ráð fyrir neinni loðnuveiði. Þrátt fyrir minni útflutningsframleiðslu sjávarafurða eru horfur á að útflutningsverðmæti aukist í ár vegna mikilla hækkana á verði

íslenskra sjávarafurða. Hagspáin gerir ráð fyrir áframhaldandi þróttmiklum vexti í útflutningi lyfja og eldisfisks, auk þess sem útflutningur á ýmissi tæknitengdri þjónustu er í sókn. Víkið er að áhrifum tolla á útflutning til Bandaríkjanna hér á eftir.

**Tafla 2.1 Þjóðhagsspá**

| Breyting frá fyrra ári (%) nema annað sé tekið fram | 2024<br>ma.kr. | 2024<br>Gildi | 2025<br>Spá | 2026<br>Spá |
|-----------------------------------------------------|----------------|---------------|-------------|-------------|
| Einkaneysla .....                                   | 2.248          | 0,8           | 3,1         | 2,9         |
| Samneysla .....                                     | 1.192          | 2,1           | 1,8         | 1,0         |
| Fjármunamyndun .....                                | 1.221          | 7,7           | 5,0         | -4,3        |
| Atvinnuvegir .....                                  | 796            | 7,0           | 6,9         | -8,2        |
| Íbúðarhúsnæði .....                                 | 244            | 18,9          | 2,1         | 1,0         |
| Starfsemi hins opinbera .....                       | 181            | -2,2          | 0,4         | 6,8         |
| Útflutningur .....                                  | 1.945          | -2,3          | 2,9         | 2,5         |
| Innflutningur .....                                 | 1.983          | 3,3           | 5,5         | -2,3        |
| Þjóðarútgjöld .....                                 | 4.637          | 1,8           | 3,3         | 0,6         |
| Verg landsframleiðsla .....                         | 4.598          | -0,7          | 2,2         | 2,6         |
| Vöru- og þjónustujöfnuður % VLF .....               |                | -0,8          | -1,4        | 0,4         |
| Viðskiptajöfnuður % VLF .....                       |                | -2,7          | -2,4        | -0,6        |
| Vísitala neysluverðs .....                          |                | 5,9           | 3,8         | 3,2         |
| Atvinnuleysi VMST .....                             |                | 3,5           | 4,0         | 4,1         |
| Heildarlaun á ársverk .....                         |                | 3,4           | 7,4         | 4,8         |

Þjóðhagsspáin var gerð áður en Hagstofan birti bráðabirgðatölur þjóðhagsreikninga fyrir annan ársfjórðung. Samkvæmt þeim var hagvöxtur nær enginn á fyrri helmingi ársins. Tölurnar, sem hafa frá heimsfaraldrinum haft ríka tilhneigingu til þess að vanmeta efnahagsumsvif, litast nokkuð af miklum breytingum í tilteknum undirliðum þjónustuviðskipta við útlönd. Sögulega hafa þau viðskipti haft takmarkaða tengingu við hagsveifluna innan lands. Sterkt raungengi gæti þó einnig átt þátt í þeirri stöðnun útflutnings og mikla vexti innflutnings sem tölurnar benda til. Gagnvart hagstjórn hefur það mesta þýðingu að innlend eftirspurn, þ.e. samtala neyslu og fjárfestingar, vex af þrótti samkvæmt tölunum.

### Aðhald hagstjórnar hefur tilætluð áhrif en það tekur tíma

Hagstjórnin hefur þurft að bregðast við verðbólgu í lengri tíma og með meiri krafti en vonir stóðu til. Viðbragð hagstjórnarinnar felst í háum raunvöxtum, markvissum skrefum að hallalausum fjárlögum á næsta ári og áherslu á niðurgreiðslu skulda.

Fyrir fram var ljóst að það gæti tekið tíma að ná verðbólgu alla leið að 2,5% markmiði Seðlabankans og að þegar hún nálgast 4% gæti hægt á lakkunarferli hennar. Enginn vafi er þó á því að Seðlabankinn býr yfir þeim tækjum sem þarf til þess að ná verðbólgu alla leið í markmið og að ríkisfjármálin munu styðja peningastefnuna í því verkefni.

Þrátt fyrir þær vísbendingar um nokkurn kraft í umsvifum sem fjallað var um hér ofar bendir flest til þess að enn dragi úr þenslu í þjóðarbúskapnum. Það er einna skýrast á vinnumarkaði (Mynd 2.3). Hægt hefur á fjölgun starfa og lausum störfum hefur fækkað samhliða því að færri fyrirtæki búa við skort á starfsfólki og starfa við hámarksframleiðslugetu. Aðlögun á


vinnumarkaði hefur enn sem komið er ekki að neinu ráði átt sér stað með auknu atvinnuleysi heldur hefur í mun meira mæli gerst með hratt minnkandi fólksfjölgun. Frá aldamótum hafa búferlaflutningar til og frá landinu verið nátengdir hagvexti, enda má skýra meginþorra þeirra með aðflutningi fólks af Evrópska efnahagssvæðinu.

### Mynd 2.3

#### Vinnumarkaður kólnar þótt atvinnuleysi aukist ekki mikið

Mælikvarðar á eftirspurn eftir vinnuafli

Staðalfrávik frá meðaltali 2019–2025



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

#### Betra jafnvægi á húsnæðismarkaði en húsnæðisverð er hátt


Vísbendingar um að aðhald hagstjórnar sé að ná betri böndum á verðbólgu birtast einnig á húsnæðismarkaði. Samhliða hratt minnkandi fólksfjölgun er húsnæðismarkaður nú í betra jafnvægi en undanfarin ár. Eftir nær sleitulausar verðhækkanir síðasta áratug hefur fasteignaverð staðið í stað að raunvirði það sem af er ári. Auglýstum íbúðum, þ.m.t. nýbyggingum, fjölgar áfram hratt á meðan fjöldi viðskipta er heldur undir meðallagi. Nýjar íbúðir seljast hægar en áður, jafnt á höfuðborgarsvæðinu og í nágrannasveitarfélögum þess. Þá eru fyrstu vísbendingar komnar fram um að leiguverðshækkanir séu í rúnun, þótt þær séu ekki einhlítar.

Eftir stendur afar mikil hækkun húsnæðisverðs sl. áratug, sem samhliða háum vöxtum og skilyrðum um lánveitingar til húsnæðisakaupa veldur áskorunum, einkum fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur. Háir vextir hafa einkum hækkað greiðslubyrði ungra fasteignaeigenda, líkt og fjallað var um í greinargerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2025. Umfangsmikil tilfærsla húsnæðislána, úr óverðtryggðum lánnum í verðtryggð, hefur hins vegar almennt haldið greiðslubyrði húsnæðislána í skefjum.

Þróun fyrstu kaupa er misjöfn eftir tekjum og bakgrunni (Mynd 2.4). Í hópi ungs fólks yfir meðaltekjum eru hlutfallslega margir sem eiga fasteign nú, í samanburði við undanfarna tvo áratugi. Sérstaklega er það raunin meðal íslenskra ríkisborgara. Þótt tekjulægri íslenskir ríkisborgarar séu einnig líklegri til að eiga íbúð nú en árin 2012–2020 hefur bilið breikkað milli tekjuhópa ungs fólks hvað varðar stöðu á húsnæðismarkaði. Vísbendingar eru um að einstaklingar hafi í vaxandi mæli notið aðstoðar við fyrstu kaup.

**Mynd 2.4****Breiðara bil á milli tekjuhópa á húsnæðismarkaði endurspeglar áskoranir**

Hlutfall 25-29 ára sem á íbúð, íslenskir ríkisborgarar



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

**Það krefst þolinmæði að ná verðbólgu alla leið í markmið**


Þótt margt horfi til betri vegar stendur samt sem áður eftir að hægt hefur á hjöðnun verðbólgu undanfarna mánuði. Það er þrátt fyrir að ýmsir ytri þættir leggist nú á sveif með hjöðnun verðbólgu. Í júlí hafði raungengi krónunnar styrkst um 9% á einu ári og er nú orðið töluvert sterkt í sögulegu samhengi. Hátt raungengi felur í sér að innfluttar vörur eru ódýrari í krónum talið, enda er innflutt verðbólga lítil. Olíuverð á heimsmarkaði hefur einnig lækkað, sem styður við lága innflutta verðbólgu og ætti að koma fram í lægra eldsneytisverði.

Á móti vegur að innlendum verðbólguþrýstingur er enn þó nokkur. Innlendan verðbólguþrýstingur virðist mega rekja til þess að laun hafa hækkað mikið og verðbólguvæntingar eru enn háar. Það er þrátt fyrir gerð langtímakjarasamninga þar sem samningsbundnar hækkunar eru í námunda við það sem samræmist framleiðnivexti til lengdar og verðbólgu við markmið, að því gefnu að launaskriði sé haldið í skefjum. Árshækkun launavísitölu á öðrum ársfjórðungi nam ríflega 8%. Á því eru tæknilegar ástæður að hluta, enda hafa komið inn tvær kjarasamningsbundnar hækkunar á síðustu 12 mánuðum vegna útfærslu síðustu kjarasamninga. Það breytir ekki því að árshækkun launavísitölunnar hefur ekki verið undir 6% í meira en fimm ár og hækkun vísitölu heildarlauna ekki undir 5% síðan í lok árs 2020. Svo mikil hækkun launa leiðir hvorutveggja til hærri framleiðslukostnaðar fyrirtækja og styður við einkaneyslu. Einkaneysla er í sókn, eins og rakið er að framan, en hefur engu að síður aldrei verið minni í hlutfalli við verðmætasköpun hagkerfisins. Sparnaður heimila er þannig mikill, en fellur einkum til hjá eldri kynslóðum (Mynd 2.5). Á meðan launakostnaður hækkar svo mikið, einkum samhliða fremur veikum framleiðnivexti, þarf vaxtastig að vera hátt til að tryggja litla og stöðuga verðbólgu.



**Mynd 2.5****Sparnaður eldra fólks mun meiri en þeirra yngri**

Aukning innistæðna milli 2021 og 2024, m.kr., meðaltal eftir aldurshópi



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

**Þjóðhagslegt hlutverk ríkisfjármála er að styrkja viðnámsþrótt og verðmætasköpun**

Enn er brýnt að ríkisfjármálin styðji við peningastefnu Seðlabankans við að ná verðbólgu niður í 2,5%. Þjóðhagslegt hlutverk ríkisfjármálanna felst engu að síður fyrst og fremst í því að tryggja viðnámsþrótt ríkisfjármála, og samfélagsins í heild, gagnvart áföllum og áskorunum framtíðar ásamt því að styðja við vöxt verðmætasköpunar til lengdar. Það er gert með því að bæta afkomu ríkissjóðs og lækka skuldahlutfall hans samhliða fjárfestingu í arðbærum innviðum.

Háir vextir krefjast betri frumafkomu ríkissjóðs en ella til að tryggja lág og stöðug skuldahlutföll. Aukin óvissa í alþjóðahagkerfinu og tíðari efnahagsáföll kalla jafnframt á lægri skuldir til að skapa svigrúm til viðbragða. Við þessar aðstæður er lykilatriði að ríkisfjármálastefnan einkennist af varfærni og festu.

Allt framangreint felur í sér að staðið verði við þau markmið sem boðuð eru í fjármálastefnu og fjármálaáætlun, ekki síst markmið fjármálastefnu um að hallarekstri ríkissjóðs ljúki árið 2027. Það á við jafnvel þótt efnahagsumsvif reynist lítillaga veikari en hagspár gera almennt ráð fyrir. Ástæða þess er tvíþætt. Í fyrsta lagi er enn gert ráð fyrir að lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs verði neikvæður um 1,3% af VLF árið 2026 samkvæmt frumvarpinu, eða rúmlega 70 ma.kr. Skuldasoðnun ríkissjóðs er því enn nokkur og mikilvægt að draga áfram úr henni. Í öðru lagi er það fyrst og fremst hlutverk peningastefnu Seðlabankans að draga úr aðhaldi og lækka vexti þegar hann telur ástæðu til, m.t.t. aðstæðna í efnahagslífinu og verðbólguhorfa. Engin ástæða er fyrir ríkisfjármálastefnuna að víkja frá fyrrgreindum markmiðum til að bregðast við mögulegri efnahagsniðursveiflu, umfram það sem leiðir af sjálfvirku viðbragði skatttekna og útgjalda við hagsveiflunni.

Fjárlagafrumvarpið er í góðu samræmi við þessi markmið. Það er það fyrsta sem byggir á nýrri stöðugleikareglu laga um opinber fjármál og markmið fjármálastefnu um hallalausan ríkisrekstur árið 2027 er vel innan seilingar. Þá hefur skuldastaða A-hluta ríkissjóðs í heild, sem felur einnig í sér efnahag ríkisfyrirtækja, batnað verulega í kjölfar uppgjörs ÍL-sjóðs og sölu Íslandsbanka. Hvorutveggja var að fullu nýtt til niðurgreiðslu skulda, sem lækkuðu í kjölfarið um u.þ.b. 8% af VLF, eða vel á fjórða hundrað milljarða króna.

### Óbreytt aðhaldsstig ríkisfjármála frá fjármálaáætlun

Ráðuneytið metur aðhaldsstig ríkisfjármála á þrjá mælikvarða sem hafa hver um sig sína styrkleika. Þessum mælikvörðum er lýst í kafla 2 í greinargerð frumvarps til fjárlaga 2025 og kafla 2.2.4 í greinargerð fjármálaáætlunar 2025–2029.


Aðhaldsstig ríkisfjármála 2026 er í góðum takti við það sem boðað var með fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030. Umtalsverður slaki í ríkisfjármálum í heimsfaraldrinum snerist ekki í aðhald fyrr en árið 2024. Aðhald ríkisfjármála er töluvert árið 2025. Það endurspeglar í fyrsta lagi að útgjöld vegna Grindavíkur minnka verulega milli áranna 2024 og 2025. Í öðru lagi minnkar halli ríkissjóðs nokkuð 2025 jafnvel þótt útgjöld tengd Grindavík séu undanskilin. Á sama tíma gerir þjóðhagsspá ráð fyrir að framleiðsluspenna í hagkerfinu minnki jafnvel þótt hagvöxtur taki við sér. Útlit er fyrir að aðhaldsstigið verði því sem næst hlutlaust á næsta ári (Mynd 2.6).

Gildistaka stöðugleikareglu þýðir að útgjöld ríkissjóðs vaxa jafnar en áður og ekki umfram það svigrúm sem leiðir af langtímavexti hagkerfisins og ákvörðunum um tekjuöflun. Aðhaldsstig ríkisfjármála verður þar með fyrirsjáanlegra á sama tíma og staðinn er betur vörður um sjálfbærni opinberra fjármála. Nánar er fjallað um stefnumörkun í ríkisfjármálum í kafla 3.

### Mynd 2.6

#### Aðhaldsstig ríkisfjármála

% af VLF



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

### Frávíkssviðsmyndir


Óvissa um efnahagsþróun jókst fyrr á árinu þegar bandarísk stjórnvöld breyttu stefnu sinni í utanríkisviðskiptum og boðuðu hæstu tolla í hartnær heila öld. Endanlegt umfang og útfærsla tollanna er enn á reiki og óvissa ríkir um áhrifin á alþjóðaviðskipti og -hagvöxt. Enn sem komið er hafa áhrifin á Íslandi verið takmörkuð, bæði bein og óbein. Vöruútflutningur Íslands til Bandaríkjanna nemur um 16% af heildarvöruútflutningi samkvæmt bandarískum hagtölum. Bein áhrif tollanna takmarkast hins vegar við um 8% af vöruútflutningi þar sem engir tollar hafa verið lagðir á stoðtæki og lyf, sem samanlagt voru um helmingur af vöruútflutningi Íslands til Bandaríkjanna árið 2024. Óbein áhrif tollanna og mikillar óvissu um efnahagsstefnu stærstu hagkerfa heims eru einnig óveruleg enn sem komið er sem birtist m.a. í ágætum

útflutningshorfum. Þróunin getur hins vegar orðið með öðrum hætti sem endurspeglast í frávikssviðsmyndum ráðuneytisins (Mynd 2.7).

### Mynd 2.7

#### Möguleg þróun hagvaxtar

Sviðsmyndir hagvaxtar



Heimild: Hagstofa Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Í svartsýnu sviðsmyndinni er gert ráð fyrir að tollahækkanir verði umfangsmeiri og áhrif þeirra víðtækari en í grunnspá. Alþjóðaviðskipti dragast saman og efnahagssumsvif verða minni í viðskiptalöndum Íslands. Fyrir vikið dregst útflutningur saman, bæði vöru- og þjónustuútflutningur. Óvissa á alþjóðamörkuðum eykst og aðgengi að erlendu fjármagni versnar. Gengi krónunnar veikist sem viðheldur hárrí verðbólgu þrátt fyrir minni efnahagssumsvif og vextir haldast háir. Fjárfesting dregst saman í sviðsmyndinni og staðan á vinnumarkaði versnar. Kaupmáttur heimila minnkar vegna hærri verðbólgu og verri stöðu á vinnumarkaði og einkaneysla minnkar. Hagvöxtur í svartsýnu sviðsmyndinni er 2 prósentustigum minni en í grunnsviðsmyndinni. Það dugir þó ekki til þess að efnahagssumsvif dragist saman.

Raungerist svartsýna sviðsmyndin verður afkoma ríkissjóðs 35–40 ma.kr. lakari á næsta ári en í áætlun fjárlagafrumvarpsins, eða sem nemur 0,7% af VLF. Áætlaður halli ríkissjóðs færi því úr 0,3% af VLF í 1% af VLF. Forsendur sviðsmyndarinnar leiða til lækkunar tekna um 10 ma.kr., einkum vegna lægri skatttekna af launagreiðslum. Hækkun fjármagnstekjuskatts vegna herra vaxtastigs vegur á móti, en aðeins að hluta. Áhrif sviðsmyndarinnar leiða til 25–30 ma.kr. hækkunar á gjaldahlið í samanburði við forsendur frumvarpsins. Um 5 ma.kr. af þeirri hækkun má rekja til aukins atvinnuleysis, en hvert prósentustig atvinnuleysis eykur útgjöld ríkissjóðs um 8–9 ma.kr. Til viðbótar þeirri hækkun má gera ráð fyrir um 20–25 ma.kr. viðbótarútgjöldum sem einkum má rekja til hærri vaxtagjalda og aukinna verðbóta verðtryggðra lána en þó má rekja þriðjung hækkunarinnar til aukningar frumgjalda vegna forsendna um þróun verðlags. Áhrif á skuldir ríkissjóðs eru um 1% af VLF til hækkunar, og yrðu skuldir þá um 38,5% af VLF í árslok 2026 í stað 37,4% af VLF samkvæmt fjárlagafrumvarpinu.

Í bjartsýnu sviðsmyndinni er gert ráð fyrir að verðbólga hjaðni hraðar en horfur eru á og að hún nálgist markmið Seðlabankans á næsta ári sem gerir bankanum kleift að lækka vexti hraðar en ella. Fjárfesting eykst vegna hagstæðara fjármögnunarumhverfis sem hefur jákvæð áhrif á vinnumarkaðinn. Lægri vextir og minni verðbólga auka ráðstöfunartekjur heimila ásamt


aukinni atvinnu og einkaneysla eykst. Hagvöxtur í bjartsýnu sviðsmyndinni er einu prósentustigi meiri en í grunnsviðsmyndinni.

Raungerist bjartsýna sviðsmyndin eru horfur á að afkoma ríkissjóðs verði um 20 ma.kr. betri á næsta ári en í áætlun fjárlagafrumvarpsins, eða sem nemur 0,4% af VLF. Áætlað er að afkoma ríkissjóðs færi úr 0,3% halla í 0,1% afgang af VLF. Skýrist það af lægri reiknuðum vaxtagjöldum vegna lægra vaxtastigs og lægri gjaldfærslu verðbóta verðtryggðra lána auk lægri útgjalda vegna minni áhrifa verðlagsbreytinga á gjaldahlið. Tekjur ríkissjóðs yrðu því sem næst óbreyttar frá áætlun fjárlagafrumvarpsins þar sem vegast á hækkun tekna vegna aukins hagvaxtar við lægri vöxt fjármagnstekna vegna lægra vaxtastigs. Skuldir ríkissjóðs yrðu samkvæmt sviðsmyndinni 36,8% af VLF í árslok 2026 í stað 37,4% af VLF, eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu, en bætta skuldastöðu má rekja jafnt til bættrar afkomu og hærri landsframleiðslu.

### Mynd 2.8

#### Til mikils er að vinna við að ná niður verðbólgu og vöxtum en afgangur er af rekstri ríkissjóðs í bjartsýnu sviðsmyndinni

Heildarafkoma A1-hluta ríkissjóðs árið 2026, % af VLF



### 3 Markmið í ríkisfjármálum

Í þessum kafla er fjallað um markmið og horfur í ríkisfjármálum og helstu niðurstöður frumvarpsins um afkomu ríkissjóðs á árinu 2026 í samhengi við helstu stefnumið fjármálaáætlunar fyrir árin 2026–2030.

#### Staðið við metnaðarfull markmið í ríkisfjármálum

Stöðugleikareglan og markvissar ráðstafanir draga úr útgjaldavexti

Stefnt af festu að hallalausum fjárlögum árið 2027

Þróun afkomu og skulda er í samræmi við fjármálaáætlun

Framsetning og flokkun upplýsinga um fjármál ríkissjóðs í þessum kafla er samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli um opinber fjármál, svokölluðum GFS-staðli (e. Government Finance Statistics). Markmið staðalsins er að veita góða sýn á efnahagsleg áhrif ríkisfjármálanna. Vakin er athygli á því að ríkisreikningur er birtur skv. IPSAS-reikningsskilastaðlinum (e. International Public Sector Accounting Standards) en fjallað er um mun á framsetningu og uppgjöri ríkisfjármála samkvæmt þessum tveimur stöðlum í viðauka með frumvarpinu.

#### 3.1 Markmið og horfur í ríkisfjármálum

Á árinu 2026 er gert ráð fyrir að heildarafkoma ríkissjóðs verði neikvæð um 15 ma.kr. sem samsvarar 0,3% af vergri landsframleiðslu (VLF). Það er 11 ma.kr. minni halli en gert var ráð fyrir í samþykktri fjármálaáætlun. Bætt afkoma ríkissjóðs frá forsendum fjármálaáætlunar er til marks um virkni stöðugleikareglunnar og ásetning stjórnvalda að draga úr verðbólguþrýstingi og skapa með því skilyrði fyrir frekari lækkun vaxta.

Afkoman batnar um 0,1% af VLF milli ára frá uppfærðum horfum yfirstandandi árs. Þá er áætlað að frumjöfnuður ríkissjóðs, þ.e. afkoma án vaxtagjalda og -tekna, verði jákvæður um rúmlega 77 ma.kr., eða 1,5% af VLF, sem er rúmlega 19 ma.kr. bati milli ára. Áætlað er að skuldir ríkissjóðs, á mælikvarða skuldareglu laga um opinber fjármál, verði í lok næsta árs tæplega 1.960 ma.kr. eða rúmlega 37% af VLF. Hlutfallið lækkar um 0,1% af VLF milli ára.


Til grundvallar fjárlagafrumvarpinu liggur það meginmarkmið ríkisstjórnarinnar að koma böndum á fjármál ríkisins og skapa með því skilyrði fyrir hjöðnun verðbólgu og lækkun vaxta. Fjármálastefna ríkisstjórnarinnar endurspeglar enn fremur þann ásetning stjórnvalda að stöðva hallarekstur ríkissjóðs árið 2027 og stuðla að lækkandi skuldahlutfalli. Hvort tveggja til þess að standa undir hagstjórnarhlutverki ríkisfjármálanna við núverandi efnahagsaðstæður og til að auka slagkraft ríkissjóðs. Mikilvægt er að ríkissjóður hafi burði til að takast á við óvænt áföll. Hefði ekki verið fyrir slíkt svigrúm ríkissjóðs hefðu efnahagsáföll undanfarinna ára varað lengur og reynst dýrkeyptari en raun bar vitni. Í samræmi við þessi áform hefur verið mörkuð stefna um að raunvöxtur útgjalda á komandi árum verði minni en vöxtur landsframleiðslunnar og að útgjöld lækki í hlutfalli við VLF. Í samræmi við þetta samþykkti Alþingi nýja fjármálareglu, svokallaða stöðugleikareglu, sem setur ófjármögnumum raunvexti útgjalda skorður. Fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030 og fjárlagafrumvarp ársins 2026 fylgja þessari stefnumótun. Afkoma ríkissjóðs batnar á milli ára og markmið um hallalaus fjárlög árið 2027

er innan seilingar. Skuldir ríkissjóðs lækka milli ára og frumgjöld sem hlutfall af VLF fara lækkanði þrátt fyrir auknar fjárfestingar, m.a. vegna átaks í vegakerfinu. Með hliðsjón af framangreindu er mikilvægt að stjórnvöld hverfi ekki af þeirri braut sem mörkuð hefur verið heldur tryggi að ríkissjóður nái framsettum afkomu- og skuldamarkmiðum.

### Mynd 3.1

#### Afkoma ríkissjóðs batnar um 0,1% af VLF á næsta ári frá uppfærðum horfum yfirstandandi árs

% af VLF



### 3.2 Afkomu- og skuldaáætlun ársins 2026

Tekjuáætlun ársins 2026 gerir ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs nemi 1.591 ma.kr. eða 30,4% af VLF. Á tekjuhlið er m.a. gengið út frá upptöku kílómetragjalds á fólksbíla óháð aflgjafa, samhliða breytingum á kolefnisgjaldi, niðurfellingu á vörugjöldum á eldsneyti og tengdum liðum sem hafa verið í undirbúningi undanfarin misseri. Þá er gert ráð fyrir auknum tekjum af veiðigjaldi í takt við breytingar á útreikningi aflaverðmætis í reiknistofni veiðigjalds sem samþykktar voru á síðasta löggjafarþingi. Aðrar ráðstafanir á tekjuhlið tengjast aðgerðum er miða að því að loka skattaglufum eins og tilgreint var í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkana, m.a. með endurskoðun á fyrirkomulagi samnýtingar þrepa hjóna og sambýlisfólks. Gert er ráð fyrir hækkun á jöfnunargjaldi raforku á móti áætluðum útgjöldum á árinu 2026. Til lækkunar á tekjuráðstöfunum vegur tímabundin lækkun innviðagjalds sem innheimt er af skemmtiferðaskipum. Samanlagt er gert ráð fyrir að framangreindar tekjuráðstafanir og aðrar breytingar, t.d. verðlagsuppfærsla krónutölugjalda, skili ríkissjóði um 28 ma.kr. á næsta ári umfram það sem ella hefði orðið. Gangi þessi áætlun eftir munu frumtekjur ársins 2026, þ.e. heildartekjur að frádregnum vaxtatekjum, nema 29,4% af VLF. Það er nokkuð umfram langtímadeðaltal áranna 1998–2024 sem var 28,6% af VLF þegar leiðrétt hefur verið fyrir einskiptis- og óreglulegum liðum. Nánar er fjallað um tekjuáætlun ársins 2026 í kafla 4 *Tekjur ríkissjóðs*.

**Tafla 3.1 Samanburður á áætlun fjárlaga ársins 2025 og fjárlagafrumvarps ársins 2026**

| Þjóðhagsgrunnur                             | ma.kr.          |                |              | % af VLF        |              |              |
|---------------------------------------------|-----------------|----------------|--------------|-----------------|--------------|--------------|
|                                             | Fjárlög<br>2025 | Frv.<br>2026   | br.          | Fjárlög<br>2025 | Frv.<br>2026 | br.          |
| <b>Heildartekjur</b> .....                  | <b>1.420,6</b>  | <b>1.591,2</b> | <b>170,6</b> | <b>29,3%</b>    | <b>30,4%</b> | <b>1,1%</b>  |
| <b>Skatttekjur</b> .....                    | <b>1.120,2</b>  | <b>1.236,6</b> | <b>116,4</b> | <b>23,1%</b>    | <b>23,6%</b> | <b>0,5%</b>  |
| Skattar á tekjur og hagnað .....            | 506,8           | 549,5          | 42,7         | 10,5%           | 10,5%        | 0,0%         |
| Skattar á laungreiðslur og vinnuafll .....  | 12,9            | 13,9           | 1,0          | 0,3%            | 0,3%         | 0,0%         |
| Eignarskattar .....                         | 12,1            | 14,3           | 2,2          | 0,3%            | 0,3%         | 0,0%         |
| Skattar á vöru og þjónustu .....            | 563,8           | 632,2          | 68,4         | 11,6%           | 12,1%        | 0,4%         |
| Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti ..... | 6,4             | 7,2            | 0,8          | 0,1%            | 0,1%         | 0,0%         |
| Aðrir skattar .....                         | 18,1            | 19,5           | 1,4          | 0,4%            | 0,4%         | 0,0%         |
| <b>Tryggingagjöld</b> .....                 | <b>148,6</b>    | <b>159,9</b>   | <b>11,3</b>  | <b>3,1%</b>     | <b>3,1%</b>  | <b>0,0%</b>  |
| <b>Fjárframlög</b> .....                    | <b>7,5</b>      | <b>8,1</b>     | <b>0,6</b>   | <b>0,2%</b>     | <b>0,2%</b>  | <b>0,0%</b>  |
| <b>Aðrar tekjur</b> .....                   | <b>144,4</b>    | <b>186,6</b>   | <b>42,2</b>  | <b>3,0%</b>     | <b>3,6%</b>  | <b>0,6%</b>  |
| Eignatekjur .....                           | 94,6            | 133,0          | 38,4         | 2,0%            | 2,5%         | 0,6%         |
| þ.a. vaxtatekjur .....                      | 39,6            | 51,9           | 12,3         | 0,8%            | 1,0%         | 0,2%         |
| þ.a. arðgreiðslur .....                     | 42,4            | 56,8           | 14,4         | 0,9%            | 1,1%         | 0,2%         |
| Sala á vöru og þjónustu .....               | 43,1            | 45,9           | 2,8          | 0,9%            | 0,9%         | 0,0%         |
| Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur .....  | 6,7             | 7,7            | 1,0          | 0,1%            | 0,1%         | 0,0%         |
| <b>Heildargjöld</b> .....                   | <b>1.483,2</b>  | <b>1.606,6</b> | <b>123,4</b> | <b>30,6%</b>    | <b>30,7%</b> | <b>0,1%</b>  |
| <b>Rekstrarútgjöld</b> .....                | <b>1.462,6</b>  | <b>1.590,1</b> | <b>127,5</b> | <b>30,2%</b>    | <b>30,4%</b> | <b>0,2%</b>  |
| Laun .....                                  | 325,8           | 352,5          | 26,8         | 6,7%            | 6,7%         | 0,0%         |
| Kaup á vöru og þjónustu .....               | 235,5           | 244,8          | 9,3          | 4,9%            | 4,7%         | -0,2%        |
| Afskriftir .....                            | 74,8            | 97,7           | 22,9         | 1,5%            | 1,9%         | 0,3%         |
| Vaxtagjöld .....                            | 120,1           | 144,3          | 24,1         | 2,5%            | 2,8%         | 0,3%         |
| Framleiðslustyrkir .....                    | 71,9            | 71,6           | -0,3         | 1,5%            | 1,4%         | -0,1%        |
| Fjárframlög .....                           | 508,7           | 567,8          | 59,1         | 10,5%           | 10,9%        | 0,3%         |
| Félagslegar tilfærslur til heimila .....    | 36,5            | 34,7           | -1,8         | 0,8%            | 0,7%         | -0,1%        |
| Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög ..... | 89,3            | 76,7           | -12,6        | 1,8%            | 1,5%         | -0,4%        |
| <b>Fastafjárútgjöld</b> .....               | <b>20,6</b>     | <b>16,4</b>    | <b>-4,2</b>  | <b>0,4%</b>     | <b>0,3%</b>  | <b>-0,1%</b> |
| Fjárfesting í efnislegum eignum .....       | 95,4            | 114,2          | 18,8         | 2,0%            | 2,2%         | 0,2%         |
| Afskriftir (-) .....                        | -74,8           | -97,7          | -22,9        | -1,5%           | -1,9%        | -0,3%        |
| <b>Frumjöfnuður</b> .....                   | <b>17,9</b>     | <b>77,0</b>    | <b>59,1</b>  | <b>0,4%</b>     | <b>1,5%</b>  | <b>1,1%</b>  |
| <b>Vaxtajöfnuður</b> .....                  | <b>-80,5</b>    | <b>-92,4</b>   | <b>-11,8</b> | <b>-1,7%</b>    | <b>-1,8%</b> | <b>-0,1%</b> |
| <b>Heildarjöfnuður</b> .....                | <b>-62,6</b>    | <b>-15,3</b>   | <b>47,3</b>  | <b>-1,3%</b>    | <b>-0,3%</b> | <b>1,0%</b>  |

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2026 eru áætluð 1.607 ma.kr., eða 30,7% af VLF. Þar af nema frumgjöld ríkissjóðs, þ.e. heildargjöld að frádregnum vaxtagjöldum, um 27,9% af VLF og er það í takt við langtímameðaltal árána 1998–2024 þegar leiðrétt hefur verið fyrir einskiptis- og óreglulegum liðum. Frumgjöld lækka sem hlutfall af VLF frá uppfærðum horfum yfirstandandi árs um 0,1 prósentustig en um 0,2 prósentustig samanborið við áætlun fjárlaga ársins 2025. Lækkun frumgjalda sem hlutfall af VLF samrýmist markmiði stjórnvalda um að halda aftur af útgjaldavexti og bæta afkomu ríkissjóðs. Til viðbótar almennri aðhaldskröfu, sem áætlað er að skili um 2,3 ma.kr. hagræðingu á næsta ári, er gert ráð fyrir fjölmörgum sértækum aðhaldsráðstöfunum, m.a. auknu hagræði í innkaupum ríkissjóðs, niðurfellingu á varasjóðum málaflokka og viðbótaraðhaldi á aðalskrifstofur ráðuneyta. Gert er ráð fyrir að þessar aðgerðir lækki útgjöld um 12,8 ma.kr. á næsta ári. Samanlagt skila þessar breytingar,


þ.e. almennt aðhald og sértækt aðhald, lækkun frumútgjalda um 15,1 ma.kr. samanborið við óbreytta áætlun. Þrátt fyrir að frumgjöld lækki sem hlutfall af VLF gerir fjárlagafrumvarpið ráð fyrir að raunútgjöld aukist milli ára. Raunaukning frumgjalda þegar frá eru talðar áætlaðar launa- og verðlagsbætur næsta árs verður um 2,3% frá horfum yfirstandandi árs en um 4% frá áætlun fjárlaga ársins 2025. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir nýjum og auknum fjárheimildum til ýmissa mála í samræmi við áherslur í stefnuýfirlýsingu stjórnarflokkana og forsendur fjármálaáætlunar fyrir árin 2026–2030. Má þar nefna aukin framlög vegna nýs örorkulífeyriskerfis almannatrygginga og til viðhalds og þjónustu vegakerfisins, fjölgun stöðugilda innan lögreglu og flýtingu framkvæmda við snjóflóðavarnir svo fáein dæmi séu nefnd. Þá er gert ráð fyrir viðbótarútgjöldum vegna endurmats, t.d. til að mæta áætlaðri fjölgun einstaklinga á endurhæfingarlífeyri og vegna tímabundinnar fjölgunar nemenda á framhaldsskólastigi. Einnig er tekið tillit til aukinna útgjalda vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda, sem fluttist af sveitarfélagastiginu um mitt árið 2025, auk þess sem framlög til varnarmála eru áætluð í samræmi við fyrirliggjandi skuldbindingar á því sviði. Fjárfestingarstig ríkissjóðs hækkar talsvert milli ára í samræmi við markmið um fjármögnun mikilvægra innviðaverkefna. Þannig eykst heildarfjárfesting úr rúmlega 95 ma.kr. samkvæmt áætlun fjárlaga ársins 2025, eða 2% af VLF, og verður um 114 ma.kr. árið 2026 eða um 2,2% af VLF.

Þrátt fyrir lækkun frumgjalda í hlutfalli við VLF verður hækkun vaxtagjalda til þess að heildarútgjöld haldast óbreytt milli ára, m.v. horfur yfirstandandi árs, en aukast um 0,1 prósentustig frá áætlun fjárlaga ársins 2025. Gert er ráð fyrir að vaxtagjöld verði um 144 ma.kr. eða 2,8% af VLF á næsta ári samanborið við 2,7% af VLF samkvæmt endurmetnum horfum yfirstandandi árs og 2,5% af VLF í áætlun fjárlaga ársins 2025. Þessi breyting skýrist nær alfarið af uppgjöri ÍL-sjóðs sem fram fór á árinu 2025 og leiðir til talsverðrar aukningar vaxtagjalda milli ára. Rétt er að benda á að samkvæmt áætlun í sjóðstreymi ríkissjóðs er gert ráð fyrir að greidd vaxtagjöld verði um 90 ma.kr. á næsta ári. Mismunur á greiddum og gjaldfærðum vaxtagjöldum má að stærstu leyti rekja til verðbóta verðtryggðra lána sem leggjast á höfuðstól, sem eru áætlaðir um 29 ma.kr. á næsta ári, og reiknaðra vaxta af ófjármögnuðum lífeyrisskuldbindingum í samræmi við skilyrði þess hagskýrslustaðals sem ríkisfjármálin eru sett fram á, en þær nema um 19 ma.kr. á næsta ári. Nánar er fjallað um útgjöld ársins 2026 í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Mynd 3.2

#### Frumjöfnuður ríkissjóðs batnar um 0,1% af VLF milli áráanna 2024 og 2025 en 0,3% af VLF milli áráanna 2025 og 2026

Breyting frumjafnaðar frá fyrra ári, % af VLF





Frumjöfnuður ríkissjóðs hefur batnað umtalsvert á undanförunum árum og gera áætlanir ráð fyrir að hann verði jákvæður um 1,5% af VLF á næsta ári. Haldi þróunin áfram er ekki langt að biða þess að hann standi undir neikvæðum vaxtajöfnuði og að þar með verði heildarjöfnuður hallalaus. Frumjöfnuður batnar um rúmlega 19 ma.kr. eða 0,3% af VLF milli ára, m.v. afkomuhorfur yfirstandandi árs, og er það er nokkuð meiri bati en áætlaður er milli áranna 2024 og 2025.

Fjárlagafrumvarp ársins 2026 uppfyllir skilyrði nýrrar stöðugleikareglu sem samþykkt var á Alþingi í júlí sl. Reglan miðar að því að draga úr sveifluaukandi áhrifum ríkisfjármála, hvort heldur í þenslu eða samdrætti, með því að setja hámark á raunvöxt útgjalda er samræmist langtímavaxtargetu landsframleiðslu. Með þessu er ófjármögnum útgjaldavexti ríkissjóðs settar skorður. Slík fjármálaregla stuðlar í senn að sjálfbærni og stöðugleika og felur í sér aukið svigrúm til aðlögunar heildarafkomu ríkissjóðs að langtímamarkmiðum. Stöðugleikareglan er nú orðin hluti af tölusettingu skilyrðum laga um opinber fjármál og mælir fyrir um að raunvöxtur útgjalda ríkissjóðs verði að hámarki 2,0% á milli ára, að teknu tilliti til undanskilinna liða og nýrra tekjuráðstafana.

### Tafla 3.2 Skilyrði stöðugleikareglu


|                                                            | Fjárlög<br>2025 | Frumvarp<br>2026 |
|------------------------------------------------------------|-----------------|------------------|
| <b>Stöðugleikaregla, ma.kr. á verðlagi 2025</b>            |                 |                  |
| Heildarútgjöld málefnasviða .....                          | 1.545,6         | 1.628,7          |
| <i>Undanskildir liðir</i>                                  |                 |                  |
| Vaxtagjöld .....                                           | 101,6           | 125,4            |
| Lífeyrisskuldbindingar .....                               | 79,1            | 80,9             |
| Fjárfestingarframlög .....                                 | 70,0            | 86,4             |
| Atvinnuleysisbætur .....                                   | 35,6            | 35,5             |
| Jöfnunarsjóður, lögbundin framlög .....                    | 32,2            | 34,1             |
| Afskriftir skattkrafna .....                               | 6,5             | 7,2              |
| Tapaðar kröfur og tjónabætur .....                         | 0,1             | 0,1              |
| <b>Útgjaldagrunnur stöðugleikareglu .....</b>              | <b>1.220,6</b>  | <b>1.259,1</b>   |
| Raunvöxtur útgjalda milli ára, % .....                     |                 | 3,2%             |
| Raunvöxtur útgjalda milli ára .....                        |                 | 38,5             |
| Raunvöxtur tekjuráðstafana milli ára .....                 |                 | 14,6             |
| <b>Útgjaldavöxtur að frádregnum tekjuráðstöfunum .....</b> |                 | <b>23,9</b>      |
| <b>Stöðugleikaregla, % br. frá fyrra ári .....</b>         |                 | <b>2,0%</b>      |

Annar mælikvarði á rekstur ríkissjóðs er greiðsluafkoma. Hún vegur saman innstreymi í ríkissjóð og útgreiðslur samkvæmt sjóðstreymi. Greiðsluafkoma er lykilstærð við mat á lánsfjárbörf og hefur bein áhrif á skuldaþróun. Jafnframt varpar hún upp skýrari mynd af samtímaáhrifum ríkisfjármálanna á efnahagsumsvif, þar sem á greiðslugrunni er horft fram hjá ýmsum langtímaskuldbindingum og reikningshaldslegum eða matskenndum. Áætlað er að greiðsluafkoma ríkissjóðs batni um rúmlega 10 ma.kr., eða 0,3% af VLF, og að hallinn verði um 1,1% af VLF á næsta ári. Bati á greiðslugrunni er nokkru meiri milli ára en á rekstrargrunni, m.a. vegna ólíkrar þróunar gjaldfærðra og greiddra vaxta. Verðbætur leggjast á höfuðstól og koma til greiðslu þegar lánið er endurgreitt en eru gjaldfærðar á rekstrargrunni þegar þær

myndast. Í núverandi áætlunum er gert ráð fyrir að þungi vaxtagreiðslna vegna nýrra bréfa á árinu 2026 færist til ársins 2027, þó svo vextirnir verði gjaldfærðir á árinu 2026. Þar sem þessi áhrif vega meira en áhrif af þróun verðbóta batnar greiðsluafkoman milli ára meira en rekstrarafkoman.

### Mynd 3.3

**Bati er á rekstrarafkomu, greiðsluafkomu og lánsfjárfjöfnuði ríkissjóðs milli ára - bati í lánsfjárfjöfnuði ræðst að mestu af uppgjöri ÍL-sjóðs sem átti sér stað árið 2025**  
% af VLF



Lánsfjárfjöfnuður gefur til kynna lánsfjárförf ríkissjóðs og samanstendur af greiðsluafkomu ásamt öðrum fjárfestingarhreyfingum í sjóðstreymi. Má þar nefna lánveitingar ríkissjóðs til ríkisaðila í A2- og A3-hluta, t.d. Húsnæðissjóðs og Menntasjóðs námsmanna, auk árlegrar fyrirframgreiðslu ríkisins inn á lífeyrisskuldbindingar B-deildar LSR. Almenn gildir að lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs er lakari en greiðsluafkoma vegna endurlána ríkissjóðs til annarra ríkisaðila.

Þá birtast áhrif af uppgjöri ÍL-sjóðs á árinu 2025 í lánsfjárfjöfnuði, sem fól m.a. í sér útgáfu nýrra ríkisskuldabréfa ásamt yfirtöku á tilteknum eignum sjóðsins. Uppgjörið lækkaði skuldir ríkissjóðs í heild (A-hluta) um nærri 6% af VLF. ÍL-sjóður var staðsettur í A2-hluta ríkissjóðs, en af því leiðir að skuldir sjóðsins voru ekki talðar með í skuldahlutfalli A1-hluta ríkissjóðs sem er sú skilgreining sem fjármálaeignar laga um opinber fjármál ná til. Raunar krafðist uppgjörið talsverðrar skuldabréfaútgáfu af hálfu ríkissjóðs og jukust skuldir A1-hluta ríkissjóðs því um 300 ma.kr. í kjölfar uppgjörsins.

Á móti tæknilegum neikvæðum áhrifum uppgjörs ÍL-sjóðs á lánsfjárfjöfnuð og skuldahlutfall A1-hluta ríkissjóðs vegur að hluta sala á eftirstandandi eignarhlut ríkissjóðs í Íslandsbanka á árinu 2025. Hún leiddi til innflæðis umfram greiðsluafkomu um rúmlega 90 ma.kr. Slík eignasala er ekki tekjufærð á rekstrar- eða greiðslugrunni samkvæmt þeim hagskýrslustaðli sem ríkisfjármálin eru sett fram á.


Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs batnar umtalsvert á næsta ári samanborið við horfur yfirstandandi árs eða um rúmlega 170 ma.kr. og gerir áætlunin ráð fyrir að lánsfjárfjöfnuðurinn verði neikvæður um rúmlega 70 ma.kr. eða 1,3% af VLF. Mikilvægt er að áfram verði unnið að því að bæta lánsfjárfjöfnuðinn á komandi misserum svo viðunandi skuldaþróun í átt að langtíamarkmiðum verði tryggð.

Gert er ráð fyrir því að skuldir ríkissjóðs samkvæmt skuldareglu laga um opinber fjármál lækki lítillega á næsta ári sem hlutfall af VLF og verði rúmlega 37% af VLF í lok árs 2026. Líkt og rakið er að framan þá hækkaði þetta hlutfall nokkuð á árinu 2025 hjá A1-hluta ríkissjóðs vegna talsverðrar útgáfu nýrra ríkisskuldabréfa sem fólust í uppgjöri á skuldbindingum ÍL-sjóðs. Sú skuldaþróun sem hér birtist er lítillega betri en áætlun samþykkrar fjármálaáætlunar sem gerði ráð fyrir að skuldahlutfallið yrði milli 37–38% af VLF í lok árs 2026. Þá gefa áætlanir til kynna að skuldahlutfallið lækki hraðar frá og með árinu 2027 en stefna stjórnvalda miðar, eins og fram hefur komið, að hallalausum fjárlögum það ár. Nánar er fjallað um skuldaþróun og horfur í lánamálum í kafla 9 *Efnahagur, lántökur og endurlán*.

### Mynd 3.4

#### Skuldahlutfallið lækkar og stefnir í 37% af VLF í árslok 2026

Skuldir skv. skuldareglu hækka um rúmlega 80 ma.kr. að nafnvirði milli 2025 og 2026 en lækka sem hlutfall af VLF



### 3.3 Samanburður við fjármálaáætlun

Þegar tekið er tillit til áhrifa breyttra þjóðhagsforsendna er afkoma ársins 2026 í öllum meginatriðum í samræmi við þau stefnumið sem sett voru fram í fjármálaáætlun sem samþykkt var í júlí sl. Halli af heildarjöfnuði er nú áætlaður neikvæður um 15 ma.kr. á árinu 2026 og er það 11 ma.kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun. Frá vinnslu fjármálaáætlunarinnar hafa efnahagshorfur breyst á þann veg að nú er gert ráð fyrir meiri verðbólgu á yfirstandandi ári og því næsta auk hærra vaxtastigs. Þá er búist við að hagvöxtur yfirstandandi árs verði meiri en aftur á móti varð lítil breyting á hagvaxtarspá ársins 2026.

Heildartekjur aukast um tæplega 27 ma.kr. frá fjármálaáætlun í kjölfar endurmat, byggðu á uppfærðri þjóðhagsspá, innheimtu tekna á fyrstu mánuðum ársins 2025 og upplýsingum úr ríkisreikningi ársins 2024. Á móti vegur að hluta að umfang tekjuráðstafana er minna en í fjármálaáætlun, t.d. er innviðagjald sem lagt er á skemmtiferðaskip lækkað tímabundið á næsta ári. Á hinn bóginn hækkar jöfnunargjald raforku umfram fyrri forsendur til samræmis við áætluð útgjöld. Þá eru vaxtatekjur endurmetnar lítillega upp á við vegna hærra vaxtastigs. Nánar er fjallað um breytingar á tekjuáætlun ársins 2026 frá fjármálaáætlun í kafla 4.4.

Heildargjöld aukast um 16 ma.kr. frá fjármálaáætlun og vegur þar þyngst rúmlega 11 ma.kr. aukning vaxtagjalda vegna hærra vaxtastigs og aukinna verðbóta verðtryggðra lána. Þá gerir áætlunin ráð fyrir nokkrum afmörkuðum og brýnum útgjaldamálum sem ekki var gert ráð fyrir

í undirliggjandi forsendum fjármálaáætlunar. Á móti vegur, að hluta, að gert er ráð fyrir nánast óbreyttu mati á umfangi launa- og verðlagsbóta þrátt fyrir spá um meiri verðbólgu en fyrri forsendur gerðu ráð fyrir. Útreikningur launa- og verðlagsbóta í fjármálaáætlun er grófari en það reikniverk sem stuðst er við í fjárlagagerðinni. Nánar er fjallað um breytingar á gjaldahlið frá fjármálaáætlun í kafla 5.3.

**Tafla 3.3 Afkomuhorfur ársins 2026 í samanburði við fjármálaáætlun**

| Þjóðhagsgrunnur              | ma.kr.                      |                  |             | % af VLF                    |                  |             |
|------------------------------|-----------------------------|------------------|-------------|-----------------------------|------------------|-------------|
|                              | Fjármála-<br>áætlun<br>2026 | Frumvarp<br>2026 | br.         | Fjármála-<br>áætlun<br>2026 | Frumvarp<br>2026 | br.         |
| Frumtekjur .....             | 1.513,4                     | 1.539,3          | 25,9        | 29,5                        | 29,4             | 0,0         |
| Frumgjöld .....              | 1.457,0                     | 1.462,3          | 5,3         | 28,4                        | 27,9             | -0,4        |
| <b>Frumjöfnuður .....</b>    | <b>56,4</b>                 | <b>77,0</b>      | <b>20,6</b> | <b>1,1</b>                  | <b>1,5</b>       | <b>0,4</b>  |
| Vaxtatekjur .....            | 51,2                        | 51,9             | 0,7         | 1,0                         | 1,0              | 0,0         |
| Vaxtagjöld .....             | 133,7                       | 144,3            | 10,6        | 2,6                         | 2,8              | 0,2         |
| <b>Vaxtajöfnuður .....</b>   | <b>-82,5</b>                | <b>-92,4</b>     | <b>-9,9</b> | <b>-1,6</b>                 | <b>-1,8</b>      | <b>-0,2</b> |
| Heildartekjur .....          | 1.564,6                     | 1.591,2          | 26,6        | 30,4                        | 30,4             | 0,0         |
| Heildargjöld .....           | 1.590,7                     | 1.606,6          | 15,9        | 31,0                        | 30,7             | -0,3        |
| <b>Heildarjöfnuður .....</b> | <b>-26,1</b>                | <b>-15,3</b>     | <b>10,8</b> | <b>-0,5</b>                 | <b>-0,3</b>      | <b>0,2</b>  |

### 3.4 Afkomuhorfur ársins 2025

Afkomuhorfur yfirstandandi árs hafa batnað verulega frá áætlun fjárlaga ársins 2025. Áætlað er að heildarafkoma ríkissjóðs verði neikvæð um 19 ma.kr. eða 0,4% af VLF samanborið við halla um 63 ma.kr. eða 1,3% af VLF í áætlun fjárlaga. Afkomubatann má rekja til umtalsvert meiri tekna á árinu en áður var gert ráð fyrir þótt útgjöld séu einnig nokkuð meiri. Endurmetnar afkomuhorfur ársins 2025 eru áþekkar því sem fram kom í samþykkttri fjármálaáætlun.

**Tafla 3.4 Samanburður á áætlun fjárlaga ársins 2025 og uppfærðum afkomuhorfum**

| Þjóðhagsgrunnur              | ma.kr.          |                |             | % af VLF        |                |            |
|------------------------------|-----------------|----------------|-------------|-----------------|----------------|------------|
|                              | Fjárlög<br>2025 | Horfur<br>2025 | br.         | Fjárlög<br>2025 | Horfur<br>2025 | br.        |
| Frumtekjur .....             | 1.381,0         | 1.444,7        | 63,7        | 28,5            | 29,2           | 0,6        |
| Frumgjöld .....              | 1.363,1         | 1.386,8        | 23,8        | 28,1            | 28,0           | -0,2       |
| <b>Frumjöfnuður .....</b>    | <b>17,9</b>     | <b>57,9</b>    | <b>40,0</b> | <b>0,4</b>      | <b>1,2</b>     | <b>0,8</b> |
| Vaxtatekjur .....            | 39,6            | 55,5           | 15,8        | 0,8             | 1,1            | 0,3        |
| Vaxtagjöld .....             | 120,1           | 132,6          | 12,4        | 2,5             | 2,7            | 0,2        |
| <b>Vaxtajöfnuður .....</b>   | <b>-80,5</b>    | <b>-77,1</b>   | <b>3,4</b>  | <b>-1,7</b>     | <b>-1,6</b>    | <b>0,1</b> |
| Heildartekjur .....          | 1.420,6         | 1.500,2        | 79,6        | 29,3            | 30,3           | 1,0        |
| Heildargjöld .....           | 1.483,2         | 1.519,4        | 36,2        | 30,6            | 30,7           | 0,0        |
| <b>Heildarjöfnuður .....</b> | <b>-62,6</b>    | <b>-19,2</b>   | <b>43,4</b> | <b>-1,3</b>     | <b>-0,4</b>    | <b>0,9</b> |

Heildartekjur eru áætlaðar 1.500 ma.kr. eða 30,3% af VLF og er það tæplega 80 ma.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Frumtekjur aukast um 64 ma.kr. frá áætlun fjárlaga og má að stærstum hluta rekja það til 20 ma.kr. hækkunar á áætlun virðisaukaskatts og 17 ma.kr. hærri áætlunar um tekjur af fjármagnstekjuskatti. Leiða þessar breytingar af endurmati tekjuáætlunar og má að stóru leyti rekja til uppgjörs ársins 2024, en fjórði ársfjórðungur þess árs reyndist umtalsvert sterkari en fyrri áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Leiddi það til talsverðar hækkunar á tekjuáætlun ársins 2025 vegna grunnáhrifa. Þá er gert ráð fyrir að arðgreiðslur aukist um 12 ma.kr. frá áætlun fjárlaga, einkum vegna uppfærðrar arðgreiðsluáætlunar Landsvirkjunar og Landsbanka. Vaxtatekjur eru áætlaðar tæplega 16 ma.kr. meiri en áður var gert ráð fyrir, að mestu vegna áhrifa af uppgjöri ÍL-sjóðs en uppgjörið fól í sér talsverða tilfærslu vaxtaberandi eigna úr eignasafni ÍL-sjóðs til A1-hluta ríkissjóðs. Nánar er fjallað um endurmat tekjuáætlunar niður á einstaka tekjuliði í kafla 4.1.

Heildarútgjöld eru áætluð um 1.519 ma.kr., eða 30,7% af VLF, sem jafngildir 36 ma.kr. aukningu frá áætlun fjárlaga. Af þeirri aukningu nemur aukning frumgjalda um 24 ma.kr. en þar vegur þýngst gjaldfærsla á skuldbindingu ríkissjóðs vegna svonefnds varúðarsjóðs fyrir lífeyrisaukasjóð A-deildar LSR. Nánar er fjallað um þá skuldbindingu í greinargerð með fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030, en um er að ræða einskiptiskostnað sem fellur til á árinu 2025. Þá er gert ráð fyrir nokkru kostnaðarfrávikum vegna endurhæfingarlífeyris í kjölfar kerfisbreytinga sem tóku gildi 1. september sl., en talsverð óvissa er um þá forsendu. Tekið er tillit til viðbótarútgjalda sem eiga uppruna sinn í samþykktum fjáráskilum á árinu, m.a. 3 ma.kr. viðbót vegna átaks í viðhaldi vega. Uppfærð áætlun tekur einnig tillit til 4 ma.kr. áætlaðs halla hjá Sjúkratryggingum vegna þátta annarra en lyfja, t.d. samninga um greiðslubátttöku vegna sjúkrabjálfunar, og um 2 ma.kr. vegna umframkostnaðar lyfja. Þá er gert ráð fyrir um 3 ma.kr. vegna kvikmyndaendurgreiðslu í samræmi við áætlaðar umsóknir ársins og viðbótarútgjöldum vegna skuldbindinga í tengslum við varnarmál, einkum stuðning við Úkraínu sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Gert er ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna yfirfærslu á þjónustu við börn með fjölbættan vanda frá sveitarfélögum sem nemur 1,7 ma.kr. á árinu 2025. Þá er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði í rekstri framhaldsskóla á árinu og í rekstri heilbrigðisstofnana, einkum á landsbyggðinni. Áætlað er að kostnaður vegna útlendingamála verði um 1 ma.kr. meiri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. Á móti þessum og öðrum kostnaðarliðum sem áætlað er að verði umfram fjárheimildir á árinu vegur almennur varasjóður að hluta, auk endurmats á nokkrum kostnaðarliðum sem gert er ráð fyrir að verði innan heimilda ársins. Þar vegur þýngst afgangur af rekstri hjúkrunarheimila vegna rýma sem ekki hafa verið tekin í notkun. Þá er m.a. gert ráð fyrir að greiðsla ellilífeyris verði lægri en fyrri áætlun gerði ráð fyrir auk þess sem líklegt er talið að stofnframlög og greiðslur úr Orkusjóði verði undir áætlun í árslok miðað við núverandi stöðu. Gangi þessar áætlanir eftir verður heildarumfang frumgjalda um 28,0% af VLF á árinu 2025 samanborið við áætlun um 28,1% í áætlun fjárlaga. Vaxtagjöld eru áætluð um 12 ma.kr. meiri en í áætlun fjárlaga sem má að mestu rekja til áhrifa af uppgjöri ÍL-sjóðs auk horfa um meiri verðbólgu og hærri vaxtastig á árinu samanborið við fyrri forsendur. Rétt er að geta þess að áhrifa af uppgjöri ÍL-sjóðs á vaxtagjöld gætir aðeins hluta árs 2025, en allt árið 2026, og því gera áætlanir ráð fyrir að vaxtagjöld muni aukast milli ára. Uppfærðar horfur gefa til kynna að umfang vaxtagjalda verði um 2,7% af VLF á árinu 2025 samanborið við 2,5% af VLF í áætlun fjárlaga.

## 4 Tekjur A1-hluta ríkissjóðs

Tekjur ríkissjóðs samkvæmt tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins aukast lítillega sem hlutfall af VLF. Aukningin stafar helst af efnahagsþróun eins og hún birtist í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og fyrirhuguðum aðgerðum stjórnvalda á tekjuhlið sem nánar er fjallað um í þessum kafla.

### Tekjur halda í við vöxt hagkerfisins

- Tækniframfarir í samgöngum kalla á kerfisbreytingar
- Réttlát auðlindagjöld
- Bætt skattskil og færri undanþágur

Nánar er fjallað um áhrif efnahagsforsendna á einstaka tekjustofna og áhrif og umfang skattabreytinga síðar í kaflanum. Jafnframt eru breytingum á tekjuáætlun ársins 2025 gerð skil en ríkisreikningur fyrra árs og endurmetnar tekjur yfirstandandi árs mynda grunn fyrir tekjuáætlun ársins 2026. Í lok kaflans má finna áætlun um skattastyrki ársins 2026 þar sem eftirgjöf í skattkerfinu er skipt eftir málefnasviðum. Tafla 4.1 dregur fram helstu niðurstöður tekjuáætlunarinnar ásamt endurmati á tekjum yfirstandandi árs og bráðabirgðatölum um tekjuuppgjör ársins 2024.

Tafla 4.1 Tekjuáætlun 2024–2026

| Rekstrargrunnur, m.kr.                 | 2024 <sup>1</sup> | Áætlun      |               | % af VLF |             |               |
|----------------------------------------|-------------------|-------------|---------------|----------|-------------|---------------|
|                                        |                   | Horfur 2025 | Frumvarp 2026 | 2024     | Horfur 2025 | Frumvarp 2026 |
| Skatttekjur .....                      | 1.091.828         | 1.167.192   | 1.236.609     | 23,7     | 23,6        | 23,6          |
| Skattar á tekjur og hagnað .....       | 480.720           | 525.100     | 549.500       | 10,5     | 10,6        | 10,5          |
| Skattar á launagr. og vinnuafl .....   | 11.891            | 13.030      | 13.926        | 0,3      | 0,3         | 0,3           |
| Eignarskattar .....                    | 15.195            | 15.527      | 14.327        | 0,3      | 0,3         | 0,3           |
| Skattar á vöru og þjónustu .....       | 560.924           | 588.215     | 632.187       | 12,2     | 11,9        | 12,1          |
| Tollar og aðflutningsgjöld .....       | 6.664             | 7.420       | 7.170         | 0,1      | 0,1         | 0,1           |
| Aðrir skattar .....                    | 16.434            | 17.900      | 19.499        | 0,4      | 0,4         | 0,4           |
| Tryggingagjöld .....                   | 136.982           | 151.726     | 159.923       | 3,0      | 3,1         | 3,1           |
| Fjárframlög .....                      | 10.384            | 7.679       | 8.085         | 0,2      | 0,2         | 0,2           |
| Aðrar tekjur .....                     | 154.290           | 173.603     | 186.629       | 3,4      | 3,5         | 3,6           |
| Eignatekjur .....                      | 91.351            | 122.021     | 132.978       | 2,0      | 2,5         | 2,5           |
| Vaxtatekjur .....                      | 25.956            | 55.454      | 51.909        | 0,6      | 1,1         | 1,0           |
| Arður og hluti af tekjum ríkisft. .... | 53.695            | 53.818      | 56.822        | 1,2      | 1,1         | 1,1           |
| Aðrar eignatekjur .....                | 11.700            | 12.749      | 24.246        | 0,3      | 0,3         | 0,5           |
| Sala á vöru og þjónustu .....          | 55.507            | 44.251      | 45.948        | 1,2      | 0,9         | 0,9           |
| Ýmsar tekjur .....                     | 7.432             | 7.331       | 7.704         | 0,2      | 0,1         | 0,1           |
| Heildartekjur ríkissjóðs .....         | 1.393.484         | 1.500.200   | 1.591.246     | 30,3     | 30,3        | 30,4          |

<sup>1</sup> Byggt á tölum Hagstofu Íslands í júní 2025.


#### 4.1 Endurmetin tekjuáætlun 2025

Heildartekjur yfirstandandi árs hafa verið endurmetnar og er áætlað að þær muni nema 1.500 ma.kr., eða 30,3% af VLF. Skatttekjur og tryggingagjöld ársins 2025 hafa verið endurmetin í samræmi við breyttar efnahagsforsendur og nýjar upplýsingar um tekjugrunn fyrra árs og álagningu og innheimtu yfirstandandi árs. Lítur nú út fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði 80 ma.kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins, eða sem nemur 5% aukningu. Þar af er um 50 ma.kr. hækkun á sköttum og tryggingagjöldum sem nú er gert ráð fyrir að nemi 26,6% af VLF. Hækkun tekjuáætlunar má rekja til undirliggjandi efnahagsforsendna og þróttmeiri efnahagsumsvifa auk hærri tekjugrunns fyrra árs.

#### Mynd 4.1

##### Heildartekjur 80 ma.kr. meiri en í fjárlögum 2025

Helstu breytingar á tekjuáætlun ársins 2025 (ma.kr.)



Af einstökum sköttum er mesta breytingin í virðisaukaskatti, eða um 20 ma.kr. Gert er ráð fyrir að tekjur af fjármagnstekjuskatti verði nokkru meiri en áður þar sem verðbólga hefur verið meiri auk þess sem sparnaður hefur haldist mikill. Vaxtatekjur hækka umtalsvert vegna uppgjors ÍL-sjóðs, en verðtryggðar eignir sjóðsins hafa verið færðar á efnahagsreikning ríkissjóðs. Sjá nánari umfjöllun um uppgjör ÍL-sjóðs í 9. kafla. Áætlaðar arðgreiðslur ríkisfyrirtækja eru einnig töluvert hærri en áður hafði verið gert ráð fyrir.

#### 4.2 Tekjuáætlun 2026

Tekjuáætlun fyrir fjárlagaárið 2026 byggir á endurmetinni tekjuáætlun ársins 2025 og þjóðhagsspá Hagstofu Íslands að teknu tilliti til fyrirhugaðra skattkerfisbreytinga. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 1.591 ma.kr. fjárlagaárið 2026 sem samsvarar 30,4% af VLF. Þar af eru skatttekjur og tryggingagjöld áætluð 1.397 ma.kr.

##### 4.2.1 Skattkerfisbreytingar

Þær skattabreytingar sem ráðast á í árið 2026 taka m.a. mið af viðbrögðum stjórnvalda við efnahagslegri þróun og áhrifum tæknibreytinga á tekjustofna ríkisins. Skattkerfisbreytingar ársins 2026 byggjast jafnframt á fyrri ákvörðunum og pólitískum áherslum í fjármálaáætlun og fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Stærsta skattkerfisbreyting ársins felst í kerfisbreytingu á gjaldtöku af ökutækjum og eldsneyti. Eins og fram kemur í fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030 er fyrirhugað að tekjur af ökutækjum og eldsneyti muni nema um 1,7% af VLF undir lok tímabilsins til samræmis við



meðaltal áranna 2010–2017. Í því skyni verða tekjur af ökutækjum og eldsneyti hækkaðar um 7,5 ma.kr. á næsta ári. Tekjur af ökutækjum og eldsneyti eru að miklu leyti tengdar orkugjöfum ökutækja í landinu og losun á gróðurhúsalofttegundum við akstur. Með hröðum orkuskiptum í samgöngum og sífellt sparneytnari bíl vélum hafa því tekjur af ökutækjum og eldsneyti fallið töluvert og má búast við að sú þróun haldi að óbreyttu áfram. Til að bregðast við þeirri þróun hefur verið ákveðið að taka upp **kílómetragjald** vegna notkunar bifreiða. Samhliða verða eldri eldsneytisgjöld felld niður, þ.e. vörugjöld af bensíni og olíugjald af dísilolíu. Jafnframt verður kolefnisgjald hækkað til að viðhalda hvötum til orkuskipta. Fyrsta skrefið í þessari kerfisbreytingu var tekið í byrjun árs 2024 með upptöku kílómetragjalds á notkun rafmagns-, tengiltvinn- og vetnisbifreiða. Í tekjuáætlun er gert ráð fyrir að annað skrefið nái fram að ganga og að kílómetragjald verði einnig lagt á bifreiðar sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Með þessum breytingum er ekki aðeins skotið styrkari stoðum undir tekjuöflun ríkissjóðs heldur einnig komið á skilvirkara og sanngjarnara gjaldakerfi þar sem þeir borga sem nota vegakerfið.

Ísland stefnir á upptöku **15% alheimslágmarksskatts**. Frumvarp þess efnis var kynnt í samráðsgátt í sumar og tekur mið af tilskipun Evrópuráðsins (2022/2523) sem byggir á reglum OECD og G20-ríkjanna. Markmiðið er að sporna við skattasniðgöngu stórra fjölþjóðlegra fyrirtækja og draga úr skaðlegri skattasamkeppni á milli ríkja. Ísland mun taka upp reglu um innlendan uppbótarskatt sem tryggir að fjölþjóðleg fyrirtæki með starfsemi hér á landi greiði 15% virkan tekjuskatt, auk þess að taka upp reglu um tekjuviðbót sem heimilar Íslandi að skattleggja hagnað dótturfélaga í lágs kattaríkjum ef viðkomandi ríki hefur ekki innleitt innlendan uppbótarskatt og móðurfélagið er íslenskt. Gert er ráð fyrir að Ísland verði bæði fyrir beinum og óbeinum áhrifum af upptöku 15% alheimslágmarksskatts. Beinu áhrifin felast í auknum skatttekjum ríkissjóðs. Ef lögin taki gildi frá og með árinu 2026 myndu beinar tekjur skila sér 15–18 mánuðum eftir lok þess árs, þ.e. árið 2028. Óbeinu áhrifin birtast í því að hvatir stórra fjölþjóðlegra fyrirtækja til að færa til hagnað í skattalegum tilgangi minnkar. Með því yrði aukinn hagnaður skattlagður hér á landi sem kæmi fram sem aukinn tekjuskattur lögaðila.

Gert er ráð fyrir að **innviðagjald** sem skemmtiferðaskip í millilandasiglingum greiða fyrir hvern farþega á sólarhring, á meðan skip dvelur í höfn hér á landi eða annars staðar á tollsvæði ríkisins, verði lækkað úr 2.500 kr. í 2.000 kr. Um tímabundna lækkun er að ræða sem gildir einungis árið 2026.

Fyrr á árinu voru samþykkt lög um breytingu á aflaverðmæti í reiknistofni veiðigjalds. **Veiðigjald** byggir á afkomu við veiðar hvers nytjastofns tveimur árum fyrir álagningu gjaldsins og er lagt á í krónum á hvert kílógramm óslægðs afla. Áhrif breytingarinnar munu koma skýrar fram þegar fjárhæðir veiðigjalds 2026 verða birtar í desember nk. og verður áætlun veiðigjalds endurskoðuð í kjölfarið.

Hækkun á **jöfnunargjaldi** sem dreifiveitur greiða af raforku vegna annars vegar dreifingar á forgangsorku og hins vegar skerðanlegs flutnings raforku er nauðsynleg til að ná fullri jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku á árinu 2026. Hækkunin stuðlar að því markmiði stjórnvalda að jafna kostnað við dreifingu raforku og er gert ráð fyrir að hún muni skila 1,6 ma.kr. að meðtöldum áhrifum á virðisaukaskatt.

Gert er ráð fyrir breytingum á **tekjuskatti einstaklinga** og **fjármagnstekjuskatti** sem nema um 4 ma.kr. Þær breytingar fela m.a. í sér afnám samnýtingar þrepa í tilviki hjóna og sambýlisfólks. Heimild til samnýtingar þrepa gildir þegar annar aðilinn er skattlagður í þriðja þrepi en hinn ekki. Þá getur hinn tekjuhærri nýtt helming bilsins í öðru þrepi sem sá tekjulægri nýtir ekki og þannig greitt lægri skattprósentu af launum í þriðja þrepi. Sú tilfærsla er einungis heimil á milli tveggja efri þrepanna. Afnám samnýtingar þrepa er í samræmi við ráðleggingar sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og OECD. Jafnframt er gert ráð fyrir að felld verði brott heimild til að nýta hluta af ónýttum persónuafslætti til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Eftir upptöku frítekjumarks fjármagnstekna og tvöföldun þess árið 2020 hefur í raun verið komið á



persónuafslætti fjármagnstekna. Meirihluti þeirra sem nýta persónuafslátt til greiðslu fjármagnstekjuskatts fullnýtir einnig frítekjumarkið og fær þannig tvöfaldan afslátt. Nánar er fjallað um frítekjumark fjármagnstekna í umfjöllun um skattastyrki í kafla 4.5.

Sem fyrr er gert ráð fyrir hækkun **krónutölugjalda** á milli ára. Þar sem fyrirhuguð kerfisbreyting á gjaldtöku af ökutækjum og eldsneyti, sem felur í sér niðurfellingu eldsneytisgjalda, hefur ekki verið lögfest er gert ráð fyrir verðlagshækkun þeirra gjalda. Miðað er við að gjöldin hækki um 3,7% til samræmis við verðbólguþá í árslok 2025. Tekjuáhrif breytingarinnar eru um 4,3 ma.kr. að meðtöldum hliðaráhrifum á virðisaukaskatt. Breytingin nær til áfengis-, tóbaks- og nikótíngjalda, bensín-, olíu- og kolefnisgjalda, kílómetragjalds vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða og bifreiða- og kílómetragjalds, gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjalds. Verði kílómetragjaldið að lögum og eldsneytisgjöldin falla brott er áætlað að verðlagsuppfærsla annarra krónutölugjalda skili ríkissjóði 2,3 ma.kr. að meðtöldum hliðaráhrifum á virðisaukaskatt.

#### Tafla 4.2 Aðgerðir og helstu skattabreytingar

| Tekjuáhrif helstu skattabreytinga á ríkissjóð 2026, ma.kr. <sup>1</sup> |  | 2026        |
|-------------------------------------------------------------------------|--|-------------|
| <b>Lögfestar breytingar</b>                                             |  |             |
| Veiðigjald .....                                                        |  | 7,6         |
| <b>Samtals</b> .....                                                    |  | <b>7,6</b>  |
| <b>Ólögfestar breytingar</b>                                            |  |             |
| Endurskoðun á skattlagningu ökutækja og eldsneytis .....                |  | 7,5         |
| Tekjuskattur einstaklinga, samsköttun o.fl. ....                        |  | 4,0         |
| Kílómetragjald vegna notkunar bifreiða .....                            |  | 3,3         |
| Jöfnunargjald raforku .....                                             |  | 1,6         |
| Innviðagjald .....                                                      |  | -0,4        |
| Verðlagsuppfærsla krónutölugjalda <sup>2</sup> .....                    |  | 4,3         |
| <b>Samtals</b> .....                                                    |  | <b>20,3</b> |
| <b>Lögfestar og ólögfestar breytingar samtals</b> .....                 |  | <b>27,9</b> |

1. Fjárhæðir tákna áhrif hverrar kerfisbreytingar í samanburði við óbreytt kerfi á árinu 2026. Fjárhæðir eru með hliðaráhrifum á virðisaukaskatt.

2. Krónutölugjöld hækka um 3,7%. Tekjuáhrif af breytingum eru reiknuð m.v. óbreytt gjöld.

#### 4.2.2 Umfjöllun um forsendur helstu tekjustofna

Tekjur af **tekjuskatti einstaklinga** eru áætlaðar 304 ma.kr. árið 2026. Áfram er gert ráð fyrir þróttmiklum vinnumarkaði með litlu atvinnuleysi, lítilegri fjölgun vinnustunda og hærri launum. Gildandi lagaákvæði um þróun viðmiðunarfjárhæða er ætlað að koma í veg fyrir raunskattskrið og verja kaupmátt til lengri tíma, þá munu skattleysis- og þrepamörk hækka sem nemur 12 mánaða verðbólgu í árslok að viðbættu 1% framleiðnivíðmiði. Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 3,7% verðbólgu í lok árs 2025 og er því áætlað að persónuafsláttur og þrepamörk hækki um 4,7% árið 2025. Hækki laun umfram það má gera ráð fyrir hærri skattbyrði með jákvæðum tekjuáhrifum fyrir ríkissjóð. **Tryggingagjald** er flöt prósentu tekin af launastofni og hækkar til samræmis við hækkun launa og aukinn fjölda vinnustunda. Gert er ráð fyrir að tekjur af tryggingagjaldi verði 160 ma.kr. á árinu 2026 og haldist óbreyttar á milli ára í 3,1% af VLF.

Áætlað er að tekjur af **tekjuskatti lögaðila** nemi 152 ma.kr. árið 2026, sem miðar við skattskyldan hagnað rekstrarársins 2025. Áætlunin verður endurskoðuð þegar álagning lögaðila vegnar rekstrarársins 2024 liggur fyrir í október. Tekjuskattur lögaðila hækkaði


tímabundið úr 20% í 21% árið 2024 og kemur sú hækkun til greiðslu árið 2025 þar sem skatturinn leggst á hagnað fyrra árs. Hagnaður fyrirtækja árið 2025, sem myndar skattstofn við álagningu 2026, mun því bera fyrra skatthlutfall sem var 20%. Jafnframt er gert ráð fyrir að **sérstakur fjársýsluskattur**, sem er 6% viðbótarskattur á tekjuskattsstofn fjármálafyrirtækja umfram 1.000 m.kr., skili 7,9 ma.kr. í tekjur á árinu 2026.

Tekjur af **ökutækjum og eldsneyti** eru áætlaðar 83 ma.kr. eða um 1,6% af VLF á árinu 2026 sem er undir 1,7% markmiði ríkisstjórnarinnar. Þar með talið er fyrirhuguð 7,5 ma.kr. hækkun tekna af ökutækjum og eldsneyti til að vinna að ofangreindu markmiði sbr. fjármálaáætlun. Samkvæmt tekjuáætlun er áætlað að tekjurnar hækki þrátt fyrir fjölgun umhverfisvænna og sparneytinna ökutækja. Gert er ráð fyrir að annað skref kerfisbreytingar á gjaldtöku ökutækja og eldsneytis með upptöku kílómetragjalds á fólksbíla muni ná fram að ganga.

## Mynd 4.2

### Virðisaukaskattur er þriðjungur skatttekna

Samsetning tekna ríkisins af sköttum og tryggingagjöldum 2026



Tekjur af **fjármagnstekjuskatti** samanstanda af vöxtum og arði í staðgreiðslu og eftirágreiddum skatti vegna söluhagnaðar og leigutekna fyrra árs samkvæmt álagningu í maí nk. Mikill sparnaður landsmanna í háu vaxtastigi hefur leitt til aukinna tekna af fjármagnstekjuskatti undanfarin ár og hefur ekki orðið breyting þar á þrátt fyrir að vaxtastig hafi farið lakkandi þar sem sparnaður hefur haldist hár. Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur verði 85 ma.kr. árið 2026 og lækki lítillega sem hlutfall af VLF milli ára þar sem búist er við að vaxtatekjur dragist saman með lægra vaxtastigi.

Í tekjuáætlun næsta árs er ekki gert ráð fyrir breytingum á skattþrepum **VSK** eða öðrum meginreglum VSK-kerfisins. Tekjur þróast því í takt við neyslu landsmanna og ferðamanna og aðra starfsemi sem ber VSK. Búist er við 1,9% fjölgun erlendra ferðamanna og nokkru meiri raunaukningu í neyslu þessa hóps. Verðbólga dvínar samkvæmt hagspá frumvarpsins og verður 3,2%. Fjallað er um þjóðhagsspá, þ.m.t. þróun einkaneyslu og innlendrar eftirspurnar, í kafla 2. Breytingar á skattlagningu ökutækja hafa hliðaráhrif á VSK til lækkunar þegar hefðbundin vörugjöld á eldsneyti víkja fyrir kílómetragjaldi sem ekki myndar stofn til VSK. Að gefnum þessum forsendum er áætlað að tekjur af VSK aukist um 25 ma.kr. frá fyrra ári,

eða 5,7%, og nemi tæpum 466 ma.kr. Vægi VSK í tekjum ríkisins hefur aukist síðustu árin og er áætlað rúm 29% á næsta ári.

**Vaxtatekjur** samanstanda af vöxtum af skattkröfum og bankainnstæðum í innlendri og erlendri mynt auk vaxta og verðbóta af veittum lánum. Meiri hluti vaxtatekna er vegna veittra lána en þau hefur ríkissjóður veitt til að fjármagna m.a. útlán Menntasjóðs námsmanna, Húsnæðissjóðs og Byggðastofnunar auk ýmissa fjárfestingaverkefna. Þá aukast vaxtatekjur frá fjárlögum ársins 2025 vegna hluta eigna ÍL-sjóðs sem færðust á efnahag ríkissjóðs við uppgjör sjóðsins árið 2025. Vaxtatekjur ársins 2026 eru áætlaðar 51,9 ma.kr.

Áætlaðar tekjur af **áfengisgjaldi** eru 26,7 ma.kr. á árinu 2026. Tekjur næsta árs ráðast af forsendum um einkaneyslu og verðbólgu í uppfærðri þjóðhagssþá.

Yfirlit um **arðgreiðslur** frá félögum og hlutdeild í hagnaði B-hluta félaga ríkissjóðs má sjá í töflu 4.3. Gert er ráð fyrir að þær tekjur hækki um 3 ma.kr. frá árinu 2025. Lokið var við sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka og því mun ríkið ekki fá frekari arðgreiðslur af þeim eignarhlut. Gert er ráð fyrir um 3 ma.kr. lækkun á arðgreiðslu Landsbankans og um 7,6 ma.kr. hækkun á arðgreiðslu Landsvirkjunar. Aðrar arðgreiðslur hækka um rúmlega 3 ma.kr., þar vega hæst ISAVIA og Rarik.

#### Tafla 4.3 Arðgreiðslur og tekjur B-hluta fyrirtækja

| Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja (m.kr.)           | Áætlun 2025   | Áætlun 2026   |
|---------------------------------------------------------------|---------------|---------------|
| <i>Arður</i>                                                  |               |               |
| Íslandsbanki hf. ....                                         | 5.500         | 0             |
| Landsbankinn hf. ....                                         | 18.900        | 15.900        |
| Landsvirkjun ....                                             | 25.000        | 32.600        |
| Landsnet ....                                                 | 2.300         | 2.900         |
| Aðrir ....                                                    | 560           | 3.800         |
| <b>Arður alls</b> .....                                       | <b>52.260</b> | <b>55.200</b> |
| <i>Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja</i>                     |               |               |
| ÁTVR .....                                                    | 750           | 750           |
| Framlag frá Húsnæðissjóði .....                               | 808           | 872           |
| <b>Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls</b> .....          | <b>1.558</b>  | <b>1.622</b>  |
| <b>Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls</b> ..... | <b>53.818</b> | <b>56.822</b> |

Tekjur af arði frá félögum eru settar fram samkvæmt GFS-staðlinum. Á rekstrargrunni er arðgreiðsla tekjufærð að því marki sem hún er ekki umfram hlutdeild ríkisins í áætlunum hagnaði af reglulegri starfsemi félags. Á greiðslugrunni er arðgreiðslan færð til fulls, óháð hagnaði félags. Í áætlun fyrir árin 2025 og 2026 eru arðgreiðslur ekki umfram hagnað af reglulegri starfsemi og tekjur því hinar sömu á rekstrargrunni og greiðslugrunni.

#### 4.3 Áhrif á jafnrétti kynjanna

Hlutfall kynja er mismunandi á milli starfsstétta og neyslumynstur ólík. Því geta skattkerfisbreytingar og aðrar álögur sem snerta einstakar atvinnugreinar eða leggjast með ólíkum hætti á tekjur og neyslu haft mismunandi áhrif á kynin. Hér er að öllu leyti vísað til meðaltala enda eru áhrifin á einstaklinga í sömu atvinnugrein eða með svipaða neyslu þau sömu burt séð frá kyni viðkomandi.

Gera má ráð fyrir að skattlagning á notkun bifreiða hafi mismunandi áhrif á kynin. Konur nota einkabílinn ekki síður en karlar en fara gjarnan fleiri og styttri ferðir. Umtalsverður kynjamunur er á eignarhaldi bifreiða. Karlar eru skráðir eigendur tæplega 2/3 fólks- og sendibifreiða, auk þess sem bílar í eigu kvenna eru almennt léttari og losa minna af gróðurhúsalofttegundum en bifreiðar í eigu karla. Því má gera ráð fyrir að áhrif breyttrar skattlagningar verði meiri á karla en konur.

Gera má ráð fyrir því að niðurfelling samnýtingar þrepa stuðli að kynjajafnrétti, þar sem konur hafa að jafnaði lægri laun en karlar og bera að auki meiri ábyrgð á ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum. Við álagningu opinberra gjalda 2025 fengu konur 19% af ávinningnum af samnýtingu þrepa en karlar 81%.

#### 4.4 Breytingar á tekjuáætlun ársins 2026 frá fjármálaáætlun


Tekjur ársins 2026 eru áætlaðar 1.591 ma.kr., sem er 27 ma.kr. meira en gengið var út frá í fjármálaáætlun sem samþykkt var í júlí. Hlutfall heildartekna af VLF er óbreytt. Almennit gildir að endurmat á tekjum ársins 2026 í fjármálaáætlun er byggt á margvíslegum nýjum upplýsingum, allt frá tekjuuppgjöri ársins 2024 og þróun álagningar og innheimtu yfirstandandi árs til hagspár næsta árs.

Í endurmetinni tekjuáætlun 2026 vegur hækkun á virðisaukaskatti mest, sem rekja má til annars vegar hærri tekjugrunns 2025 og hins vegar þróunar hagspár, m.a. meiri verðbólgu. Einnig er aukning í tekjuskatti einstaklinga um 5 ma.kr. sem skýrist af nýjum upplýsingum úr framtölum einstaklinga og álagningu Skattsins frá því í maí, auk nýrrar þjóðhagsspár. Tekjuskattur lögaðila er talinn verða 5 ma.kr. hærri, m.a. út frá upplýsingum upp úr árshlutauppgjörum fyrirtækja árið 2025. Fjármagnstekjuskattur er áætlaður tæpum 3 ma.kr. hærri vegna uppgjörs álagningar einstaklinga og meiri vaxtatekna en áður hafði verið áætlað. Á móti vegur að umfang tekjuráðstafana er minna en í fjármálaáætlun. Nánar er fjallað um skattkerfisbreytingar í kafla 4.2.

#### Mynd 4.3

##### Áætlaðar tekjur 2026 hækka um 27 ma.kr. frá fjármálaáætlun 2026-2030

Helstu breytingar á tekjuáætlun ársins 2026 (ma.kr.)



#### 4.5 Skattastyrkir

Áætlað er að skattastyrkir ríkissjóðs verði 147 ma.kr. árið 2026, eða 2,8% af VLF. Með skattastyrkjum er átt við eftirgjöf á skattkröfu sem leiðir til frávíks frá grunngerð skattkerfisins og veldur tekjutapi fyrir hið opinbera. Í töflu 4.4 má sjá yfirlit yfir skattastyrki ásamt sundurliðun. Heldur dregur úr umfangi skattastyrkja á tímabilinu þar sem þeir voru 3,1% af VLF árið 2024. Stærsti hluti skattastyrkja er til kominn vegna neðra þreps virðisaukaskatts þar sem 13 prósentustiga munur er á neðra þrepinu og almenna þrepinu og reiknast sá munur sem skattastyrkur. Meginástæða þess að skattastyrkir eru miklir í ferðaþjónustu, sbr. töflu 4.4, er sú að stór hluti hennar ber 11% í stað 24% VSK. Greinin fær 20% allra skattastyrkja ríkissjóðs.

Þá gætir einnig töluverðra áhrifa af endurgreiðslum VSK í skattastyrkjum næsta árs. Í heild nema skattastyrkir í VSK 79% af skattastyrkjum og þar af er neðra þrepið 67% af öllum skattastyrkjum.

**Tafla 4.4 Skattastyrkir ársins 2024 og áætlaðir skattastyrkir árunna 2025 og 2026**

| Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund ívilnunar      | 2024           | 2025           | 2026           |
|-----------------------------------------------------|----------------|----------------|----------------|
| Undanþága frá skattskyldu .....                     | 22.145         | 19.999         | 18.519         |
| Frádráttur .....                                    | 15.253         | 17.462         | 18.138         |
| Frádráttarheimild .....                             | 10.745         | 11.797         | 8.384          |
| Lægri skattþrósentu .....                           | 93.235         | 99.064         | 102.359        |
| <b>Alls .....</b>                                   | <b>141.378</b> | <b>148.322</b> | <b>147.400</b> |
| Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund skatts         | 2024           | 2025           | 2026           |
| Tekjuskattur einstaklinga .....                     | 15.220         | 16.699         | 10.396         |
| Tekjuskattur lögaðila .....                         | 780            | 609            | 742            |
| Fjármagnstekjuskattur .....                         | 10.458         | 12.411         | 12.944         |
| Eignarskattar .....                                 | 651            | 762            | 782            |
| VSK .....                                           | 105.217        | 110.951        | 116.739        |
| Vörugjöld og aðrir neysluskattar .....              | 9.053          | 6.891          | 5.797          |
| <b>Alls .....</b>                                   | <b>141.378</b> | <b>148.322</b> | <b>147.400</b> |
| Skattastyrkir flokkaðir eftir málefnasviði          | 2024           | 2025           | 2026           |
| 07. Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....  | 513            | 664            | 681            |
| 08. Sveitarfélög og byggðamál .....                 | 176            | 185            | 197            |
| 09. Almanna- og réttaröryggi .....                  | 1.591          | 1.152          | 1.217          |
| 11. Samgöngu- og fjarskiptamál .....                | 627            | 635            | 673            |
| 12. Landbúnaður .....                               | 73             | 82             | 86             |
| 14. Ferðaþjónusta .....                             | 27.031         | 27.809         | 29.585         |
| 17. Umhverfismál .....                              | 5.242          | 3.055          | 895            |
| 18. Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál ..... | 6.879          | 7.203          | 7.654          |
| 20. Framhaldsskólastig .....                        | 473            | 510            | 538            |
| 21. Háskólastig .....                               | 1.337          | 1.440          | 1.521          |
| 23. Sjúkrahúspjónusta .....                         | 140            | 151            | 160            |
| 27. Örorka og málefni fatlaðs fólks .....           | 986            | 1.061          | 1.121          |
| 29. Fjölskyldumál .....                             | 60.882         | 65.147         | 66.238         |
| 30. Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....             | 1.009          | 367            | 387            |
| 31. Húsnæðis- og skipulagsmál .....                 | 15.612         | 18.128         | 14.973         |
| Óflokkað .....                                      | 7.964          | 8.664          | 9.148          |
| Vegna skattframkvæmdar .....                        | 10.843         | 12.070         | 12.325         |
| <b>Alls .....</b>                                   | <b>141.378</b> | <b>148.322</b> | <b>147.400</b> |
| <b>Alls, % af VLF .....</b>                         | <b>3,1%</b>    | <b>3,0%</b>    | <b>2,8%</b>    |

Engar nýjar tegundir skattastyrkja eru í áætlun ársins 2026. Skattastyrkur í formi undanþágu frá VSK þegar ökutækjaleiga endurselur notað vistvænt ökutæki fellur brott í árslok 2025. Þá fækkar skattastyrkjum í tekjuskatti einstaklinga með afnámi samnýtingar þrepa auk þess sem ekki er gert ráð fyrir framlengingu á ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán í gegnum almenna úrræðið árið 2026, sem að óbreyttu rennur út í lok árs 2025. Hins vegar verður áfram heimilt að nýta séreignarsparnað til fasteignakaupa undir formerkjum „Fyrstu fasteignar“.

Skattastyrkir í fjármagnstekjuskatti hafa hækkað undanfarin ár sem má rekja að mestu til frítekjumarks fjármagnstekna sem nær yfir vaxtatekjur, arðgreiðslur og söluhagnað hlutabréfa skráðra félaga. Frítekjumarkiðið er 300 þúsund kr. á hvern framteljanda og veitir að hámarki 66 þúsund kr. afslátt (22% af 300 þúsund kr.) af álögðum fjármagnstekjuskatti. Eftirgjöf fjármagnstekjuskatts vegna frítekjumarksins var 8,9 ma.kr. árið 2024 og hækkaði um 1,4 ma.kr. frá fyrra ári. Auknar vaxtatekjur hafa leitt til þess að 20,1% fjölskyldna fullnýtti frítekjumarkið vegna fjármagnstekna 2024 samanborið við 3,3% árið 2020.

## 5 Gjöld A1-hluta ríkissjóðs

Í þessum kafla er fjallað um útgjöld A1-hluta ríkissjóðs. Þar er um að ræða útgjöld vegna starfsemi á vegum ríkisins sem að stærstum hluta eru fjármögnuð með skatttekjum. Fjallað er um helstu áherslumál á útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins en þau samanstanda af fyrri ákvörðunum sem birtast í fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030 og breytingum sem leiðir af ákvörðunum við undirbúning frumvarpsins. Vakin er athygli á því að þessi kafla tekur einungis til breytinga á fjárheimildum málefnasviða samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum. Fjallað er um breytingar á heildarútgjöldum ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni samkvæmt GFS-hagskýrslustaðlinum í kafla 3 *Markmið í ríkisfjármálum* og um mun á framsetningu og uppgjöri ríkisfjármála á þessum tveimur stöðlum í viðauka með frumvarpinu.

### Jafnvægi aðhalds og uppbyggingar

Svigrúm skapað með forgangsriðun

Ábyrg útgjaldaaukning

Markvisst aðhald í ríkisrekstrinum

Við setningu útgjaldaramma fyrir málefnasvið í fjárlagafrumvarpi ársins 2026 er byggt á þeirri stefnumörkun sem fram kemur í gildandi fjármálaáætlun. Meginleiðarljós áætlunarinnar er að tryggja bætta afkomu ríkissjóðs, m.a. með því að halda aftur af útgjaldavexti þannig að útgjöld lækki sem hlutfall af VLF. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3 *Markmið í ríkisfjármálum*. Meðal helstu verkefna í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2026 og fjallað er nánar um í greinargerðum um viðkomandi málefnasvið eru:

- Nýtt örorkulífeyriskerfi almannatrygginga
- Veruleg aukning framlaga til viðhalds og þjónustu á vegakerfinu
- Aukin framlög vegna fjölgunar fólks á endurhæfingarlífeyri
- Fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölþættan vanda
- Aukin framlög til varnarmála
- Fjölgun stöðugilda innan lögreglu
- Aukin framlög til framhaldsskólastigsins vegna fjölgunar nemenda
- Styrking á rekstrargrunni heilbrigðisstofnana
- Þjónusta styrkt vegna lyfja og lækningatækja
- Framlög til byggingar og reksturs nýs úrræðis fyrir ósakhæfa einstaklinga
- Hækkun á almennu frítekjumarki ellilífeyrisþega
- Aldursviðbót á lífeyri örorkulífeyrisþega verði til æviloka
- Flýting framkvæmda við snjóflóðavarnir

### 5.1 Heildarfjárheimildir 2026 og breytingar frá fjárlögum ársins 2025

Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð um 1.672 ma.kr. á árinu 2026. Það er 126,5 ma.kr. aukning frá fjárlögum ársins 2025 en þar af eru um 43,5 ma.kr. vegna áætlaðra launa-, gengis- og verðlagsbreytinga. Að þeim frátöldum hækka heildarútgjöld ríkissjóðs um 83 ma.kr., eða sem nemur 5,4%. Hér á eftir er gerð grein fyrir því í hverju breytingar á útgjöldum ríkissjóðs felast. Fjallað verður um breytingar út frá hagrænni skiptingu útgjalda, breytingu eftir útgjalda-tilefnum og málefna sviðum.

Tafla 5.1 sýnir breytingar á hagrænni skiptingu fjárheimilda að raunvirði á milli fjárlaga 2025 og fjárlagafrumvarps 2026. Samtals nemur aukning rammasettra<sup>1</sup> útgjalda um 54,9 ma.kr., eða 4,3% á föstu verðlagi ársins 2025.

**Tafla 5.1 Hagræn skipting útgjalda**

| Rekstrargrunnur, m.kr.                    | Fjárlög<br>2025  | Frumvarp <sup>1</sup><br>2026 | Breyting<br>m.kr. | Breyting<br>% |
|-------------------------------------------|------------------|-------------------------------|-------------------|---------------|
| Rekstrarframlög .....                     | 651.818          | 665.358                       | 13.540            | 2,1           |
| Rekstrartilfærslur .....                  | 511.866          | 533.462                       | 21.597            | 4,2           |
| Fjármagnstilfærslur .....                 | 56.992           | 60.694                        | 3.703             | 6,5           |
| Fjárfestingarframlag .....                | 69.893           | 85.985                        | 16.092            | 23,0          |
| <b>Rammasett útgjöld .....</b>            | <b>1.290.568</b> | <b>1.345.499</b>              | <b>54.931</b>     | <b>4,3</b>    |
| Vaxtagjöld .....                          | 101.596          | 125.389                       | 23.793            | 23,4          |
| Aðrir liðir utan ramma <sup>2</sup> ..... | 153.476          | 157.777                       | 4.301             | 2,8           |
| <b>Heildargjöld .....</b>                 | <b>1.545.640</b> | <b>1.628.665</b>              | <b>83.025</b>     | <b>5,4</b>    |
| Rekstrartekjur .....                      | 68.286           | 68.760                        | 475               | 0,7           |
| Framlag úr ríkissjóði .....               | 1.318.888        | 1.520.930                     | 202.042           | 15,3          |
| Viðskiptahreyfingar .....                 | 158.466          | 38.975                        | -119.491          | -75,4         |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>           | <b>1.545.640</b> | <b>1.628.665</b>              | <b>83.025</b>     | <b>5,4</b>    |

<sup>1</sup> Án verðlagshækkana

<sup>2</sup> Aðrir liðir utan ramma: ríkisábyrgðir, afskriftir skattkrafna, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í rammasettum útgjöldum má sjá að rekstrarframlög og rekstrartilfærslur aukast um 35,1 ma.kr., eða um 3% að launa- og verðlagsbreytingum undanskildum. Til rekstrarframlaga teljast t.d. launagreiðslur ríkissjóðs og kaup á vöru og þjónustu, en til rekstrartilfærslna teljast tilfærslur fjár úr ríkissjóði til einstaklinga, almannatrygginga og félagasamtaka. Aukning rekstrarframlaga skýrist m.a. af kerfislægum vexti, auknum framlögum til þjónustu við vegakerfið, rekstri nýrra hjúkrunarheimila og framlögum til reksturs öryggisvistunarrýma vegna ósakhæfra einstaklinga svo eitthvað sé nefnt. Auknar rekstrartilfærslur skýrast að mestu af heildarendurskoðun örorkulífeyriskerfisins, fjölgun og öldrun þjóðarinnar og áætlaðri fjölgun einstaklinga á endurhæfingarlífeyri. Til lækunar kemur endurmat á áætlunum um fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd og endurmat undirliggjandi áætlana almanna-trygginga, m.a. vegna þess að tekjur ellilífeyrisþega hafa vaxið meira en gert var ráð fyrir.

<sup>1</sup> Rammasett útgjöld eru útgjöld málefna sviða án undanskilinna liða. Undanskildir liðir eru: vaxtagjöld ríkissjóðs, afskriftir skattkrafna, ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.



Fjárfestingarframlag og fjármagnstílfærslur hækka á milli ára um 19,8 ma.kr., eða 15,6% að raunvirði. Fjárfestingarframlag endurspeglar útgjöld ríkissjóðs vegna fjárfestingaverkefna, s.s. byggingar Nýs Landspítala og framkvæmda á vegakerfinu, en fjármagnstílfærslur eru framlög án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda, t.d. styrkir til nýsköpunarfyrirtækja og styrkir til orkuskipta. Aukning fjárfestingarframlaga skýrist að stærstum hluta af hærri framlögum til viðhalds og þjónustu á vegakerfinu, til byggingar legudeildar við Sjúkrahúsið á Akureyri auk framlags til byggingar nýs úrræðis vegna öryggisvistunar ósakhæfra einstaklinga. Nánar er fjallað um fjárfestingar og fjármagnstílfærslur síðar í þessum kafla.

Gert er ráð fyrir að vaxtagjöld verði um 125,4 ma.kr. á næsta ári sem er um 24 ma.kr. hækkun frá fjárlögum ársins 2025. Hækkunina má að mestu rekja til meiri lántöku í tengslum við uppgjör ÍL-sjóðs. Nánar er fjallað um vaxtagjöld í greinargerð málaflokks 33.10 *Fjármagnskostnaður*.


Þá má sjá að undanskildir liðir frá rammasettum útgjöldum, aðrir en vaxtagjöld, hækka um 4,3 ma.kr. Þetta skýrist að mestu leyti af auknum skuldbindingum vegna sjóðfélaga í Lífeyris-sjóði starfsmanna ríkisins, sem farnir eru á lífeyri og ríkissjóði ber að fjármagna samkvæmt lögum, alls um 1,8 ma.kr. Þá er gert ráð fyrir að lögbundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækki að raunvirði um 1,9 ma.kr. milli ára.

Að viðbættum áætluðum launa- og verðlagsbreytingum er gert ráð fyrir að heildarumfang rammasettra útgjalda verði um 1.386,5 ma.kr. á næsta ári sem er aukning um 95,9 ma.kr., eða ríflega 7,4% á milli ára. Breyting rammasettra útgjalda eftir útgjaldatílefnum skýrist af nokkrum meginþáttum eins og sést á mynd 5.1.

### Mynd 5.1

#### Rammasett útgjöld ríkissjóðs eftir tílefnum

Breytingar á milli áranna 2025–2026, í m.kr.



Í fyrsta lagi eru breytingar á bundnum útgjaldaskuldbindingum sem nema samtals 15,5 ma.kr. en það eru útgjöld sem fela í sér breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum, s.s. vegna hagrænna eða kerfislægra breytinga sem bundnar eru í lögum, samningum eða með ákvörðunum ríkisstjórnarinnar. Í öðru lagi eru tímabundin framlög sem falla niður, alls 9,1 ma.kr. Þar vega þýngst tímabundin framlög vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd sem lækka um 3 ma.kr. Í þriðja lagi eru ráðstafanir vegna almennra aðhaldsmarkmiða og sértækra aðgerða til að draga úr útgjaldavexti. Þessar aðgerðir draga úr rammasettum útgjöldum ríkissjóðs um

14,4 ma.kr. eins og fjallað er um síðar í kaflanum.<sup>2</sup> Í fjórða lagi eru aukin framlög vegna brýnna verkefna, alls 62,9 ma.kr. Þar vega þýngst framlög til nýs örorkulífeyriskerfis og vegna aukins fjölda á endurhæfingarlífeyri, framlög til viðhalds og þjónustu á vegakerfinu, og framlög vegna barna með fjölþættan vanda sem þurfa á þriðja stigs þjónustu að halda. Nánar er fjallað um ný og aukin verkefni í kaflanum um breytingar á fjárheimildum frá fjárlögum 2025.

Í fimmta lagi eru áætluð áhrif vegna launa-, verðlags- og gengisbreytinga rammasettra útgjalda en þau nema 41 ma.kr. Nánar er fjallað um launa- og verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.4 *Verðlagsforsendur útgjaldahliðar*.

### *Fjárfestingar og fjármagnstilfærslur*

Heildarfjárheimildir til fjárfestinga og fjármagnstilfærslna í fjárlagafrumvarpi 2026 eru um 146,8 ma.kr., eða 2,8% af VLF, og hækka um 19,8 ma.kr. frá fjárlögum ársins 2025. Meginþungi fjárfestinga felst í framlögum til samgönguframkvæmda vegna viðhalds og þjónustu á vegakerfinu, til byggingar Nýs Landspítala og hækkunar á framlagi vegna byggingar á legudeild Sjúkrahússins á Akureyri.

### **Tafla 5.2 Fjárfestingar 2025 og 2026**

| <b>Fjárfestingarframlög og fjármagnstilfærslur, ma.kr.</b>           | <b>Fjárlög<br/>2025</b> | <b>Frumvarp<br/>2026</b> |
|----------------------------------------------------------------------|-------------------------|--------------------------|
| <b>Samgöngu- og fjarskiptamál .....</b>                              |                         |                          |
| Vegagerðin .....                                                     | 26,8                    | 35,3                     |
| Betri samgöngur .....                                                | 6,7                     | 6,9                      |
| <b>Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....</b>                |                         |                          |
| Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja .....                               | 17,2                    | 18,6                     |
| Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun .....         | 5,6                     | 6,1                      |
| Rannsóknar og tæknisjóðir .....                                      | 5,7                     | 5,6                      |
| <b>Heilbrigðismál .....</b>                                          |                         |                          |
| Nýi Landspítalinn .....                                              | 16,4                    | 22,6                     |
| Legudeild við sjúkrahúsið á Akureyri .....                           |                         | 3,0                      |
| <b>Almanna- og réttaröryggi .....</b>                                |                         |                          |
| Uppbygging nýs fangelsis .....                                       | 1,5                     | 2,8                      |
| <b>Mennta- og menningarmál .....</b>                                 |                         |                          |
| Þjóðarhöllin .....                                                   | 1,5                     | 2,1                      |
| <b>Félags- og tryggingamál .....</b>                                 |                         |                          |
| Húsnæðisstuðningur .....                                             | 8,7                     | 8,9                      |
| Húsnæði vegna öryggisvistunar fullorðinna .....                      |                         | 0,5                      |
| <b>Aðrar framkvæmdir .....</b>                                       |                         |                          |
| Nýbygging við Stjórnarráðið .....                                    |                         | 0,5                      |
| <b>Annað .....</b>                                                   | 36,8                    | 33,6                     |
| <b>Fjárfestingarframlög og fjármagnstilfærslur<sup>1</sup> .....</b> | <b>127,0</b>            | <b>146,8</b>             |

<sup>1</sup>Fjárhæðir í töflu byggja á fjárheimildum hvors árs. Til viðbótar við fjárheimildir ársins geta uppsafnaðar heimildir verið nýttar.

<sup>2</sup> Til viðbótar hagræðingu á rammasettum útgjöldum eru einnig aðgerðir sem beinast að Atvinnuleysistryggingasjóði, sem flokkast utan ramma. Heildarumfang hagræðingaraðgerða, að meðtöldum þessum aðgerðum, nemur 15,1 ma.kr.

Fjárfestingarframlög til samgönguframkvæmda nema 43,5 ma.kr. og aukast um 7,6 ma.kr. milli ára. Stærsta einstaka byggingarframkvæmdin er líkt og áður bygging nýs Landspítala. Fjárveiting til verkefnisins nemur 22,6 ma.kr. en samkvæmt uppfærðri framkvæmda- og tímaáætlun verða framkvæmdir hins vegar mun umfangsmeiri en fjárveiting gefur til kynna og verður gengið á ónýttar fjárveitingar sem safnast hafa upp á undanförunum árum.

Þá verða áfram veittar fjárheimildir til húsnæðisstuðnings með stofnframlögum og hlutdeildarlánum sem endurspeglar að ríkisstjórnin leggur áherslu á aukið framboð á húsnæðismarkaði. Gert er ráð fyrir að heildarfjárveiting vegna stofnframlaga til uppbyggingar almenna íbúðakerfisins verði 7,5 ma.kr. Lánsheimild vegna hlutdeildarlána á árinu 2026 nemur 4 ma.kr. eins og fram kemur í 5. gr. þessa frumvarps og er gjaldfærður ríkisstuðningur vegna lánanna áætlaður 1,4 ma.kr. Þá verða framlög til byggingar nýs fangelsis í stað Litla-Hrauns aukin um 1,3 ma.kr. til að mæta uppfærðri kostnaðaráætlun framkvæmdarinnar. Meðal þess sem fellur undir liðinn *Annað* í töflu 5.2 eru reglubundin framlög vegna kaupa á tækjum og búnaði hjá stofnunum ríkisins og nema þau um 10 ma.kr. á ári. Enn fremur falla þar undir ýmsar smærri innviðafjárfestingar og viðhaldsframkvæmdir á fasteignum.

#### *Ráðstafanir til að draga úr útgjaldavexti*

Ráðstafanir til að draga úr útgjaldavexti ríkissjóðs á árinu 2026 nema alls 15,1 ma.kr. og felast í almennt aðhaldskröfu og sértækum ráðstöfunum líkt og fjallað var um í fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030. Markmið aðgerðanna er að draga úr ríkisumsvifum, treysta stöðu ríkissjóðs og vinna gegn þenslu og verðbólgu í hagkerfinu.

#### **Almennt aðhaldsmarkmið 2,3 ma.kr.**

Almenn aðhaldskrafa verður 1%. Engin aðhaldskrafa er gerð á heilbrigðis- og öldrunarstofnanir, skóla og löggæslu.

#### **Sértækar ráðstafanir 12,8 ma.kr.**

Ráðstafanir sem koma fram í fjármálaáætlun 2026–2030 og draga úr útgjaldavexti og skapa svigrúm til nýrra og aukinna verkefna.

Alla jafna er gert ráð fyrir **almennu aðhaldsmarkmiði** á málefnasviðum ráðuneyta í fjármálaáætlun sem er útfært í frumvarpi til fjárlaga og nemur aðhaldsmarkmiðið á árinu 2026 um 2,3 ma.kr. Markmið er m.a. að tryggja að ráðuneyti og stofnanir nýti þá takmörkuðu fjármuni sem til ráðstöfunar eru á sem hagkvæmastan hátt. Þannig verður til rými fyrir ný verkefni í samræmi við áherslur og markmið stjórnvalda sem vega að einhverju leyti á móti aðhaldskröfunni. Almenn aðhaldskrafa verður 1% á árinu 2026 en hún tekur ekki til heilbrigðis- og öldrunarstofnana, skóla, lög- og tollgæslu.

Auk almenns aðhaldsmarkmiðs verður gripið til **sértækra aðhaldsráðstafana** til að hægja á útgjaldavexti og skapa svigrúm til nýrra verkefna í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Sértækar ráðstafanir sem gert er ráð fyrir eiga uppruna sinn ýmist í tillögum frá almenningi, ráðuneytum eða ríkisstofnunum. Ráðstafanirnar felast m.a. í frestun eða niðurfellingu verkefna, endurskoðun á forsendum fjárveitinga, endurskoðun fyrirkomulags eða umbótum og hagræðingu í rekstri, s.s. með sameiningu stofnana. Alls nemur aðhald vegna þessara ráðstafana ríflega 12,8 ma.kr. á komandi ári.

Meðal helstu verkefna eru markviss nýting rammasamninga og endurskoðun á eldri samningum um kaup á vöru og þjónustu en gert er ráð fyrir um 3 ma.kr. hagræðingu á næsta ári. Af öðrum veigameiri ráðstöfunum má nefna bættu forgangsstöðu í heilbrigðiskerfinu og endurskoðun á fyrirkomulagi endurgreiðslna framleiðslukostnaðar við kvikmyndagerð. Þá

verða engin ný framlög veitt til varasjóða málaflokka en það dregur úr útgjöldum ríkissjóðs um 1,1 ma.kr. og breytingar verða gerðar á lágmarksskilyrðum fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta. Dregið verður úr kostnaði vegna jafnlaunavottunar og 3% aðhald verður sett á aðalskrifstofur ráðuneyta. Framkvæmdum við gamla Hæstarétt verður frestað, almennar stjórnir stofnana sem heyra beint undir ráðherra verða lagðar niður, nefndum verður fækkað og gerðar verða ráðstafanir til að fækka fermetrum á hvern ríkisstarfsmann. Þá mun fækkun ráðuneyta úr 12 í 11 draga úr útgjöldum ríkissjóðs um 330 m.kr. á ári.

Þessar ráðstafanir skila lækkun á rekstrargjöldum ríkisins um tæplega 12,8 ma.kr. á næsta ári og lækkun á fjárfestingarliðum um 2,4 ma.kr. Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu er dreifingin ólík eftir málefnasviðum.

**Tafla 5.3 Útfærsla ráðstafana til að draga úr útgjaldavexti eftir samandregnum málefnasviðum**

| Rekstrargrunnur, m.kr.                         | Rekstur          | Fjárfesting     | Alls             |
|------------------------------------------------|------------------|-----------------|------------------|
| Almanna- og réttaröryggi .....                 | -546,7           | 0,0             | -546,7           |
| Félags-, húsnæðis- og tryggingamál .....       | -1.626,6         | -5,3            | -1.631,9         |
| Heilbrigðismál .....                           | -3.815,7         | -0,6            | -3.816,3         |
| Mennta- og menningarmál .....                  | -1.244,7         | -615,3          | -1.860,0         |
| Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargr. ....      | -1.126,8         | -269,2          | -1.396,0         |
| Samgöngu- og fjarskiptamál .....               | -556,3           | -623,3          | -1.179,6         |
| Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....       | -543,4           | -286,2          | -829,6           |
| Umhverfis- og orkumál .....                    | -321,8           | -30,8           | -352,6           |
| Utanríkismál og alþjóðl. þróunarsamvinna ..... | -606,4           | -3,8            | -610,2           |
| Önnur málefnasvið .....                        | -2.379,6         | -525,6          | -2.905,2         |
| <b>Samtals .....</b>                           | <b>-12.768,0</b> | <b>-2.360,1</b> | <b>-15.128,1</b> |

Minni umsvif í fjárfestingum ríkisins skýrast að stærstum hluta af frestun framkvæmda, m.a. vegna hliðrunar á fjárfestingarheimild til stækkunar verknámsskóla. Lækkunin hefur ekki áhrif á framgang verkefnisins þar sem gengið verður á uppsafnaðar fjárheimildir fyrri ára. Framkvæmdum við Hæstarétt verður frestað en verja átti 250 m.kr. til verkefnisins á árinu 2026 og reiknað er með að aukið eftirlit með endurgreiðslum til nýsköpunarfyrirtækja skili um 200 m.kr. Aðrar aðhaldsráðstafanir í fjárfestingum skýrast ýmist af því að dregið er úr aukningu til nýrra verkefna eða af almennu aðhaldi á fjárfestingarframlög málefnasviða vegna tækja og búnaðar.

Skilgreining almenna aðhaldsmarkmiðsins, þar sem helstu þjónustukerfi ríkisins eru undanskilin aðhaldskröfu, er talin styðja við markmið um jafnrétti. Breytt forgangsöröðun í heilbrigðiskerfinu hefur ekki verið útfærð að fullu en mikilvægt er að þar verði litið til kynja- og jafnréttissjónarmiða. Í ljósi þess að konur eru líklegri en karlar til að búa við heilsubrest nýta þær heilbrigðisþjónustu meira. Fyrirhugaðar breytingar á jafnlaunavottun verða gerðar að teknu tilliti til markmiða jafnréttislaga um launajafnrétti og að fyrirtæki og stofnanir tryggi að konur og karlar fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Breytingarnar miða að því að hægt sé að uppfylla markmið laganna um jafnlaunakerfi með skilvirkari, hagkvæmari og gagnsærri hætti en áður, án þess að víkja frá þeirri kröfu að fyrirtæki og stofnanir skili tilgreindum gögnum um jafnlaunakerfi sín.


## 5.2. Breytingar frá fjárlögum 2025 eftir málefnasviðum

Í umfjölluninni hér á eftir er fjallað um breytingar á rammasettum útgjöldum í fjárlagafrumvarpi ársins 2026 frá fjárlögum ársins 2025 eftir samandregnum málefnasviðum. Samtals nema breytingar á rammasettum útgjöldum í frumvarpinu 54,9 ma.kr., eða um 4,3%, en þá hafa launa- og verðlagsbreytingar verið undanskildar. Mynd 5.2 sýnir breytingar rammasettra útgjalda eftir málefnasviðum. Meiri hluti nýrra útgjaldaráðstafana hefur verið greindur með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar í samræmi við 18. gr. laga um opinber fjármál. Sambærilega umfjöllun um áhrif tekjuráðstafana er að finna í kafla 4 *Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)*.

**Mynd 5.2**

### Breytingar á rammasettum útgjöldum frá fjárlögum 2025

án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga



Framlög til **félags-, húsnæðis- og tryggingamála**<sup>3</sup> hækka um 20,1 ma.kr. að raunvirði, eða sem nemur 5,7%. Stærstan hluta hækkunarinnar má rekja til breytinga á örorkulífeyriskerfinu, sem tóku gildi 1. september 2025. Hækkunin nemur alls 14,3 ma.kr., sem kemur til viðbótar 4,4 ma.kr. hækkun framlags í fjárlögum 2025. Þetta kemur til viðbótar alls 4 ma.kr. framlagi sem áður hafði verið veitt til verkefnisins í fjárlögum árunna 2019 og 2020 þegar fyrstu skrefin í átt að kerfisbreytingunni voru tekin. Framlag vegna endurhæfingarlífeyris eykst um 4,8 ma.kr. á milli ára. Hækkunin tekur mið af því að endurhæfingarlífeyrisþegum hefur fjölgað um fimmtung undanfarin tvö ár, auk þess sem tímabil endurhæfingar hefur lengst að meðaltali um tvo mánuði. Það er í samræmi við aukna áherslu stjórnvalda á að starfsendurhæfing sé fullreynd áður en til mats á örorku kemur. Í samræmi við samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um að ríkið sjái um sérhæfða þjónustu við börn með fjölþættan vanda sem vistuð eru utan heimilis er veitt 3 ma.kr. framlag. Þá er framlag til Fæðingarorlofssjóðs hækkað um 1,8 ma.kr. til að mæta ákvæði í kjarasamningum frá árinu 2024 um hækkun hámarkgreiðslu úr sjóðnum úr 800.000 kr. á mánuði í 900.000 kr., auk þess sem tekið er tillit til spár Hagstofu Íslands um fæðingar barna og þróun meðaltekna. Til að mæta fyrirhugaðri hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris um 5.000 kr. á mánuði eða í 41.500 kr. er framlag aukið um 1 ma.kr. á milli ára. Það er fyrsta skrefið í hækkun frítekjumarks ellilífeyrisþega í 60.000 kr. á mánuði samkvæmt stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

<sup>3</sup> Til félags-, húsnæðis- og tryggingamála heyra málefnasvið 27–31 ásamt málaflokkum 32.20 og 32.40.

Ráðstafanir á sviði félags-, húsnæðis- og tryggingamála eru heilt yfir taldar stuðla að jafnrétti. Almannatryggingakerfið nýttist konum í ríkara mæli en körlum, m.a. í ljósi lægri tekna annars staðar frá. Þá eru konur í meiri hluta meðal örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega og aukið fjármagn talið geta bætt stöðu þeirra. Með aukinni áherslu á starfsendurhæfingu má bæta möguleika fólks til endurkomu á vinnumarkað. Hækkun á frítekjumarki ellilífeyris mun jafnframt nýttast betur þeim tekjulægri og þannig stuðla að jafnrétti. Umönnun barna hefur sögulega hvílt þyngra á herðum mæðra og því getur vistun barna með fjölþættan vanda létt álagi af fjölskyldum, ekki síst mæðrum. Hækkun á hámarksgreiðslum fæðingarorlofs bætir afkomu foreldra í fæðingarorlofi, þar sem konur taka að meðaltali lengra orlof en karlar. Þá er ráðstöfunin talin líkleg til að stuðla að aukinni nýtingu feðra á rétti sínum til fæðingarorlofs og þar með jafnari skiptingu á umönnun barna.

Í frumvarpinu hækka útgjöld til **heilbrigðismála**<sup>4</sup> um 19,9 ma.kr. að raunvirði sem er 4,9% hækkun. Fjárveitingar til heilbrigðisstofnana og sjúkratrygginga eru auknar um 2% vegna fjölgunar og öldrunar þjóðarinnar, alls 5,2 ma.kr. Fjárveitingar vegna framkvæmda við Nýja Landspítalann hækka um 5,6 ma.kr. og um 3 ma.kr. vegna legudeildar við Sjúkrahúsið á Akureyri. Í samræmi við stjórnarsáttmála og áherslumál ríkisstjórnar er fjárveiting hækkuð um 5,6 ma.kr., sem nýtt verður í að stytta biðlista, auka aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu og fjármagna úrræði vegna fíknivanda. Framlög til lyfja og hjálpartækja hækka um 1,2 ma.kr. Fjárheimildir vegna reksturs og leigu nýrra hjúkrunarheimila aukast um 2,5 ma.kr. Framlag til reksturs öryggisrýma á Kleppi er aukið um 0,6 ma.kr. Aðhald nemur 3,8 ma.kr. og snýr m.a. að aukinni greiðsluþátttöku sjúkratryggðra, alls um 1 ma.kr. Þá er fagræði ætlað að hagræða um 1 ma.kr. í rekstri og hagkvæmari innkaup leiða til 0,7 ma.kr. sparnaðar.

Almennt má telja að aukin framlög til heilbrigðismála stuðli að jafnrétti. Er þar m.a. horft til þess að konur eru líklegri en karlar til að búa við heilsubrest og nota því bæði heilbrigðisþjónustu og lyf meira en karlar. Framkvæmdir við sjúkrahús eru taldar stuðla að umbótum í starfsumhverfi, sem getur dregið úr álagi og þannig fyrirbyggt veikindafjarveru sem er hlutfallslega meiri hjá konum en körlum meðal starfsfólks spítala. Þá er bætt aðgengi að hjúkrunarrýmum til þess fallið að draga úr ólaunaðri umönnun sem konur sinna í meira mæli en karlar. Efling meðferðarúrræða við fíknivanda kemur til móts við viðkvæman hóp sem er m.a. útsettari fyrir ofbeldi en aðrir, ekki síst konur. Aukin greiðsluþátttaka sjúkratryggðra kann að auka kynjabil vegna ólíkrar nýtingar kynjanna á þjónustunni en einnig vegna ólíkrar fjárhagsstöðu kynjanna. Benda má á að konur 65 ára og eldri eru líklegastar til að hafa ekki sótt sér heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar.

Framlög til **samgöngu- og fjarskiptamála**<sup>5</sup> hækka um 9 ma.kr. að raunvirði frá fjárlögum fyrra árs, eða sem nemur 13,7%. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnar eru framlög til vegakerfisins aukin um 7 ma.kr. Tilgangurinn er að byrja á að vinna upp viðhaldsskuld sem safnast hefur upp um langt skeið en alls eru 40% þjóðvega metin í slæmu eða mjög slæmu ástandi og 30% með slakt burðarlag. Þá er gerð tillaga um 3 ma.kr. tímabundna heimild til vegagerðar í tengslum við mögulega byggingu Hvammsvirkjunar í Þjórsá. Breytingar á Þjórsárdalsvegi eru forsenda fyrir starfsemi Hvammsvirkjunar, þar sem núverandi vegur mun hverfa í lón virkjunarinnar að óbreyttu. Heildarfjárheimild Vegagerðarinnar nemur í kjölfarið 55,2 ma.kr. Framlög til samgöngusáttmála hækka um 0,2 ma.kr. og nemur fjárframlag 6,9 ma.kr. árlega. Aðhald á sviðinu nemur 1,2 ma.kr. og snýr m.a. að hagræðingu í opinberum innkaupum.

<sup>4</sup> Til heilbrigðismála heyra málefna svið 23–26 ásamt málaflokkum 32.10 og 32.30.

<sup>5</sup> Til samgöngu- og fjarskiptamála heyrir málefna svið 11.

Niðurfelling tímabundins framlags vegna alþjónustu í pósti fellur niður, alls 0,5 ma.kr.

Viðhald á vegum og þjónusta, s.s. lagning bundins slitlags á malarvegum getur haft ólík áhrif á kynin. Karlar eru líklegri til að vera ökumenn í dreifbýli og einnig líklegri til að deyja eða slasast alvarlega í umferðinni. Aftur á móti upplifa konur sig almennt óruggari í umferðinni og setja það frekar fyrir sig en karlar að aka á vegum sem þeim finnast hættulegir. Mikilvægt er að hafa slík kynja- og jafnréttissjónarmið í huga við frekari forgangsroðun og hönnun samgönguverkefna.

Framlög til **utanríkismála og alþjóðlegrar þróunarsamvinnu**<sup>6</sup> hækka um 5 ma.kr. að raunvirði frá fjárlögum fyrra árs, eða sem nemur 14,5%, og hækka því hlutfallslega mest allra málefnasviða. Hækkar fjárveiting vegna varnartengdra verkefna um rúma 3,3 ma.kr. m.a. til að standa við skuldbindingar um varnartengdan stuðning við Úkraínu. Endurspeglar fjárveitingin breyttar aðstæður í alþjóðamálum og aukið vægi öryggis- og varnarmála en á leiðtogafundi NATO í júní sl. var ákveðið að stórauка framlög til varnarmála og varnartengdra verkefna sem styðja við áfallaþol, öryggi og varnir. Viðmiðið er að bandalagsþjóðirnar hafi náð því markmiði að veita 1,5% af VLF til varnartengdra verkefna eigi síðar en árið 2035. Meðal verkefna sem gert er ráð fyrir að falli undir varnartengd verkefni eru ýmiss konar innviðir, s.s. samgöngumannvirki, netöryggi, löggæsla, landhelgisgæsla og eftirlit á landamærum. Líklegt er að flest af þessu gagnist Íslendingum sjálfum beint eða óbeint. Nákvæm greining á þeim verkefnum sem fallið geta undir varnartengd verkefni liggur ekki fyrir en gera má ráð fyrir að einhver verkefni sem nú þegar hafa samþykktar fjárveitingar í fjárlögum og fjármálaáætlun geti fallið þar undir. Skýrari mynd af þeim verkefnum verður ljós þegar viðmið NATO verða birt. Fjárveitingar til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu hækka um 1,4 ma.kr. í takt við vöxt þjóðartekna. Framlög til alþjóðlegra stofnana eru hækkuð um 0,5 ma.kr. í samræmi við þróun aðildargjalda þeirra. Á móti er aðhald sem nemur 0,6 ma.kr. sem nánar er greint frá í greinargerð málefnasviðanna.

Auknum framlögum til Úkraínu er ætlað að styðja við fullveldi, friðhelgi landamæra, öryggi borgara, mannúðaraðstoð og uppbyggingarstarf í Úkraínu. Það mun draga úr neikvæðum áhrifum stríðsins á jafnrétti og/eða stuðla að jafnrétti. Vopnuð átök líkt og þau í Úkraínu hafa ólík áhrif á konur og karla og vísbendingar eru um að konur verði frekar fyrir fjölpættum áhrifum innrásarinnar en herskyldan hafi áhrif á karla. Aftur á móti verður ekki séð að efling viðbúnaðargetu Íslands, sem ætlað er að treysta varnir lands og þjóðar, gagnist einu kyni framar öðru. Aukin framlög til þróunarsamvinnu eru talin stuðla að jafnrétti en ný og aukin verkefni skulu taka mið af jafnrétti, mannréttindum og umhverfismálum.

Framlög til **almanna- og réttaröryggis**<sup>7</sup> hækka um 3,7 ma.kr. að raunvirði frá fjárlögum fyrra árs, eða sem nemur 8,4%. Stór hluti hækkunarinnar er 1,3 ma.kr. aukið framlag vegna byggingar nýs fangelsis í stað Litla-Hrauns. Stefnt er að því að fangelsið verði tekið í notkun árið 2029 og að heildarkostnaður við 1. áfanga uppbyggingarinnar nemi um 17,9 ma.kr. Gert er ráð fyrir að rekstur Landhelgisgæslu Íslands verði styrktur um 1,3 ma.kr. hækkun framlags á milli ára. Í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru veittir 1,3 ma.kr. til fjölgunar lögreglumanna á árinu um 50 talsins. Hækkunin er liður í að fjölga lögregluöðnum um alls 50 stöðugildi til ársins 2028. Auk þess er veitt 0,5 ma.kr. framlag til að styrkja lögregluembætti í landinu. Veitt er 0,5 ma.kr. framlag til að koma á fót brottfararstöð vegna vistunar útlendinga sem bíða brottflutnings úr landinu. Þá er gert ráð fyrir að framlag til Fangelsismálastofnunar ríkisins verði aukið um rúmlega 0,2 ma.kr.

<sup>6</sup> Til utanríkismála og alþjóðlegrar þróunarsamvinnu heyra málefnasvið 4 og 35.

<sup>7</sup> Til almanna- og réttaröryggis heyrir málefnasvið 9.



Bygging nýs fangelsis mun bæta aðbúnað fanga og aðstöðu til heimsóknna. Fangar eru í miklum meiri hluta karlmenn en breytingarnar eru til þess fallnar að stuðla að jafnrétti. Aukin framlög til Landhelgisgæslunnar eru talin viðhalda óbreyttri stöðu þar sem karlar eru í meiri hluta meðal starfsfólks og haghafa. Karlar eru einnig mikill meiri hluti þeirra sem starfa innan lögreglunnar en undanfarin ár hefur kynjahlutfall nemenda í lögreglunámi verið jafnt. Með fjölgun lögreglumanna gefst því tækifæri til að jafna hlutfall kynjanna. Gera má ráð fyrir að karlar verði í meiri hluta þeirra sem verða vistaðir í nýrri brottfararstöð en þar verður tekið mið af ólíkri stöðu og þörfum kynjanna sem og barna með aðskildum vistarverum.

Framlög til **mennta- og menningarmála**<sup>8</sup> hækka um 2 ma.kr. að raunvirði frá fjárlögum fyrra árs, eða sem nemur 1,2%. Helstu breytingar til hækkunar eru tímabundið 1,5 ma.kr. framlag vegna fjölgunar nemenda í framhaldsskólum samhliða því að óvenju fjölmennur árgangur hefur nám í framhaldsskólum landsins á yfirstandandi haustönn. Jafnframt er veitt 150 m.kr. framlag vegna tilfærslu framhaldsskólanema úr bóknámi í verknám. Ráðgert er að veita 1 ma.kr. framlag til eflingar háskólastigsins. Þá er veitt 1 ma.kr. framlag til að styrkja ýmsa menningarsjóði og verkefni tengd menningarstarfsemi, en hluti hækkunarinnar skýrist af millifærslu af málefnaviði nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina. Áfram er gert ráð fyrir framlagi til byggingar Þjóðarhallar með 0,6 ma.kr. hækkun framlags frá fyrra ári. Áætlað er að hlutur ríkisins í framkvæmdinni verði alls 9,3 ma.kr. á verðlagi yfirstandandi árs, sem telur 55% af heildarkostnaði á móti Reykjavíkurborg. Á móti framangreindum hækkunum til mennta- og menningarmála eru felld niður samtals 1,3 ma.kr. ýmis tímabundin framlög frá fyrri fjárlögum. Fjárfestingarframlagi vegna stækkunar verknámsskóla, alls 0,5 ma.kr., er hliðrað um eitt ár. Hliðrunin hefur ekki áhrif á framkvæmdahraða þar sem til staðar eru uppsafnaðar heimildir sem gengið verður á.

Aukin framlög til framhaldsskóla eru talin viðhalda óbreyttri stöðu kynjanna en talsverður kynjahalli er á námsvali, sérstaklega þegar kemur að starfsnámi. Tækifæri er til að vinna gegn staðalímyndum á vinnumarkaði og jafna þannig stöðu kynjanna. Staða kynjanna á sviði menningarmála er ólík eftir greinum. Hæstu framlögin eru til Kvikmyndasjóðs en töluvert hallar á konur í kvikmyndagerð. Þjóðarhöllin er á hönnunarstigi en í samkeppnisútbóði voru gerðar kröfur um að tekið yrði mið af jafnréttissjónarmiðum í hönnunarferlinu með inngildingu að markmiði.

Framlög til **nýsköpunar-, rannsókna- og þekkingargreina**<sup>9</sup> lækka um 0,3 ma.kr. að raunvirði frá fjárlögum fyrra árs, eða sem nemur 0,9%. Viðamikil breyting snýr að endurgreiðslum á rannsóknar- og þróunarkostnaði nýsköpunarfyrirtækja en gert er ráð fyrir að framlag vegna þess hækki um 1,5 ma.kr. á milli ára. Breytingin byggir á áætlun Rannís frá því fyrr á árinu. Með henni er jafnframt gert ráð fyrir að þak vegna endurgreiðslna miðist áfram við 1,1 ma.kr. og endurgreiðsluhlutföll verði 35% í tilviki lítilla og meðalstórra fyrirtækja og 25% hjá stórum fyrirtækjum. Á móti er dregið úr framlagi sem nemur 0,2 ma.kr. vegna aukins eftirlits í kjölfar fyrirhugaðrar endurskoðunar laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Framlag til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi lækkar um 2,1 ma.kr., sem skýrist einkum af því að dregið er úr tímabundnu 3,6 ma.kr. framlagi frá fyrra ári um sem nemur 2,5 ma.kr. Rammaáætlun ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun hækkar um 0,3 ma.kr. í samræmi við uppfærða áætlun, aðallega vegna hærri greiðslna til rannsókna- og nýsköpunaráætlunar Horizon Europe, auk að teknu tilliti til áætlaðra gengisbreytinga.

Ráðstafanir á málefnaviðinu hafa ekki áhrif á jafnrétti í sjálfu sér en heilt yfir hallar þar á

<sup>8</sup> Til mennta- og menningarmála heyrir málefnavið 18–22.

<sup>9</sup> Til nýsköpunar-, rannsókna- og þekkingargreina heyrir málefnavið 7.



konur. Við heildarendurskoðun á fyrirkomulagi endurgreiðslu til nýsköpunar og breytingar á skilyrðum vegna kvikmyndaendurgreiðslna eru þó tækifæri til að bregðast við viðvarandi kynjahalla og æskilegt að þau séu nýtt vel.

Framlög til **umhverfis- og orkumála**<sup>10</sup> lækka um 0,7 ma.kr. að raunvirði frá fjárlögum fyrra árs, eða sem nemur 1,4%. Fjárveiting til ofanflóðavarna er aukin um 1,1 ma.kr. vegna eflingar Ofanflóðasjóðs og flýtingar verkefna. Veðurstofa Íslands fær 0,3 ma.kr. framlag vegna náttúruvár. Heimild til ráðstöfunar losunarheimilda eykst um 0,8 ma.kr. frá fyrra ári og nemur verðmæti þeirra nú alls 3,1 ma.kr., þar af 1,7 ma.kr. sem útdelt verður til flugfélaga. Komið er til móts við vaxandi húshitunarkostnað á köldum svæðum með aukinni fjárveitingu sem nemur 0,4 ma.kr. Til lækkunar á málefnasviðinu vegur þyngst lækkun styrkja til Orkusjóðs um 2,5 ma.kr. og er hún í takt við fallandi eftirspurn eftir styrkjum úr sjóðnum. Þá nemur niðurfelling tímabundinna verkefna 1,1 ma.kr. en auk þess falla niður heimildir vegna gerðar áhættu- og hættumats á Reykjanesi og vegna jarðhitaleitar.

Ofanflóðavarnir draga úr líkum á rýmingu og röskun á daglegu lífi. Slíkar aðstæður auka umönnunarbyrði sem leggst þyngra á konur. Aukið fjármagn til ofanflóðavarna getur þannig stuðlað að jafnrétti með því að fyrirbyggja þörf fyrir rýmingar. Lækkun fjárheimilda Orkusjóðs til samræmis við nýtingu hefur ekki bein áhrif á jafnrétti. Æskilegt er að afla frekari gagna og taka mið af stöðu kynjanna við forgangsroðun og ráðstöfun fjármuna í þágu umhverfis-, orku- og loftslagsmála.

**Önnur málefnasvið**<sup>11</sup> lækka samanlagt um 3,7 ma.kr. að raunvirði milli ára, eða um 2,7%. Til lækkunar er veitt 2 ma.kr. framlag til reksturs öryggisvistunarrýma og öryggisúrræða vegna ósakhæfra einstaklinga. Framlagið er fært á almennan varasjóð en gert er ráð fyrir að því verði dreift síðar þegar verkaskipting milli ráðuneyta liggur betur fyrir í frumvarpi sem unnið er að um öryggisþjónustu við fullorðna einstaklinga með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir. Gert er ráð fyrir 0,5 ma.kr. framlagi til viðbyggingar við Stjórnarráðshúsið, en áætlað er að heildarkostnaður við framkvæmdina verði um 3,4 ma.kr. Til lækkunar ber hæst að tímabundið framlag vegna kostnaðar tengdum umsækjendum um alþjóðlega vernd lækkar um 3,0 ma.kr. frá fyrra ári, samhliða því að dregið hefur úr fjölda umsækjenda til landsins. Rekstrartekjur Ríkiskaupa eru lækkaðar um 1,4 ma.kr. Ríkisskaup hafa nú sameinast Fjár-sýslunni og búið er að breyta fyrirkomulagi innkaupa. Þá eru ýmis hagræðingaráform sem nema 3,2 ma.kr. sem snúa að opinberum innkaupum, almennu aðhaldi og varasjóðum mála-flokka.

Áhrif nýrra öryggisvistunarrýma á jafnrétti kunna að vera margvísleg. Meiri hluti þeirra sem dæmd eru til að sæta öryggisráðstöfunum er karlkyns, auk þess sem hluti þess hóps er fatlaður eða með geðrænan vanda. Því er ljóst að um viðkvæman hóp er að ræða og geta fleiri mismunarbreytur átt við en kynjasjónarmið. Ekki liggur fyrir tölfræði um kyn brotaþola í þessum málaflokki en þó má leiða líkur að því að þar séu konur stór hópur eins og mestöll tölfræði um þolendur ofbeldis sýnir.

Tafla 5.4 sýnir breytingar á rammasettum útgjöldum milli fjárlaga 2025 og frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2026 eftir málefnasviðum án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga.

<sup>10</sup> Til umhverfis- og orkumála heyra málefnasvið 15 og 17.

<sup>11</sup> Til annarra málefnasviða heyra málefnasvið 1–3, 5, 6, 8, 10, 12–14, 16 og 34.

**Tafla 5.4 Breytingar á rammasettum útgjöldum frá fjárlögum 2025 eftir málefnasviðum**

| Rekstrargrunnur, m.kr.                                      | Fjárlög <sup>1</sup><br>2025 | Frumvarp <sup>2</sup><br>2026 | br.<br>m.kr.   | br.<br>%   |
|-------------------------------------------------------------|------------------------------|-------------------------------|----------------|------------|
| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....                 | 6.918                        | 6.631                         | -287           | -4,2       |
| 02 Dómsstólar .....                                         | 4.273                        | 4.270                         | -4             | -0,1       |
| 03 Æðsta stjórnýsla .....                                   | 3.098                        | 3.110                         | 12             | 0,4        |
| 04 Utanríkismál .....                                       | 19.226                       | 22.817                        | 3.591          | 18,7       |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....                 | 31.200                       | 28.903                        | -2.297         | -7,4       |
| 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár .....                       | 3.361                        | 3.300                         | -61            | -1,8       |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....           | 37.697                       | 37.375                        | -322           | -0,9       |
| 08 Sveitarfélög og byggðamál .....                          | 4.596                        | 4.245                         | -351           | -7,6       |
| 09 Almanna- og réttaröryggi .....                           | 44.468                       | 48.205                        | 3.737          | 8,4        |
| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála .....     | 26.161                       | 22.676                        | -3.485         | -13,3      |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....                         | 66.128                       | 75.154                        | 9.026          | 13,6       |
| 12 Landbúnaður .....                                        | 25.229                       | 24.754                        | -475           | -1,9       |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....                          | 8.290                        | 8.551                         | 262            | 3,2        |
| 14 Ferðaþjónusta .....                                      | 2.417                        | 2.387                         | -31            | -1,3       |
| 15 Orkumál .....                                            | 13.821                       | 11.496                        | -2.325         | -16,8      |
| 16 Markaðseftirlit og neytendamál .....                     | 4.460                        | 4.859                         | 399            | 8,9        |
| 17 Umhverfismál .....                                       | 38.148                       | 39.754                        | 1.606          | 4,2        |
| 18 Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál .....           | 24.232                       | 24.357                        | 125            | 0,5        |
| 19 Fjölmíðlun .....                                         | 7.149                        | 7.472                         | 322            | 4,5        |
| 20 Framhaldsskólastig .....                                 | 49.119                       | 50.069                        | 950            | 1,9        |
| 21 Háskólastig .....                                        | 69.454                       | 70.446                        | 992            | 1,4        |
| 22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála ..... | 7.035                        | 6.604                         | -431           | -6,1       |
| 23 Sjúkrahúsþjónusta .....                                  | 174.323                      | 186.233                       | 11.910         | 6,8        |
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....                | 97.068                       | 99.080                        | 2.012          | 2,1        |
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....                | 87.562                       | 91.235                        | 3.673          | 4,2        |
| 26 Lyf og lækningavörur .....                               | 44.147                       | 46.506                        | 2.359          | 5,3        |
| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....                    | 112.523                      | 127.277                       | 14.754         | 13,1       |
| 28 Málefni aldraðra .....                                   | 121.570                      | 122.425                       | 855            | 0,7        |
| 29 Fjölskyldumál .....                                      | 75.711                       | 81.579                        | 5.868          | 7,7        |
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....                      | 8.282                        | 9.013                         | 731            | 8,8        |
| 31 Húsnæðis- og skipulagsmál .....                          | 27.851                       | 25.718                        | -2.133         | -7,7       |
| 32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála .....              | 12.521                       | 12.501                        | -20            | -0,2       |
| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....    | 17.523                       | 20.128                        | 2.605          | 14,9       |
| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....                          | 15.010                       | 16.373                        | 1.362          | 9,1        |
| <b>Samtals rammasett útgjöld á verðlagi 2025 .....</b>      | <b>1.290.568</b>             | <b>1.345.499</b>              | <b>54.931</b>  | <b>4,3</b> |
| Liðir utan ramma <sup>3</sup> .....                         | 153.476                      | 157.777                       | 4.302          | 2,8        |
| Aðlögun frumgjalda að GFS staðli <sup>4</sup> .....         | -80.966                      | -84.474                       | -3.509         | 4,3        |
| Launa- og verðlagsbætur 2026 .....                          | 0                            | 43.522                        | -              | -          |
| <b>Frumgjöld samkvæmt GFS - staðli .....</b>                | <b>1.363.078</b>             | <b>1.462.323</b>              | <b>99.245</b>  | <b>7,3</b> |
| Vaxtagjöld .....                                            | 101.596                      | 125.389                       | 23.793         | 23,4       |
| Aðlögun vaxtagjalda að GFS staðli <sup>5</sup> .....        | 18.554                       | 18.871                        | 317            | 2          |
| <b>Heildargjöld samkvæmt GFS - staðli .....</b>             | <b>1.483.228</b>             | <b>1.606.583</b>              | <b>123.355</b> | <b>8,3</b> |

<sup>1</sup> Fjárlög 2025 að teknu tilliti til breyttrar skipan stjórnarráðsins<sup>2</sup> Án launa- og verðlagsbreytinga<sup>3</sup> Liðir sem falla utan ramma málefnasviða að frátöldum vaxtagjöldum eru eftirfarandi: ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.<sup>4</sup> Hér er um að ræða aðlaganir vegna meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskriftir skattkrafna. Þá er einnig um að ræða aðlaganir vegna innbyrðis viðskipta milli A-hluta aðila þannig að ekki komi til tvítalninga útgjalda.<sup>5</sup> Reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga.

### 5.3 Útgjaldabreytingar frá fjármálaáætlun

Fjárlagafrumvarp ársins 2026 byggist á stefnumörkun málefnasviða sem samþykkt var í fjármálaáætlun 2026–2030 í júlí sl. Rammasett útgjöld í fjármálaáætlun námu 1.339 ma.kr. á verðlagi 2025. Fjárlagafrumvarp 2026 gerir ráð fyrir að rammasett útgjöld verði 7 ma.kr. meiri en áætlað var í fjármálaáætlun, og nemur aukningin því um 0,5%.

Stærsta frávikið frá fjármálaáætlun til fjárlagafrumvarps er tímabundið framlag til Vega-gerðarinnar að fjárhæð 3 ma.kr. í tengslum við undirbúning Hvammsvirkjunar, sem fellur undir málefnasvið **samgöngu- og fjarskiptamála**. Næst á eftir kemur hækkun rammasettra útgjalda innan málaflokks **félags-, húsnæðis- og tryggingamála**, sem nemur 2,2 ma.kr. Sú hækkun skýrist að hluta til af tilfærslu aðhaldsráðstafana af fjárlagalið sem telst til rammasettra útgjalda yfir á Atvinnuleysisstryggingasjóð, sem flokkast sem undanskilinn liður. Af þeim sökum er ekki um raunverulega útgjaldaaukningu að ræða, heldur breytingu á framsetningu innan útgjaldarammans. Þriðja stærsta frávikið er 0,8 ma.kr. framlag vegna vaxtabóta á árinu 2026 en í fjármálaáætlun var ekki gert ráð fyrir framlögum vegna vaxtabóta sem síðar gekk ekki eftir þar sem vaxtabætur við álagningu opinberra gjalda taka mið af tekjum ársins á undan og aðgerðin því ekki framkvæmanleg fyrr en á árinu 2027. Þá er gert ráð fyrir fjárheimild vegna samninga um hugbúnaðarleyfi Microsoft, sem nema um 0,7 ma.kr. Fjárhæðinni er dreift á stofnanir sem nýta sér samninginn og síðan er innheimt af þeim fyrir afnot sem eru því sértekjur hjá ríkissjóði. Breytingin er því jafnmikil tekjumegin og gjaldahækkunin hefur því engin áhrif á afkomu ríkissjóðs. Framlög vegna fæðingarorlofs aukast um 0,3 ma.kr. frá fjármálaáætlun. Fjárheimildir **almanna- og réttaröryggis** hækka samtals um 1,1 ma.kr. og skýrist það að stórum hluta af auknum framlögum til löggæslumála og Fængelsismálastofnunar sem hækka um 0,7 ma.kr. Því til viðbótar er gert ráð fyrir varanlegu framlagi til Landhelgisgæslu Íslands upp á 0,4 ma.kr. Að lokum eru aðrar breytingar frá fjármálaáætlun vegna nýrra verkefna sem ekki eru taldar upp hér að ofan samtals 0,7 ma.kr. Til viðbótar við framangreind frávik skýrist mismunur á málefnasviðum einnig af breytingum á útfærslu sértækra aðhaldsráðstafana. Slíkar breytingar hafa ekki áhrif á heildarramma ráðuneytanna.

Í töflu 5.5 má sjá sundurliðun breytinga eftir einstökum málefnasviðum milli fjármálaáætlunar 2026–2030 og fjárlagafrumvarps 2026.

**Tafla 5.5 Breyting frá ramma gildandi fjármálaáætlunar eftir málefnasviðum**

| Rekstrargrunnur, m.kr.                                         | Rammi<br>fjármálaáætl.<br>2026 | Rammi<br>frumvarp<br>2026 <sup>1</sup> | br. frá fjármála-<br>áætlun<br>m.kr. | breyting<br>% |
|----------------------------------------------------------------|--------------------------------|----------------------------------------|--------------------------------------|---------------|
| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....                    | 6.646                          | 6.631                                  | -15                                  | -0,2          |
| 02 Dómsstólar .....                                            | 4.260                          | 4.270                                  | 10                                   | 0,2           |
| 03 Æðsta stjórnarsýsla .....                                   | 3.026                          | 3.110                                  | 84                                   | 2,8           |
| 04 Utanríkismál .....                                          | 22.607                         | 22.817                                 | 210                                  | 0,9           |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....                    | 28.890                         | 28.903                                 | 13                                   | 0,0           |
| 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár .....                          | 3.259                          | 3.300                                  | 41                                   | 1,3           |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....              | 37.297                         | 37.375                                 | 78                                   | 0,2           |
| 08 Sveitarfélög og byggðamál .....                             | 4.242                          | 4.245                                  | 3                                    | 0,1           |
| 09 Almanna- og réttaröryggi .....                              | 47.098                         | 48.205                                 | 1.106                                | 2,3           |
| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnarsýsla dómsmála .....     | 22.667                         | 22.676                                 | 9                                    | 0,0           |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....                            | 71.982                         | 75.154                                 | 3.171                                | 4,4           |
| 12 Landbúnaður .....                                           | 24.695                         | 24.754                                 | 59                                   | 0,2           |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....                             | 8.588                          | 8.551                                  | -36                                  | -0,4          |
| 14 Ferðaþjónusta .....                                         | 2.386                          | 2.387                                  | 1                                    | 0,1           |
| 15 Orkumál .....                                               | 11.558                         | 11.496                                 | -62                                  | -0,5          |
| 16 Markaðseftirlit og neytendamál .....                        | 4.844                          | 4.859                                  | 15                                   | 0,3           |
| 17 Umhverfismál .....                                          | 40.339                         | 39.754                                 | -585                                 | -1,4          |
| 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál .....             | 24.162                         | 24.357                                 | 195                                  | 0,8           |
| 19 Fjölmíðlun .....                                            | 7.451                          | 7.472                                  | 20                                   | 0,3           |
| 20 Framhaldsskólastig .....                                    | 50.069                         | 50.069                                 | 0                                    | 0,0           |
| 21 Háskólastig .....                                           | 70.327                         | 70.446                                 | 119                                  | 0,2           |
| 22 Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og barnamála ..... | 6.594                          | 6.604                                  | 9                                    | 0,1           |
| 23 Sjúkrahúspjónusta .....                                     | 187.042                        | 186.233                                | -809                                 | -0,4          |
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....                   | 99.704                         | 99.080                                 | -624                                 | -0,6          |
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....                   | 89.718                         | 91.235                                 | 1.517                                | 1,7           |
| 26 Lyf og lækningavörur .....                                  | 46.456                         | 46.506                                 | 50                                   | 0,1           |
| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....                       | 127.838                        | 127.277                                | -561                                 | -0,4          |
| 28 Málefni aldraðra .....                                      | 122.425                        | 122.425                                | 0                                    | 0,0           |
| 29 Fjölskyldumál .....                                         | 80.892                         | 81.579                                 | 686                                  | 0,8           |
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....                         | 7.748                          | 9.013                                  | 1.265                                | 16,3          |
| 31 Húsnæðis- og skipulagsmál .....                             | 24.911                         | 25.718                                 | 807                                  | 3,2           |
| 32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála .....              | 12.314                         | 12.501                                 | 187                                  | 1,5           |
| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....       | 20.129                         | 20.128                                 | 0                                    | 0,0           |
| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....                             | 16.373                         | 16.373                                 | 0                                    | 0,0           |
| <b>Samtals rammasett útgjöld á verðlagi 2025 .....</b>         | <b>1.338.535</b>               | <b>1.345.499</b>                       | <b>6.963</b>                         | <b>0,5</b>    |
| Liðir utan ramma <sup>2</sup> .....                            | 158.169                        | 157.777                                | -392                                 | -0,2          |
| Aðlögun frumgjalda að GFS staðli <sup>3</sup> .....            | -83.409                        | -84.474                                | -1.065                               | 1,3           |
| Launa- og verðlagsbætur 2026 .....                             | 43.676                         | 43.522                                 | -155                                 | -0,4          |
| <b>Frumgjöld samkvæmt GFS - staðli .....</b>                   | <b>1.456.972</b>               | <b>1.462.323</b>                       | <b>5.351</b>                         | <b>0,4</b>    |
| Vaxtagjöld .....                                               | 114.819                        | 125.389                                | 10.570                               | 9,2           |
| Aðlögun vaxtagjalda að GFS staðli <sup>4</sup> .....           | 18.871                         | 18.871                                 | 0                                    | 0,0           |
| <b>Heildargjöld samkvæmt GFS - staðli .....</b>                | <b>1.590.662</b>               | <b>1.606.583</b>                       | <b>15.921</b>                        | <b>1,0</b>    |

<sup>1</sup> Án launa- og verðlagsbreytinga.<sup>2</sup> Liðir sem falla utan ramma málefnasviða að frátöldum vaxtagjöldum eru eftirfarandi: ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.<sup>3</sup> Hér er um að ræða aðlaganir vegna meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskriftir skattkrafna. Þá er einnig um að ræða aðlaganir vegna innbyrðis viðskipta milli A-hluta aðila, svo sem Ríkiskaup, þannig að ekki komi til tvítalninga útgjalda.<sup>4</sup> Reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga.

#### 5.4 Verðlagsforsendur útgjaldahliðar

Í fjárlagafrumvarpinu eru fjárheimildir málefnasviða og málaflokka settar fram á áætluðu verðlagi ársins 2026. Verðlagsbreytingar á milli áranna 2025 og 2026 miðast við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá júní sl. en áætlaðar launabætur til stofnana taka mið af kjarasamningum. Ekki er spáð fyrir um gengi gjaldmiðla heldur er það uppfært miðað við meðalgengi í júní 2025. Launa-, verðlags- og gengisbreytingar á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka í frumvarpinu nema samtals 43,5 ma.kr., eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

**Tafla 5.6 Verðlagsbreytingar fjárlagafrumvarpsins 2026**

|                                                        | ma.kr. |
|--------------------------------------------------------|--------|
| Launabreytingar.....                                   | 23,0   |
| Endurmat á launaforsendum fjárlaga fyrri ára.....      | 8,8    |
| Áætlaðar launabætur 2026.....                          | 14,2   |
| Almennar verðlagsbreytingar.....                       | 10,6   |
| Gengisbreytingar.....                                  | -2,5   |
| Hækkun atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga..... | 12,4   |
| Samtals.....                                           | 43,5   |

**Launaforsendur.** Hækkun fjárheimilda málefnasviða og málaflokka í fjárlagafrumvarpinu vegna launahækkana er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða endurmat launforsendna fyrri ára og mat á áhrifum þeirra á ársgrundvelli fyrir 2026. Við gerð fjárlaga 2025 var enn ósamið hjá stórum hluta opinberra starfsmanna og byggðu forsendur um launaþróun á því að þeirri launastefnu yrði fylgt sem mörkuð hafði verið bæði á almennum markaði og í þeim kjarasamningum sem hið opinbera hafði þá undirritað. Nú, ári síðar, hefur verið samið við um 96% ríkisstarfsmanna og byggir endurmatið því nær eingöngu á gerðum kjarasamningum. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs vegna hækkana fyrri ára og endurmats á launaforsendum nemi 8,8 ma.kr. til hækkunar á ársgrundvelli vegna fjárlaga fyrir árið 2026.

Áætlaðar launabætur vegna launahækkana á árinu 2026 taka mið af gerðum kjarasamningum opinberra starfsmanna og þeirri forsendu að áðurnefndri launastefnu verði fylgt í þeim fáu kjarasamningum sem enn eru lausir. Miðað við þær forsendur verður meðalhækkun launataxta opinberra starfsmanna 3,8%, hlutfallslega meiri hjá lægra launuðum hópum vegna áhrifa krónutöluviðmiða. Áætluð útgjöld ríkissjóðs vegna þessara kostnaðarhækkana nema 14,2 ma.kr. á árinu 2026.

**Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga.** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að prósentuhækkun bóta almannatrygginga, þ.e. elli- og örorkulífeyris, og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð verði 4,2% frá 1. janúar 2026. Áætluð útgjöld vegna þessa verða um 12,4 ma.kr. á árinu 2026. Í 62. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 er kveðið á um að bætur almannatrygginga skuli breytast árlega og taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Forsendur fjárlagafrumvarps gera ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 3,2% árið 2026 en við mat á launaþróun er litið til áætlana um þróun launavísitölu á komandi ári.

**Almennar verðlagsforsendur.** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 3,2% hækkun annarra rekstrargjalda en launa milli áranna 2025 og 2026. Hækkunin er í samræmi við verðbólguþátt fyrir árið 2026 samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá júní sl. Algennt er að slík rekstrargjöld nemi um 20–30% af veltu stofnana en gert er ráð fyrir að aukin útgjöld vegna þessara verðlagsbreytinga nemi 10,6 ma.kr.

**Gengisforsendur.** Í forsendum fjárlagafrumvarps hefur ekki tíðkast að spá fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla. Í frumvarpinu fyrir árið 2026 er miðað við meðalgengi í júní 2025. Gengi íslensku krónunnar hefur tekið nokkrum breytingum frá forsendum fjárlaga fyrir árið 2025. Gengisvísitalan er nú 2,3% lægri og hefur gengi íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadóllar styrkst um 2,8%, 1,6% gagnvart evru og 2,3% gagnvart bresku pundi. Þessar breytingar, ásamt öðrum, á gengi gjaldmiðla leiða til 2,5 ma.kr. lækkunar fjárheimilda málefna sviðs og málaflokka í frumvarpinu í þeim tilvikum þar sem tiltekin útgjöld eru beintengd gengi gjaldmiðla. Það á einkum við um stóran hluta útgjalda í utanríkismálum sem og lyfjakostnað.

### 5.5 Skuldbindandi samningar og styrktarsamningar

Árlega efna ráðuneyti og stofnanir til útgjalda með samningum, á grundvelli 40. gr. laga um opinber fjármál, og á grundvelli 42. gr. sömu laga um styrkveitingar, við samtök, einkaaðila og sveitarfélög. Tilgangur og markmið með samningum eða styrkjum samkvæmt þessum greinum laganna geta verið margs konar.

**Flokkun samninga.** Samningar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni falla undir 40. gr. laga um opinber fjármál. Samkvæmt þeirri grein er ráðherrum veitt heimild, með samþykki fjármála- og efnahagsráðherra, til að gera samninga um þjónustu- og rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs í senn en þó að hámarki til fimm ára, að öðrum kosti þurfi samþykki Alþingis. Með samningi um rekstur er átt við samning um afmarkaða rekstrarþætti eða þjónustu sem ríkið veitir enda sé ekki um að ræða verkefni sem feli í sér vald til að taka ákvarðanir er lúta að réttindum og skyldum nema fyrir því liggi skýr lagaheimild. Skriflegir samningar eiga að vera til um öll lögbundin verkefni sem ráðuneyti og stofnanir hafa samið um og aðrir en ríkisaðilar inna af hendi. Réttarstaða þeirra sem þjónustan beinist að breytist því ekki þó að ríkið feli öðrum aðila að sjá um lögbundinn rekstur eða þjónustu. Með 40. gr. laga um opinber fjármál er stofnunum einnig veitt heimild til að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni án samþykkis hlutaðeigandi ráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis ef samanlögð árleg fjárskuldbinding ríkisaðilans vegna samninga fer ekki yfir 15% af árlegum heildarútgjöldum hans. Þar er þó fyrst og fremst um að ræða minni háttar samninga eins og rekstur upplýsingakerfa, tölvuumsjón og rekstrarleigusamninga. Það er á ábyrgð ríkisaðila að tryggja að útgjöld vegna samninga séu í samræmi við þá stefnumörkun sem liggur til grundvallar fjármálaáætlun og rúmist innan þeirra fjárheimilda sem Alþingi hefur samþykkt til þess málefna sviðs og málaflokks sem verkefnið fellur undir.

Ráðherrum er samkvæmt lögunum einnig heimilt að gera styrktar- og samstarfssamninga um verkefni sem ekki falla beinlínis undir lögbundin verkefni ríkisins. Um slíka samninga gildir 42. gr. laga um opinber fjármál sem fjallar um styrkveitingar. Samkvæmt greininni er hverjum ráðherra heimilt að veita tilfallandi styrki og framlög til verkefna sem varða þá málaflokka sem þeir bera ábyrgð á. Markmið þeirra er að styrkja eða ganga til samstarfs við aðila um verkefni sem almennt eru uppbyggileg eða nauðsynleg í samfélaginu. Við úthlutun styrkja og framlaga skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða.

**Tafla 5.7 Yfirlit yfir skuldbindandi samninga eftir málefnasviðum**

| Rekstrargrunnur, m.kr.                                  | Áb.  | Fj. samn.  | 2025           | 2026           | 2027           | 2028           |
|---------------------------------------------------------|------|------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| <b>Rekstrar- og þjónustusamningar</b>                   |      |            |                |                |                |                |
| 04 Utanríkismál .....                                   | UTN  | 6          | 4.087          | 4.158          | 4.231          | 4.300          |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....             | FJR  | 14         | 4.225          | 2.595          | 2.595          | 2.595          |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....       | MNH  | 18         | 498            | 445            | 267            | 60             |
| 09 Almanna- og réttaröryggi .....                       | DMR  | 2          | 910            | 940            | 940            | 940            |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....                     | IRN  | 11         | 7.308          | 4.476          | 3.320          | 1.777          |
| 12 Landbúnaður .....                                    | ATRN | 1          | 592            | 608            | 608            | 608            |
| 14 Ferðaþjónusta .....                                  | ATRN | 1          | 80             | 6              | 0              | 0              |
| 17 Umhverfismál .....                                   | URN  | 2          | 56             | 56             |                |                |
| 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál .....      | MNH  | 10         | 663            | 714            | 604            | 604            |
| 19 Fjölmíðlun .....                                     | MNH  | 2          | 6.370          | 6.670          | 6.915          | 0              |
| 20 Framhaldsskólastig .....                             | MRN  | 6          | 7.553          | 8.295          | 8.295          | 8.295          |
| 21 Háskólastig .....                                    | MNH  | 15         | 9.846          | 628            | 613            | 386            |
| 23 Sjúkrahúsþjónusta .....                              | HRN  | 2          | 64.959         | 67.320         | 69.767         | 72.303         |
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....            | HRN  | 28         | 58.223         | 60.083         | 60.083         | 60.029         |
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónusta .....           | HRN  | 27         | 61.545         | 62.720         | 63.468         | 63.784         |
| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....                      | UTN  | 4          | 742            | 761            | 780            | 799            |
| <b>Samtals rekstrar- og þjónustusamningar .....</b>     |      | <b>149</b> | <b>227.656</b> | <b>220.475</b> | <b>222.486</b> | <b>216.481</b> |
| <b>Styrktar- og samstarfssamningar</b>                  |      |            |                |                |                |                |
| 03 Æðsta stjórnýsla .....                               | FOR  | 1          | 26             | 27             | 28             | 29             |
| 04 Utanríkismál .....                                   | UTN  | 6          | 73             | 66             | 37             | 22             |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....       | MNH  | 10         | 178            | 62             | 59             | 35             |
| 08 Sveitarfélög og byggðamál .....                      | IRN  | 4          | 177            | 195            | 0              | 0              |
| 09 Almanna- og réttaröryggi .....                       | DMR  | 1          | 12             | 12             | 12             | 12             |
| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála ..... | DMR  | 2          | 4.505          | 4.733          | 4.733          | 4.733          |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....                     | IRN  | 1          | 78             | 75             | 75             | 75             |
| 12 Landbúnaður .....                                    | ATRN | 4          | 18.937         | 19.414         | 19.414         | 19.414         |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....                      | ATRN | 3          | 48             | 48             | 48             | 13             |
| 14 Ferðaþjónusta .....                                  | ATRN | 6          | 493            | 468            | 358            | 358            |
| 15 Orkumál .....                                        | URN  | 3          | 124            | 329            | 104            | 104            |
| 17 Umhverfismál .....                                   | URN  | 13         | 293            | 263            | 103            | 83             |
| 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál .....      | MNH  | 77         | 2.361          | 2.123          | 1.873          | 1.784          |
| 19 Fjölmíðlun .....                                     | MNH  | 1          | 4              | 0              | 0              | 0              |
| 20 Framhaldsskólastig .....                             | MRN  | 14         | 1.632          | 1.603          | 71             | 26             |
| 21 Háskólastig .....                                    | MNH  | 9          | 215            | 72             | 47             | 0              |
| 22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnam. ... | MRN  | 15         | 552            | 1.041          | 130            |                |
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónusta .....           | HRN  | 3          | 473            | 397            | 397            | 397            |
| 29 Fjölskyldumál .....                                  | FRN  | 17         | 650            | 456            | 283            | 283            |
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....                  | FRN  | 2          | 628            | 1.338          | 1.338          | 1.338          |
| 32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála .....          | FRN  | 3          | 67             | 67             | 67             | 67             |
| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....                      | UTN  | 85         | 6.111          | 5.325          | 4.210          | 3.266          |
| <b>Samtals styrktar- og samstarfssamningar .....</b>    |      | <b>280</b> | <b>37.637</b>  | <b>38.114</b>  | <b>33.386</b>  | <b>32.039</b>  |
| <b>Samtals skuldbindandi samningar .....</b>            |      | <b>429</b> | <b>265.293</b> | <b>258.590</b> | <b>255.872</b> | <b>248.520</b> |
| <b>Hlutfall af frumútgjöldum .....</b>                  |      |            | <b>19%</b>     | <b>18%</b>     | <b>-</b>       | <b>-</b>       |

**Heildarumfang skuldbindandi samninga.** Umfang skuldbindandi samninga ríkissjóðs er umtalsvert, bæði hvað varðar fjölda og fjárhagslegt umfang. Tafla 5.7 sýnir annars vegar heildarskuldbindingu og fjölda allra rekstrar- og þjónustusamninga og hins vegar styrktar- og samstarfssamninga eftir málefnasviðum. Rétt er að vekja athygli á því að í yfirliti 6 í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu eru sýndir allir skuldbindandi samningar eftir málefnasviðum og málaflokkum.

Skuldbindandi samningar sem í gildi eru á þessu ári eru alls 429 talsins. Þar af eru 149 vegna rekstrar- og þjónustuverkefna og 280 vegna styrktar- og samstarfsverkefna. Heildar-útgjöld samninganna eru áætluð 265 ma.kr., eða sem nemur 19% af frumútgjöldum ríkissjóðs.



## 6 Fjárreiður ríkisaðila í A2- og A3-hluta

Í þessum kafla er yfirlit yfir fjárreiður A2-hluta og A3-hluta aðila. Í næsta kafla er birt samstæðuyfirlit fyrir A-hlutann í heild þar sem tekið hefur verið tillit til innbyrðis viðskipta aðila þannig að A-hlutinn verði samanburðarhæfur við framsetningu þjódhagsreikninga. Þannig er gengið út frá því að full samsvörun verði á milli A-hlutans og uppgjors Hagstofunnar á fjármálum hins opinbera. Nánar er fjallað um framsetningu ríkisfjármála í viðauka. Flokkun ríkisaðila í A2- og A3-hluta má sjá í meðfylgjandi töflu.

Tafla 6.1 Flokkun ríkisaðila í A2- og A3-hluta

| Ríkisaðili                           | Flokkun | Ríkisaðili                          | Flokkun |
|--------------------------------------|---------|-------------------------------------|---------|
| Byggðastofnun .....                  | A-2     | Minjavernd hf. ....                 | A-3     |
| Eignasafn ríkiseigna .....           |         | Neyðarlínan ohf. ....               |         |
| Húsnæðissjóður .....                 |         | Nýr landspítali ohf. ....           |         |
| ÍL-sjóður .....                      |         | Rannsókn- og háskólanet Ísl. ....   |         |
| Menntasjóður námsmanna .....         |         | Ríkisútvarpið ohf. ....             |         |
| Náttúruhamfaratrygging Íslands ..... |         | Sítus ehf. ....                     |         |
|                                      |         | Storð ehf. ....                     |         |
| Betri samgöngur ohf. ....            | A-3     | Tæknigarður ehf. ....               |         |
| Eignarhlutir ehf. ....               |         | Tæknisetur ehf. ....                |         |
| Fasteignir Háskóla Íslands ehf. .... |         | Vaðlaheiðargöng hf. ....            |         |
| Fjárföng ehf. ....                   |         | Vísindagarðar HÍ ehf. ....          |         |
| Harpa ohf. ....                      |         | Vísindagarðurinn ehf. ....          |         |
| Keilir .....                         |         | Fasteignafélagið Þórkatla ehf. .... |         |
| Landskerfi bókasafna .....           |         | Þjóðarhöll ehf. ....                |         |
| Leigufélagið Bríet ehf. ....         |         | Þjóðarleikvangur ehf. ....          |         |
| Lindarhovoll ehf. ....               |         | Þróunarfélag Kefl.flugv.ehf. ....   |         |
|                                      |         | Öryggisfjarskipti ehf. ....         |         |

### 6.1 Áætlanir A2-hluta ríkisaðila

Til A2-hluta ríkisaðila teljast lána- og fjárfestingarsjóðir og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins og stendur undir sér með sölu á vöru eða þjónustu, leigu og lánastarfsemi. Yfirlit um þessi félög má sjá í töflu 6.2 þar sem fram koma helstu tölur úr ársreikningum þeirra vegna ársins 2024 og í töflu 6.3 má sjá yfirlit yfir áætlaðar lykilstærðir þessara aðila á næsta ári.

**Tafla 6.2 Helstu tölur úr ársreikningum A2-hluta ríkisaðila fyrir árið 2024**

| Ársreikningar 2024, m.kr.       | Eignar-<br>hluti | Eigið fé<br>31.12.24 | Skuldir          | Eignir           | Tekjur        | Afkoma<br>ársins |
|---------------------------------|------------------|----------------------|------------------|------------------|---------------|------------------|
| Bygðastofnun .....              | 100%             | 6.003                | 24.114           | 30.117           | 2.608         | 1.305            |
| Eignasafn ríkiseigna .....      | 100%             | 7.654                | 110.776          | 118.430          | 18.517        | -3.580           |
| Húsnæðissjóður .....            | 100%             | 26.494               | 177.987          | 204.481          | 3.050         | 2.387            |
| ÍL sjóður .....                 | 100%             | -262.073             | 794.006          | 531.932          | 36.413        | -7.845           |
| Menntasjóður námsmanna .....    | 100%             | 62.848               | 87.789           | 150.637          | 7.112         | -1.307           |
| Náttúruhamfaratr. Íslands ..... | 100%             | 41.424               | 9.419            | 50.843           | 9.721         | 6.629            |
| <b>Samtals .....</b>            |                  | <b>-117.650</b>      | <b>1.204.091</b> | <b>1.086.441</b> | <b>77.421</b> | <b>-2.411</b>    |

**Tafla 6.3 Áætlaðar lykilstærðir A2-hluta ríkisaðila fyrir árið 2026**

| Rekstrargrunnur, m.kr.                 | Afkoma<br>ársins | Tekin<br>langtímalán <sup>1</sup> | Veitt<br>langtímalán |
|----------------------------------------|------------------|-----------------------------------|----------------------|
| Bygðastofnun .....                     | 728              | 5.000                             | 5.000                |
| Eignasafn ríkiseigna .....             | -6.802           | 1.500                             |                      |
| Húsnæðissjóður .....                   | 3.233            | 20.000                            | 20.000               |
| - þar af hlutdeildarlán .....          |                  |                                   | 4.000                |
| Menntasjóður námsmanna .....           | 7.701            | 10.000                            | 10.000               |
| Náttúruhamfaratryggingar Íslands ..... | 3.727            |                                   |                      |
| <b>Samtals .....</b>                   | <b>8.587</b>     | <b>36.500</b>                     | <b>35.000</b>        |

<sup>1</sup>Hámarks endurlán frá ríkissjóði skv. 5.gr. þessa frumvarps

Á árinu 2026 er gert ráð fyrir því að A2-hluta ríkisaðilar verði samtals með jákvæða afkomu sem nemur 8,6 ma.kr. Er það verulegur viðsnúningur samanborið við fyrri ár sem einkum má rekja til uppgjors á ÍL-sjóði sem var samþykkt í apríl 2025. Fjárfestingarhreyfingar og fjármögnunarhreyfingar breytast talsvert milli áranna 2025 og 2026 og er sú breyting að mestu tilkomin vegna uppgjorsins. Nánar er fjallað um uppgjör ÍL-sjóðs í kafla 9 *Efnahagur, lántökur og endurlán*.

Afkoma Menntasjóðs námsmanna batnar talsvert milli ára, en afkoman er verulega háð vaxtastigi og verðbólgu. Þetta leiðir til þess að afkoman getur verið mjög sveiflukennd, þar sem breytingar á þessum þáttum hafa bein áhrif á tekjur og gjöld sjóðsins.

**Tafla 6.4 Samandregið rekstrar- og sjóðstreymisýfirlit A2-hluta ríkisaðila**

| <b>Rekstrargrunnur, m.kr.</b>                         | <b>Horfur<br/>2025</b> | <b>Frumvarp<br/>2026</b> | <b>Breyting</b> |
|-------------------------------------------------------|------------------------|--------------------------|-----------------|
| <b>Rekstraráætlun:</b>                                |                        |                          |                 |
| Rekstrartekjur .....                                  | 27.079                 | 28.872                   | 1.794           |
| Rekstrargjöld .....                                   | 18.017                 | 18.773                   | 756             |
| Fjármunatekjur .....                                  | 42.800                 | 28.079                   | -14.721         |
| Fjármagnsgjöld .....                                  | 48.760                 | 28.151                   | -20.608         |
| Framlög í afskriftasjóð .....                         | 2.796                  | 2.954                    | 158             |
| <b>Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi .....</b>  | <b>306</b>             | <b>7.073</b>             | <b>6.768</b>    |
| Framlag til rekstrar úr ríkissjóði .....              | 1.629                  | 1.514                    | -116            |
| <b>Hagnaður (-tap) .....</b>                          | <b>1.935</b>           | <b>8.587</b>             | <b>6.652</b>    |
| <b>Sjóðstreymi:</b>                                   |                        |                          |                 |
| Hagnaður (-tap) .....                                 | 1.935                  | 8.587                    | 6.652           |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé ..... | 2.500                  | 1.628                    | -872            |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum .....  | -2.420                 | -3.081                   | -661            |
| <b>Handbært fé frá rekstri .....</b>                  | <b>2.015</b>           | <b>7.134</b>             | <b>5.119</b>    |
| Veitt löng lán .....                                  | 33.722                 | 35.000                   | 1.278           |
| Afborganir af veittum löngum lánum .....              | 35.393                 | 28.834                   | -6.559          |
| Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó .....             | -10.892                | -10.968                  | -77             |
| Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó .....    | -4.612                 | -4.764                   | -152            |
| Annað .....                                           | 10.522                 | 0                        | -10.522         |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar, samtals .....</b>         | <b>-3.311</b>          | <b>-21.899</b>           | <b>-18.588</b>  |
| Tekin löng lán .....                                  | 36.427                 | 36.500                   | 73              |
| Afborganir af teknum löngum lánum .....               | 36.578                 | 22.128                   | -14.450         |
| Annað .....                                           | 0                      | 0                        | 0               |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar samtals .....</b>           | <b>-152</b>            | <b>14.372</b>            | <b>14.524</b>   |
| <b>Breyting á handbæru fé .....</b>                   | <b>-1.448</b>          | <b>-393</b>              | <b>1.055</b>    |
| Handbært fé í ársbyrjun .....                         | 51.825                 | 50.377                   | -1.448          |
| Handbært fé í árslok .....                            | 50.377                 | 49.984                   | -393            |

## 6.2 Áætlanir A3-hluta ríkisaðila

Til A3-hluta ríkisaðila telst starfsemi hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu. Þessi félög eru sjálfstæðir lögaðilar en starfsemi þeirra er ekki byggð á markaðslegum forsendum. Í töflu 6.5 koma fram helstu lykilstærðir úr ársreikningum stærstu aðilanna, þ.e. þeirra sem höfðu eignir yfir 3 ma.kr. og/eða tekjur yfir 1 ma.kr. Fasteignafélagið Þórkatla, sem var stofnað árið 2024, er A-3 ríkisaðili sem hefur það hlutverk að sinna kaupum, umsýslu og ráðstöfun húsnæðis í Grindavík, í samræmi við heimildir laga nr. 16/2024 um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík.

**Tafla 6.5 Helstu tölur úr ársreikningum stærstu A3-hluta ríkisaðila fyrir árið 2024**

| Ársreikningur 2024, m.kr.            | Eignar-<br>hluti | Eigið fé<br>31.12.24 | Skuldir        | Eignir         | Tekjur        | Afkoma<br>ársins |
|--------------------------------------|------------------|----------------------|----------------|----------------|---------------|------------------|
| Betri samgöngur .....                | 100%             | 15.004               | 13.339         | 28.343         | 0             | 0                |
| Fasteignir Háskóla Íslands ehf. .... | 100%             | -2.395               | 57.518         | 55.122         | 3.438         | -99              |
| Fasteignafélagið Þórkatla .....      | 100%             | 20.650               | 33.218         | 53.868         | 0             | -18.307          |
| Harpa ohf. ....                      | 54%              | 10.757               | 25.268         | 36.026         | 1.859         | -14              |
| Leigufélagið Bríet ehf. ....         | 91%              | 9.280                | 15.096         | 24.377         | 1.316         | 349              |
| Neyðarlínan ohf. ....                | 100%             | 300                  | 329            | 629            | 1.928         | 3                |
| Nýr Landspítali ohf. ....            | 100%             | 20                   | 4.881          | 4.901          | 797           | 0                |
| Ríkisútvarpið ohf. ....              | 100%             | 1.622                | 7.684          | 9.306          | 9.149         | -188             |
| Vísindagarðar HÍ ehf. ....           | 95%              | 6.477                | 8.885          | 15.362         | 1.049         | 530              |
| Vaðlaheiðargöng .....                | 93%              | 293                  | 16.237         | 16.530         | 844           | -587             |
| <b>Samtals .....</b>                 |                  | <b>62.008</b>        | <b>182.456</b> | <b>244.464</b> | <b>20.379</b> | <b>-18.314</b>   |

Á árinu 2026 er gert ráð fyrir að A3-hluta ríkisaðilar verði samtals með neikvæða afkomu sem nemur um 0,9 ma.kr. Halla á rekstri þessara aðila má að stærstu leyti rekja til reksturs Nýs Landspítala. Tafla 6.6 sýnir samandregið rekstrar- og sjóðstreymisýfirlit ríkisaðila í A3-hluta. Halli af reglulegri starfsemi þessara aðila skýrist fyrst og fremst af háum rekstrargjöldum Nýs Landspítala, en til jafns við þau kemur framlag úr ríkissjóði. Stærsti hluti fjárfestingarhreyfinga skýrist af fjárfestingaráætlun Betri samgangna ohf. og Fasteigna Háskóla Íslands ehf.

**Tafla 6.6 Samandregið rekstrar- og sjóðstreymisýfirlit A3-hluta ríkisaðila**

| <b>Rekstrargrunnur, m.kr.</b>                         | <b>Horfur<br/>2025</b> | <b>Frumvarp<br/>2026</b> | <b>Breyting</b> |
|-------------------------------------------------------|------------------------|--------------------------|-----------------|
| <b>Rekstraráætlun:</b>                                |                        |                          |                 |
| Rekstrartekjur .....                                  | 20.502                 | 21.292                   | 790             |
| Rekstrargjöld .....                                   | 36.481                 | 47.230                   | 10.749          |
| Fjármagnsjöfnuður .....                               | -9.078                 | -8.450                   | 628             |
| Afskriftir .....                                      | 1.132                  | 1.168                    | 37              |
| <b>Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi .....</b>  | <b>-26.190</b>         | <b>-35.557</b>           | <b>-9.367</b>   |
| Framlag til rekstrar úr ríkissjóði .....              | 26.267                 | 31.109                   | 4.842           |
| Fengin framlög og óreglulegar tekjur .....            | 3.440                  | 3.551                    | 111             |
| Tekjuskattur .....                                    | 0                      | -11                      | -11             |
| <b>Hagnaður (-tap) .....</b>                          | <b>3.517</b>           | <b>-908</b>              | <b>-4.425</b>   |
| <b>Sjóðstreymi:</b>                                   |                        |                          |                 |
| Hagnaður (-tap) .....                                 | 3.517                  | -908                     | -4.425          |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé ..... | 3.478                  | 2.666                    | -812            |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....   | -2.517                 | -312                     | 2.205           |
| <b>Handbært fé frá rekstri .....</b>                  | <b>4.477</b>           | <b>1.445</b>             | <b>-3.032</b>   |
| Veitt löng lán .....                                  | 100                    | 0                        | -100            |
| Afborganir af veittum löngum lánum .....              | 145                    | -59                      | -204            |
| Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó .....             | -2.772                 | -2.781                   | -10             |
| Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó .....    | -14.369                | -3.882                   | 10.487          |
| Annað .....                                           | -7.425                 | -12.260                  | -4.836          |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar, samtals .....</b>         | <b>-24.520</b>         | <b>-18.982</b>           | <b>5.538</b>    |
| Tekin löng lán .....                                  | 18.504                 | 6.436                    | -12.068         |
| Afborganir af teknum löngum lánum .....               | 1.442                  | 1.114                    | -328            |
| Stofnframlög .....                                    | 0                      | 0                        | 0               |
| Arðgreiðsla í ríkissjóð .....                         | 0                      | 0                        | 0               |
| Annað .....                                           | 8.828                  | 9.049                    | 221             |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar samtals .....</b>           | <b>25.890</b>          | <b>14.371</b>            | <b>-11.519</b>  |
| <b>Breyting á handbæru fé .....</b>                   | <b>5.848</b>           | <b>-3.166</b>            | <b>-9.013</b>   |
| Handbært fé í ársbyrjun .....                         | 7.885                  | 13.733                   | 5.848           |
| Handbært fé í árslok .....                            | 13.733                 | 10.567                   | -3.166          |

## 7 Samstæðuyfirlit A-hluta í heild

Í þessum kafla er sett fram samstæðuyfirlit fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild til samræmis við framsetningu opinberra fjármála hjá Hagstofu Íslands. Með A-hluta í heild er átt við A1-hluta ríkissjóðs, sbr. 1. gr. fjárlaga og umfjöllun í köflum 3–5 í þessari greinargerð, ásamt A2- og A3-hluta ríkissjóðs sem fjallað er um í 6. kafla. Flokkun á starfsemi ríkisins er skv. 50. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

### A-hluta samstæða

| A1                                                                                              | A2                                                                                                                                                                    | A3                                                                                                                                                     |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Starfsemi sem er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum. | Starfsemi lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins og stendur undir sér með sölu á vöru og þjónustu, leigu og lánastarfsemi. | Starfsemi hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum. |

Samstæðuyfirlit A-hluta í heild gerir grein fyrir uppgjöri allra aðila í A-hluta að teknu tilliti til innbyrðis viðskipta þeirra á milli. Til innbyrðis viðskipta teljast m.a. framlög úr A1-hluta til reksturs aðila í A2- og A3-hluta. Slík framlög eru skráð sem gjöld hjá A1-hluta en tekjur hjá A2- og A3-hluta. Til innbyrðis viðskipta teljast einnig vaxtagreiðslur til A1-hluta vegna veittra lána til aðila í A2- og A3-hluta. Þegar leiðrétt er fyrir innbyrðis viðskiptum er tekju- og gjalda-hlið samstæðunnar lækkuð í jöfnum hlutum og er leiðréttingin því hlutlaus gagnvart afkomunni. Umfang innbyrðis viðskipta þessara aðila er áætlað um 64 ma.kr. árið 2026. Þá hefur afkoma A2- og A3-hluta aðila verið aðlöguð að framsetningu fjárlaga, þ.e. alþjóðlegum hagskýrslustaðli, sem felur í sér að afskriftir eru dregnar frá rekstrarútgjöldum og fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er gjaldfærð. Nánar er fjallað um þessa framsetningu í viðauka um framsetningu og uppgjör ríkisfjármála.

**Tafla 7.1 Rekstraryfirlit aðila í A-hluta samstæðu ásamt mati á umfangi innbyrðis viðskipta árið 2026**

| Þjóðhagsgrunnur, m.kr.         | A1-hluti       | A2-hluti    | A3-hluti      | Innbyrðis viðskipti | Samstæða        |
|--------------------------------|----------------|-------------|---------------|---------------------|-----------------|
| Frumtekjur .....               | 1.539.337      | 30.386      | 55.940        | -42.566             | 1.583.097       |
| Frumgjöld .....                | 1.462.323      | 29.741      | 50.011        | -42.566             | 1.499.510       |
| <b>Frumjöfnuður .....</b>      | <b>77.014</b>  | <b>645</b>  | <b>5.929</b>  | <b>0</b>            | <b>83.587</b>   |
| % af VLF .....                 | <b>1,5%</b>    | <b>0,0%</b> | <b>0,1%</b>   | <b>0,0%</b>         | <b>1,6%</b>     |
| Vaxtatekjur .....              | 51.909         | 28.079      | 845           | -21.656             | 59.177          |
| Vaxtagjöld .....               | 144.259        | 28.151      | 9.295         | -21.656             | 160.050         |
| <b>Fjármagnsjöfnuður .....</b> | <b>-92.350</b> | <b>-73</b>  | <b>-8.450</b> | <b>0</b>            | <b>-100.873</b> |
| % af VLF .....                 | <b>-1,8%</b>   | <b>0,0%</b> | <b>-0,2%</b>  | <b>0,0%</b>         | <b>-1,9%</b>    |
| Heildartekjur .....            | 1.591.246      | 58.465      | 56.785        | -64.221             | 1.642.275       |
| Heildarútgjöld .....           | 1.606.583      | 57.892      | 59.306        | -64.221             | 1.659.560       |
| <b>Heildarjöfnuður .....</b>   | <b>-15.337</b> | <b>572</b>  | <b>-2.521</b> | <b>0</b>            | <b>-17.285</b>  |
| % af VLF .....                 | <b>-0,3%</b>   | <b>0,0%</b> | <b>0,0%</b>   | <b>0,0%</b>         | <b>-0,3%</b>    |

Rekstraryfirlit A-hluta í heild fyrir árin 2023–2026 er að finna í töflu 7.2. Vakin er athygli á því að við vinnslu samstæðuyfirlits A-hluta í heild fyrir árið 2026 og afkomuhorfur ársins 2025 hafa innbyrðis viðskipti verið áætluð annars vegar með upplýsingum um framlög til rekstrar úr ríkissjóði úr samstæðureikningi A2- og A3-hluta sem sett er fram í kafla 6 og hins vegar með áætlun um önnur innbyrðis viðskipti miðað við sögulega þróun.

**Tafla 7.2 Samstæðuyfirlit A-hluta í heild fyrir árin 2023–2026**

| Þjóðhagsgrunnur, m.kr.                      | Reikn.<br>2023   | Brb.<br>2024     | Horfur<br>2025   | Frumvarp<br>2026 |
|---------------------------------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| <b>Heildartekjur .....</b>                  | <b>1.366.080</b> | <b>1.445.210</b> | <b>1.563.929</b> | <b>1.642.275</b> |
| <b>Skatttekjur .....</b>                    | <b>998.617</b>   | <b>1.091.828</b> | <b>1.167.192</b> | <b>1.236.609</b> |
| Skattar á tekjur og hagnað .....            | 463.737          | 480.720          | 525.100          | 549.500          |
| Skattar á laungreiðslur og vinnuafll .....  | 11.563           | 11.891           | 13.030           | 13.926           |
| Eignarskattar .....                         | 13.670           | 15.195           | 15.527           | 14.327           |
| Skattar á vöru og þjónustu .....            | 487.688          | 560.924          | 588.215          | 632.187          |
| Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti ..... | 6.155            | 6.664            | 7.420            | 7.170            |
| Aðrir skattar .....                         | 15.804           | 16.434           | 17.900           | 19.499           |
| <b>Tryggingagjöld .....</b>                 | <b>131.613</b>   | <b>136.982</b>   | <b>151.726</b>   | <b>159.923</b>   |
| <b>Fjárframlög .....</b>                    | <b>8.146</b>     | <b>10.383</b>    | <b>7.679</b>     | <b>8.085</b>     |
| <b>Aðrar tekjur .....</b>                   | <b>227.704</b>   | <b>206.017</b>   | <b>237.332</b>   | <b>237.658</b>   |
| Eignatekjur .....                           | 151.392          | 128.552          | 144.176          | 140.246          |
| þ.a. vaxtatekjur .....                      | 101.844          | 63.156           | 77.610           | 59.177           |
| þ.a. arðgreiðslur .....                     | 37.799           | 53.695           | 53.818           | 56.822           |
| Sala á vöru og þjónustu .....               | 58.344           | 61.845           | 66.525           | 69.394           |
| Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur .....  | 17.968           | 15.620           | 26.630           | 28.018           |
| <b>Heildargjöld .....</b>                   | <b>1.432.217</b> | <b>1.577.816</b> | <b>1.587.405</b> | <b>1.659.560</b> |
| <b>Rekstrarútgjöld .....</b>                | <b>1.419.399</b> | <b>1.566.980</b> | <b>1.577.669</b> | <b>1.637.081</b> |
| Laun .....                                  | 291.351          | 313.514          | 354.202          | 368.395          |
| Kaup á vöru og þjónustu .....               | 218.537          | 231.049          | 248.409          | 261.773          |
| Afskriftir .....                            | 87.655           | 94.779           | 94.715           | 97.746           |
| Vaxtagjöld .....                            | 210.172          | 174.766          | 169.750          | 160.050          |
| Framleiðslustyrkir .....                    | 61.140           | 70.972           | 74.516           | 72.392           |
| Fjárframlög .....                           | 448.738          | 491.842          | 525.520          | 565.841          |
| Félagslegar tilfærslur til heimila .....    | 25.883           | 37.347           | 34.476           | 34.688           |
| Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög ..... | 75.923           | 152.711          | 76.080           | 76.197           |
| <b>Fastafjárútgjöld .....</b>               | <b>12.818</b>    | <b>10.836</b>    | <b>9.736</b>     | <b>22.479</b>    |
| Fjárfesting í efnislegum eignum .....       | 100.473          | 105.615          | 104.451          | 120.225          |
| Afskriftir (-) .....                        | -87.655          | -94.779          | -94.715          | -97.746          |
| <b>Frumjöfnuður .....</b>                   | <b>42.191</b>    | <b>-20.996</b>   | <b>68.664</b>    | <b>83.587</b>    |
| <b>Vaxtajöfnuður .....</b>                  | <b>-108.328</b>  | <b>-111.610</b>  | <b>-92.140</b>   | <b>-100.873</b>  |
| <b>Heildarjöfnuður .....</b>                | <b>-66.137</b>   | <b>-132.606</b>  | <b>-23.477</b>   | <b>-17.285</b>   |

## 8 Fjárreiður ríkisaðila í B-hluta

Til B-hluta teljast fyrirtæki og lánastofnanir sem eru undir beinni stjórn ríkisins og rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs og ekki teljast til A-hluta. Þessir aðilar starfa á markaði og standa að stærstum hluta undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja. Einungis þrjú fyrirtæki og einn sjóður teljast til B-hluta. Það eru Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR), Hapdrætti Háskóla Íslands (HHÍ), Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) og Nýsköpunarsjóðurinn Kría sem tók til starfa í byrjun árs 2025 og varð til við sameiningu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Kríu, sprota- og nýsköpunarsjóðs. Framsetning á fjárreiðum aðila í B-hluta er eins og í reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri og reikningsskil þeirra skulu uppfylla kröfur laga um ársreikninga.

Á árinu 2026 er gert ráð fyrir því að afgangur verði af rekstri þessara aðila sem nemur 1,2 ma.kr. Tafla 8.1 sýnir nokkrar lykilstærðir úr fjárreiðum B-hluta aðila sem byggjast á fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið 2026. Arðgreiðslur B-hluta aðila í ríkissjóð eru áætlaðar 750 m.kr., en einungis einn B-hluta aðili, ÁTVR, greiðir arð í ríkissjóð. Áætlað er að Hapdrætti Háskóla Íslands greiði 6.000 m.kr. framlag á næsta ári sem renni til framkvæmda og viðhalds fasteigna Háskóla Íslands.

**Tafla 8.1 Áætlaðar lykilstærðir B-hluta ríkisaðila fyrir árið 2026**

| Rekstrargrunnur, m.kr.                   | Afkoma ársins | Arður til ríkissjóðs | Fjárfesting, nettó | Veitt langtímalán |
|------------------------------------------|---------------|----------------------|--------------------|-------------------|
| Hapdrætti Háskóla Íslands .....          | 840           |                      |                    |                   |
| Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ..... | 395           | 750                  | -450               |                   |
| Íslenskar orkurannsóknir .....           | 28            |                      | -60                |                   |
| Nýsköpunarsjóðurinn Kría .....           | -93           |                      | 53                 | 100               |
| <b>Samtals .....</b>                     | <b>1170</b>   | <b>750</b>           | <b>-457</b>        | <b>100</b>        |

Í töflu 8.2 er samandregið rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit fyrir ríkisaðila í B-hluta í heild. Fjármögnunarahreyfingar aukast töluvert milli ára, að mestu þar sem framlag Hapdrættis Háskóla Íslands hækkar úr 3,6 ma.kr. árið 2025 og er áætlað 6 ma.kr. árið 2026.



**Tafla 8.2 Samandregið rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit B-hluta ríkisaðila**

| <b>Rekstrargrunnur, m.kr.</b>                         | <b>Horfur<br/>2025</b> | <b>Frumvarp<br/>2026</b> | <b>Breyting</b> |
|-------------------------------------------------------|------------------------|--------------------------|-----------------|
| <b>Rekstraráætlun:</b>                                |                        |                          |                 |
| Rekstrartekjur .....                                  | 51.642                 | 51.624                   | -18             |
| Rekstrargjöld .....                                   | 49.765                 | 49.933                   | 167             |
| Fjármagnsjöfnuður .....                               | 101                    | 6                        | -95             |
| Framlög í afskriftasjóð .....                         | 532                    | 527                      | -5              |
| <b>Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi .....</b>  | <b>1.445</b>           | <b>1.170</b>             | <b>-275</b>     |
| Framlag til rekstrar úr ríkissjóði .....              | 0                      | 0                        | 0               |
| Fengin framlög og óreglulegar tekjur .....            | 0                      | 0                        | 0               |
| Tekjuskattur .....                                    | 0                      | 0                        | 0               |
| <b>Hagnaður (-tap) .....</b>                          | <b>1.445</b>           | <b>1.170</b>             | <b>-275</b>     |
| <b>Sjóðstreymi:</b>                                   |                        |                          | 0               |
| Hagnaður (-tap) .....                                 | 1.445                  | 1.170                    | -275            |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé ..... | 253                    | 248                      | -5              |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....   | 19                     | -10                      | -30             |
| <b>Handbært fé frá rekstri .....</b>                  | <b>1.718</b>           | <b>1.408</b>             | <b>-310</b>     |
| Veitt löng lán .....                                  | 100                    | 100                      | 0               |
| Afborganir af veittum löngum lánum .....              | 100                    | 100                      | 0               |
| Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó .....             | -510                   | -510                     | 0               |
| Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó .....    | -2.482                 | 6.053                    | 8.536           |
| Annað .....                                           | 0                      | 0                        | 0               |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar, samtals .....</b>         | <b>-2.992</b>          | <b>5.543</b>             | <b>8.536</b>    |
| Tekin löng lán .....                                  | 0                      | 0                        | 0               |
| Afborganir af teknum löngum lánum .....               | 0                      | 0                        | 0               |
| Stofnframlög .....                                    | 2.500                  | 0                        | -2.500          |
| Arðgreiðsla í ríkissjóð .....                         | 750                    | 750                      | 0               |
| Greitt til Háskóla Íslands .....                      | 3.602                  | 6.000                    | 2.398           |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar samtals .....</b>           | <b>-1.852</b>          | <b>-6.750</b>            | <b>-4.898</b>   |
| <b>Breyting á handbæru fé .....</b>                   | <b>-3.127</b>          | <b>202</b>               | <b>3.328</b>    |
| Handbært fé í ársbyrjun .....                         | 3.721                  | 594                      | -3.127          |
| Handbært fé í árslok .....                            | 594                    | 796                      | 202             |

## 9 Efnahagur, lántökur og endurlán

Í þessum kafla er gerð grein fyrir horfum um efnahag, skuldastöðu, lánsfjárbörf, lántöku og afborganir ríkissjóðs (A1-hluta), auk fyrirtækja og sjóða í A2- og A3-hluta og annarra aðila sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 5. gr. frumvarpsins varðandi heimildir ráðherra. Um ríkisábyrgðir er fjallað í kafla 11 *Fjárhagsáætlun ríkissjóðs*.

Á fyrri hluta ársins 2025 höfðu tveir óreglulegir þættir mikil áhrif á skuldir ríkissjóðs til lækkunar. Annars vegar seldi ríkissjóður hlut sinn í Íslandsbanka fyrir rúmlega 90 ma.kr., um 2% af VLF, og hins vegar náðust samningar um uppgjör ÍL-sjóðs sem lækkar skuldir A-hluta ríkissjóðs um u.þ.b. 6% af VLF. Útlit er fyrir að skuldahlutföll lækki áfram á næstu árum í takt við batnandi afkomu.

### 9.1 Horfur í lánamálum A1-hluta ríkissjóðs fyrir árið 2025


Uppgjör ÍL-sjóðs setur sterkan svip á sjóðstreymi og lánamál ríkissjóðs á árinu 2025. Í umfjöllun þessa kafla er áhrifum uppgjörnsins á fjárbörf og lánamál ríkissjóðs haldið aðskildum frá öðrum hreyfingum. Fjárbörf ríkissjóðs samanstendur annars vegar af lánsfjárfnuði og hins vegar af afborgunum innlendra lána. Lánsfjárfnuður samanstendur af handbæru fé frá rekstri að viðbættum fjárfestingahreyfingum. Áætluð fjárbörf ríkissjóðs á árinu 2025 er um 120 ma.kr. að teknu tilliti til sölunnar á eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka og verður henni að öllu leyti mætt með útgáfu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði sem er áætluð allt að 180 ma.kr. Útgáfa ríkisbréfa hefur gengið vel á árinu og var fjárbörf ársins mætt í júlí. Áfram verða þó gefin út ríkisbréf á seinni hluta ársins þar sem söluandvirðinu verður að mestu varið til þess að greiða niður ríkisvixla og undirbúa jarðveginn fyrir gjalddaga skuldabréfaflokksins RIKS 26 0216 í febrúar 2026. Útistandandi ríkisvixlar höfðu í lok júlí 2025 lækkað um tæplega 70 ma.kr. frá sama tíma árið áður.

Í apríl náðust samningar um uppgjör á meiri hluta skulda ÍL-sjóðs, svokallaðra HFF-skuldabréfa, en virði bréfanna í uppgjörinu var metið 651 ma.kr. ÍL-sjóður var stofnaður árið 2019 eftir uppskiptingu Íbúðalánasjóðs, en með því lauk langri sögu sjóðsins á almennum húsnæðismarkaði. Íbúðalánasjóður var fjármagnaður með útgáfu skuldabréfa sem á hvíldi einföld ábyrgð ríkissjóðs. Í uppgjörinu fólst að ríkissjóður afhenti eigendum bréfanna ný ríkisbréf að fjárhæð 540 ma.kr. eða 486 ma.kr. að nafnvirði, ásamt hluta af eignum sjóðsins og öðrum eignum ríkissjóðs að fjárhæð samtals 111 ma.kr. Aðrar eignir ÍL-sjóðs sem ekki voru nýttar í uppgjörinu eru eign ríkissjóðs og skila af sér jákvæðu greiðsluflæði. Mynd 9.1 sýnir hvernig útgáfa tengd uppgjöri ÍL-sjóðs bætist við endurgreiðsluferil skulda ríkissjóðs.

Í maí sl. gaf ríkissjóður út skuldabréf á erlendum markaði til fimm ára að fjárhæð 750 milljónir evra, jafnvirði um 108 ma.kr. Samhliða útgáfunni voru keypt til baka bréf í annarri 500 milljóna evra útgáfu á gjalddaga árið 2026 fyrir um 204 milljónir evra. Andvirði útgáfunnar var að hluta nýtt til að mæta uppkaupunum og gjaldeyri sem var hluti af uppgjöri ÍL sjóðs, auk þess að fjármagna gjaldeyrisforða landsins.

**Mynd 9.1****Endurgreiðsluferill skulda ríkissjóðs breytist við uppgjör ÍL-sjóðs**

ma.kr., 2. ársfj. 2025

**9.2 Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2026**

Afkoma ríkissjóðs batnar árið 2026 frá árinu á undan. Lánsfjárfjöfnuður versnar hins vegar milli ára, þegar litið er fram hjá áhrifum uppgjors ÍL-sjóðs. Ástæðan er að sala á öllum hluta ríkissjóðs í Íslandsbanka í vor hefur jákvæð áhrif á lánsfjárfjöfnuð liðandi árs, um sem nemur u.þ.b. 90 ma.kr.

Tveir flokkar ríkisbréfa eru á gjalddaga á innlendum markaði á árinu 2026, verðtryggður flokkur með gjalddaga í febrúar og óverðtryggður flokkur sem er á gjalddaga í október, samtals um 200 ma.kr., sem er heldur óvenjulegt og gerir endurfjármögnunarförf meiri en í meðalári. Af þessum sökum verður lánsfjárförf A1-hluta ríkissjóðs um 290 ma.kr. á árinu 2026 en lánsfjárfjöfnuður er neikvæður um 70 ma.kr. Þrátt fyrir mikla lánsfjárförf og neikvæðan lánsfjárfjöfnuð lækka skuldahlutföll ríkissjóðs, hvort sem litið er til brúttó- eða nettóskulda, í hlutfalli af VLF.

Mikil fjárförf síðustu ára hefur gert það að verkum að ríkissjóður hefur verið fyrirferðarmikill á lánsfjármörkuðum. Með því að draga til sín fjármagn þrýstir ríkissjóður upp vöxtum og dregur úr fjármögnunartækifærum einkageirans. Með minnkandi nettóútgáfu ríkisskuldna minnkar þessi þrýstingur, sem stuðlar að lægri vöxtum og styður við fjárfestingu og verðmætasköpun fyrirtækja.

Á næstu árum er gert ráð fyrir að útistandandi veitt lán úr ríkissjóði haldi áfram að vaxa. Leiðir það til breyttrar samsetningar efnahags ríkissjóðs. Helsta ástæða þess er að núverandi húsnæðislánakerfi er fjármagnað með lánveitingum úr ríkissjóði í stað eigin útgáfu á markaði eins og hjá Íbúðalánasjóði á sínum tíma. Þessi breyting leiðir til samsvarandi aukningar á útgáfuförf ríkissjóðs. Sérstaklega eru lánveitingarnar miklar á fyrstu árum uppbyggingar nýs kerfis þar til hægt verður að fjármagna ný útlán sjóðsins með endurgreiðslum eldri lána. Í þessu sambandi er rétt að benda á að í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að heimila ráðherra að endurlána 20 ma.kr. til Húsnæðissjóðs vegna útlána sjóðsins að sömu fjárhæð. Þar af er gert ráð fyrir að 4 ma.kr. fari í hlutdeildarlán.

**9.3 Sjóðstreymi og lánsfjárförf A1-hluta ríkissjóðs**

Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs (A1-hluta) á árinu 2025 er áætlað neikvætt um 47,5 ma.kr. en neikvætt um

25,4 ma.kr. árið 2026 sem svarar til 22 ma.kr. bata.

Fjárfestingar og sala á efnislegum eignum, lánveitingar, arðgreiðslur o.fl. teljast til fjárfestingahreyfinga sjóðstreymis. Ríkissjóður seldi 42,5% hlut í Íslandsbanka á árinu 2025 en áætlað er að eignasala verði talsvert minni árið 2026. Útlit er fyrir að fjárfestingahreyfingar verði neikvæðar um samtals 46,1 ma.kr. árið 2026. Á næsta ári vega þýngst fjárfestingarframlög til framkvæmdaverkefna á ýmsum málefnasviðum fyrir samtals 88,2 ma.kr. Til fjárfestingahreyfinga teljast einnig veitt lán, mótttekinn arður og afborganir af veittum lánum, fyrirframgreiðslur ríkissjóðs vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nema 10,7 ma.kr. á næsta ári og eiginfjárframlög og hlutabréfakaup.

Áætlað er að hreinn lánsfjárfjöfnuður A1-hluta ríkissjóðs, þ.e. það fé sem taka þarf að láni til þess að fjármagna hallarekstur að viðbættum fjárfestingahreyfingum, verði neikvæður um 243 ma.kr. á árinu 2025 sem skýrist að mestu af áhrifum af uppgjöri ÍL-sjóðs á sjóðstreymi A1-hluta ríkissjóðs. Á árinu 2026 er gert ráð fyrir að hreinn lánsfjárfjöfnuður verði neikvæður um 70 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöfnuður að viðbættum afborgunum ársins og að teknu tilliti til hreyfinga á innstæðum og víxlum segir til um þörf fyrir langtímalántöku á árinu.

### Tafla 9.1

| Sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluta), m.kr.     | Fjárlög<br>2025 | Horfur<br>2025 | Frumvarp<br>2026 |
|----------------------------------------------|-----------------|----------------|------------------|
| Handbært fé frá rekstri .....                | -57.157         | -45.910        | -25.980          |
| <i>Fjárfestingahreyfingar</i>                |                 |                |                  |
| Fjárfesting .....                            | -69.913         | -73.513        | -86.299          |
| Sala eigna .....                             | 99.300          | 94.300         | 800              |
| Veitt löng lán .....                         | -28.850         | -39.600        | -30.850          |
| Innheimtar afborganir af veittum lánum ..... | 6.731           | 28.195         | 27.675           |
| Mótttekinn arður .....                       | 42.416          | 53.818         | 56.822           |
| Fyrirframgreiðsla til LSR .....              | -10.400         | -10.400        | -10.733          |
| Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup .....     | -1.606          | 18.394         | -1.606           |
| Uppgjör ÍL-sjóðs, nettó .....                | 0               | -268.000       | 0                |
| Fjárfestingarhreyfingar samtals .....        | 37.678          | -196.806       | -44.191          |
| Hreinn lánsfjárfjöfnuður .....               | -19.479         | -242.716       | -70.171          |
| <i>Fjármögnunarhreyfingar</i>                |                 |                |                  |
| Tekin langtímalán .....                      | 164.668         | 733.456        | 293.474          |
| þar af innlend .....                         | 164.668         | 625.256        | 293.474          |
| Afborganir af teknum lánum .....             | -136.423        | -433.487       | -264.082         |
| þar af innlendar .....                       | -129.823        | -397.287       | -200.382         |
| Fjármögnunarhreyfingar samtals .....         | 28.245          | 299.969        | 29.392           |
| Breyting á handbæru fé .....                 | 8.766           | 57.253         | -40.779          |

Fjármögnunarhreyfingar gera grein fyrir áhrifum á sjóðstöðu af lántöku og afborgunum af lánum ríkissjóðs. Í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild til allt að 290 ma.kr. lántöku ríkissjóðs til fjármögnunar á fyrrgreindum neikvæðum lánsfjárfjöfnuði og afborgunum og endurfjármögnun lána.


Þegar lagður er saman hreinn lánsfjárfunduður og fjármögnunarhreyfingar fæst breyting á handbæru fé. Í áætlanagerðinni fyrir árið 2026 er gengið út frá því að handbært fé í krónum lækki um 10 ma.kr. og lækki um sem nemur rúmlega 30 ma.kr. í erlendum gjaldeyri.

#### 9.4 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs

Eitt af helstu forgangsmálum ríkisfjármála er að bæta afkomu og lækka skuldir, m.a. til að treysta stöðu ríkissjóðs en einnig til að vinna gegn þenslu- og ruðningsáhrifum hins opinbera í hagkerfinu. Í núverandi efnahagsumhverfi er mikilvægt að skuldir ríkissjóðs haldi áfram að minnka í hlutfalli af stærð hagkerfisins og ríkissjóði verði þannig gert auðveldara um vik að bregðast við efnahagslegum áföllum framtíðarinnar. Það er þó ekki nóg að einblína aðeins á skuldir því arðbær fjárfesting, viðhald innviða og skynsamleg skattastefna sem styður við verðmætasköpun til framtíðar með réttum hvötum er einnig mikilvæg til þess að ná niður skuldahlutföllum ríkissjóðs til langs tíma litið.

#### Mynd 9.2

##### Skuldir A-hluta ríkissjóðs og hins opinbera lækka í hlutfalli af VLF



Tveir þættir höfðu sérstaklega jákvæð áhrif á skuldir ríkissjóðs á fyrri hluta ársins 2025. Ríkissjóður seldi eftirstandandi 42,5% hlut sinn í Íslandsbanka fyrir rúmlega 90 ma.kr. Salan lækkar skuldahlutföll A1-hluta og A-hluta ríkissjóðs og hins opinbera um 2% af VLF.

Þá leiðir uppgjör ÍL-sjóðs til lækkunar skulda A-hluta ríkissjóðs um u.þ.b. 6% af VLF. Skuldalækkunin er til komin vegna fjögurra þátta. Í fyrsta lagi voru skuldir ÍL-sjóðs skráðar á uppreiknuðu nafnvirði skuldanna í árslok 2019 í ársreikningum sjóðsins og í þjóðhagsreikningum. Það miðaðist við gangvirði og ávöxtunarkröfu þess tíma en þá var vaxtastig almennt lægra en þegar til skuldanna var upphaflega stofnað og nafnvextir bréfanna báru með sér. Í öðru lagi bera nýútgefin ríkisbréf vegna uppgjörins hærri nafnvexti en ávöxtunarkrafa annarra sambærilegra ríkisbréfa var á þeim tíma og nafnvirði þeirra því lægra en virðið í uppgjörinu. Í þriðja lagi voru eignir ÍL-sjóðs notaðar í uppgjörið og í fjórða lagi var hluti eigna ríkissjóðs notaður í uppgjörið.


Samtals leiddu þessir tveir þættir til lækkunar skulda ríkissjóðs um 8% af VLF. Á mynd 9.2 sést að skuldir ríkissjóðs lækka mikið árið 2025. Skuldir lækka frekar árið 2026, ekki síst vegna lækkunar á erlendum skuldum ríkissjóðs og hagvaxtar. Í árslok 2024 fóru skuldir A-hluta hins opinbera undir 60% af VLF, sem er svokallað Maastricht-viðmið, í fyrsta sinn frá árinu 1998. Gangi forsendur frumvarpsins eftir verða skuldir hins opinbera um 51% af VLF í árslok 2026.

Þar með yrði Ísland komið í hóp þeirra Evrópuríkja sem skulda hvað minnst eins og sést á mynd 9.3.

### Mynd 9.3

#### Skuldir Evrópuríkja (Maastricht) í árslok 2024


% af VLF



Mynd 9.4 sýnir helstu þætti sem hafa áhrif á skuldapróunina út frá skuldareglu árin 2025 og 2026. Eins og áður sagði er þróun skuldahlutfallsins árið 2025 litað af uppgjöri ÍL-sjóðs en það fól m.a. í sér flutning skulda úr A2- í A1-hluta ríkissjóðs. Þung vaxtabyrði og fjármögnun endurlána toga einnig upp skuldahlutfallið árið 2025 eins og árið 2026. Á móti hafði sala á hlutum ríkissjóðs í Íslandsbanka áhrif til lækkunar um tæplega 2% af VLF árið 2025 og jákvæður frumjöfnuður um 1,5% af VLF og hagvöxtur um 2% árið 2026. Aðrar hreyfingar samanstanda helst af greiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og fleiri minni hreyfingum í sjóðstreymi sem ekki hafa áhrif á rekstur.

**Mynd 9.4****Skuldahlutfall A1-hluta ríkissjóðs lækkar árið 2026**

Framlag liða til breytinga í skuldahlutfalli ríkissjóðs milli ára, % af VLF



Nauðsynlegt er að halda áfram að bæta undirliggjandi afkomu ríkissjóðs á næstu árum og tryggja áframhaldandi lækkun skuldahlutfalls hins opinbera. Athygli vekur hvað vaxtabyrði vegur þungt til hækkunar skuldahlutfallsins og þyngra en hagvöxtur vegur til lækkunar. Það felur í sér að frumjöfnuður þarf að vera töluvert jákvæður til þess að tryggja lækkun skuldahlutfallsins og ná niður þungri vaxtabyrði.

**Lánshæfi ríkissjóðs.** Lánshæfismat ríkissjóðs til lengri tíma hefur haldið áfram að batna hjá matsfyrirtækjunum þremur. Einkunnin var hækkuð í A+ hjá Standard & Poor's í nóvember 2023 og A-1 hjá Moody's í september 2024. Fitch Ratings gefur ríkissjóði einkunnina A en breytti horfum úr stöðugum í jákvæðar í ágúst 2025. Lánshæfiseinkunn ríkissjóðs er nú komin á sama stað og hún var fyrir fjármálahrun. Gott lánshæfi leiðir að öðru óbreyttu til betri kjara fyrir ríkissjóð og aðra innlenda aðila á erlendum fjármagnsmörkuðum.

**Tafla 9.2 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs**

| Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs                  | 2023              | 2024              | Horfur<br>2025    | Frumvarp<br>2026  |
|----------------------------------------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| <b>Skuldir ríkissjóðs .....</b>                                | <b>1.659.780</b>  | <b>1.910.328</b>  | <b>2.254.454</b>  | <b>2.318.152</b>  |
| Ríkisbréf, ríkisvixlar og spariskírteini .....                 | 1.092.911         | 1.265.354         | 1.767.270         | 1.893.765         |
| Aðrir innlendir aðilar .....                                   | 266.615           | 268.592           | 29.533            | 25.996            |
| Erlend lán .....                                               | 265.806           | 329.369           | 401.985           | 338.352           |
| Áfallnir ógjaldfallnir vextir .....                            | 34.449            | 47.013            | 55.666            | 60.039            |
| <b>Kröfur ríkissjóðs .....</b>                                 | <b>181.526</b>    | <b>176.618</b>    | <b>595.604</b>    | <b>607.596</b>    |
| Veitt lán .....                                                | 101.707           | 125.533           | 527.503           | 545.985           |
| Viðskiptareikningur, nettó .....                               | 79.819            | 51.085            | 68.100            | 61.611            |
| <b>Hreinar lántökur ríkissjóðs .....</b>                       | <b>1.478.255</b>  | <b>1.733.710</b>  | <b>1.658.851</b>  | <b>1.710.556</b>  |
| Handbært fé vegna gjaldeyrisvaraforða .....                    | 196.703           | 260.158           | 290.650           | 260.500           |
| Handbært fé, annað, nettó .....                                | 81.732            | 74.278            | 50.000            | 40.000            |
| <b>Hrein staða ríkissjóðs .....</b>                            | <b>-1.199.820</b> | <b>-1.399.274</b> | <b>-1.318.201</b> | <b>-1.410.056</b> |
| Hlutfé, eignarhlutir, stofnfé og stöðugleikaframlög            | 779.223           | 779.224           | 666.530           | 667.336           |
| <b>Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna .....</b> | <b>-420.597</b>   | <b>-620.050</b>   | <b>-651.671</b>   | <b>-742.720</b>   |
| <b>Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu .....</b>               | <b>1.346.896</b>  | <b>1.528.879</b>  | <b>1.858.138</b>  | <b>1.957.614</b>  |
| <i>Í hlutfalli af VLF (%)</i>                                  |                   |                   |                   |                   |
| Skuldir ríkissjóðs .....                                       | 38,0              | 41,5              | 45,5              | 44,3              |
| Kröfur ríkissjóðs .....                                        | 4,2               | 3,8               | 12,0              | 11,6              |
| Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna .....        | -9,6              | -13,5             | -13,2             | -14,2             |
| Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu .....                      | 30,8              | 33,2              | 37,5              | 37,4              |

**9.5 Lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða, ríkisábyrgðir**

Í 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á lánveitingaheimildir ríkissjóðs til A2-hluta aðila vegna útlána þeirra og A3-hluta aðila vegna fjárfestingaverkefna sem kveðið er á um í sérlægum. Í frumvarpi til fjárlaga nemur samtala heimilda fyrir árið 2026 44,1 ma.kr.

Ekki er gert ráð fyrir veitingu nýrra ríkisábyrgða til fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins en endurlán koma í þeirra stað. Hér á eftir eru settar fram þær lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 5. gr. Nánari greinargerð um fjárreiður annarra ríkisaðila er í kafla 6 *Fjárreiður ríkisaðila í A2- og A3-hluta*.

**Tafla 9.3 Lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 5. gr.**

| Lánveitingar ríkissjóðs, ma.kr.      | 2025<br>Heimild | 2025<br>Horfur | 2026<br>Heimild |
|--------------------------------------|-----------------|----------------|-----------------|
| Betri samgöngur .....                | 7,0             | 7,0            | 2,3             |
| Byggðastofnun .....                  | 5,0             | 5,0            | 5,0             |
| Fasteignir Háskóla Íslands ehf. .... | 2,0             | 0,0            | 2,0             |
| Ríkiseignir .....                    | 1,5             | 0,0            | 1,5             |
| Húsnæðissjóður .....                 | 20,0            | 19,0           | 20,0            |
| Menntasjóður námsmanna .....         | 10,0            | 8,6            | 8,6             |
| <b>Lánveitingar, samtals .....</b>   | <b>45,5</b>     | <b>39,6</b>    | <b>39,4</b>     |



## 10 Heimildir ráðherra

Í 40. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 46. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, að afla skuli heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, skip og loftför, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti, eignarhluti ríkisins í félögum og aðrar eignir sem verðgildi hafa. Lagaheimildir til þessara ráðstafana eru venju samkvæmt veittar í 6. gr. fjárlaga að undangengnu samráði við ríkisaðila sem bera ábyrgð á þeim málaflokkum sem um ræðir.

Heimildum fjármála- og efnahagsráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær alls 137 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að tvær heimildir eru til eftirgjafar gjalda, 36 til sölu fasteigna, 28 til ráðstöfunar lóða, spildna og jarða, 25 til kaupa og leigu fasteigna, 14 til kaupa og sölu hlutabréfa og annarra ráðstafana vegna umsýslu félaga, fjórar til samningsgerðar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni og ýmsar heimildir eru 28 talsins. Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimild vegna útgjalda sem kunna að falla til vegna heimildargreinarinnar nemi ríflega 300 m.kr. Ástæða er til að benda á að áætlað heildarumfang greinarinnar næmi hins vegar mun hærri fjárhæð væri ákveðið að nýta allar heimildir til fulls.

Í fyrsta flokki er heimild fjármála- og efnahagsráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjarta-verndar á heilbrigði öldrunar. Í þessum flokki er einnig að finna heimild til að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn.

Í öðrum flokki eru heimildir til sölu fasteigna. Flestar heimildirnar í þessum flokki eru til sölu á húsnæði sem er óhentugt eða nýtist ekki lengur í ríkisrekstrinum. Almennar heimildir eru í 2.1–2.4 sem ætlað er að veita svigrúm til að endurskipuleggja húsnæðismál stofnana og annarra ríkisaðila í tengslum við skipulagsbreytingar í viðkomandi málaflokkum. Aðrar heimildir eru til sölu á einstökum eignum, einkum á höfuðborgarsvæðinu og eru endurnýjaðar frá fyrra ári. Heimildir 2.32 til 2.34 eru nýjar og varða sölu á eignum sem ekki nýtast fyrir starfsemi á vegum ríkisins. Heimild 2.35 varðar sölu á fasteignum sem nýttar eru undir Háskólann á Hólum. Starfshópur er að störfum og er ætlað að koma með tillögur að framtíðarskipan Háskólans á Hólum og ráðstöfun á fasteignum sem nýttar eru undir starfsemi skólans. Fyrir liggur að ástand bygginga er slæmt vegna skorts á viðhaldi undanfarin ár. Þá hentar talsverður hluti bygginganna ekki undir hefðbundna skólastarfsemi eins og hún hefur þróast á svæðinu. Til skoðunar er að háskólanum verði fundið annað og hentugra húsnæði undir bóknám og fiskeldisfræði á Sauðárkróki en að hestafræðideildin verði áfram á núverandi stað á Hólum. Heimild 2.35 varðar sölu á Suðurgötu 39 í Reykjavík sem nýtt er undir Minjastofnun en til skoðunar er að færa starfsemi í annað hentugra húsnæði.

Þriðji flokkurinn felur í sér heimildir til ráðstöfunar lóða, spildna og jarða. Heimildirnar eru margar óbreyttar frá fyrra ári og flestar til komnar vegna almennrar umsýslu ríkisjarða. Heimildir til sölu á jörðunum Nýjabæ í Skaftárhreppi í lið 3.17 og Írafelli í Skagafirði í lið 3.20 eru nýjar og koma til í kjölfar þess að leigusamningum um nýtingu jarðanna var sagt upp.

Í fjórða flokki eru heimildir til að kaupa og leigja fasteignir. Flestar þeirra eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig að mestu sjálfar. Heimild 4.24 varðar möguleika á öflun annarrar aðstöðu fyrir Háskólann á Akureyri þar sem núverandi leigusamningur um aðstöðu háskólans í Borgum er að renna út en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort hann verður endurnýjaður. Heimild 4.25 er ný og kemur í kjölfar þess að gengið var frá breyttri ábyrgðarskiptingu ríkis og

sveitarfélaga í málefnum barna með fjölþættan vanda. Með breytingunni tekur ríkið á sig aukna ábyrgð á sérhæfðri þjónustu við börn sem hafa miklar stuðningsþarfir og þarfnast meðal annars tímabundinnar vistunar utan heimilis þar sem veitt er meðferð vegna vanda barns. Vegna yfirtöku ríkisins á þjónustunni er gert ráð fyrir að afla þurfi húsnæðis undir þjónustuna eða eftir atvikum endurskoða núverandi húsnæðisfyrirkomulag.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til að kaupa og selja hlutabréf og aðrar sambærilegar ráðstafanir. Allar heimildir í þessum flokki eru endurnýjaðar frá fyrra ári og varða umsýslu á eignarhlut ríkisins í hlutafélögum.

Í sjötta flokki eru heimildir vegna samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni á vegum ríkisins. Heimildirnar eru til komnar sökum þess að talið er að fimm ára samningstími, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, sé of skammur þegar kemur að kaupum á þessari tilteknu þjónustu. Í samræmi við 2. mgr. 40. gr. laganna þarf heimild þingsins til að semja megi til lengri tíma en fimm ára enda eigi þau skilyrði við sem þar koma fram.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem eru nær allar óbreyttar frá fyrra ári. Heimild 7.22 er ný og tekur til kaupa á blendingsbréfum Alþjóðabanka til enduruppbyggingar og framþróunar í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Heimild 7.28 varðar heimild til að ráðstafa brunabótum til viðhalds eða endurbóta á mannvirkjum á ríkisjörðum eða spildum þar sem brunatjón hefur orðið. Þar sem bæturnar renna til ríkissjóðs og þær verða nýttar til endurbóta á öðrum mannvirkjum á viðkomandi jörð er talin þörf á að afla sérstakrar ráðstöfunarheimildar. Heimild 7.29 varðar heimild til fella niður bundið eigið fé hjá ríkisaðilum í A1-hluta í samræmi við markmið laga um opinber fjármál. Fyrir innleiðingu laga um opinber fjármál var í ákveðnum lagabálkum að finna ákvæði um að ráðstöfum tiltekinna skatttekna skyldi renna til fyrirfram skilgreindra verkefna á vegum ríkisins. Með lögum um opinber fjármál var horfið í meginatriðum frá mörkuðum tekjustofnum. Þrátt fyrir þessar breytingar hefur engu að síður verið hefur haldið utan um liði markaðra tekna sem safnast höfðu upp hjá ríkisaðilum í eldra fyrirkomulagi. Í ríkisreikningi hverju sinni er birt yfirlit sem sýnir markaðar tekjur á viðkomandi reikningsári, þ.e. stöðu og hreyfingu hvers tekjuliðar. Talið er tímabært að ganga endanlega frá uppgjöri á þeim mörkuðu tekjum sem koma fram í ársreikningum einstakra stofnana. Uppgjör á bundnu eigin fé felur eingöngu í sér innbyrðis færslur á milli ríkissjóðs og viðkomandi ríkisaðila. Fjárhagsleg afkoma þessara aðila verður í heild sinni áfram óbreytt.

## 11 Fjárhagsáhætta ríkissjóðs

Helsta fjárhagsáhætta ríkissjóðs á hverjum tíma á rætur að rekja til beinna og óbeinna skuldbindinga auk ytri áhættu- og óvissuþátta. Ef fjárhagsáhætta raungerist getur það haft umtalsverð áhrif á afkomu ríkissjóðs til skemmri og lengri tíma. Nýafstaðið uppgjör á HFF skuldum ÍL-sjóðs sem á hvíldi einföld ábyrgð ríkissjóðs, er talið kosta ríkissjóð um 168 ma.kr. Þegar tekið hefur verið tillit til þeirra eigna sem flytjast frá ÍL-sjóði til ríkissjóðs við uppgjórið. Fjallað hefur verið um málefni ÍL-sjóðs, áður Íbúðalánasjóðs, í fjármálaáætlunum síðustu ára og verður ekki farið frekar út í þau mistök sem þar voru gerð hér. Uppgjórið fól í sér umtalsverða útgáfu ríkisskuldna til langs tíma sem gefnar voru út á núverandi vaxtastigi sem verður að teljast hátt og mun stuðla að háum vaxtagjöldum ríkissjóðs á líftíma þeirra. Í þessum kafla er fjallað í stuttu máli um helstu áhættuþætti sem ríkissjóður stendur frammi fyrir á árinu 2026. Í kafla 2 *Efnahagsstefna* er tæpt á helstu efnahagslegu áskorunum sem ríkissjóður getur staðið frammi fyrir. Ítarlegri umfjöllun um fjárhagsáhættu ríkissjóðs er að finna í fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030.

Mikil verðbólga síðustu ár og háir vextir hafa leitt til þess að meðalvextir útgefinna skulda ríkissjóðs hafa hækkað sem leiðir til aukinnar vaxtabyrði ríkissjóðs. Framlag vaxtagjalda til hækkunar skulda á þessu ári er um 2,8% af VLF eins og sjá má á mynd 9.3 í kafla 9. Þetta hlutfall er hátt í alþjóðlegum samanburði. Þrátt fyrir að verðbólga hafi hjaðnað frá því sem hún fór hæst þá er hún enn umfram 2,5% markmið Seðlabanka Íslands. Einnig eru verðbólguvæntingar til lengri tíma mjög háar, eða um 3,8% til 13 ára. Væntingar um svo mikla verðbólgu yfir svo langt tímabil samrýmist ekki verðbólgu markmiði Seðlabankans og endurspeglar væntingar markaðarins um að verðbólgu markmið náist ekki. Ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa til meðal- og langs tíma hefur því ekki lækkað þrátt fyrir stýrivaxtalækkanir. Þjóðhagsspá Hagstofunnar gerir þó áfram ráð fyrir lækkandi vöxtum og verðbólgu á næstu árum sem hefur að óbreyttu jákvæð áhrif á fjárhagsáhættu ríkissjóðs. Gangi sú þróun ekki eftir verður að gera ráð fyrir að vaxtabyrði ríkissjóðs verði áfram íþyngjandi og geti kallað á ráðstafanir á tekju- eða gjaldahlið. Áfram verður markvisst unnið að því að lágmarka endurfjármögnunar- og vaxtaáhættu, m.a. með því að lengja endurgreiðsluferil skulda og jafna hann eins og kostur er, ásamt því að treysta á áframhaldandi aðgengi að innlendum og erlendum lánamörkuðum.

Mikil óvissa í alþjóðlegum efnahagsmálum og háir vextir fela í sér að ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa er viðkvæmari fyrir breytingum í skulda- og afkomuhorfum. Þannig eru nýleg dæmi erlendis um að frávik frá framlögðum áætlunum eða væntingar um versnandi afkomu leiði til hratt hækkandi vaxta. Við þessar aðstæður er hreinn lánsfjárfjöldur ríkissjóðs neikvæður um ríflega 70 ma.kr., eða sem samsvarar 1,3% af VLF, þrátt fyrir að afkoma ríkissjóðs nálgist jafnvægi. Við þetta bætist að endurgreiðslubyrði lána ríkissjóðs er mjög þung á næsta ári sem felur í sér að lántökupörf á árinu er 290 ma.kr. eða 5,6% af VLF. Vaxtaáhætta ríkissjóðs við endurfjármögnun er því áfram talsverð.

Lánveitingum ríkissjóðs, hvort sem er í nafni lánasjóða eða ríkissjóðs beint, fylgir margvisleg áhætta. Ölfusárbrú er dæmi um framkvæmd þar sem gert er ráð fyrir að gjaldtaka fyrir akstur um brúna standi undir kostnaði við fjármögnun, framkvæmd og rekstur hennar. Slíkum verkefnum getur eðli máls samkvæmt fylgt óvissa um ýmsar lykilsendur s.s. mati á framkvæmdakostnaði, umferðarspá, greiðsluvilja og vaxtakostnaði sem geta valdið fjárhagsáhættu fyrir ríkið ef það tekst á hendur skuldbindingar vegna verkefnisins. Í tilvik

Ölfusárbrúar felst áhættan helst í forsendum um umferð um brúnna og gjaldinu sem innheimt er og þá hvort gjaldtaka standi undir framkvæmdakostnaði. Sama á við um framkvæmd Sundabrautar sem nú er í undirbúningsferli hjá Vegagerðinni. Mikil óvissa er um mat á framkvæmdakostnaði Sundabrautar en gert er ráð fyrir að framkvæmdin sé eitt af þeim samvinnuverkefnum sem geti staðið undir sér með veggjöldum.

Eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum fylgir áhætta en verulega var dregið úr henni með sölu á hlut ríkissjóðs í Íslandsbanka í vor. Ríkissjóður á enn 98,2% hlutfjár í Landsbankanum. Áföll á fjármálamarkaði eða breytt landslag vegna annarra ytri þátta geta rýrt verðmæti eignarhlutarins og þannig dregið úr svigrúmi ríkissjóðs til viðbragða á erfiðum tímum. Líta ber til þess að lagaumgjörð og eftirlit með fjármálakerfinu hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár. Með lögum um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja var dregið úr líkum á því að áföll í rekstri þeirra og kostnaður sem af þeim hljóstast lendi á almenningi og ríkissjóði, umfram það sem leiðir beinlínis af eignarhlutum hans í fjármálafyrirtækjum.

Stærsta beina skuldbinding ríkissjóðs lýtur að hreinum (ófjármögnuðum) lífeyrisskuldbindingum vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Áhætta ríkissjóðs vegna B-deildarinnar árið 2026 snýr eins og áður m.a. að launahækkunum opinberra starfsmanna umfram væntingar. Ávöxtun eigna, lífslíkur sjóðfélaga og forinnngreiðslur eru breytur sem hafa mikil áhrif á eignir og skuldbindingar B-deildar og þar með á hreina lífeyrisskuldbindingu ríkissjóðs. Samtals námu hreinar lífeyrisskuldbindingar A1-hluta ríkissjóðs 933 ma.kr. í árslok 2024 en voru 929 ma.kr. árið áður. Hrein raunávöxtun sjóðsins nam 8,6% á árinu 2024 sem er nokkuð umfram meðaltal síðustu 20 ára sem jafngildir 3,3% á ári. Lífeyrisskuldbindingar fyrir opinbera starfsmenn hækkðu um 5,4% á árinu. Það er minni hækkun en árin á undan en gert er ráð fyrir að skuldbinding ríkissjóðs vegna B-deildarinnar sé að ná hámarki um þessar mundir og að áhætta vegna hennar fari smám saman minnkandi.

Áhætta ríkissjóðs vegna Seðlabanka Íslands snýr að áhrifum af afkomu bankans á efnahagsreikning ríkisins. Bankinn hefur heimild skv. lögum til að innkalla allt að 78,7 ma.kr. á verðlagi 1. janúar 2025 frá ríkissjóði til þess að styrkja eiginfjárstöðu sína. Í ársskýrslu bankans fyrir 2024 kom fram að sviðsmyndagreining næstu ára gæfi ekki tilefni til að endurskoða eiginfjármarkmið sem ákveðið var 150 ma.kr. Eiginfjármarkmið tekur mið af rekstrarkostnaði bankans og þeirri áhættu sem hann stendur frammi fyrir á hverjum tíma. Eigið fé bankans hefur minnkað síðustu ár vegna versnandi rekstrarafkomu, einkum vegna taps af því að viðhalda miklum gjaldeyrisforða, og nam 90 ma.kr. í lok árs 2024.

Ríkisábyrgðir lækkuðu umtalsvert með uppgjöri á meirihluta skulda ÍL-sjóðs. Staða ríkisábyrgða er nú, um mitt ár 2025, 114 ma.kr. eða um 2,3% af VLF en til samanburðar var staða þeirra rúmir 800 ma.kr. eða 17,5% af VLF fyrir ári síðan. Stærstu ábyrgðir eru nú vegna skulda Menntasjóðs námsmanna, eða 50%, Landsvirkjunar, 19%, og þess sem eftir er af skuldum ÍL-sjóðs, 19%. Á árinu 2014 voru ríkisábyrgðir 75% af VLF en á síðustu árum hefur verið stefnt að því að draga verulega úr útistandandi ábyrgðum. Ekki eru áform um veitingu nýrra ríkisábyrgða.

## 12 Yfirlit yfir lagabreytingar

### Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:

**Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.** Lagt verður til að tímabundnar útreikningsreglur og viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta verði framlengdar óbreyttar um eitt ár og felldar brott frá og með 1. janúar 2027.

**Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.** Lagt verður til að tímabundnar útreikningsreglur og viðmiðunarfjárhæðir barnabóta verði framlengdar óbreyttar um eitt ár.

**Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.** Lagt verður til að samsköttunarheimild hjóna og sambýlisfólks milli tveggja skattþrepa verði felld brott frá og með álagningarári 2027.

**Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.** Lagt verður til að nýting persónuafsláttar til greiðslu fjármagnstekjuskatts verði felld brott frá og með álagningarári 2027.

**Lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta.** Lagt verður til að fjárhæðir kolefnisgjalds verði hækkaðar um 3,7% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2026.

**Lög nr. 71/1997, um lögræði.** Lagt til að ákvæði 50. gr. laganna um gjald vegna skipunar ráðsmanns og breytinga á störfum hans verði felld brott og þess í stað verði kveðið á um gjald í lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

**Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.** Lögð verður til framlenging á ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um að framlag lífeyrissjóða skv. lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, nr. 60/2012, á árinu 2026 verður ekki núvirt við tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðanna.

**Lög nr. 39/1988, um bifreiðagjald.** Lagt verður til að bifreiðagjald hækki um 3,7% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2026.

**Lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi, tóbaki, nikótíni o.fl.** Lagt verður til að áfengis-, tóbaks- og nikótíngjald hækki um 3,7% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2026.

**Lög nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu.** Lögð verður til 3,7% hækkun á sérstöku gjaldi til Ríkisútvarpsins í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2026.

**Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra.** Lögð verður til 3,7% hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2026.

**Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald.** Lögð verður til breyting á fjárhæðum úrvinnslugjalds og nýjar gjaldskyldar vörur í samræmi við tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs.

**Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald.** Lögð er til framlenging á afnámi tekna hjá starfsendurhæfingarsjóðum, sem starfræktir eru á grundvelli laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, af almennu tryggingagjaldi.

**Lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.** Lögð verður til hækkun gjalda fyrir umsóknir um dvalarleyfi og ríkisborgararétt, umsóknir og þjónustu sýslumannsembættanna og Þjóðskrár Íslands.

**Lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.** Lagðar eru til hækkanir á skilagjaldi og umsýslubókun.

**Lög nr. 96/2023, um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.** Lagt verður til að fjárhæð losunargjalds vegna gjaldskyldrar losunar sem á sér stað árið 2026 skv. 4. mgr. 20. gr. verði breytt til samræmis við breytingar á meðalverði losunarheimilda á Evrópska efnahagssvæðinu eins og það er á árstímabili sem lýkur 31. júlí árið áður.

**Lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.** Lagt verður til að almennt og sérstakt bensíngjald hækki um 3,7% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2026.

**Lög nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald.** Lagt verður til að olúgjald og almennt og sérstakt kílómetragjald hækki um 3,7% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2026.

**Lög nr. 101/2023, um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða.** Lagt verður til að kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða hækki um 3,7% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2026.

**Lög nr. 87/2011, um gistináttaskatt og innviðagjald.** Lögð verður til tímabundin lækkun á innviðagjaldi til eins árs sem skemmtiferðaskip í millilandasiglingum greiða fyrir hvern farþega á meðan skip dvelur í höfn hér á landi eða annars staðar á tollsvæði ríkisins.

#### **Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:**

**Lög nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl.** Lagt verður til að festa fjárhæð sóknargjalda við 1.133 kr. á einstakling á mánuði en samkvæmt því mun ákvörðuð lækkun sóknargjaldsins nema 7,2%.

**Lög nr. 166/2011, um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara.** Lögð verður til breyting á hlutfalli af álagningarstofni sem gjaldskyldir aðilar skulu greiða miðað við áætlaðan rekstrarkostnað stofnunarinnar fyrir árið 2026 með hliðsjón af áætlaðri stöðu í árslok 2025.

**Lög nr. 38/2010, um Íslandsstofu, sjálfseignarstofnun.** Lagt verður til að framlög til Íslandsstofu verði ákveðin af Alþingi í fjárlögum ár hvert og ákvæði um markaðsgjald flutt efnislega óbreytt úr lögum um Íslandsstofu, sjálfseignarstofnun, nr. 38/2010, yfir í lög um tryggingagjald, nr. 113/1990.

**Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald.** Lögð verður til breyting á eftirlitsgjaldi í samræmi við áætlanir Seðlabanka Íslands um rekstrarkostnað við fjármálaeftirlit á árinu 2026.

**Lög nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.** Lögð verður til framlenging á bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er annars vegar á um að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki tekjur af almennu tryggingagjaldi á árinu 2026 og hins vegar að atvinnurekendur, þeir sem stunda sjálfstæða starfsemi og lífeyrissjóðir greiði áfram sama hlutfall af stofni til iðgjalds á árinu 2026, eða 0,10%.

**Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra.** Lögð verður til framlenging á því að Framkvæmdasjóði aldraðra sé heimilt að verja fé til að standa straum af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýma fyrir aldraða.

**Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar.** Félags- og húsnæðismálaráðherra leggur fram frumvarp um breytingu á almennu frítekjumarki ellilífeyris og frítekjumarki félagslegs viðbótarstuðnings aldraðra.

**Lög nr. 74/2020, um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða.** Félags- og húsnæðismálaráðherra leggur fram frumvarp um breytingu á almennu frítekjumarki ellilífeyris og frítekjumarki félagslegs viðbótarstuðnings aldraðra.

**Lög nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.** Lögð verður til framlenging um eitt ár á II. bráðabirgðaákvæði sem kveður á um heimild til að nota fé ofanflóðasjóðs til að taka þátt í greiðslu kostnaðar við hættumat vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða.

**Lög nr. 85/2008, um opinbera háskóla.** Lögð verður til hækkun skrásetningargjalds í opinbera háskóla.



## Greinargerð ráðuneyta um málefнасvið og málaflokka

Hér á eftir fer umfjöllun um stefnumið, áform og aðgerðir næsta fjárlagaárs fyrir þau 35 málefнасvið og 105 málaflokka sem frumvarpið tekur til. Í umfjölluninni er gerð grein fyrir ábyrgð á einstökum sviðum, fjárhagslegri þróun á málefнасviði og einstökum málaflokkum á tímabilinu 2024–2026. Þá eru breytingar sundurliðaðar á útgjaldaramma málefнасviðs eftir helstu tilefnum og helstu tillögum um breytingar á fjárheimildum málaflokka frá gildandi fjárlögum.

Greinargerðin felur í sér nánari útfærslu á þeirri stefnumörkun sem samþykkt var með ályktun Alþingis 14. júlí sl. um fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030. Einnig er tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á útgjöldum málefнасviða við undirbúning fjárlagafrumvarpsins, s.s. af völdum breyttra reikniforsendna og ákvarðana ríkisstjórnarinnar um tiltekin málefni. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030 var fjallað um þróun innan einstakra málefнасviða til næstu fimm ára ásamt helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu. Í þeirri greinargerð sem hér fer á eftir er gerð grein fyrir þeim verkefnum og aðgerðum sem taka til næsta fjárlagaárs og sundurliðun fjárheimilda eins og hún birtist í frumvarpinu.

Varðandi umfjöllun um fjárhagslega þróun málefнасviða og málaflokka er vakin athygli á því að:

- á árinu 2025 urðu talsverðar breytingar á skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð nr. 5/2025, sem fól m.a. í sér að ráðuneytum fækkaði úr 12 í 11. Fjárheimildum ársins var breytt til samræmis með sérstökum fjáráukalögum sem samþykkt voru á Alþingi í júlí sl. Í frumvarpinu nú eru lagðar fram samsvarandi breytingar en þar sem þeim eru gerð greinargóð skil í fjáráukalögunum er ekki fjallað sérstaklega um þær í frumvarpinu. Til að auðvelda samanburð á milli ára er umfjöllun í greinargerðum málefнасviða miðuð við heimildir ársins 2025, þ.e. fjárlög ársins 2025 að viðbættum þeim breytingum á skipan Stjórnarráðsins sem koma fram í fjáráukalögunum. Í einstaka tilviki getur þessi nálgun valdið misræmi í framsetningu en slíkt heyrir þó til undantekninga.
- sýnd er sundurliðun á fjárhagslegri þróun málefнасviðsins eftir málaflokkum og viðkomandi ráðuneytum sem bera ábyrgð á starfsemi málefнасviðsins.
- sýnd er sundurliðun á breytingum á útgjaldarömmum málefнасviða frá gildandi fjárlögum eftir fimm mismunandi tilefnum:
  - Í fyrsta lagi er um að ræða **bundin útgjöld** sem fela í sér breytingar á fyrirbyggjandi útgjaldaskuldbindingum, s.s. útgjöld vegna hagrænna eða kerfislægra breytinga eða breytinga sem bundnar eru í lögum, samningum eða með ákvörðunum ríkisstjórnarinnar.
  - Í öðru lagi eru **niðurfelldar fjárheimildir** eða **ákvarðanir vegna** tímabundinna verkefna og ráðstafana.
  - Í þriðja lagi eru þær **aðhaldsráðstafanir** sem gerðar eru á málefнасviðinu. Rétt er að vekja athygli á því að þær ráðstafanir endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Getur sú niðurstaða eftir atvikum verið frábrugðin þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði.
  - Í fjórða lagi er **útgjaldasvigrúm** sem ráðstafað er til nýrra og aukinna verkefna.



- Loks eru í fimmta lagi settar fram **launa-, verðlags- og gengisbreytingar** í útgjaldarömmum málefnasviðanna. Nánar er fjallað um forsendur þeirra breytinga í kafla 5.5 í frumvarpinu.
- sýnd er sundurliðun á fjárheimildum málefnasviðsins í heild sinni eftir hagrænni skiptingu auk fjármögnunar útgjaldanna:
  - Í fyrsta lagi er um að ræða **rekstrarframlög**, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum.
  - Í öðru og þriðja lagi eru **tilfærslur fjár úr ríkissjóði** til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka. Þar er um að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í **rekstrartilfærslur** og hins vegar **fjármagnstilfærslur** sem veittar eru til fjárfestinga.
  - Í fjórða og síðasta lagi er fjallað um **fjárfestingarframlög**. Vakin er athygli á því að í uppgjöri ríkisfjármála samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum eru þau framlög ekki gjaldfærð í rekstrarreikningi heldur eignfærð í efnahagsreikningi.
- loks er í greinargerð hvers málaflokks fyrir sig gerð grein fyrir heildarfjárheimild málaflokksins fyrir komandi fjárlagaár, auk þess sem fjallað er um helstu breytingar á fjárheimildum frá gildandi fjárlögum.
- í fylgiriti fjárlaga má finna hagræna skiptingu fjárheimilda eftir málaflokkum og viðföngum.

Með kynningu á stefnum fyrir málefnasvið í árlegri fjármálaáætlun er leitast við að tryggja að Alþingi hafi greinargóðar upplýsingar um meginlinur og áherslur þegar það fjallar um áætlun sem er stefnumarkandi fyrir ríkisstarfsemina í heild sinni til meðallangs tíma. Til viðbótar eru birt mælanleg markmið fyrir einstaka málaflokka í mælaborði árangurs á vef Stjórnarráðsins. Þar er jafnframt birt staða einstaka mælikvarða og viðmið um árangur á tímabili fjármálaáætlunar. Upplýsingar um árangur má einnig finna í ársskýrslum ráðherra ásamt upplýsingum um stöðu verkefna úr fjárlagafrumvarpi sl. árs. Þannig gefst Alþingi tækifæri til að fylgja eftir árangri af ráðstöfun fjármuna og leggja mat á hvort þær aðgerðir sem gerð er grein fyrir í ársskýrslum ráðherra hafi skilað tilætluðum árangri. Sömuleiðis hvort þær ráðstafanir sem lagðar eru til í fjárlagafrumvarpinu séu líklegar til að stuðla að þeim árangri sem lagt er upp með.

Þegar kemur að umfjöllun þingsins um fjárlagafrumvarp til eins árs er rökrétt að leggja áherslu á að veita þinginu nánari upplýsingar og skýringar er varða útfærslu og breytingar á fjárheimildum málaflokka á því fjárlagaári sem frumvarpið tekur til. Með þessu móti er stuðlað að því að umfjöllun og ákvarðanatataka um starfsemi og verkefni á einstökum málefnasviðum og málaflokkum við setningu fjárlaga til eins árs í senn sé sett í skýrara samhengi við stefnumið fjármálaáætlunar til næstu fimm ára. Sem dæmi um þetta eru markmið málaflokka birt í töflu með yfirliti yfir helstu verkefni á árinu 2025 til að sýna hvernig vinna á að framgangi markmiðanna.



## Viðauki

**Greinargerð ráðuneyta um málefnasvið og málaflokka****Efnisyfirlit**

|                                                                  |     |
|------------------------------------------------------------------|-----|
| 1. Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....                      | 172 |
| 2. Dómstólar .....                                               | 176 |
| 3. Æðsta stjórnýsla .....                                        | 180 |
| 4. Utanríkismál .....                                            | 184 |
| 5. Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....                      | 191 |
| 6. Hagskýrslugerð og grunnskrár .....                            | 198 |
| 7. Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....                | 202 |
| 8. Sveitarfélög og byggðamál .....                               | 208 |
| 9. Almanna- og réttaröryggi .....                                | 213 |
| 10. Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla dómsmála .....   | 220 |
| 11. Samgöngu- og fjarskiptamál .....                             | 226 |
| 12. Landbúnaður .....                                            | 232 |
| 13. Sjávarútvegur og fiskeldi .....                              | 237 |
| 14. Ferðaþjónusta .....                                          | 241 |
| 15. Orkumál .....                                                | 244 |
| 16. Markaðseftirlit og neytendamál .....                         | 247 |
| 17. Umhverfismál .....                                           | 251 |
| 18. Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál .....               | 259 |
| 19. Fjölmíðlun .....                                             | 266 |
| 20. Framhaldsskólastig .....                                     | 269 |
| 21. Háskólastig .....                                            | 274 |
| 22. Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála .....     | 279 |
| 23. Sjúkrahúsþjónusta .....                                      | 285 |
| 24. Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....                    | 291 |
| 25. Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....                    | 297 |
| 26. Lyf og lækningavörur .....                                   | 301 |
| 27. Örorka og málefni fatlaðs fólks .....                        | 305 |
| 28. Málefni aldraðra .....                                       | 310 |
| 29. Fjölskyldumál .....                                          | 314 |
| 30. Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....                          | 321 |
| 31. Húsnæðis- og skipulagsmál .....                              | 325 |
| 32. Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála .....                  | 329 |
| 33. Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar ..... | 335 |
| 34. Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....        | 339 |
| 35. Alþjóðleg þróunarsamvinna .....                              | 342 |

## 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð forseta Alþingis. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.


|                                                | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess          |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| <b>01.10 Alþingi .....</b>                     | <b>6.431,1</b>                           | <b>5.361,8</b>                        | <b>5.332,9</b>            | <b>-0,5</b>               | <b>-17,1</b>           |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins .....                 | 6.431,1                                  | 5.361,8                               | 5.332,9                   | -0,5                      | -17,1                  |
| <b>01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis .....</b> | <b>1.348,3</b>                           | <b>1.556,2</b>                        | <b>1.666,6</b>            | <b>7,1</b>                | <b>23,6</b>            |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins .....                 | 1.348,3                                  | 1.556,2                               | 1.666,6                   | 7,1                       | 23,6                   |
| <b>Samtals .....</b>                           | <b>7.779,4</b>                           | <b>6.918,0</b>                        | <b>6.999,5</b>            | <b>1,2</b>                | <b>-10,0</b>           |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1</sup> og <sup>2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfellum hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

### Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.



Heildargjöld málefnasviðs *01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess* árið 2026 eru áætluð 7.000 m.kr. og lækka um 287 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 82 m.kr. milli ára eða sem svarar til 1,2%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                       | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....                 | 6.071,5                                  | 6.562,0                               | 6.720,5                   | 2,4                       | 10,7                   |
| Rekstrartilfærslur .....              | 131,8                                    | 148,1                                 | 145,4                     | -1,8                      | 10,3                   |
| Fjármagnstilfærslur .....             | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....            | 1.576,1                                  | 207,9                                 | 133,6                     | -35,7                     | -91,5                  |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>           | <b>7.779,4</b>                           | <b>6.918,0</b>                        | <b>6.999,5</b>            | <b>1,2</b>                | <b>-10,0</b>           |
| Rekstrartekjur .....                  | -                                        | 116,1                                 | 209,2                     | 80,2                      | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....           | -                                        | 6.801,9                               | 6.790,3                   | -0,2                      | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....             | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>       | <b>-</b>                                 | <b>6.918,0</b>                        | <b>6.999,5</b>            | <b>1,2</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

01.10 Alþingi

Meginverkefni Alþingis er lagasetning en þingið fer einnig með viðamiknið eftirlitshlutverk. Starfshættir Alþingis eru ákvarðaðir í stjórnarskrá og þingsköpum.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        | Framkvæmdaraðili    | Breyting á<br>fjárveitingu |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------|----------------------------|
| <b>Markmið 1: Bæta gæði og öryggi upplýsingakerfa á Alþingi</b>                                                                                                                                                                                                                                                                             |                     |                            |
| Endurnýjun og bæting á kerfum sem tengjast störfum þingsins og útleiðing á eldri kerfum.                                                                                                                                                                                                                                                    | Skrifstofa Alþingis | Innan ramma                |
| <b>Markmið 2: Bæta skýrleika og gagnsæi í lagasetningu með stafrænni þróun þingskjala</b>                                                                                                                                                                                                                                                   |                     |                            |
| Snjöll þingskjöl. Verkefnið felst í stafrænni þróun á þingskjölum og lagasafni.                                                                                                                                                                                                                                                             | Skrifstofa Alþingis | Innan ramma                |
| <b>Markmið 3: Aukin fræðsla og upplýsingar til almennings</b>                                                                                                                                                                                                                                                                               |                     |                            |
| Unnið er að því að auka fræðslustarf Alþingis, einkum meðal ungs fólks, enda mikilvægt að efla lýðræðisvitund og fræða almenning um þá stofnun sem er grundvöllur íslensks lýðræðisskipulags. Meðal annars er stefnt á að auka stafræna fræðslu, efla Skólaþing og gera ungmennum á landsbyggðinni í auknum mæli kleift að taka þátt í því. | Skrifstofa Alþingis | Innan ramma                |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 5.333 m.kr. og lækkar um 341 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 312 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 245 m.kr. vegna tímabundinnar fjárheimildar vegna biðlauna og annars kostnaðar sem tengdist kosningum til Alþingis í lok árs 2024.
- b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 76 m.kr. vegna tímabundinnar fjárveitingar til framkvæmda við húsnaði fyrir Skólalþing.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 23 m.kr. en útgjaldasvigrúm er nýtt að fullu til að mæta hluta aðhaldskröfu málaefnasviðsins.

01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis

Starfsemi málaflokksins er í höndum umboðsmanns Alþingis, ríkisendurskoðanda og Mannréttindastofnunar Íslands. Umboðsmaður hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Til hans getur hver sá leitað sem telur að stjórnvöld hafi beitt sig rangsleitni. Með þessu er réttaröryggi borgaranna styrkt og Alþingi fær innsýn í starfshætti stjórnvalda. Ríkisendurskoðandi hefur eftirlit með fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja og að fjármunum sé ráðstafað á réttmætan hátt og í samræmi við forsendur og ákvarðanir Alþingis. Markmið embættis ríkisendurskoðanda miða að betri nýtingu ríkisfjármuna og bættri opinberri þjónustu. Mannréttindastofnun hefur það meginhlutverk að efla og vernda mannréttindi á Íslandi eins og þau eru skilgreind í stjórnarskrá, lögum, alþjóðasamningum og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                          | Framkvæmdaraðili     | Breyting á fjárveitingu |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|-------------------------|
| Markmið 1: Að UA leysi úr kvörtunum innan hæfilegs tíma                                                       |                      |                         |
| Þróa og fylgja eftir hugbúnaði til rafrænna samskipta vegna erinda og gagna þeirra sem kvarta við stjórnvöld. | Umboðsmaður Alþingis | Innan ramma             |
| Markmið 2: Að UA geti sinnt hæfilegum fjölda frumkvæðisathugana                                               |                      |                         |
| Aukin áhersla á frumkvæðis- og vettvangsathuganir sem er þó háð fjölgun starfsfólks.                          | Umboðsmaður Alþingis | Innan ramma             |
| Markmið 3: Að UA geti sinnt OPCAT-eftirliti                                                                   |                      |                         |
| Miðað við 4–6 athuganir og skýrslur á árinu.                                                                  | Umboðsmaður Alþingis | Innan ramma             |

| Markmið 4: Að viðhaldið verði upplýsingagjöf um störf UA                                                                                                                                                         |                      |             |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|-------------|
| Birta sem fyrst eftir lok máls í gagnagrunni reifun álita og bréfa.                                                                                                                                              | Umboðsmaður Alþingis | Innan ramma |
| Markmið 5: Tryggja áreiðanleika reikningsskila                                                                                                                                                                   |                      |             |
| Ljúka öllum nauðsynlegum endurskoðunaraðgerðum vegna ríkisreiknings fyrir útgáfu hans.                                                                                                                           | Ríkisendurskoðandi   | Innan ramma |
| Markmið 6: Aðhald í ríkisrekstri                                                                                                                                                                                 |                      |             |
| Fylgjast með að rekstur ríkisaðila sé í samræmi við fjárheimildir, lög um opinber fjármál og önnur lögmæt fyrirmæli                                                                                              | Ríkisendurskoðandi   | Innan ramma |
| Markmið 7: Leggja mat á hvort starfsemi ríkisaðila sé í samræmi við löggjöf og góða og viðurkennda starfshætti, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt og að framlög ríkisins skili þeim árangri sem að er stefnt |                      |             |
| Verkefnaval, efnistök, framsetning og tímalengd stjórnsýsluúttekta tryggi að þær skili sem mestum árangri og leiði til breytinga og framfara.                                                                    | Ríkisendurskoðandi   | Innan ramma |
| Markmið 8: Gagnsæi í rekstri og vinnubrögðum                                                                                                                                                                     |                      |             |
| Miðla greinargóðum upplýsingum um starfsemi Ríkisendurskoðunar til Alþingis, fjölmiðla og almennings.                                                                                                            | Ríkisendurskoðandi   | Innan ramma |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 1.667 m.kr. og hækkar um 54 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 57 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Mannréttindastofnun Íslands tók til starfa 1. maí 2025 og því hækkar fjárheimild stofnunarinnar um 88 m.kr. svo hún sé í samræmi við fullt rekstrarár.
- Fjárheimild vegna rannsóknarnefndar um snjóflóðið í Súðavík, 111 m.kr., fellur niður þar sem starfstíma nefndarinnar er lokið.
- Fjárheimild Ríkisendurskoðunar hækkar um 87 m.kr. til að mæta lækkun á sértekjum.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 4,3 m.kr.

02 Dómsþólar

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.


|                                | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|--------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 02 Dómsþólar                   |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 02.10 Hæstiréttur .....        | 522,9                                    | 558,8                                 | 602,3                     | 7,8                       | 15,2                   |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins ..... | 262,6                                    | 264,6                                 | 296,7                     | 12,1                      | 13,0                   |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....     | 260,3                                    | 294,2                                 | 305,6                     | 3,9                       | 17,4                   |
| 02.20 Héraðsdómsþólar .....    | 2.418,7                                  | 2.311,5                               | 2.513,3                   | 8,7                       | 3,9                    |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....     | 2.418,7                                  | 2.311,5                               | 2.513,3                   | 8,7                       | 3,9                    |
| 02.30 Landsréttur .....        | 867,9                                    | 955,9                                 | 1.022,2                   | 6,9                       | 17,8                   |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....     | 867,9                                    | 955,9                                 | 1.022,2                   | 6,9                       | 17,8                   |
| 02.40 Dómsþólasýslan .....     | 382,7                                    | 447,2                                 | 464,5                     | 3,9                       | 21,4                   |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....     | 382,7                                    | 447,2                                 | 464,5                     | 3,9                       | 21,4                   |
| Samtals .....                  | 4.192,2                                  | 4.273,4                               | 4.602,3                   | 7,7                       | 9,8                    |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árána 2025–2026





Heildargjöld málefnasviðs 02 Dómsfélaga árið 2026 eru áætluð 4.602,3 m.kr. og lækka um 3,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 0,1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 328,9 m.kr. milli ára eða sem svarar til 7,7%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsörðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Aðhaldsmarkmið málefnasviðsins felur m.a. í sér sértækar aðhaldsráðstafanir vegna aukinnar hagræðingar í opinberum innkaupum, endurskoðunar jafnlaunavottunar og lækkunar á varasjóðum málaflokka. Málefnasviðið er undanþegið almennri aðhaldskröfu.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 02 Dómsfélaga                   |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 4.137,8                                  | 4.201,1                               | 4.527,7                   | 7,8                       | 9,4                    |
| Rekstrartilfærslur .....        | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....      | 54,4                                     | 72,3                                  | 74,6                      | 3,2                       | 37,1                   |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>4.192,2</b>                           | <b>4.273,4</b>                        | <b>4.602,3</b>            | <b>7,7</b>                | <b>9,8</b>             |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 1,6                                   | 1,7                       | 6,3                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 4.271,8                               | 4.600,6                   | 7,7                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>4.273,4</b>                        | <b>4.602,3</b>            | <b>7,7</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfellum hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspeglar breytta skipan Stjórnarráðsins.

02.10 Hæstaréttur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Hæstaréttar. Kveðið er á um dómstólaskipunina í I. kafla laga um dómstóla, nr. 50/2016. Í stefnu dómstólanna 2023–2028, sem unnið var að vorið 2023, koma fram gildi, markmið og áherslur dómstólanna og dómstólasýslunnar á tímabilinu. Verkefni í málaflokki má finna undir málaflokki 02.40 Dómstólasýslan.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 602,3 m.kr. og lækkar um 0,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 44,4 m.kr. Breytingin felst í hlutdeild málaflokksins í sértækum aðhaldsráðstöfunum og aðgerðum málefnasviðsins sem nemur 1,8 m.kr. og 0,9 m.kr. framlagi til að mæta breytingum á greiðslufyrirkomulagi Microsoft-samninga.

02.20 Héraðsdómstólar

Starfsemi málaflokksins er í höndum héraðsdómstólanna. Kveðið er á um dómstóla-skipunina í I. kafla laga um dómstóla, nr. 50/2016. Í stefnu dómstólanna 2023–2028, sem unnið

var að vorið 2023, koma fram gildi, markmið og áherslur dómstólanna og dómstólasýslunnar á tímabilinu. Verkefni í málaflöknum má finna undir málaflökki 02.40 Dómstólasýslan.

Heildarfjárheimild til málaflökksins fyrir árið 2026 er áætluð 2.513,3 m.kr. og lækkar um 1,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 203,4 m.kr. Breytingin felst í hlutdeild málaflökksins í sértækum aðhaldsaðgerðum málefnasviðsins sem nemur 18,2 m.kr. og 6 m.kr. auknu framlagi vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi Microsoft-samninga.

### 02.30 Landsréttur

Starfsemi málaflökksins er í höndum Landsréttar. Kveðið er á um dómstólaskipunina í I. kafla laga um dómstóla, nr. 50/2016. Í stefnu dómstólanna 2023–2028, sem unnið var að vorið 2023, koma fram gildi, markmið og áherslur dómstólanna og dómstólasýslunnar á tímabilinu. Verkefni í málaflöknum má finna undir málaflökki 02.40 Dómstólasýslan.

Heildarfjárheimild til málaflökksins fyrir árið 2026 er áætluð 1.022,2 m.kr. og lækkar um 0,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 67,2 m.kr. Breytingin felst í hlutdeild málaflökksins í sértækum aðhaldsaðgerðum málefnasviðsins sem nemur 3,1 m.kr. og 2,2 m.kr. framlagi til að mæta breytingum á greiðslufyrirkomulagi Microsoft-samninga

### 02.40 Dómstólasýslan

Starfsemi málaflökksins er í höndum Dómstólasýslunnar. Kveðið er á um dómstólaskipunina í I. kafla laga um dómstóla, nr. 50/2016. Í II. kafla laganna er kveðið á um hlutverk og helstu verkefni dómstólasýslunnar. Í stefnu dómstólanna 2023–2028, sem unnið var að vorið 2023, koma fram gildi, markmið og áherslur dómstólanna og dómstólasýslunnar á tímabilinu.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflökki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                   | Framkvæmdaraðili                                                           | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Réttlát og opinber málsmeðferð</b>                                                                       |                                                                            |                         |
| Þróun á réttarvörslugátt þar sem áherslan er á koma á aðgengi að gögnum og upplýsingum um stöðu mála fyrir aðila máls. | Dómsmálaráðuneyti, dómstólasýslan og aðrar stofnanir réttarvörslukerfisins | Innan ramma             |
| Öruggara aðgengi að húsnæði dómstóla með innleiðingu verklags við áhættumat og gerð viðbragðsaætlunar hjá dómstólum.   | Dómstólasýslan                                                             | Innan ramma             |
| Greind tækifæri til að stytta málsmeðferðartíma í einkamálum.                                                          | Dómstólasýslan                                                             | Innan ramma             |
| Bætt aðstaða túlka og nýr tækjabúnaður.                                                                                | Dómstólasýslan                                                             | Innan ramma             |

**Markmið 2: Aukin skilvirkni og gæði**

|                                                                                                                                                                       |                                                 |             |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------|-------------|
| Innleiðing talgreinis til að rita upp skýrslutökur fyrir dómi.                                                                                                        | Dómstólasýslan í samvinnu við dómsmálaráðuneyti | Innan ramma |
| Undirbúningur fyrir stafræna málsmeðferð í ákveðnum tegundum einkamála, m.a. með það að markmiði að einfalda og stytta málsmeðferð. Það þjónar einnig markmiði nr. 1. | Dómstólasýslan                                  | Innan ramma |
| Þróun upplýsingatæknibúnaðar og innleiðing stafrænnar málsmeðferðar samhliða þróun réttarvörslugáttar.                                                                | Dómstólasýslan                                  | Innan ramma |
| Áframhald vinnu við þróun stafrænna og sjálfvirkra lausna til hagnýtingar í fleiri verkefnum.                                                                         | Dómstólasýslan                                  | Innan ramma |
| Úttekt á öryggi upplýsingatæknikerfa.                                                                                                                                 | Dómstólasýslan                                  | Innan ramma |

**Markmið 3: Aukið traust til dómstóla**

|                                                                  |                |             |
|------------------------------------------------------------------|----------------|-------------|
| Greining tölfraeðiupplýsinga, bætt framsetning og miðlun þeirra. | Dómstólasýslan | Innan ramma |
|------------------------------------------------------------------|----------------|-------------|

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 464,5 m.kr. og lækkar um 0,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 17,6 m.kr. Breytingin felst í hlutdeild málaflokksins í sértækum aðhaldsráðstöfunum málefнасviðsins sem nemur 0,8 m.kr. og 0,5 m.kr. framlagi til að mæta breytingum á greiðslufyrirkomulagi Microsoft-samninga.

03 Æðsta stjórnsýsla


Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð forsætisráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                     | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 03 Æðsta stjórnsýsla                |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 03.10 Embætti forseta Íslands ..... | 409,2                                    | 407,7                                 | 418,7                     | 2,7                       | 2,3                    |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins .....      | 409,2                                    | 407,7                                 | 418,7                     | 2,7                       | 2,3                    |
| 03.20 Ríkisstjórn .....             | 1.103,4                                  | 882,7                                 | 854,7                     | -3,2                      | -22,5                  |
| 00 Æðsta stjórn ríkisins .....      | 1.103,4                                  | 882,7                                 | 854,7                     | -3,2                      | -22,5                  |
| 03.30 Forsætisráðuneyti .....       | 2.547,0                                  | 1.807,8                               | 1.959,6                   | 8,4                       | -23,1                  |
| 01 Forsætisráðuneyti .....          | 2.547,0                                  | 1.807,8                               | 1.959,6                   | 8,4                       | -23,1                  |
| Samtals .....                       | 4.059,6                                  | 3.098,2                               | 3.233,0                   | 4,4                       | -20,4                  |

<sup>1</sup>Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1</sup> og <sup>2</sup>Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins .

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.



Heildargjöld málefnasviðs 03 *Æðsta stjórnýsla* árið 2026 eru áætluð 3.233 m.kr. og aukast um 12 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 0,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 134,8 m.kr. milli ára eða sem svarar til 4,4%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun. Aðhaldsmarkmið málefnasviðsins felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir vegna aukinnar hagræðingar í opinberum innkaupum og endurskoðunar jafnlaunavottunar auk almennrar aðhaldskröfu á málefnasviðið.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 03 <i>Æðsta stjórnýsla</i>      |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 3.555,5                                  | 2.955,6                               | 2.581,6                   | -12,7                     | -27,4                  |
| Rekstrartilfærslur .....        | 185,3                                    | 44,4                                  | 35,3                      | -20,5                     | -80,9                  |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....      | 318,8                                    | 98,2                                  | 616,1                     | 527,4                     | 93,3                   |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>4.059,6</b>                           | <b>3.098,2</b>                        | <b>3.233,0</b>            | <b>4,4</b>                | <b>-20,4</b>           |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 3.098,2                               | 3.233,0                   | 4,4                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>3.098,2</b>                        | <b>3.233,0</b>            | <b>4,4</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1</sup> og <sup>2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

03.10 Embætti forseta Íslands

Undir málaflokkinn fellur rekstur forsetaembættisins. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 418,7 m.kr. og lækkar um 10,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 21,8 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 5 m.kr. vegna tímabundins framlags sem veitt var vegna biðlauna fráfarandi forseta Íslands sem fellur niður.
- b. Hlutdeild málaflokksins í almennri aðhaldskröfu og sértækum hagræðingarkröfum málefnasviðsins nemur 6,5 m.kr.

### 03.20 Ríkisstjórn

Undir málaflokkinn falla laun ráðherra í ríkisstjórn og aðstoðarmanna þeirra. Liðurinn tekur breytingum í samræmi við fjölda ráðherra og aðstoðarmanna á hverjum tíma. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 854,7 m.kr. og lækkar um 85,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 57,5 m.kr.

Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er eftirtalin:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 85,5 m.kr. vegna fækkunar ráðherra og aðstoðarmanna vegna breyttrar skipunar Stjórnarráðsins.

### 03.30 Forsætisráðuneyti

Undir þennan málaflokk fellur aðalskrifstofa forsætisráðuneytisins og tengd verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefnasvið og málaflokka. Margar áskoranir kalla á aukna og skilvirka samhæfingu innan Stjórnarráðsins og samstarf á vettvangi ráðherranefnda. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal helstu verkefni, áskoranir og tækifæri.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                     | Framkvæmdaraðili  | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Traust á opinberri stjórnsýslu<sup>1</sup></b>                                                                             |                   |                         |
| Leiðbeiningarefni um vandaða stjórnsýsluhætti verður þróað áfram.                                                                        | Forsætisráðuneyti | Innan ramma             |
| Unnið verður að eftirfylgni kannana OECD um traust almennings á stjórnvöldum, m.a. með gerð mælaborðs.                                   | Forsætisráðuneyti | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Aukin hagsæld og samkeppnishæfni</b>                                                                                       |                   |                         |
| Bætt umgjörð þjóðhagsmála og greining á stöðu og þróun síðustu ára.                                                                      | Forsætisráðuneyti | Innan ramma             |
| Mótun og innleiðing atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar um aukna verðmætasköpun og framleiðslu í jafnvægi við samfélag, innviði og náttúru. | Forsætisráðuneyti | Innan ramma             |
| Eftirfylgni rannsóknar á samfélagslegum áhrifum fátæktar.                                                                                | Forsætisráðuneyti | Innan ramma             |

<sup>1</sup> Orðalagsbreyting á markmiði 1 í fjármálaáætlun 2026–2030.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 1.959,6 m.kr. og hækkar um 108,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 43,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 515 m.kr. vegna tímabundins framlags til nýbyggingar við Stjórnarráðshúsið.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 91 m.kr. Í fyrsta lagi eru 27 m.kr. til samræmis við samkomulag, dags. 8. nóvember 2024, við Háskóla Íslands um árlegt framlag í fjögur ár til styrktar prófessorsstöðu sem fráfarandi forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, sinnir. Í öðru lagi er 60 m.kr. framlag til almenns útgjaldasvigrúms, sem skiptist í 50 m.kr. vegna áherslumála og 10 m.kr. í viðhaldsverkefni. Í þriðja lagi eru 4 m.kr. vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi á Microsoft-samningi.
- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 382 m.kr. vegna tímabundins framlags sem veitt var í fjárlögum 2025 vegna viðhaldsverkefna og lagfæringar á aðgengi og aðstöðu og öryggismálum í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu og vegna framkvæmda við Þingvallabæinn.
- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 45,3 m.kr. vegna millifærslu á fjárheimild til annarra málefnasviða, 25,5 m.kr. til Mannréttindastofnunar Íslands vegna nýrra laga, nr. 88/2024, um Mannréttindastofnun Íslands og 19,8 m.kr. til fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna flutnings verkefna og starfsmanns milli ráðuneyta.
- d. Hlutdeild málaflokksins í almennri aðhaldskröfu og sértækum hagræðingarkröfum málefnasviðsins nemur 70,4 m.kr. Á aðalskrifstofu ráðuneytisins eru útfærðar 38,3 m.kr. og á ýmis verkefni málaflokksins eru útfærðar 32,1 m.kr.

04 Utanríkismál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð utanríkisráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.


|                                             | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 04 Utanríkismál                             |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla      |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| utanríkismála .....                         | 8.385,0                                  | 7.546,7                               | 7.592,1                   | 0,6                       | -9,5                   |
| 03 Utanríkisráðuneyti .....                 | 8.385,0                                  | 7.546,7                               | 7.592,1                   | 0,6                       | -9,5                   |
| 04.20 Utanríkisviðskipti .....              | 1.164,0                                  | 1.214,0                               | 1.214,0                   | 0,0                       | 4,3                    |
| 03 Utanríkisráðuneyti .....                 | 1.164,0                                  | 1.214,0                               | 1.214,0                   | 0,0                       | 4,3                    |
| 04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál ... | 6.553,3                                  | 6.820,9                               | 10.404,3                  | 52,5                      | 58,8                   |
| 03 Utanríkisráðuneyti .....                 | 6.553,3                                  | 6.820,9                               | 10.404,3                  | 52,5                      | 58,8                   |
| 04.50 Samningsbundin framlög vegna          |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| fjölpjóðasamstarfs .....                    | 3.256,6                                  | 3.644,2                               | 3.943,9                   | 8,2                       | 21,1                   |
| 03 Utanríkisráðuneyti .....                 | 3.256,6                                  | 3.644,2                               | 3.943,9                   | 8,2                       | 21,1                   |
| Samtals .....                               | 19.358,9                                 | 19.225,8                              | 23.154,3                  | 20,4                      | 19,6                   |

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli áranna 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 04 Utanríkismál árið 2026 eru áætluð 23.154,3 m.kr. og aukast um 3.591,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025, eða sem svarar til 18,7%. Þegar tekið er tillit



til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 3.928,5 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 20,4%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun. Mikilvægi þess að sinna alþjóðasamskiptum og hagsmunagæslu fyrir Ísland hefur sjaldan verið skýrara og á það við um öll svið alþjóðasamskipta, hvort sem það tengist viðskiptum, hagsmunagæslu eða samstarfi um öryggis- og varnarmál. Ástand heimsmála er með þeim hætti að nauðsynlegt er að horfa sérstaklega til öryggis- og varnarmála og endurspeglar sú forgangsöröðun sem birtist í þessu fjárlagafrumvarpi þann veruleika.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 04 Utanríkismál                 |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 11.839,3                                 | 12.446,8                              | 13.951,5                  | 12,1                      | 17,8                   |
| Rekstrartilfærslur .....        | 6.876,6                                  | 6.393,4                               | 8.808,1                   | 37,8                      | 28,1                   |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....      | 643,0                                    | 385,6                                 | 394,7                     | 2,4                       | -38,6                  |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>19.358,9</b>                          | <b>19.225,8</b>                       | <b>23.154,3</b>           | <b>20,4</b>               | <b>19,6</b>            |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 660,9                                 | 707,1                     | 7,0                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 18.564,9                              | 22.447,2                  | 20,9                      | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>19.225,8</b>                       | <b>23.154,3</b>           | <b>20,4</b>               | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins og sendiskrifstofa erlendis. Utanríkisþjónustan öll sinnir hagsmunagæslu gagnvart erlendum ríkjum og á vettvangi alþjóðastofnana, þjónustu við íslenska ríkisborgara erlendis, viðskiptasamningum og markaðssetningu erlendis á íslenskum vörum, þjónustu og menningu. Þótt allt starf utanríkisþjónustunnar sem lýtur að utanríkisviðskiptum og kynningu á íslenskum vörum, þjónustu og menningu sé fjármagnað undir þessum málaflokki er gerð nánari grein fyrir markmiðum og aðgerðum þar að lútandi í kafla um málaflokk 04.20 Utanríkisviðskipti. Alþjóðalög, lýðræðisleg gildi, mannréttindi og fjölþjóðastofnanir hafa átt á brattann að sækja og þar sem Ísland á allt sitt undir því að alþjóðalög, lögsaga og landamæri séu virt felast lykilhagsmunir í virkri þátttöku í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi. Framboð Íslands í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2025–2027 er dæmi um ábyrgð sem íslensk stjórnvöld eru reiðubúin að axla til að fylgja eftir stefnu- og hagsmunamálum Íslands og leggja um leið sín lóð á vogarskálarnar til að auka virðingu fyrir mannréttindum og efla samstarf og skilning meðal þjóða.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                    | Framkvæmdaraðili   | Breyting á fjárveitingu |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Standa vörð um grunnildir Íslands á vettvangi fjölþjóðlegrar samvinnu</b>                                                 |                    |                         |
| Virkt málsvarastarf á vettvangi fjölþjóðastofnana og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi í þágu mannréttinda, lýðræðis og þjóðaréttar.      | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |
| Aukin þátttaka í svæðisbundnu samstarfi Norðurlanda og norðurslóðaríkja.                                                                | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |
| Efling samstarfs þvert á fagráðuneyti og aukin þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um sjálfbæra nýtingu auðlinda, þ.m.t. á sviði hafréttar. | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |
| Eftirfylgni við jafnréttisáherslur Íslands á alþjóðavettvangi.                                                                          | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Standa vörð um hagsmuni íslenskra ríkisborgara</b>                                                                        |                    |                         |
| Styrking borgaraþjónustu, aukin upplýsingamiðlun til almennings á vef og innleiðing stafrænna lausna.                                   | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |
| Fjölgun kjöræðismanna og stuðningur við þjónustu þeirra við íslenska ríkisborgara erlendis.                                             | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Standa vörð um hagsmuni Íslands með tvíhliða samvinnu við þjóðríki</b>                                                    |                    |                         |
| Aukið pólitískt samráð við helstu samstarfsríki og kynning á afstöðu og áherslum Íslands.                                               | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 7.592,1 m.kr. og lækkar um 155,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 200,8 m.kr.

Lagt er til að gerð verði breyting á hagrænni skiptingu fjárheimilda. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir verði fluttar frá fjárfestingum yfir í rekstur og endurspegli þannig núverandi útgjaldasamsetningu ráðuneytisins í kjölfar flutninga aðalskrifstofu í nýtt húsnæði.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 160 m.kr. til þess að efla útgáfu Schengen-vegabréfsáritana til landsins og mæta þannig mikilli eftirspurn eftir þeim á sendiskrifstofum erlendis. Gert er ráð fyrir að útgjöldin falli einkum til á sendiskrifstofum. Tekjur af áritanagjöldum eru umtalsverðar, flokkast sem ríkistekjur og renna beint í ríkissjóð. Áætlað er að aukning ríkistekna sem leiðir af þessari aðgerð standi undir auknum gjöldum og vel það.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 126 m.kr. vegna niðurfellinga tímabundinna fjárheimilda, annars vegar vegna setu Íslands í framkvæmdastjórn UNESCO (81

m.kr.) og hins vegar vegna tímabundinna útgjalda í tengslum við opnun sendiráðs á Spáni (45 m.kr.).

- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 361,8 m.kr. Þorri aðhaldskröfunnar, 332,3 m.kr., er í formi sértækra aðhaldsaðgerða sem beinast einkum að varasjóði málaflokksins (122,1 m.kr.), aðalskrifstofu ráðuneytisins (134,1 m.kr.), sendiskrifstofum (71,6 m.kr.) og ýmsum verkefnum (4,5 m.kr.). Almenn aðhaldskrafa er gerð sem nemur mismuninum (29,5 m.kr.) og verður útfærð við gerð rekstraráætlunar fyrir 2026.

04.20 Utanríkisviðskipti

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins, sendiskrifstofa og Íslandsstofu en fjárheimildir undir málaflokki 04.20 renna eingöngu til starfa Íslandsstofu. Íslandsstofu er falið að sjá um markaðssetningu og kynningarstarf erlendis á íslenskum vörum, þjónustu og menningu í samstarfi við ráðuneytið. Markmið og aðgerðir málaflokksins skarast að einhverju leyti við markmið og aðgerðir málaflokks 04.10 *Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála* en alþjóðlegt og tvíhliða samstarf um utanríkisviðskipti, tengd hagsmunagæsla og samningagerð um utanríkisviðskipti eru fjármögnuð undir málaflokki 04.10. Markmiðasetning fellur þó undir málaflokk 04.20.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                      | Framkvæmdaraðili                   | Breyting á fjárveitingu          |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------|----------------------------------|
| <b>Markmið 1: Tryggja íslenskum fyrirtækjum sem bestan aðgang að alþjóðlegum mörkuðum</b>                                                                 |                                    |                                  |
| Aukin geta til afgreiðslu vegabréfsáritana til landsins frá löndum utan Schengen-svæðisins.                                                               | Utanríkisráðuneyti                 | 160 m.kr. (til málaflokks 04.10) |
| Framfylgja Framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning. Þar hafa verið skilgreind mælanleg árangursviðmið sem verða notuð til að meta árangur af starfi.   | Utanríkisráðuneyti og Íslandsstofa | Innan ramma                      |
| Styrkja viðskiptaþjónustu sendiskrifstofa við fyrirtæki í samræmi við stefnumarkandi áherslur í Framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning.*              | Utanríkisráðuneyti                 | Innan ramma                      |
| Koma íslenskri menningu og skapandi greinum á framfæri í tvíhliða samskiptum og með samstarfi við Íslandsstofu.**                                         | Utanríkisráðuneyti og Íslandsstofa | Innan ramma                      |
| <b>Markmið 2: Bæta vaxtarskilyrði fyrir íslenskt athafnalíf og nýsköpun og tryggja velsæld</b>                                                            |                                    |                                  |
| Vinna að hagsmunagæslu í EES-samstarfi, m.a. á grundvelli forgangslista ríkisstjórnarinnar í hagsmunagæslu við mótun EES-löggjafar.                       | Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti | Innan ramma                      |
| Efla þekkingu á EES-samningnum og hlúa að mannauði sem kemur að framkvæmd hans, s.s. með endurskoðun EES-handbókar, bættri samhæfingu og aukinni fræðslu. | Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti | Innan ramma                      |
| Bæta frammistöðu við upptöku og innleiðingu EES-gerða.                                                                                                    | Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti | Innan ramma                      |

|                                                                                                                                                        |                                    |             |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------|-------------|
| Fjölga fríverslunarsamningum og öðrum viðskiptasamningum, s.s. tvísköttunar-samningum og loftferðasamningum. Tryggja góða framkvæmd gildandi samninga. | Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti | Innan ramma |
| Starfrækja viðskiptavakt sem fyrirtæki geta leitað til vegna hnökra í alþjóðaviðskiptum.                                                               | Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti | Innan ramma |
| <b>Markmið 3: Bæta vaxtarskilyrði fyrir íslenskt athafnalíf og nýsköpun og tryggja velsæld</b>                                                         |                                    |             |
| Greiða fyrir aðgengi íslenskrar tækni-þekkingar, grænna lausna og nýsköpunar á erlendum mörkuðum.                                                      | Utanríkisráðuneyti                 | Innan ramma |

\* Verkefnið styður jafnframt við markmið 2.

\*\* Verkefnið styður jafnframt við markmið 3 í málaflokki 4.10.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 1.214 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum, enda er gert ráð fyrir því að lögum um Íslandsstofu verði breytt á þann veg að framlög til Íslandsstofu hætti að fylgja þróun markaðsgjalds, sem lagt er á stofn tryggingagjalds, heldur verði framlög til Íslandsstofu ákveðin sérstaklega í fjárlögum á hverju ári.

Hagræn skipting innan málaflokksins er óbreytt á milli ára.

#### 04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins og sendiskrifstofa erlendis. Þá annast Landhelgisgæsla Íslands framkvæmd ýmissa rekstrarverkefna á sviði öryggis- og varnarmála á grundvelli þjónustusamnings og ríkislögreglustjóri annast tiltekin verkefni á sviði öryggis- og varnarmála á grundvelli þjónustusamnings. Málaflokkurinn skiptist í þrjú meginsvið: fjölþjóðasamstarf um öryggis- og varnarmál; fjölþáttaógnir; og rekstur og fjármögnun varnartengdra rekstrarverkefna og yfirumsjón með öryggis- og varnarsvæðum á Íslandi. Þá heyrir rekstur tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna og undirbúningur og framkvæmd varnaræfinga sem haldnar eru á íslensku yfirráðasvæði einnig undir málaflokkinn.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                        | Framkvæmdaraðili                       | Breyting á fjárveitingu |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Tryggja varnir og viðbúnaðargetu Íslands</b>                                                  |                                        |                         |
| Viðhalda varnarmannvirkjum og kerfum á öryggissvæðunum.                                                     | Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan | 350 m.kr.               |
| Bætt mönnun, aukin sérfræðiþekking, þjálfun og endurmenntun starfsfólks sem sinnir varnartengdum verkefnum. | Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan | 400 m.kr.               |
| Framfylgja áætlun um uppsetningu á öruggum samskiptarýmum og búnaði í sendiskrifstofum Íslands.             | Utanríkisráðuneyti                     | Innan ramma             |

**Markmið 2: Efla þátttöku Íslands í öryggis- og varnarsamstarfi**

Veita aukinn stuðning við Úkraínu vegna innrásarstríðs Rússlands með þátttöku Íslands í kaupum á nauðsynlegum hergögnum og birgðum, ásamt sértækum þjálfunarverkefnum.

Utanríkisráðuneyti

2.100 m.kr.

Virk þátttaka Íslands í starfi NATO, ÖSE, NORDEFCO, Norðurhópsins, JEF og SP á sviði öryggis- og varnarmála, m.a. með þátttöku í fundum og æfingum.

Utanríkisráðuneyti

Innan ramma

**Markmið 3: Efla gistiríkjastuðning Íslands**

Auka og þétta loftrýmisgæslu á Íslandi.

Utanríkisráðuneyti

Innan ramma

Fjölga gistirýmum á öryggissvæðunum.

Utanríkisráðuneyti

350 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 10.404,3 m.kr. og hækkar um 3.237,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 346 m.kr.

Nokkur breyting er gerð á hagrænni skiptingu málaflokksins, sem skýrist af hækkun framlaga til varnartengds stuðnings við Úkraínu en þau falla fyrst og fremst undir tilfærslur. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að framlög sem falla undir tilfærslur hækki úr 1.386,8 m.kr. í 3.501,8 m.kr. frá fjárlögum 2025.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 3.400 m.kr. til styrkingar öryggis- og varnarmála. Aukningin er í samræmi við viljayfirlýsingar Íslands og bandalagsþjóða um varnarmál og varnartengdan stuðning við Úkraínu. Drjúgum hluta aukningarinnar (2.100 m.kr.) verður varið til aukins varnartengds stuðnings við Úkraínu sem mun áfram hverfast um framlög í fjölþjóðlega sjóði sem kaupa hergögn og birgðir og tvíhliða verkefni sem grundvallast á beiðnum úkraínskra stjórnvalda eða bandalagsríkja. Hækkun framlaga sem nemur 1.100 m.kr. verður varið í frekari styrkingu öryggis- og varnarmála, aukna þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og endurbætur og uppbyggingu innviða.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 162,6 m.kr. og verður útfærð við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2026.

**04.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs**

Undir málaflokkinn falla skylduframlög og aðildargjöld Íslands til alþjóðastofnana sem hafa þann tilgang að styðja alþjóðakerfið og þátttöku Íslands á vettvangi viðkomandi stofnana. Framlöggin eru þess eðlis að þau sveiflast nokkuð á milli ára, m.a. vegna breytinga á hlutdeild Íslands í samræmi við reiknireglur viðkomandi stofnunar og fjárhagsáætlana alþjóðastofnana.

Þátttaka Íslands í fjölþjóðasamstarfi fellur þvert á verkefni og fer stefnumótun fram undir öðrum málaflokkum sem falla undir málefna svið 04 *Utanríkismál*.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 3.943,9 m.kr. og hækkar um 509,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum, að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum sem eru neikvæðar um 209,4 m.kr. vegna gengisþróunar. Hagræn skipting innan málaflokksins er óbreytt á milli ára.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins á föstu gengi eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 239,1 m.kr. vegna leiðréttingar á samningsbundnum framlögum til stofnana EFTA, þ.e. Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og EFTA-dómstólsins.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 112,5 m.kr. vegna leiðréttingar á samningsbundnum framlögum til Atlantshafsbandalagsins (NATO).
- c. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 58,7 m.kr. vegna leiðréttingar á samningsbundnum framlögum til Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD).
- d. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 44,3 m.kr. vegna leiðréttingar á samningsbundnum rekstrarframlögum til Norrænu ráðherranefndarinnar.
- e. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 29,4 m.kr. vegna leiðréttingar á samningsbundnum framlögum til Evrópuráðsins.
- f. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 13,8 m.kr. vegna leiðréttingar á samningsbundnum rekstrarframlögum til Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA).
- g. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 7,2 m.kr. vegna leiðréttingar á samningsbundnum rekstrarframlögum til Norðurskautsráðsins, Eystrasaltsráðsins og Barentsráðsins.
- h. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 4,1 m.kr. vegna leiðréttingar á samningsbundnum rekstrarframlögum til Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).

05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla


Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarðar sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                         | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-----------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla   |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 05.10 Skattar og innheimta .....        | 10.524,3                                 | 10.553,2                              | 10.854,3                  | 2,9                       | 3,1                    |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti ..... | 10.524,3                                 | 10.553,2                              | 10.854,3                  | 2,9                       | 3,1                    |
| 05.20 Eignaumsýsla ríkisins .....       | 3.929,7                                  | 3.321,7                               | 2.979,0                   | -10,3                     | -24,2                  |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti ..... | 3.929,7                                  | 3.321,7                               | 2.979,0                   | -10,3                     | -24,2                  |
| 05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins .....    | 5.389,2                                  | 6.753,7                               | 5.153,9                   | -23,7                     | -4,4                   |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti ..... | 5.389,2                                  | 6.753,7                               | 5.153,9                   | -23,7                     | -4,4                   |
| 05.40 Stjórnýsla ríkisfjármála .....    | 10.118,9                                 | 10.571,1                              | 10.844,6                  | 2,6                       | 7,2                    |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti ..... | 10.118,9                                 | 10.571,1                              | 10.844,6                  | 2,6                       | 7,2                    |
| Samtals .....                           | 29.962,1                                 | 31.199,7                              | 29.831,8                  | -4,4                      | -0,4                   |

<sup>1</sup>Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>2</sup>Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins .

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.



Heildargjöld málefнасviðs 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla árið 2026 eru áætluð 29,8 ma.kr. og lækka um 2,3 ma.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til -7,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 1,4 ma.kr. milli ára eða sem svarar til -4,4 %.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Breyting á fjárheimildum málefнасviðsins er í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar fyrir málefнасviðið í fjármálaáætlun 2026–2030 um betri og hagkvæmari ríkisrekstur. Hagræðingarkröfum er mætt með áherslum á hagkvæmari innkaup, breytingum á jafnlaunavottun og frestun verkefna auk almennrar aðhaldskröfu. Þó eru áfram áherslur á þróun upplýsingatækni til að auka skilvirkni í störfum og bæta þjónustu við almenning.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                              | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|----------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| <b>05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla</b> |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....                        | 24.883,2                                 | 26.688,4                              | 25.559,3                  | -4,2                      | 2,7                    |
| Rekstrartilfærslur .....                     | 1.005,0                                  | 876,9                                 | 876,9                     | 0,0                       | -12,7                  |
| Fjármagnstilfærslur .....                    | 136,9                                    | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -100,0                 |
| Fjárfestingarframlög .....                   | 3.937,0                                  | 3.634,4                               | 3.395,6                   | -6,6                      | -13,8                  |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>                  | <b>29.962,1</b>                          | <b>31.199,7</b>                       | <b>29.831,8</b>           | <b>-4,4</b>               | <b>-0,4</b>            |
| Rekstrartekjur .....                         | -                                        | 7.476,6                               | 6.237,7                   | -16,6                     | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....                  | -                                        | 23.723,1                              | 23.594,1                  | -0,5                      | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....                    | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>              | <b>-</b>                                 | <b>31.199,7</b>                       | <b>29.831,8</b>           | <b>-4,4</b>               | <b>-</b>               |

<sup>1</sup>Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>2</sup>Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspeglar breytta skipan Stjórnarráðsins.

### 05.10 Skattar og innheimta

Skattframkvæmd er á hendi Skattsins og yfirskattanefndar. Fjármála- og efnahagsráðherra er æðsti yfirmaður skattamála og fer hann með stefnumótun, almenn samskipti og eftirlit með stofnunum sem sinna skattframkvæmd.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.



| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                                                           | Framkvæmdaraðili                                                                | Breyting á fjárveitingu |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Bæta skattskil og tekjuöflun til sameiginlegra útgjalda</b>                                                                                                                                                                                      |                                                                                 |                         |
| Áfram verður unnið að eflingu skattrannsóknna og skatteftirlits með áherslu á áhættumiðað eftirlit auk samtímaeftirlits samhliða eflingu stafræns umhverfis.                                                                                                   | Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Skatturinn                                   | Innan ramma             |
| Áframhaldandi skoðun á reglum um reiknuð laun og reglum um frádrátt frá tekjum í atvinnurekstri.                                                                                                                                                               | Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Skatturinn                                   | Innan ramma             |
| Unnið verður að breytingum á ákvæðum laga um virðisaukaskatt, um uppgjörstímabil og gjalddaga og ákvæðum tollalaga um uppgjör virðisaukaskatts í tolli og, eftir atvikum, greiðslufrest á öðrum aðflutningsgjöldum.                                            | Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Skatturinn                                   | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Efla þjónustu og upplýsingagjöf við einstaklinga og fyrirtæki</b>                                                                                                                                                                                |                                                                                 |                         |
| Möguleikar til einföldunar sem leiða af nýrri tækni með viðhlitandi breytingum á regluverki verða áfram til skoðunar. Með enn frekari stafvæðingu er hægt að veita skilvirkari þjónustu sem tryggir betri árangur.                                             | Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Skatturinn                                   | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Skattkerfi styðji við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og nýsköpun</b>                                                                                                                                                                        |                                                                                 |                         |
| Áframhaldandi vinna við innleiðingu á nýju tekjuöflunarkerfi vegna umferðar og orkuskipta í formi kílómetragjalds vegna notkunar ökutækja. Unnið verði að frekari aðgreiningu á skattlagningu ökutækja sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og hreinorkuökutækja. | Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Skatturinn                                   | 80 m.kr.                |
| Áfram verði unnið að umbótum á regluverki, stjórnsýslu og fjárhagslegri umgjörð um stuðningskerfi við rannsóknir og þróun. <sup>1</sup>                                                                                                                        | Fjármála- og efnahagsráðuneytið og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið | Innan ramma             |

<sup>1</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 7.2.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 10.854,3 m.kr. og lækkar um 149,8 m.kr. eða 1,4% frá gildandi fjárlögum, að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 450,9 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er augin um 80 m.kr. vegna áframhaldandi vinnu við innleiðingu á nýju tekjuöflunarkerfi vegna umferðar og orkuskipta.
- Sértekjur voru ofátlaðar í fjárlögum ársins 2024 og eru fjárheimildir (gjöld og tekjur) lækkaðar um 152,4 m.kr. milli ára. Þessi breyting hefur ekki áhrif á heildarafkomu ríkissjóðs.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins er 176,7 m.kr.

### 05.20 Eignaumsýsla ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með yfirumsjón og fyrirsvar eigna í eigu ríkisins, þ.m.t. í félögum, fasteignum, jörðum og auðlindum, auk þess að vera ábyrgðaraðili opinberra framkvæmda. Starfsemi sem hér fellur undir er að hluta falin Framkvæmdasýslunni – Ríkiseignum. Í almenntri eigendastefnu fyrir félög í eigu ríkisins og eigendastefnu vegna jarða, landa, lóða og auðlinda í ríkiseigu eru lagðar línur um hvernig standa skuli að eignaumsýslu og eftirliti með þeim eignum.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                              | Framkvæmdaraðili                                                  | Breyting á fjárveitingu |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Bætt yfirsýn, aukð gagnsæi og samfélagslega arðbær og ábyrgur rekstur eigna í eigu ríkisins</b>                                                                                     |                                                                   |                         |
| Arðsemiskrafa sett fyrir stærri ríkisfyrirtæki. Stefna útgefin varðandi arðgreiðslustefnur og fjármagnsskipan stærri ríkisfyrirtækja.                                                             | Fjármála- og efnahagsráðuneytið                                   | Innan ramma             |
| Rekstrarúttekt á stærstu fyrirtækjum ríkisins.                                                                                                                                                    | Fjármála- og efnahagsráðuneytið                                   | Innan ramma             |
| Eigendastefna endurskoðuð og viðaukar birtir fyrir fjármála- og orkufyrirtæki.                                                                                                                    | Fjármála- og efnahagsráðuneytið                                   | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Markvissari stýring á fjárfestingum ríkisins</b>                                                                                                                                    |                                                                   |                         |
| Frumvarp lagt fram um fjárfestingar ríkisins sem felur í sér heildarendurskoðun á nógildandi regluverki með áherslu á bætta umgjörð og samræmda málsmæðferð ólíkra fjárfestinga á vegum ríkisins. | Fjármála- og efnahagsráðuneytið                                   | Innan ramma             |
| Átak í bættri húsnæðisnýtingu og auknum samrekstri hjá ríkistofnunum með því að taka á leigu stærri og hagkvæmari einingar og selja óhentugt húsnæði.                                             | Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir | Innan ramma             |
| Hefja undirbúning á yfirfærslu fasteigna hjá Landspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri í miðlæga eignaumsýslu.                                                                                    | Fjármála- og efnahagsráðuneytið og NLSH ohf.                      | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Aukin sjálfbærni og hagkvæm nýting lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins</b>                                                                                                |                                                                   |                         |
| Aukin auðlindanýting á ríkisjörðum þar sem endurgjald til ríkissjóðs tekur mið af markaðsforsendum.                                                                                               | Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir | Innan ramma             |
| Auglýsing sérleyfa eða rekstrarleyfissamninga vegna áforma um uppbyggingu á starfsemi eða innviðum í samræmi regluverk um nýtingu á landi ríkisins í atvinnuskyni.                                | Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir                                    | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 2.979 m.kr. og lækkar um 406,3 m.kr. eða 12,2% frá gildandi fjárlögum, að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 63,6 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Vegna aðhalds er felld niður 250 m.kr. fjárheimild á vegum Stjórnarráðsins vegna frestunar endurbóta gamla Hæstaréttar.
- b. Fjárheimild að fjárhæð 53 m.kr. vegna Bankasýslu ríkisins er millifærð af málaflokknum á málaflokkinn Stjórnsýsla ríkisfjármála, til að standa straum af kostnaði við breytt fyrirkomulag við skipan stjórna ríkisfyrirtækja.
- c. Önnur hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 111,8 m.kr.

05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með yfirstjórn ríkisrekstrar og vinnur að gagnsæjum rekstri ríkisins og einföldu skipulagi sem tryggir góða þjónustu. Hlutverk ráðuneytisins í umbótum í ríkisrekstri er víðtækt og nær m.a. til stafvæðingar hins opinbera, hagræðingar í ríkisrekstri, mannauðsstjórnunar og árangursstjórnunar. Undir málaflokkinn falla þær stofnanir sem annast rekstrarlega innviði ríkiskerfisins og veita miðlæga grunnþjónustu til ríkisstofnana í mannauðsmálum, fjármálum, innkaupum og upplýsingatækni, þ.e. Fjársýsla ríkisins og Umbra, þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins og Verkefnastofa um Stafrænt Ísland.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                 | Framkvæmdaraðili              | Breyting á fjárveitingu |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------|-------------------------|
| Markmið 1: Betri og skilvirkari þjónusta ríkisstofnana                                                                               |                               |                         |
| Heilsuupplýsingar fluttar af Heilsuveru á Mínar síður Ísland.is                                                                      | Stafrænt Ísland               | Innan ramma             |
| Bætt samskipti við einstaklinga og fyrirtæki í gegnum Stafræna pósthólfið og Mínar síður Ísland.is                                   | Stafrænt Ísland               | Innan ramma             |
| Innleiðing samræmds þjónustukerfis hjá ríkisstofnunum sem skilar ávinningi þvert á stofnanakerfið og tækifærum til bættrar þjónustu. | Stafrænt Ísland               | Innan ramma             |
| Aukið aðgengi að upplýsingum og þjónustu Skattsins á Ísland.is                                                                       | Stafrænt Ísland og Skatturinn | Innan ramma             |

**Markmið 2: Efla ríkið sem góðan vinnustað og styrkja hæfni þess til að veita góða opinbera þjónustu**

|                                                                                                                                                                                                                                                                                      |                                 |             |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------|-------------|
| Vinna hafin við aðgerðaráætlun í mannauðsmálum 2025-2028 í takt við framtíðarsýn og áherslur í stefnu ríkisins í mannauðsmálum.                                                                                                                                                      | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Innan ramma |
| Þróa og útfæra frekar tillögur aðgerðarhóps um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði um virðismatskerfi starfa. Í því felst m.a. samstarf við að þróa virðismatskerfi sem samræmist markmiðum um launajafnrétti, gæði opinberrar þjónustu og stefnumiðaðrar mannauðsstjórnunar. | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Innan ramma |

**Markmið 3: Öflugri og vistvænni rekstur ríkisstofnana**

|                                                                                       |                                 |             |
|---------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------|-------------|
| Innleiðing gervigreindar í Stjórnarráði Íslands.                                      | Umbra                           | Innan ramma |
| Útgáfa sameiginlegra tæknilegra lágmarksviðmiða fyrir stofnanir.                      | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Innan ramma |
| Mælaborð innkaupa og viðeigandi aðgerðastuðningur innleiddur til allra ríkisstofnana. | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Innan ramma |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 5.153,9 m.kr. og lækkar um 1.791,1m.kr., eða 26,5% frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 191,3 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 1.439,5 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi innkaupamála ríkisins eftir að Ríkiskaup sameinuðust Fjársýslu ríkisins.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 264 m.kr. en samrekstrarþjónusta í upplýsingatækni hjá Umbru – þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins hefur ekki þróast líkt og áætlanir gerðu ráð fyrir. Breytingarnar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem þær hafa samsvarandi áhrif á tekjuhlíð.
- Stuðningur við innkaupaþjónustu Fjársýslu ríkisins, fjárheimild aukin um 50 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 14,9 m.kr. vegna fækkunar ráðherrabilstjóra.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 76,1 m.kr.

**05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála**

Undir málaflokkinn fellur aðalskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytis, ráðstöfunarfé og ýmis önnur verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefнасvið eða málaflokka. Fjármunir sem ráðstafað er í verkefni Kjara- og mannauðssýslu ríkisins og verkefnastofu um Stafrænt Ísland falla undir málaflokkinn en gerð er grein fyrir markmiðum og áherslum þessara verkefna í málaflokki 5.3.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                          | Framkvæmdaraðili                                      | Breyting á fjárveitingu |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Skýrari tengingar milli stefnu, fjármuna og árangurs</b>                                                                                                                                                        |                                                       |                         |
| Áframhaldandi þróun á árangursmælaborði á vef Stjórnarráðsins. <sup>1</sup>                                                                                                                                                   | Fjármála- og efnahagsráðuneytið                       | Innan ramma             |
| Birting miðlægra lykilárangursmælikvarða (KPIs) í rekstri og þjónustu ríkisins, þvert á stofnanir og þjónustu ríkisins.                                                                                                       | Fjármála- og efnahagsráðuneytið                       | Innan ramma             |
| Aukin eftirfylgni með upplýsingagiöf ráðuneyta um stöðu aðgerða innan ársins m.t.t. markmiða sem sett hafa verið fram í mælaborði árangurs á vef Stjórnarráðsins, auk annarra áhersluverkefna sem tengjast stefnu ríkisaðila. | Fjármála- og efnahagsráðuneytið                       | Innan ramma             |
| Þróun aðferða og leiðbeininga sem miða að því að jafnréttismat fjárlagatillagna taki í auknum mæli til fleiri breyta en kyns.                                                                                                 | Fjármála- og efnahagsráðuneytið                       | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Bætt upplýsingagiöf um fjármál og rekstur ríkisins</b>                                                                                                                                                          |                                                       |                         |
| Uppfæra opnirreikningar.is með nýju viðmóti og skilvirkari gögnum.                                                                                                                                                            | Fjársýsla ríkisins                                    | Innan ramma             |
| Tíðari uppfærslur gagna á ríkisreikningur.is                                                                                                                                                                                  | Fjársýsla ríkisins                                    | Innan ramma             |
| Séryfirlit í ríkisreikningi birt á vef gegnum Power BI skýrslur.                                                                                                                                                              | Fjársýsla ríkisins                                    | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Bætt áætlanagerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins</b>                                                                                                                                                      |                                                       |                         |
| Breytingar á verklagi við fjárstýringu ríkissjóðs til að nýta fjármagn ríkissjóðs á hagkvæmari hátt.                                                                                                                          | Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Fjársýsla ríkisins | Innan ramma             |
| Innleiða reglugerð um innri endurskoðun hjá ríkinu í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál.                                                                                                                              | Fjársýsla ríkisins                                    | Innan ramma             |
| Markvissari fjárfestingaáætlanir í áætlunarkerfi ríkisaðila.                                                                                                                                                                  | Fjársýsla ríkisins                                    | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 10.844,6 m.kr. og hækkar um 50,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 223,4 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 60 m.kr. vegna höfundarréttargreiðsna.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 53 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi við skipan stjórna ríkisfyrirtækja, um er að ræða millifærslu á fjárheimildum Bankasýslu ríkisins sem tilheyrði málaflokki Eignaumsýslu ríkisins.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 215 m.kr., þar af er 53 m.kr. aðhaldskrafa á aðalskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna 3% sértækrar hagræðingarkröfu á aðalskrifstofur ráðuneyta.

06 Hagskýrslugerð og grunnskrár

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, dómsmálaráðherra og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra. Undir það heyrir einn málaflokkur sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.


|                                                         | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár                         |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál ..... | 3.553,7                                  | 3.360,5                               | 3.440,5                   | 2,4                       | -3,2                   |
| 01 Forsætisráðuneyti .....                              | 2.048,7                                  | 1.993,8                               | 2.082,1                   | 4,4                       | 1,6                    |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....                              | 1.262,4                                  | 1.306,2                               | 1.298,5                   | -0,6                      | 2,9                    |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....                 | 35,1                                     | 60,5                                  | 59,9                      | -1,0                      | 70,7                   |
| 14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti .....        | 207,5                                    |                                       |                           |                           | -100,0                 |
| Samtals .....                                           | 3.553,7                                  | 3.360,5                               | 3.440,5                   | 2,4                       | -3,2                   |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.



Heildargjöld málefnasviðs 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár árið 2026 eru áætluð 3.440,5 m.kr. og lækka um 60,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 1,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 80 m.kr. milli ára eða sem svarar til 2,4%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangs röðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun. Aðhaldsmarkmið málefnasviðsins felur m.a. í sér sértækar aðhaldsráðstafanir vegna aukinnar hagræðingar í opinberum innkaupum og endurskoðunar jafnlaunavottunar auk almennrar aðhaldskröfu á málefnasviðið.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 3.445,7                                  | 3.286,6                               | 3.365,1                   | 2,4                       | -2,3                   |
| Rekstrartilfærslur .....        | 4,6                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -100,0                 |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....      | 103,4                                    | 73,9                                  | 75,4                      | 2,0                       | -27,1                  |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>3.553,7</b>                           | <b>3.360,5</b>                        | <b>3.440,5</b>            | <b>2,4</b>                | <b>-3,2</b>            |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 735,7                                 | 699,1                     | -5,0                      | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 2.624,8                               | 2.741,4                   | 4,4                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>3.360,5</b>                        | <b>3.440,5</b>            | <b>2,4</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfellum hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspeglar breytta skipan Stjórnarráðsins.

06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Undir málaflokknum eru tvær stofnanir og verkefni. Hagstofa Íslands heyrir undir forsætisráðherra og Þjóðskrá Íslands heyrir undir dómsmálaráðherra. Málefni upplýsingatækni og stafrænnar þjónustu í ríkisrekstri heyra undir fjármála- og efnahagsráðherra og endurnot opinberra upplýsinga heyra undir menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                             | Framkvæmdaraðili                                                              | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Bæta aðgengi og tímanleika hagtalna</b>                                                                                                            |                                                                               |                         |
| Endurbætur á þjóðhagsreikningum með áherslu á framleiðsluuppgjör.                                                                                                | Hagstofa Íslands                                                              | Innan ramma             |
| Frekari þróun á fyrirtækjaskrá með upplýsingum um starfsstöðvar.                                                                                                 | Hagstofa Íslands                                                              | Innan ramma             |
| Innleiðing á samræmdum gagnaarkitektúr og styrking rekstraröryggis tækniinnviða.                                                                                 | Hagstofa Íslands                                                              | Innan ramma             |
| Nýtt þjóðskrárkerfi (uppfærsla gagnagrunna og innfærsla nýrra skráningarupplýsinga) sem vistað er í skýi.                                                        | Þjóðskrá Íslands                                                              | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Bæta gæði, framboð og aðgengi að opnum gögnum</b>                                                                                                  |                                                                               |                         |
| Afhending fleiri skilríkja, sem framleidd eru af þjóðskrá, á aðgengilegum stað með rúman opnunartíma. Þjónusta til hagsbóta fyrir fólkið í landinu.              | Þjóðskrá Íslands                                                              | Innan ramma             |
| Skilríki; innleiðing nýrra vegabréfa með öryggiskröfum í samræmi við alþjóðastaðla, ásamt hugbúnaði og tækjum til persónugæðar.                                  | Þjóðskrá Íslands                                                              | Innan ramma             |
| Uppfærsla á Þjóðskrá og miðlun gagna með skilvirkari hætti m.t.t. persónuverndar, öryggis gagna o.fl.                                                            | Þjóðskrá Íslands                                                              | Innan ramma             |
| Þróun gagnagáttar fyrir endurnot opinberra upplýsinga.                                                                                                           | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti | Innan ramma             |
| Mótun gagnastefnu Íslands og aðgerðaáætlun sem tekur m.a. á endurnotum opinberra gagna.                                                                          | Fjármála- og efnahagsráðuneyti og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |
| Mótun og birting tæknilegra viðmiða um högun gagna ríkisins.                                                                                                     | Fjármála- og efnahagsráðuneyti                                                | Innan ramma             |
| Heildstæð kortlagning gagna og uppbygging á dreifstýrðum gagnainnviðum ríkisins með samræmdu skipulagi.                                                          | Stafrænt Ísland                                                               | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Auka framboð öruggrar, stafrænnar þjónustu</b>                                                                                                     |                                                                               |                         |
| Þróun á rafrænni kjörskrá.                                                                                                                                       | Þjóðskrá Íslands                                                              | innan ramma             |
| Fýsileikakönnun og greining um tæknisamstæðu um rekstur og þróun grunnskráa ríkisins.                                                                            | Fjármála- og efnahagsráðuneyti, dómsmálaráðuneyti                             | Innan ramma             |
| Áframhaldandi þróun stafræns meðmælakerfis vegna kosninga.                                                                                                       | Þjóðskrá Íslands                                                              | Innan ramma             |
| Þróun á samræmdu auðkenni, „gerviauðkenni“, fyrir stofnanir eins og heilbrigðisstofnanir og löggæslu vegna einstaklinga sem ekki með eru með íslenska kennitölu. | Þjóðskrá Íslands                                                              | Innan ramma             |
| Áframhaldandi stafrænt aðgengi að aðgerðum hjá þjóðskrá og notkun á stafrænu pósthólfi.                                                                          | Þjóðskrá Íslands                                                              | Innan ramma             |



Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 3.440,5 m.kr. og lækkar um 60,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 140,6 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimildir málaflokksins hækka um 20 m.kr. vegna almenns útgjaldasvigrúms til Hagstofu Íslands.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 50,4 m.kr. og er hlutfallslega skipt niður á stofnanir og verkefni málaflokks.

07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, fyrir utan ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun sem heyrir undir forsætisráðherra og málefni Matvælasjóðs og faggildingarviðs Hugverkastofu sem heyra undir atvinnuvegaráðherra. Undir það heyra tveir málaflokkar sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.


| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| <b>07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknnum.....</b> | <b>12.975,4</b>                          | <b>12.776,6</b>                       | <b>13.006,0</b>           | <b>1,8</b>                | <b>0,2</b>             |
| 04 Atvinnuvegaráðuneyti .....                               | 514,2                                    | 509,6                                 | 497,6                     | -2,4                      | -3,2                   |
| 17 Menningar-, nýsköpunar- og háskólar. ....                | 12.461,2                                 | 12.267,0                              | 12.508,4                  | 2,0                       | 0,4                    |
| <b>07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar.....</b>   | <b>24.662,8</b>                          | <b>24.920,5</b>                       | <b>24.180,4</b>           | <b>-3,0</b>               | <b>-2,0</b>            |
| 04 Atvinnuvegaráðuneyti .....                               | 85,1                                     | 65,1                                  | 67,6                      | 3,8                       | -20,6                  |
| 17 Menningar-, nýsköpunar- og háskólar. ....                | 24.577,7                                 | 24.855,4                              | 24.112,8                  | -3,0                      | -1,9                   |
| <b>Samtals .....</b>                                        | <b>37.638,2</b>                          | <b>37.697,1</b>                       | <b>37.186,4</b>           | <b>-1,4</b>               | <b>-1,2</b>            |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1</sup> og <sup>2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árána 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 07 *Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar* árið 2026 eru áætluð 37.186,4 m.kr. og lækka um 321,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025, eða sem svarar til 0,9%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 510,7 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 1,4%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| Rekstrarframlög .....                       | 1.168,8                                  | 1.421,3                               | 1.385,6                   | -2,5                      | 18,5                   |
| Rekstartilfærslur .....                     | 7.495,8                                  | 6.601,5                               | 4.435,8                   | -32,8                     | -40,8                  |
| Fjármagnstilfærslur .....                   | 28.973,2                                 | 29.618,4                              | 31.292,2                  | 5,7                       | 8,0                    |
| Fjárfestingarframlög .....                  | 0,4                                      | 55,9                                  | 72,8                      | 30,2                      | 18.100,0               |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>                 | <b>37.638,2</b>                          | <b>37.697,1</b>                       | <b>37.186,4</b>           | <b>-1,4</b>               | <b>-1,2</b>            |
| Rekstrartekjur .....                        | -                                        | 961,1                                 | 997,7                     | 3,8                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....                 | -                                        | 36.736,0                              | 36.188,7                  | -1,5                      | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....                   | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>             | <b>-</b>                                 | <b>37.697,1</b>                       | <b>37.186,4</b>           | <b>-1,4</b>               | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

Málaflokkurinn nær yfir starfsemi Vísinda- og nýsköpunarráðs, samkeppnissjóði á sviðum vísinda og nýsköpunar, s.s. Rannsóknasjóð, Tækniþróunarsjóð og Innviðasjóð, stefnumótandi fjármögnun, svo sem Markáætlun og Matvælasjóð, og samstarfsáætlanir ESB 2021–2027.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri o.fl. Tengsl eru milli áskorana, tækifæra, markmiða og verkefna í málaflokki 7.1 og á málefnasviði 21.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins.

Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                         | Framkvæmdaraðili                                                 | Breyting á fjárveitingu  |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------|--------------------------|
| <b>Markmið 1: Vísindastarf á heimsmaelikvarða</b>                                                                                                                                                            |                                                                  |                          |
| Samræmdur gagnagrunnur og innleiðing nýrra laga um samkeppnissjóði í rannsóknum og nýsköpun í þágu einföldunar, aðgengileika, aukinnar skilvirkni og betri þjónustu.                                         | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og fjármálaráðuneyti | Innan ramma              |
| Heildræn endurskoðun á opinberu stuðningskerfi rannsókna og nýsköpunar, með markmið um aukna skilvirkni og samhæfingu frá hugmynd til samfélags og markaðar.                                                 | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                      | Innan ramma              |
| Stuðningur við alþjóðlegt samstarf háskóla og rannsóknastofnana í gegnum alþjóðlegar áætlanir sem leiða til sambirtinga vísindagreina                                                                        | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                      | Innan ramma              |
| Greining á aðgengi íslenska vísinda- og nýsköpunarsamfélagsins að innlendum rannsókna- og tækniinnviðum og mat á þörf fyrir uppbyggingu hér á landi. <sup>1</sup>                                            | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                      | Innan ramma              |
| <b>Markmið 2: Hagnýting hugvits og nýskapandi lausnir á brýnum samfélagslegum áskorunum</b>                                                                                                                  |                                                                  |                          |
| Stefnumótun um opin og ábyrg vísindi til að tryggja aðgang að gögnum og niðurstöðum rannsókna á Íslandi svo vísindastarf nýtist samfélaginu sem best, án þess að ógna öryggi þess. <sup>2</sup>              | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                      | Innan ramma              |
| Úthlutun úr „Markáætlun um náttúruvá“ til stuðnings rannsókna- og nýsköpunarverkefnum um aukið viðbragðsþol samfélagsins gagnvart náttúruvá.                                                                 | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                      | Innan ramma <sup>2</sup> |
| Endurskipulag Markáætlunar til að styðja betur við áherslur stjórnvalda í vísindum og nýsköpun gagnvart brýnum samfélagslegum áskorunum                                                                      | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                      | Innan ramma              |
| <b>Markmið 3: Virkt alþjóðlegt samstarf á sviði menntunar, vísinda og nýsköpunar</b>                                                                                                                         |                                                                  |                          |
| Aðild og þátttaka í gervigreindarmiðstöð Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.                                                                                                                                    | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                      | Innan ramma              |
| Markviss þátttaka og hagsmunagæsla stjórnvalda og stofnana í alþjóðastarfi og stefnumörkun á sviði vísinda, menntunar og nýsköpunar. Sérstaklega verður horft til Samstarfsáætlana ESB fyrir árin 2028–2034. | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                      | 549,3 m.kr               |
| Stutt við þátttöku íslensks rannsókna- og nýsköpunarsamfélags í evrópskum rannsókna- og tækniinnviðum.                                                                                                       | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                      | Innan ramma              |

<sup>1</sup>. Verkefnið styður jafnframt við markmið 2 í málaflokki 21.10.

<sup>2</sup>. Verkefnið styður jafnframt við markmið 3 í málaflokki 21.10.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 13.006 m.kr. og hækkar um 464,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa-, gengis- og verðlagsbreytingum en þær nema -235 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skipingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 549,3 m.kr. til að standa straum af kostnaði Íslands við þátttöku í rammaáætlun ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun. Kostnaðarhlutdeild Íslands eykst milli ára því hún ræðst af landsframleiðslu aðildarríkja sem hefur aukist meira að meðaltali á Íslandi en í öðrum löndum sem eiga aðild að áætluninni.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 77 m.kr. og er útfært hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

Málaflokkurinn nær yfir stuðningsumhverfi og aðgerðir í þágu nýsköpunar, hugvitsiðnaðar og skapandi greina, t.d. hönnun, kvikmyndir og tónlist. Undir málaflokkinn heyra m.a. Nýsköpunarsjóðurinn Kría, Hugverkastofa, styrkir til nýsköpunarfyrirtækja í formi skattendurgreiðslna vegna rannsókna og þróunar og endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar og hljóðritunar á tónlist. Málefni gervigreindar heyra einnig undir málaflokkinn.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                                                                    | Framkvæmdaraðili                            | Breyting á fjárveitingu |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------|-------------------------|
| Markmið 1: Bætt samkeppnisstaða í alþjóðlegu samhengi                                                                                                                                                                                                                   |                                             |                         |
| Miðstöð gervigreindar og málækni sett á stofn, með skilgreint hlutverk og verkefnaáætlun, m.a. hvað varðar stafræna færni, gagnalæsi og starfsþróun á landsvísu.                                                                                                        | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | 250 m.kr.               |
| Endurskoðun laga um endurgreiðslur til kvikmyndagerðar m.t.t. aukins fyrirsjáanleika, stuðnings við innlenda framleiðslu og samkeppnishæfni. Áframhaldandi stuðningur við kvikmyndagerð og hljóðritun tónlistar á Íslandi í formi endurgreiðslna á framleiðslukostnaði. | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |
| Áframhaldandi stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki en jafnframt verður heildarendurskoðun á regluverki með það að markmiði að tryggja markkvissan stuðning.                                                                                                               | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | 1.460,6 m.kr.           |
| Aðgerðir til að efla reiknigetu og stafræna innviði fyrir þróun gervigreindarlausna, þar á meðal samstarfsfyrirkomulag við evrópska gervigreindarverksmiðju (e. <i>AI Factory</i> ).                                                                                    | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |

**Markmið 2: Aukin hagnýting tæknilausna í þágu samfélagslegra áskorana<sup>1</sup>**

|                                                                                                                                                                                                                    |                                                                     |             |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------|-------------|
| Mótun heildstæðrar löggjafar á sviði gervigreindar sem inniheldur kröfur um gagnsæi, ábyrgð, öryggi og eftirlit með gervigreindarkerfum og -líkönum og stuðlar þannig að ábyrgri þróun og innleiðingu tæknilausna. | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                         | Innan ramma |
| Samstarfsverkefni háskóla, heilbrigðisstofnana og atvinnulífs um innleiðingu nýsköpunar í heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. innleiðingu gervigreindar.                                                                   | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti | innan ramma |
| Stuðningur við nýsköpun í innlendri matvælaframleiðslu í þágu sjálfbærni og minni losunar.                                                                                                                         | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og atvinnuvegaráðuneyti | Innan ramma |
| Nýsköpunarsjóðurinn Kría styðji markvisst við fjármögnun sprota- og nýsköpunarfyrirtækja og fjármagni sjóði í samræmi við samfélagslegar áskoranir og áherslur stjórnvalda.                                        | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                         | Innan ramma |

**Markmið 3: Ný störf skapist í þekkingargeiranum**

|                                                                                                                                                                                       |                                             |             |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------|-------------|
| Stuðlað verði að því að auka veg skapandi greina við framtíðarþróun íslensks vinnumarkaðar. Áframhaldandi stuðningur við Rannsóknasetur skapandi greina.                              | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma |
| Aðgerðir til að auka þátttöku fjölbreyttra hópa í fjárfestingarumhverfi nýsköpunar, m.a. í gegnum Nýsköpunarsjóðinn Kríu.                                                             | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma |
| Endurskipulag á starfsemi frumkvöðlasetra, þekkingar- og nýsköpunarsetra og stafrænna smiðja (FabLab), með áherslu á að fjölga störfum í þekkingargeiranum um land allt. <sup>2</sup> | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma |
| Umgjörð doktorsnáms eflað og unnið að hvötum sem auka samstarf doktorsnema við fyrirtæki um land allt sem kunna að tengjast námi þeirra. <sup>3</sup>                                 | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma |

<sup>1.</sup> Markmiðinu hefur verið breytt í samræmi við áherslur stjórnvalda í málaflokknum frá því sem birt var í mælaborði árangurs á vefsíðu Stjórnarráðsins í júní sl.

<sup>2.</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 21.10.

<sup>3.</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 21.10.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 24.180,4 m.kr. og lækkar um 786,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 46,2 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnar eru endurgreiðslur vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar til fyrirtækja gerðar varanlegar og eykst því fjárheimild um 4.000 m.kr. Vegna breyttra forsendna liðarins og aukins eftirlits lækkar fjárheimildin um 2.539,4 m.kr. Heildaráhrif á málaflokkinn vegna endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar til fyrirtækja er því kr. 1.460,6 m.kr. hækkun.

- b. Í samræmi við áherslumál ríkisstjórnar er gert ráð fyrir að veita 250 m.kr. framlag á málaflokkinn til að efla nýsköpun með sérstakri áherslu á gervigreind.
- c. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 20 m.kr. til að mæta auknum verkefnum í hönnun og skapandi greinum.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 82 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður.
- e. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 1.319 m.kr., sem skýrist að megninu til að gert er ráð fyrir að dregið verði úr framlagi til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi um 1,1 ma.kr. vegna fyrirhugaðrar breytinga á fyrirkomulagi endurgreiðslnanna.

## 08 Sveitarfélög og byggðamál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð innviðaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í stefnumótandi áætlunum fyrir hvorn málaflokk. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                       | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 08 Sveitarfélög og byggðamál          |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 08.10 Framlög til sveitarfélaga ..... | 30.179,0                                 | 34.589,2                              | 37.536,1                  | 8,5                       | 24,4                   |
| 10 Innviðaráðuneyti .....             | 30.179,0                                 | 34.589,2                              | 37.536,1                  | 8,5                       | 24,4                   |
| 08.20 Byggðamál .....                 | 2.568,9                                  | 2.214,0                               | 1.892,6                   | -14,5                     | -26,3                  |
| 01 Forsætisráðuneyti .....            | 194,4                                    | 211,6                                 | 65,9                      | -68,9                     | -66,1                  |
| 10 Innviðaráðuneyti .....             | 2.374,5                                  | 2.002,4                               | 1.826,7                   | -8,8                      | -23,1                  |
| Samtals .....                         | 32.747,9                                 | 36.803,2                              | 39.428,7                  | 7,1                       | 20,4                   |


<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

### Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árana 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 08 Sveitarfélög og byggðamál árið 2026 eru áætluð 39.428,7 m.kr. og aukast um 1.529 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 4,2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.626 m.kr. milli ára eða sem svarar til 7,1%.



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Stefna stjórnvalda í málaflokksnum er mörkuð í þingsályktunum um byggðaaætlun og um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga. Málefnasviðið tekur á sig 1% aðhald frá fjárlögum 2025 sem dreift hefur verið hlutfallslega jafnt á þau verkefni sem ekki eru lögbundin.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 08 Sveitarfélög og byggðamál    |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 555,6                                    | 1.537,7                               | 1.379,1                   | -10,3                     | 148,2                  |
| Rekstrartilfærslur .....        | 32.192,1                                 | 35.265,5                              | 38.049,6                  | 7,9                       | 18,2                   |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....      | 0,2                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -100,0                 |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>32.747,9</b>                          | <b>36.803,2</b>                       | <b>39.428,7</b>           | <b>7,1</b>                | <b>20,4</b>            |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 36.803,2                              | 39.428,7                  | 7,1                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>36.803,2</b>                       | <b>39.428,7</b>           | <b>7,1</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

08.10 Framlög til sveitarfélaga

Starfsemi málaflokksins er í höndum innviðaráðuneytisins og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem er á ábyrgð innviðaráðherra en ný heildarlög um Jöfnunarsjóð voru samþykkt á Alþingi í júlí 2025. Hlutverk sjóðsins er að greiða sveitarfélögum framlög til jöfnunar á tekjum þeirra og útgjaldaþörf á grundvelli laga, reglugerða og vinnureglna um starfsemi sjóðsins. Tilgangurinn er að sveitarfélögin standi á jafnari grunni, að teknu tilliti til land- og lýðfræðilegra þátta, auk fjárhagslegs styrks til að sinna sínum lögbundnu verkefnum. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Í þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga er mörkuð stefna stjórnvalda til 15 ára og aðgerðaáætlun til fimm ára. Núgildandi stefna gildir fyrir árin 2024–2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028. Markmið stjórnvalda eru að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær og ýti undir lýðræðislega virkni íbúa, ásamt því að sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga verði virt og tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu. Stefnan er samhæfð við aðrar stefnur og áætlanir ráðuneytisins eins og við á hverju sinni.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram

endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                        | Framkvæmdaraðili                                                       | Breyting á fjárveitingu |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Sveitarfélög á Íslandi verði öflugur og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi</b>                      |                                                                        |                         |
| Endurskoðun regluverks um reikningsskil sveitarfélaga.                                                                      | Innviðaráðuneyti                                                       | Innan ramma             |
| Heildarendurskoðun um grundvöll úthlutunar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á grunnskólaframlögum til sveitarfélaga.             | Innviðaráðuneyti                                                       | Innan ramma             |
| Mótun viðmiða um sjálfbæra þróun sveitarfélaga á sviði fjármála, samfélags og umhverfis.                                    | Innviðaráðuneyti                                                       | Innan ramma             |
| Stuðla að aukinni kosningaþátttöku í sveitarstjórnarkosningum og almennri lýðræðisþátttöku íbúa.                            | Samband íslenskra sveitarfélaga, innviðaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga verði virt og sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu tryggð</b> |                                                                        |                         |
| Endurskoðun stefnu og aðgerðaáætlunar í málaflokki sveitarfélaga.                                                           | Innviðaráðuneyti                                                       | Innan ramma             |
| Einföldun regluverks á sviði lögmæltra verkefna sveitarfélaga.                                                              | Innviðaráðuneyti í samstarfi við önnur ráðuneyti                       | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 37.536,1 m.kr. og hækkar um 1.856,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.090,8 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er augin um 2.970,8 m.kr. til lögbundins framlags í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og þar af eru 1.090,8 m.kr. vegna almennra verðlagsbreytinga í samræmi við þjóðhagsspá.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 23,9 m.kr. og er færð á viðbótarframlög Jöfnunarsjóðsins.

## 08.20 Byggðamál

Málaflokkurinn skiptist í byggðáætlun, sóknaráætlanir landshluta, Byggðastofnun, atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni og jöfnun flutningskostnaðar, sem heyra undir innviðaráðherra, og framkvæmdanefnd um málefni Grindavíkur, sem heyrir undir forsætisráðherra. Unnið er skv. þingsályktun um stefnumótandi byggðáætlun fyrir árin 2022–2036 og fimm ára aðgerðaáætlun hennar fyrir árin 2022–2026. Hér má nálgast upplýsingar um framgang einstakra aðgerða.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu

breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                                                                    | Framkvæmdaraðili                                       | Breyting á fjárveitingu |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Jafna aðgengi að þjónustu</b>                                                                                                                                                                                                                             |                                                        |                         |
| Styrkja rekstur dagvöruverslana í minni byggðarlögum til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu.                                                                                                                                                                          | Innviðaráðuneyti, Byggðastofnun                        | Innan ramma             |
| Greina heildarkostnað íbúa vegna þjónustusóknar utan heimabyggðar.                                                                                                                                                                                                      | Innviðaráðuneyti, Byggðastofnun                        | Innan ramma             |
| Jafna aðgengi landsmanna að heilbrigðisþjónustu með því að virkja ívilnanaheimildir í lögum um Menntasjóð námsmanna og fjölga þannig sérfræðingum á heilbrigðisviði á landsbyggðinni. <sup>1</sup>                                                                      | Heilbrigðisráðuneyti, Byggðastofnun                    | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Jafna tækifæri til atvinnu</b>                                                                                                                                                                                                                            |                                                        |                         |
| Búsetufrelsi eftt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni, m.a. með því að veita ríkisstofnunum styrki til að ráða fólk í óstaðbundin störf á þeirra vegum utan höfuðborgarsvæðisins og að efla vinnustaðaklasa á landsbyggðinni. | Innviðaráðuneyti                                       | Innan ramma             |
| Unnið skv. verkefnalista um hröðun strenglagna til að auka afhendingaröryggi raforku og aðgengi að áreiðanlegri orku á landsvísu jafnað með jarðstrengjavæðingu dreifikerfis og þrífösun. <sup>2</sup>                                                                  | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti                | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt</b>                                                                                                                                                                                                        |                                                        |                         |
| Sóknaráætlanir landshluta eru eflar með styrkjum til sértækra verkefna landshlutasamtaka þar sem fókussinn er á veikari svæði og heimafólki þar með færð aukin ábyrgð á ráðstöfun opinberra fjármuna.                                                                   | Innviðaráðuneyti                                       | Innan ramma             |
| Unnið með tilgreindum byggðarlögum að því að sporna við viðvarandi fólksfækkun, m.a. í gegnum verkefnið Brothættar byggðir. Byggðastofnun leggur til viðbótarframlag árin 2025–2027 til að auka frekar viðspyrnu í byggðarlögum.                                        | Innviðaráðuneyti, Byggðastofnun                        | Innan ramma             |
| Mótuð verði heildræn nálgun á aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga. <sup>3</sup>                                                                                                                                                                         | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, Byggðastofnun | Innan ramma             |

1. Verkefnið styður við málaflokk 24.30 *Sérfræðiþjónusta og hjúkrun*, Heilbrigðisstefnu, stefnu fyrir íslenska

heilbrigðisþjónustu til ársins 2030, og málaflokk 21.30 *Stuðningur við námsmenn*, Menntastefnu til ársins 2030.

2. Verkefnið styður við málaflokk 15.10 *Stjórnun og þróun orkumála*, Orkustefnu til ársins 2030 og málaflokk 07.20, *Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar*, Nýsköpunarlandið Ísland, nýsköpunarstefnu.

3. Verkefnið styður við stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum, landsskipulagsstefnu og tillögur um landsáætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 1.892,6 m.kr. og lækkar um 327,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 5,7 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Í samræmi við forsetaúrskurð 5/2025 frá 14. mars 2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, var gerð 64,1 m.kr. millifærsla þar sem framkvæmdanefnd um málefni Grindavíkur fluttist til forsætisráðuneytisins.
- b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 147,5 m.kr. vegna tímabundinna verkefna undir Framkvæmdanefnd um málefni Grindavíkur sem falla niður en skv. 10. gr. laga nr. 40/2024 lýkur nefndin störfum 15 dögum eftir almennar sveitarstjórnarkosningar 2026 og samhliða falla lögin úr gildi.
- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 125 m.kr. vegna tímabundinna verkefna undir sóknaráætlanir landshluta sem falla niður.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 35 m.kr. vegna tímabundinna verkefna undir atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni sem falla niður.
- e. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 19,6 m.kr. og er útfærð hlutfallslega jafnt á verkefni, um 1% frá gildandi fjárlögum.

09 Almanna- og réttaröryggi

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                      | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|--------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 09 Almanna- og réttaröryggi          |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 09.10 Löggæsla .....                 | 34.889,1                                 | 26.344,7                              | 29.255,3                  | 11,0                      | -16,1                  |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....           | 34.889,1                                 | 26.344,7                              | 29.255,3                  | 11,0                      | -16,1                  |
| 09.20 Landhelgi .....                | 12.324,9                                 | 8.188,9                               | 9.347,6                   | 14,1                      | -24,2                  |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....           | 12.324,9                                 | 8.188,9                               | 9.347,6                   | 14,1                      | -24,2                  |
| 09.30 Ákærvald og réttarvarsla ..... | 2.482,2                                  | 2.456,3                               | 2.522,0                   | 2,7                       | 1,6                    |
| 01 Forsætisráðuneyti .....           | 545,2                                    | 453,7                                 | 392,5                     | -13,5                     | -28,0                  |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....           | 1.937,0                                  | 2.002,6                               | 2.129,5                   | 6,3                       | 9,9                    |
| 09.40 Réttaraðstoð og bætur .....    | 4.525,1                                  | 2.689,1                               | 2.723,0                   | 1,3                       | -39,8                  |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....           | 4.525,1                                  | 2.689,1                               | 2.723,0                   | 1,3                       | -39,8                  |
| 09.50 Fullnustumál .....             | 3.727,6                                  | 4.788,8                               | 6.286,3                   | 31,3                      | 68,6                   |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....           | 3.727,6                                  | 4.788,8                               | 6.286,3                   | 31,3                      | 68,6                   |
| Samtals .....                        | 57.948,9                                 | 44.467,8                              | 50.134,2                  | 12,7                      | -13,5                  |


<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1</sup> og <sup>2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 09 *Almanna- og réttaröryggi* árið 2026 eru áætluð 50.134,2 m.kr. og aukast um 3.736,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 8,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 5.666,4 m.kr. milli ára eða sem svarar til 12,7%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun. Aðhaldsmarkmið málefnasviðsins felur m.a. í sér sértækar aðhaldsráðstafanir vegna aukinnar hagræðingar í opinberum innkaupum, endurskoðunar jafnlaunavottunar auk lækkunar á varasjóðum málaflokka. Málefnasviðið er undanþegið almennri aðhaldskröfu.

**Hagræn skipting útgjalda**

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 09 Almanna- og réttaröryggi     |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 54.548,2                                 | 41.396,1                              | 45.928,0                  | 10,9                      | -15,8                  |
| Rekstrartilfærslur .....        | 794,5                                    | 566,9                                 | 584,1                     | 3,0                       | -26,5                  |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 0,0                                      | 53,5                                  | 53,5                      | 0,0                       | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....      | 2.606,2                                  | 2.451,3                               | 3.568,6                   | 45,6                      | 36,9                   |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>57.948,9</b>                          | <b>44.467,8</b>                       | <b>50.134,2</b>           | <b>12,7</b>               | <b>-13,5</b>           |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 2.704,5                               | 2.789,0                   | 3,1                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 41.763,3                              | 47.345,2                  | 13,4                      | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>44.467,8</b>                       | <b>50.134,2</b>           | <b>12,7</b>               | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

**09.10 Löggæsla**

Starfsemi málaflokksins er í höndum ríkislögreglustjóra og níu lögregluembættu. Undir málaflokkinn fellur einnig landamæraeftirlit, menntun lögreglumanna, almannavarnir og leit og björgun á landi."

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                               | Framkvæmdaraðili  | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Besta mögulega þjónustustig</b>                                                                                                                                      |                   |                         |
| Fjölgun lögreglumanna um 50.*                                                                                                                                                      | Embætti lögreglu  | 1.250 m.kr.             |
| Útgáfa nýrrar löggæsluáætlunar.                                                                                                                                                    | Dómsmálaráðuneyti | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Hæsta mögulega öryggisstig</b>                                                                                                                                       |                   |                         |
| Uppbygging brottfararstöðvar.**                                                                                                                                                    | Dómsmálaráðuneyti | 500 m.kr.               |
| Styrkari lagaumgjörð um almannavarnir og efling áfallaþols — ný heildarlög.                                                                                                        | Dómsmálaráðuneyti | Innan ramma             |
| Breyting á lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili — rafrænt eftirlit.                                                                                                      | Dómsmálaráðuneyti | Innan ramma             |
| Útgáfa nýrrar landsáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi.                                                                                                                                | Dómsmálaráðuneyti | Innan ramma             |
| Aðgerðir gegn skipulagðri brotastarfsemi — útgáfa aðgerðaáætlunar, efling samstarfs og breytingar á lögum, m.a. öflugri lagaumgjörð varðandi upptöku fjárhagslegs ágóða af brotum. | Dómsmálaráðuneyti | Innan ramma             |

\*Verkefnið styður jafnframt við markmið nr. 2 innan sama málaflokks sem og markmið nr. 1 í málaflokki 9.30 um aðgang að réttarvörslukerfinu.

\*\* Starfsemi brottfararstöðvar styður jafnframt við markmið í málaflokki 9.50 Fullnustumál þar sem léttir á plássum í fangelsum þegar brottfararstöðin verður tekin í notkun.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 29.255,3 m.kr. og hækkar um 1.544,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.366,4 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Í samræmi við stefnufirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 1.250 m.kr. vegna fjölgunar lögreglumanna um 50, sbr. markmið nr. 1.
- Útgjaldasvigrúm málefнасviðsins er aukið um 500 m.kr. sem verður nýtt til að fjármagna starfsemi brottfararmiðstöðvar í samræmi við stefnufirlýsingu ríkisstjórnar.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 56,9 m.kr. vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi Microsoft-samninga.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 117,6 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 100 m.kr. vegna lækkunar framlags til safnliðar vegna sértækra aðhaldsráðstafana.
- Framlag í varasjóð málaflokksins, 83,9 m.kr., er felld niður vegna sértækra aðhaldsráðstafana.
- Tímabundin niðurfelling fjárheimildar safnliðar, 110,7 m.kr., í fjárlögum 2025 kemur aftur í ramma.
- Málaflokkurinn er undanþeginn almennri aðhaldskröfu.

- i. Hlutdeild málaflokksins í sértækum aðhaldsráðstöfunum, 155,8 m.kr., vegna opinberra innkaupa og endurskoðunar jafnlaunavottunar er deilt hlutfallslega niður á verkefni og stofnanir málaflokksins.

### 09.20 Landhelgi

Starfsemi málaflokksins er í höndum Landhelgisgæslu Íslands. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                   | Framkvæmdaraðili | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------|------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Tryggja öryggi og eftirlit í auðlindalögsögu Íslands</b> |                  |                         |
| Styrking starfsemi Landhelgisgæslunnar.                                | Landhelgisgæslan | 1.310 m. kr.            |
| <b>Markmið 2: Besti mögulegi viðbúnaður í leit og björgun</b>          |                  |                         |
| Samkomulag um leigu á þremur björgunarþyrlum til næstu sjö ára.        | Landhelgisgæslan | Innan ramma             |

Markmiðin hafa verið endurskoðuð í samræmi við áherslur stjórnvalda í málaflokknum frá því sem birt var í mælaborði árangurs á vefsíðu Stjórnarráðsins í júní sl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 9.347,6 m.kr. og hækkar um 921,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 237,6 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 1.310 m.kr. til eflingar starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. markmið nr. 1.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 14,4 m.kr. vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi Microsoft-samninga.
- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 240 m.kr. vegna tímabundins framlags sem fellur niður.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 3,3 m.kr. vegna sértækra aðhaldsráðstafana vegna framlags í varasjóð sem er felld niður.
- e. Málaflokkurinn er undanþeginn almennri aðhaldskröfu.
- f. Hlutdeild málaflokksins í sértækum aðhaldsráðstöfunum, 166,6 m.kr., vegna opinberra innkaupa og endurskoðunar jafnlaunavottunar er deilt hlutfallslega niður á verkefni og stofnanir málaflokksins.

### 09.30 Ákærvald og réttarvarsla

Starfsemi málaflokksins er í höndum embættis ríkissaksóknara og embættis héraðs-saksóknara, ríkislögmans og lögreglustjóraembættanna hvað varðar meðferð ákærvalds.



Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                   | Framkvæmdaraðili                                     | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Réttlát og örugg málsmeðferð</b>                                                                         |                                                      |                         |
| Þróun á réttarvörslugátt þar sem áherslan er á koma á aðgengi að gögnum og upplýsingum um stöðu mála fyrir aðila máls. | Dómsmálaráðuneyti og stofnanir réttarvörslukerfisins | Innan ramma             |
| Innleiðing talgreinis til að rita upp skýrslutökur fyrir dómi.                                                         | Dómsmálaráðuneyti og Dómstólasýslan                  | Innan ramma             |
| Einfaldari og skilvirkari afgreiðsla bóta til þolenda rannsóknarræða með breytingum á lögum um meðferð sakamála.       | Dómsmálaráðuneyti                                    | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Aukin skilvirkni og gæði</b>                                                                             |                                                      |                         |
| Þróun á réttarvörslugátt þar sem áherslan er á koma á aðgengi að gögnum og upplýsingum um stöðu mála fyrir aðila máls. | Dómsmálaráðuneyti og stofnanir réttarvörslukerfisins | Innan ramma             |

Markmiðin hafa verið endurskoðuð í samræmi við áherslur stjórnvalda í málaflokknum frá því sem birt var í mælaborði árangurs á vefsíðu Stjórnarráðsins í júní sl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 2.522 m.kr. og lækkar um 73,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 138,8 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Útgjaldasvigrúm málaflokksins er aukið um 20 m.kr. til styrkingar á starfsemi ríkislögmanns.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 5,2 m.kr. vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi Microsoft-samninga.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 90,4 m.kr. vegna hliðrunar á framlagi vegna verkloka og niðurlagningar óbyggðanefndar þann 1. janúar 2026 eins og lögin gera ráð fyrir.
- Málaflokkurinn er undanþeginn almenntri aðhaldskröfu.
- Hlutdeild málaflokksins í sértækum aðhaldsráðstöfunum, 7,9 m.kr., vegna opinberra innkaupa og endurskoðunar jafnlaunavottunar er deilt hlutfallslega niður á verkefni og stofnanir málaflokksins.

#### 09.40 Réttaraðstoð og bætur

Til málaflokksins heyrir fjárhagslegur stuðningur ríkisins við þá sem leita þurfa réttar síns fyrir dómstólum en hafa ekki til þess fjárhagslegt bolmagn, greiðslur til brotaþola vegna líkamstjóns og miska sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum og greiðsla kostnaðar sem embætti lögreglustjóra, héraðsdómstólar og embætti ríkissaksóknara greiða öðrum en starfsmönnum viðkomandi embætta vegna rannsókna og reksturs opinberra mála.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 2.723 m.kr. og eru óbreyttar frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 33,9 m.kr.

#### 09.50 Fullnustumál

Starfsemi málaflokksins er í höndum Fængelsismálastofnunar. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                             | Framkvæmdaraðili                              | Breyting á fjárveitingu |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Örugg fangelsi og virk varnaðaráhrif</b>                                                                           |                                               |                         |
| Bygging nýs fangelsis að Stóra-Hrauni.                                                                                           | Framkvæmdasýsla ríkisins og dómsmálaráðuneyti | 1.300 m.kr.             |
| Styrking starfsemi Fængelsismálastofnunar til að tryggja aukið öryggi starfsfólks og fanga í fangelsum og eflingu fangavaranáms. | Fængelsismálastofnun                          | 230 m.kr.               |
| Fængelsisplássum á Sogni fjölgað.                                                                                                | Fængelsismálastofnun                          | 43 m.kr.                |

Markmiðin hafa verið endurskoðuð í samræmi við áherslur stjórnvalda í málaflökknum frá því sem birt var í mælaborði árangurs á vefsíðu Stjórnarráðsins í júní sl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 6.286,3 m.kr. og hækkar um 1.344,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 153 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er augin tímabundið um 1.300 m.kr. vegna upphafs framkvæmda vegna byggingar nýs fangelsis að Stóra-Hrauni.
- Í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins augin um 230 m.kr. vegna styrkingar á starfsemi Fængelsismálastofnunar.
- Fjárheimild málaflokksins er augin um 43 m.kr. vegna fjölgunar rýma í afplánun á Sogni.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 7 m.kr. vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi Microsoft-samninga.

- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 203 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður.
- f. Málaflokkurinn er undanþeginn almennri aðhaldskröfu.
- g. Hlutdeild málaflokksins í sértækum aðhaldsráðstöfunum, 32,5 m.kr., vegna opinberra innkaupa og endurskoðunar jafnlaunavottunar er deilt hlutfallslega niður á verkefni og stofnanir málaflokksins.

# 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála


Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|----------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| <b>10.10 Persónuvernd .....</b>                    | <b>390,4</b>                             | <b>380,2</b>                          | <b>393,0</b>              | <b>3,4</b>                | <b>0,7</b>             |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....                         | 390,4                                    | 380,2                                 | 393,0                     | 3,4                       | 0,7                    |
| <b>10.20 Trúmál .....</b>                          | <b>9.195,2</b>                           | <b>9.586,5</b>                        | <b>9.646,3</b>            | <b>0,6</b>                | <b>4,9</b>             |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....                         | 9.195,2                                  | 9.586,5                               | 9.646,3                   | 0,6                       | 4,9                    |
| <b>10.30 Sýslumenn .....</b>                       | <b>4.355,2</b>                           | <b>4.124,3</b>                        | <b>4.231,4</b>            | <b>2,6</b>                | <b>-2,8</b>            |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....                         | 4.355,2                                  | 4.124,3                               | 4.231,4                   | 2,6                       | -2,8                   |
| <b>10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis .....</b>  | <b>4.109,3</b>                           | <b>2.564,0</b>                        | <b>2.706,4</b>            | <b>5,6</b>                | <b>-34,1</b>           |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....                         | 4.109,3                                  | 2.564,0                               | 2.706,4                   | 5,6                       | -34,1                  |
| <b>10.50 Útlendingamál .....</b>                   | <b>15.951,3</b>                          | <b>9.505,8</b>                        | <b>6.580,2</b>            | <b>-30,8</b>              | <b>-58,7</b>           |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....                         | 5.341,8                                  | 3.195,6                               | 3.546,9                   | 11,0                      | -33,6                  |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti .....          | 10.609,5                                 | 6.310,2                               | 3.033,3                   | -51,9                     | -71,4                  |
| <b>Samtals .....</b>                               | <b>34.001,4</b>                          | <b>26.160,8</b>                       | <b>23.557,3</b>           | <b>-10,0</b>              | <b>-30,7</b>           |

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

## Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.



Heildargjöld málefnasviðs 10 *Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála* árið 2026 eru áætluð 23.557,3 m.kr. og lækka um 3.484,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 13,3%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 2.603,5 m.kr. milli ára eða sem svarar til 10%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Aðhaldsmarkmið málefnasviðsins felur m.a. í sér sértækar aðhaldsráðstafanir vegna aukinnar hagræðingar í opinberum innkaupum, endurskoðunar jafnlaunavottunar, lækunar á varasjóðum málaflokka, 3% aðhald á aðalskrifstofu ráðuneytisins ásamt því að prentun þingskjala verður hætt. Almennt aðhald málefnasviðsins er útfært með hlutfallslegri skiptingu á stofnanir og verkefni.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|----------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| Rekstrarframlög .....                              | 24.831,4                                 | 17.259,0                              | 14.737,9                  | -14,6                     | -40,6                  |
| Rekstrartilfærslur .....                           | 9.021,4                                  | 8.076,8                               | 8.084,6                   | 0,1                       | -10,4                  |
| Fjármagnstilfærslur .....                          | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....                         | 148,6                                    | 825,0                                 | 734,8                     | -10,9                     | 394,5                  |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>                        | <b>34.001,4</b>                          | <b>26.160,8</b>                       | <b>23.557,3</b>           | <b>-10,0</b>              | <b>-30,7</b>           |
| Rekstrartekjur .....                               | -                                        | 362,1                                 | 335,0                     | -7,5                      | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....                        | -                                        | 25.798,7                              | 23.222,3                  | -10,0                     | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....                          | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>                    | <b>-</b>                                 | <b>26.160,8</b>                       | <b>23.557,3</b>           | <b>-10,0</b>              | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

10.10 Persónuvernd

Starfsemi málaflokksins er í höndum Persónuverndar. Stofnunin fer með eftirlit með lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, nr. 75/2019.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                            | Framkvæmdaraðili | Breyting á fjárveitingu |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Aukið gagnsæi og skilvirkni tryggja samræmda vernd einstaklinga á EES-svæðinu</b> |                  |                         |
| Þátttaka í evrópsku samræmingarkerfi persónuverndarstofnana.                                    | Persónuvernd     | Innan ramma             |
| Framkvæmd frumathugana, frumkvæðisathugana og úttekta.                                          | Persónuvernd     | Innan ramma             |
| Vinnsla ítarlegra fræðsluefnis á vefsíðu Persónuverndar.                                        | Persónuvernd     | Innan ramma             |
| Stytting málsmeðferðatíma með endurskoðunar á ferlum og rafrænum samskiptum.                    | Persónuvernd     | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Aukið traust almennings til vinnslu persónuupplýsinga</b>                         |                  |                         |
| Áframhaldandi uppbygging á virku sambandi milli persónuverndarfulltrúa og Persónuverndar.       | Persónuvernd     | Innan ramma             |
| Aukin og endurbætt miðlun á upplýsingum í gegnum heimasíðu í umhverfi island.is.                | Persónuvernd     | Innan ramma             |
| Fjölgun frumathugana á vinnslu persónuupplýsinga hjá fyrirtækjum og stjórnvöldum.               | Persónuvernd     | Innan ramma             |

Markmiðin hafa verið endurskoðuð í samræmi við áherslur stjórnvalda í málaflokknum frá því sem birt var í mælaborði árangurs á vefsíðu Stjórnarráðsins í júní sl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 393 m.kr. og lækkar um 3,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 16,2 m.kr. Breytingin felst í hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins sem nemur 4,5 m.kr. og 1,1 m.kr. framlagi til að mæta breytingum á greiðslufyrirkomulagi Microsoft-samninga.

## 10.20 Trúmál

Undir málaflokkinn falla útgjöld til Þjóðkirkjunnar, kirkjumálasjóðs og kirkjugarða. Einnig fellur undir málaflokkinn úthlutun sóknargjalda til skráðra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 9.646,3 m.kr. og lækkar um 304,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 364,1 m.kr.

Helstu breytingum í málaflokknum má skipta í tvennt. Annars vegar fellur niður 255,1 m.kr. tímabundið framlag vegna sóknargjalda. Hins vegar er hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins sem nemur 49,2 m.kr. og skiptist hlutfallslega milli kirkjugarða og sóknargjalda.

## 10.30 Sýslumenn

Starfsemi málaflokksins er í höndum sýslumannsembættu. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                    | Framkvæmdaraðili                              | Breyting á fjárveitingu |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Að þjónustan verði eins góð og völ er á</b>                                                               |                                               |                         |
| Aukið framboð stafrænnar þjónustu og lausna (lagabreytingar, umbætur starfskerfa o.fl.).**                              | Dómsmálaráðuneyti, sýslumannaráð og sýslumenn | Innan ramma             |
| Innleiðing þjónustukerfis vegna móttöku gagna og samskipta við þjónustuþega.**                                          | Sýslumannaráð og sýslumenn                    | Innan ramma             |
| Stefnumótun fyrir einföldun stjórnsýslu embættanna.**                                                                   | Dómsmálaráðuneyti og sýslumannaráð            | Innan ramma             |
| Samræmt þjónustustig og útgáfa þjónustustefnu (afgreiðsla, biðtími o.s.frv.).                                           | Sýslumannaráð og sýslumenn                    | Innan ramma             |
| Útgáfa samræmdra stefna í málefnum sýslumanna (s.s. starfsmanna- og fræðslustefna).                                     | Sýslumannaráð                                 | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Að styðja við áherslur byggðamála</b>                                                                     |                                               |                         |
| Aukið framboð opinberrar þjónustu á landsbyggðinni (ný verkefni).*                                                      | Dómsmálaráðuneyti og sýslumannaráð            | Innan ramma             |
| Flutningur sérhæfðra og óstaðbundinna starfa á landsbyggðina.**                                                         | Dómsmálaráðuneyti, sýslumannaráð og sýslumenn | Innan ramma             |
| Betri nýting húsnæðis, m.a. með auknu samstarfi á milli starfsstöðva og við sveitarfélög, aðrar stofnanir og haghafa.** | Dómsmálaráðuneyti og sýslumenn                | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Að hámarka nýtingu fjárheimilda</b>                                                                       |                                               |                         |
| Úrbætur og efling innri stoða starfskerfa.* og ***                                                                      | Sýslumannaráð                                 | Innan ramma             |
| Bætt aðgengi og nýting á þjónustuvef.*                                                                                  | Sýslumannaráð                                 | Innan ramma             |
| Endurskoðun verkefnaskiptingar með það í huga að stuðla að aukinni sérhæfingu og jafnari verkaskiptingu.* og ***        | Dómsmálaráðuneyti og sýslumannaráð            | Innan ramma             |
| Stöðlun ferla stafrænna umbóta (aukin skilvirkni og betri nýting á innleiddum lausnum).*                                | Sýslumannaráð                                 | Innan ramma             |

\* Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 10.30 Sýslumenn.

\*\* Verkefni styður jafnframt við markmið 3 í málaflokki 10.30 Sýslumenn.

\*\*\* Verkefni styður jafnframt við markmið 2 í málaflokki 10.30 Sýslumenn.

Markmiðunum hefur verið breytt frá því sem birt var í mælaborði árangurs á vefsíðu Stjórnarráðsins í júní sl. svo þau samræmist betur breyttum áherslum málaflokksins og fyrirhugaðri sameiningu sýslumannsembætta skv. frumvarpi dómsmálaráðherra. Markmið 1 (Bætt þjónusta sýslumannsembætta) og markmið 2 (Að bæta stafræna þjónustu sýslumanna) hafa verið sameinuð undir nýju markmiði 1: Að þjónustan verði eins góð og völ er á. Markmið 3 er nýtt og orðast þannig: Að hámarka nýtingu fjárheimilda. Þá hefur markmið 2 verið umorðað úr því að vera markmið um að jafna aðgengi að opinberri þjónustu yfir í markmið um að styðja við áherslur byggðamála.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 4.231,4 m.kr. og lækkar um 70,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 178 m.kr.

Breytingum í málaflokknum má skipta í tvennt. Annars vegar er 11 m.kr. lækkun vegna tímabundins framlags sem fellur niður. Hins vegar er hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins sem nemur 59,9 m.kr. og skiptist hlutfallslega niður á sýslumannsembættin.

10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis

Undir stjórnsýslu dómsmálaráðuneytisins falla t.d. rekstur ráðuneytisins, Stjórnartíðindi og Schengen-landamærasjóður. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 2.706,4 m.kr. og hækkar um 59,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 83,1 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a) Fjárheimild málaflokksins hækkar vegna 136 m.kr. framlags vegna breytinga Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð með flutningi jafnréttis- og mannréttindaskrifstofu frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu.
- b) Fjárheimild málaflokksins hækkar um 105 m.kr. til að mæta kostnaði við sveitarstjórnarkosningar.
- c) Fjárheimild málaflokksins hækkar um 3,1 m.kr. til að mæta breytingum á greiðslufyrirkomulagi Microsoft-samninga.
- d) Fjárheimild málaflokksins lækkar um 123,7 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður en þar vega þýngst 110,7 m.kr. vegna stafrænna verkefna.
- e) Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 93,7 m.kr.

10.50 Útlendingamál

Starfsemi málaflokksins er í höndum Útlendingastofnunar, kærunefndar útlendingamála, ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytis, ásamt félags- og húsnæðismálaráðuneyti og Vinnumálastofnunar. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                   | Framkvæmdaraðili                       | Breyting á fjárveitingu |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------|-------------------------|
| Markmið 1: Skilvirk og hagkvæm stjórnsýsla                                                                                                                                             |                                        |                         |
| Breytingar á lögum um útlendinga með frumvarpi um skilyrði til afturköllunar alþjóðlegrar verndar og afnám 18 mánaða reglunnar.                                                        | Dómsmálaráðuneyti                      | Innan ramma             |
| Breytingar á lögum um útlendinga þar sem afgreiðsla umsókna um atvinnuleyfi mun flytjast frá Vinnumálastofnun til Útlendingastofnunar til að auka skilvirkni og stytta afgreiðslutíma. | Dómsmálaráðuneyti og Útlendingastofnun | Innan ramma             |
| Áframhaldandi innleiðing á nýju upplýsingakerfi fyrir Útlendingastofnun.                                                                                                               | Útlendingastofnun                      | Innan ramma             |
| Áframhaldandi innleiðing á rafvæðingu umsókna um dvalarleyfi.                                                                                                                          | Útlendingastofnun                      | Innan ramma             |



|                                                                                                                                            |                                        |             |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------|-------------|
| Sameining starfsstöðva — skilvirkari og hagkvæmari nýting mannauðs.                                                                        | Dómsmálaráðuneyti og Útlendingastofnun | Innan ramma |
| <b>Markmið 2: Bætt aðgengi að upplýsingum</b>                                                                                              |                                        |             |
| Rafræn samskipti og upplýsingagjöf við umsækjendur efld með umbótum og þróun á snjallmenni með gervigreind í samvinnu við Stafrænt Ísland. | Útlendingastofnun                      | Innan ramma |
| Umsækjendur hafi aðgengi að upplýsingum um stöðu mála sinna í gegnum nýtt upplýsingakerfi.                                                 | Útlendingastofnun                      | Innan ramma |
| Áframhaldandi innleiðing stafræns pósthólfs.                                                                                               | Útlendingastofnun                      | Innan ramma |

Markmiðin hafa verið endurskoðuð í samræmi við áherslur stjórnvalda í málaflóknum frá því sem birt var í mælaborði árangurs á vefsíðu Stjórnarráðsins í júní sl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 6.580,2 m.kr. og lækkar um 3.165,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 239,7 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimildir málaflokksins eru auknar um 800 m.kr. til að stytta málsmeðferðartíma afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd, vinna niður málhala og liðka fyrir sjálfviljugum heimferðum.
- Fjárheimild málaflokksins sem veitt var í fjárlögum 2024, lækkar um 5.000 m.kr. vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Á móti kemur aukin fjárheimild um 2.000 m.kr., þar af er 1.000 m.kr. tímabundin hækkun í eitt ár. Umsóknum um alþjóðlega vernd hefur verið að fækka og unnið er að aðgerðum til að stytta málsmeðferðartíma í verndarkerfinu sem gera má ráð fyrir að leiði til minni kostnaðar þegar fram í sækir vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 800 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður, sbr. lið a).
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 133,1 m.kr.

11 Samgöngu- og fjarskiptamál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð innviðaráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í samgönguáætlun, netöryggisstefnu Íslands og þingsályktun um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagi á Íslandi til ársins 2025. Markmið og mælikvarðar sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                           | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál             |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 11.10 Samgöngur .....                     | 56.215,5                                 | 62.344,4                              | 72.909,6                  | 16,9                      | 29,7                   |
| 10 Innviðaráðuneyti .....                 | 56.215,5                                 | 62.344,4                              | 72.909,6                  | 16,9                      | 29,7                   |
| 11.20 Fjarskipti .....                    | 2.336,5                                  | 2.529,3                               | 2.033,3                   | -19,6                     | -13,0                  |
| 10 Innviðaráðuneyti .....                 | 2.336,5                                  | 2.529,3                               | 2.033,3                   | -19,6                     | -13,0                  |
| 11.30 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis ..... | 1.589,6                                  | 1.254,3                               | 1.274,9                   | 1,6                       | -19,8                  |
| 10 Innviðaráðuneyti .....                 | 1.589,6                                  | 1.254,3                               | 1.274,9                   | 1,6                       | -19,8                  |
| Samtals .....                             | 60.141,6                                 | 66.128,0                              | 76.217,8                  | 15,3                      | 26,7                   |


<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 11 Samgöngu- og fjarskiptamál árið 2026 eru áætluð 76.217,8 m.kr. og aukast um 9.025,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 13,6%. Þegar

tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 10.089,8 m.kr. milli ára eða sem svarar til 15,3 %.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál   |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 21.964,4                                 | 19.009,9                              | 21.897,4                  | 15,2                      | -0,3                   |
| Rekstrartilfærslur .....        | 7.845,6                                  | 9.432,0                               | 9.020,8                   | -4,4                      | 15,0                   |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 2.318,8                                  | 1.773,1                               | 1.740,6                   | -1,8                      | -24,9                  |
| Fjárfestingarframlög .....      | 28.012,8                                 | 35.913,0                              | 43.559,0                  | 21,3                      | 55,5                   |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>60.141,6</b>                          | <b>66.128,0</b>                       | <b>76.217,8</b>           | <b>15,3</b>               | <b>26,7</b>            |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 2.798,5                               | 2.901,6                   | 3,7                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 63.329,5                              | 73.316,2                  | 15,8                      | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>66.128,0</b>                       | <b>76.217,8</b>           | <b>15,3</b>               | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakín er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspeglar breytta skipan Stjórnarráðsins.

11.10 Samgöngur

Undir málaflokkinn falla samgöngur í lofti, á láði og legi, þ.á m. flugvellir, vegir, hafnir, víta og sjóvarnir, skipulag og uppbygging samgöngukerfisins og viðhald og rekstur þess.

Starfsemi málaflokksins er í höndum Samgöngustofu, Vegagerðarinnar og Rannsóknarnefndar samgönguslysa, auk Isavia samkvæmt þjónustusamningi um rekstur og framkvæmdir á flugvöllum og Betri samgangna samkvæmt samningi um samgönguframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Meginmarkmið í samgöngustefnu landsins er að samgöngur séu greiðar, öruggar, hagkvæmar, umhverfislega sjálfbærar og þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun. Markmiðin eiga við um alla samgöngumáta en stefna fyrir hvern þeirra birtist í samgönguáætlun á hverjum tíma sem lögð er fram þingsályktun fyrir Alþingi. Samgönguáætlun fyrir árin 2020–2034 er í gildi en unnið er að tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040 sem gert er ráð fyrir að verði lögð fram á Alþingi á haustþingi 2025.

Undanfarin ár hefur forgangsroðun verkefna á samgönguáætlun tekið mið af arðsemismati á þeim þar sem m.a. er litið til áhrifa á umferðaraöryggi og styttingu ferðatíma og byggðasjónarmiða.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram

endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                                                                    | Framkvæmdaraðili                                 | Breyting á fjárveitingu |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Greiðar samgöngur</b>                                                                                                                                                                                                                                     |                                                  |                         |
| Unnið verður að því að lækka viðhaldsskuld sem hefur safnast upp í vegakerfinu. Helstu verkþættir á næsta ári eru endurbætur á slitlagi, á burðarlögum og styrking brúa.                                                                                                | Vegagerðin                                       | 4.500 m.kr.             |
| Undirbúningur vegna Sundabrautar heldur áfram. Unnið verður að kynningu umhverfismats, útfærslu valkosta, breytingum á skipulagi auk samráðs við hagaðila. Þá verður hafin vinna við að undirbúa útboðsferil.                                                           | Vegagerðin                                       | Innan ramma             |
| Áfram unnið að uppbyggingu hafnarmannvirkja. Meðal helstu verkefna eru endurbygging og endurbætur hafna í Bolungarvík, á Húsavík, Sauðárkróki og Seyðisfirði.                                                                                                           | Vegagerðin                                       | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Öruggar samgöngur</b>                                                                                                                                                                                                                                     |                                                  |                         |
| Áfram unnið að því að auka öryggi á stofnvegum í kringum höfuðborgarsvæðið með aðskilnaði akstursstefna.                                                                                                                                                                | Vegagerðin                                       | Innan ramma             |
| Áfram átak í uppbyggingu innanlandsflugvalla. Lögð verður áhersla á að efla varaflugvelli landsins í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum. Samhliða verður unnið að uppbyggingu minni lendingarstaða svo þeir geti þjónað hlutverki sínu vegna sjúkra- og almannaflegs. | Isavia innanlands ohf.                           | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Hagkvæmar samgöngur</b>                                                                                                                                                                                                                                   |                                                  |                         |
| Endurskoðun á tekjuöflun ríkisins af ökutækjum og umferð með það að markmiði að fjármagna stærri samgönguverkefni og jarðgangaáætlun.                                                                                                                                   | Innviðaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti | Innan ramma             |
| Áfram unnið að styttingu leiða á vegum, m.a. með framkvæmdum við Ölfusárbrú og á Vestfjarðavegi um Gufudalssveit.                                                                                                                                                       | Vegagerðin                                       | Innan ramma             |
| <b>Markmið 4: Umhverfislega sjálfbærar samgöngur</b>                                                                                                                                                                                                                    |                                                  |                         |
| Uppbygging samgönguinniðalla allra ferðamáta á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við framkvæmdaáætlun samgöngusáttmála. Meðal framkvæmda sem unnið verður að er brú yfir Fossvog, Arnarnesvegur, nýir hjóla- og göngustígar ásamt ýmsum aðgerðum í umferðarstýringu.         | Innviðaráðuneytið, Vegagerðin, Betri samgöngur   | Innan ramma             |
| Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu eflar og samvinna ríkis og sveitafélaga eflar með tilkomu sameiginlegs félags um reksturinn.                                                                                                                                   | Innviðaráðuneytið                                | Innan ramma             |

**Markmið 5: Jákvæð byggðapróun**

Öflug uppbygging tengivega þar sem áhersla er lögð á að leggja bundið slitlag á malarvegi.

Vegagerðin

Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 72.909,6 m.kr. og hækkar um 9.598,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 966,8 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða; 2.500 m.kr. færast af framkvæmdum á vegakerfinu yfir á rekstur vegna þjónustu á vegakerfinu og er þar um leiðréttingu að ræða frá færslu í gildandi fjármálaáætlun. Einnig færast 10 m.kr. af rekstri Samgöngustofu yfir á fjárfestingu.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 4.500 m.kr. vegna viðhalds á vegakerfinu, sbr. markmið nr. 3. Helstu verkþættir á næsta ári eru endurbætur á slitlagi, á burðarlögum og styrking brúa.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 2.500 m.kr. til þjónustu á vegakerfinu.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 3.000 m.kr. og er það framlag til Vegagerðarinnar í tengslum við vegagerð vegna uppbyggingu Hvammsvirkjunar.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 80 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður í styrkjum til almenningssamgangna.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 500 m.kr. til viðhalds- og nýframkvæmda á vegakerfinu.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 500 m.kr. en um er að ræða sértækar aðhaldsráðstafanir á framkvæmdir á vegakerfinu og eru þær liður í hagræðingaraðgerðum fyrri fjármálaáætlunar 2025–2029.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 245,3 m.kr. vegna sértækra aðhaldsráðstafana sem færðar eru á þjónustu vega og stofnanir vegna aðhalds í opinberum innkaupum.
- Hlutdeild málaflokksins í almennri aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur samtals 349,7 m.kr. og er almennt aðhald útfært hlutfallslega á bilinu 1% – 4% af gildandi fjárlögum á verkefni málaflokksins.

**11.20 Fjarskipti, netöryggi og stafræn þróun**

Undir málaflokkinn falla m.a. fjarskipti, fjarskiptanet og fjarskiptaþjónusta, netöryggi og öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða auk rafrænnar auðkenningu og traustþjónustu. Umsjón með þessum málefnum er í höndum Fjarskiptastofu. Gildandi stefnumörkun málaflokksins er að finna í netöryggisstefnu Íslands og þingsályktun um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                          | Framkvæmdaraðili  | Breyting á fjárveitingu |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Allri byggð bjóðist aðgangur að áreiðanlegu háhraða netsambandi og á öllum helstu stofnvegum sé áreiðanlegt farnetssamband</b>                  |                   |                         |
| Framkvæmd ríkisstuðnings við ljósleiðaravæðingu í öllu þéttbýli utan markaðssvæða. Stefnt að því að gera upp alla styrki til sveitarfélaga fyrir árslok 2026. | Innviðaráðuneyti  | Innan ramma             |
| Gerð stefnu og aðgerðaráætlunar er varða m.a. aðgengi, öryggi og áfallaþol fjarskipta gagnvart allri byggð.                                                   | Innviðaráðuneyti  | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Afburða hæfni og nýting netöryggistækni</b>                                                                                                     |                   |                         |
| Fyrri starfsárið af tveimur á grundvelli endurnýjaðrar þátttöku í Evrópuverkefnum starfsemi Eyvarar NCC-IS hæfnisetur í netöryggi.                            | Fjarskiptastofa   | Innan ramma             |
| Undirbúningur og gangsetning samstarfsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis.                                                                | Innviðaráðuneyti  | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Öruggt netumhverfi</b>                                                                                                                          |                   |                         |
| Undirbúningur og gerð frumvarps til innleiðingar tilskipunar ESB um netöryggi mikilvægra innviða (NIS2).                                                      | Innviðaráðuneyti  | Innan ramma             |
| Endurskoðun stjórnskipulags netöryggismála þar sem afurð skal liggja fyrir vorið 2026.                                                                        | Innviðaráðuneytið | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 2.033,3 m.kr. og lækkar um 543,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 47,7 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Í samræmi við forsetaúrskurð nr. 5/2025 frá 14. mars 2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands var gerð 1.542,8 m.kr. millifærsla þar sem Fjarskiptastofa, ýmis fjarskiptamál og Jöfnunarsjóður alþjónustu fluttust til innviðaráðuneytisins.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 500 m.kr. vegna tímabundinna verkefna tengt samningum um póst- og fjarskiptamál sem falla niður.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 3 m.kr. vegna tímabundinna verkefna í fjarskiptamálum.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur samtals 43,0 m.kr. og er það útfært hlutfallslega jafnt á verkefni málaflokksins, um 1% af gildandi fjárlögum. Að auki er sett sértækt aðhald á Fjarskiptastofu vegna breytinga á opinberum innkaupum og sértækt aðhald á samninga um póst- og fjarskiptamál.

### 11.30 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis

Undir málaflokkinn falla aðalskrifstofa innviðaráðuneytis, fastanefndir, ýmis verkefni og þjónustusamningar.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á

fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                   | Framkvæmdaraðili | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------|------------------|-------------------------|
| Markmið 1: Aukinn árangur og þjónusta við borgara og atvinnulíf        |                  |                         |
| Byggðaaáhrif tengd stjórnun fiskveiða verða metin.                     | Innviðaráðuneyti | Innan ramma             |
| Frekari einföldun regluverks með áherslu á þjónustumiðaða stjórnsýslu. | Innviðaráðuneyti | Innan ramma             |
| Efla upplýsingagjöf um stöðu verkefna ráðuneytisins.                   | Innviðaráðuneyti | Innan ramma             |
| Vinna með hagræðingartillögur sem bárust fá almenningi.                | Innviðaráðuneyti | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 1.274,9 m.kr. og lækkar um 29,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 49,7 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Í samræmi við forsetaúrskurð nr. 5/2025 frá 14. mars 2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands var gerð 7,5 m.kr. millifærsla af málaflokknum þar sem samningur við Neytendasamtökin fluttist til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins.
- b. Í samræmi við forsetaúrskurð nr. 5/2025 frá 14. mars 2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands var gerð 27,6 m.kr. millifærsla af málaflokknum þar sem verkefni Kærunefndar húsamála fluttust til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins
- c. Í samræmi við forsetaúrskurð nr. 5/2025 frá 14. mars 2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands var gerð 152,4 m.kr. millifærsla af málaflokknum þar sem verkefni tengd húsnæðis- og skipulagsmálum fluttust til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins
- d. Í samræmi við forsetaúrskurð nr. 5/2025 frá 14. mars 2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands var gerð 97,2 m.kr. millifærsla á málaflokkinn þar sem verkefni fjarskiptamála fluttust til innviðaráðuneytisins
- e. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. útgjaldasvigrúm til stjórnsýslu innviðaráðuneytisins.
- f. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 41,6 m.kr. sértækt aðhald vegna breytinga á opinberum innkaupum, prentun þingskjala hætt og breytinga á jafnlaunavottun. Aðhaldið er fært á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

12 Landbúnaður

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð atvinnuvegaráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-----------------------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 12 Landbúnaður                                                  |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 12.10 Stjórnun landbúnaðarmála .....                            | 22.597,6                                 | 22.445,7                              | 23.215,0                  | 3,4                       | 2,7                    |
| 04 Atvinnuvegaráðuneyti .....                                   | 22.597,6                                 | 22.445,7                              | 23.215,0                  | 3,4                       | 2,7                    |
| 12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í<br>landbúnaðarmálum ..... | 1.029,6                                  | 881,1                                 | 880,4                     | -0,1                      | -14,5                  |
| 04 Atvinnuvegaráðuneyti .....                                   | 1.029,6                                  | 881,1                                 | 880,4                     | -0,1                      | -14,5                  |
| 12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis .....                       | 1.826,8                                  | 1.901,7                               | 1.471,5                   | -22,6                     | -19,4                  |
| 04 Atvinnuvegaráðuneyti .....                                   | 1.826,8                                  | 1.901,7                               | 1.471,5                   | -22,6                     | -19,4                  |
| Samtals .....                                                   | 25.454,0                                 | 25.228,5                              | 25.566,9                  | 1,3                       | 0,4                    |


<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspeglar breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli áranna 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 12 Landbúnaður árið 2026 eru áætluð 25.566,9 m.kr. og lækka um 474,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 1,9%. Þegar tekið er tillit til



áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 338,4 m.kr. milli ára eða sem svarar til 1,3%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun. Útfærsla aðhaldskröfu á málefnasviðinu felur bæði í sér sértækar og almennar ráðstafanir, auk þess sem unnið er að verkefnum hjá ráðuneytinu sem stuðla eiga að aukinni skilvirkni og bættri nýtingu opinbers fjár.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 12 Landbúnaður                  |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 4.996,3                                  | 5.642,6                               | 5.580,5                   | -1,1                      | 11,7                   |
| Rekstrartilfærslur .....        | 20.366,1                                 | 19.503,7                              | 19.906,7                  | 2,1                       | -2,3                   |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....      | 91,6                                     | 82,2                                  | 79,7                      | -3,0                      | -13,0                  |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>25.454,0</b>                          | <b>25.228,5</b>                       | <b>25.566,9</b>           | <b>1,3</b>                | <b>0,4</b>             |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 925,4                                 | 1.105,9                   | 19,5                      | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 24.303,1                              | 24.461,0                  | 0,6                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>25.228,5</b>                       | <b>25.566,9</b>           | <b>1,3</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>2</sup> Vakín er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspeglar breytta skipan Stjórnarráðsins.

12.10 Stjórnun landbúnaðarmála

Starfsemi málaflokksins er í höndum atvinnuvegaráðuneytisins. Helstu verkefni sem falla undir málaflokkinn eru: stjórnun landbúnaðarmála og framkvæmd búvörusamninga, stjórnsýsla Matvælastofnunar, nýting auðlinda lands og vöktun og eftirlit stjórnvalda. Matvælastofnun sinnir ýmsum stjórnsýsluverkefnum, eftirliti, fræðslu og þjónustu við landbúnað, sjávarútveg, fiskeldi, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Búvörusamningar móta að miklu leyti regluverk og stuðningsaðgerðir stjórnvalda í þágu landbúnaðar og hafa þar með talsverð áhrif á starfsskilyrði greinarinnar. Undir málaflokkinn falla m.a. búvörulög, nr. 99/1993, og búnaðarlög, nr. 70/1998. Í gildi eru matvælastefna og landbúnaðarstefna til ársins 2040.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                                                               | Framkvæmdaraðili     | Breyting á fjárveitingu |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Efla fæðuöryggi og standa vörð um heilbrigði plantna og dýra, velferð dýra og öryggi matvæla</b>                                                                                                                                                     |                      |                         |
| Efling kornræktar til aukningar á innlendri framleiðslu á korni til fóðurs og til manneldis. Unnið verður að aðgerðum samkvæmt aðgerðaáætluninni Bleikir akrar. <sup>1</sup> Á meðal aðgerða eru fjárfestingastuðningur, framleiðslustuðningur og þróunarverkefni. | Atvinnuvegaráðuneyti | Innan ramma             |
| Innleiðing verndandi arfgerða gegn riðuveiki í íslenska sauðfjárstofninum.                                                                                                                                                                                         | Atvinnuvegaráðuneyti | 10 m.kr.                |
| Heildstæð stefnumótun um dýravelferð og heilbrigði og endurskoðun viðeigandi laga.                                                                                                                                                                                 | Atvinnuvegaráðuneyti | Innan ramma             |
| Útboð á söfnunarkerfi dýraleifa. <sup>2</sup>                                                                                                                                                                                                                      | Atvinnuvegaráðuneyti | Innan ramma             |
| Efling eftirlits með lagareldi með fjölgun stöðugilda hjá Matvælastofnun og hugbúnaðar- og tækjakaupum. <sup>3</sup>                                                                                                                                               | Matvælastofnun       | 50 m.kr.                |
| <b>Markmið 2: Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna landbúnaðar og auka bindingu</b>                                                                                                                                                                          |                      |                         |
| Efling rannsókna og bætt þekking á loftslagsáhrifum íslensks landbúnaðar í samræmi við alþjóðlegar gæðakröfur um losunarbókhald. <sup>4</sup>                                                                                                                      | Atvinnuvegaráðuneyti | Innan ramma             |
| Innleiðing aðgerða í landbúnaði skv. aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.                                                                                                                                                                                               | Atvinnuvegaráðuneyti | 10 m.kr.                |
| <b>Markmið 3: Skapa skilyrði til fjölbreyttari landbúnaðarframleiðslu með sjálfbærni og verðmætasköpun að leiðarljósi</b>                                                                                                                                          |                      |                         |
| Heildarendurskoðun á stuðningskerfi í landbúnaði.                                                                                                                                                                                                                  | Atvinnuvegaráðuneyti | Innan ramma             |

<sup>1</sup> Á árinu 2026 er gert ráð fyrir 378 m.kr. framlagi til verkefnisins sem helst óbreytt frá fjárlögum 2025.

<sup>2</sup> Að öllu óbreyttu verður útboð klárað fyrir lok árs 2025 og mun þá liggja fyrir nánari útfærsla verkefnisins.

<sup>3</sup> Verkefnið styður við markmið 2 á málefnasviði 13.

<sup>4</sup> Í gildi er samningur atvinnuvegaráðuneytisins og Landbúnaðarháskóla Íslands um rannsóknir, þróunarvinna og sérhæfða ráðgjöf á sviði landbúnaðar- og matvælaframleiðslu. Fjárheimild samningsins er vistuð á málefnasviði 21.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 23.215 m.kr. og hækkar um 45 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 724,3 m.kr.

Rekstrarframlög hækka um 148,9 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum sem skýrist fyrst og fremst af uppfærðri tekjuáætlun Matvælastofnunar. Að öðru leyti er ekki um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 152,4 m.kr. í samræmi við uppfærða tekjuáætlun Matvælastofnunar.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 50 m.kr. til að auka eftirlit Matvælastofnunar með sjókvíaeldi og tryggja fullnægjandi eftirlit með skráningum og innra eftirliti

sjókvíaeldisfyrirtækja. Kemur það framlag til viðbótar 176 m.kr. framlagi sem veitt var í fjárlögum 2025 til verkefnisins. Tillagan er hluti af aðgerðum stjórnvalda til að bregðast við áskorunum í sjávarútvegi og fiskeldi. Verkefnið er í samræmi við markmið 1 í málaflokki 12.10.

- c. Gert er ráð fyrir 120 m.kr. framlagi á árinu 2026 til að mæta kostnaði við arfgerðargreiningu til hraðrar innleiðingar verndandi aðgerða í íslenska sauðfjárstofninn og nemur hækkunin til verkefnisins 10 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Verkefnið er í samræmi við markmið 1 í málaflokki 12.10.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 125 m.kr. að raungildi í samræmi við ákvæði samninga um starfsskilyrði í nautgriparækt, sauðfjárrækt og garðyrkju og rannsóknarsamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins. Á móti þessari lækkun er gert ráð fyrir samtals 602 m.kr. hækkun til fyrrgreindra búvörusamninga í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins.
- e. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 59 m.kr.

### 12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum

Starfsemi málaflokksins er í höndum atvinnuvegaráðuneytisins. Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum varða aðgerðir stjórnvalda til að stuðla að sjálfbærri hagnýtingu auðlinda, þróun nýrra afurða og aukinni verðmætasköpun matvælaframleiðslu.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 880,4 m.kr. og lækkar um 23,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 23,1 m.kr.

Helstu breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins felast í 97,6 m.kr. flutningi af rekstrartilfærslum yfir á rekstrarframlög í tengslum við þjónustusamning um matvælarannsóknir. Að öðru leyti er ekki um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Samtals flytjast 27,9 m.kr. yfir á málaflokkinn með breyttri forgangsörðun innan ramma málefnasviða ráðuneytisins. Annars vegar flytjast 20 m.kr. af málefnasviði 13 til að mæta auknum kostnaði við ýmis landbúnaðartengd verkefni og hins vegar 7,9 m.kr. af málefnasviði 7 til að mæta áherslum á sviði matvælarannsókna.
- b. Niðurfelld tímabundin framlög nema samtals 11 m.kr.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 40,7 m.kr.

### 12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytisins

Undir málaflokkinn heyrir stjórnsýsla matvælaráðuneytisins. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 1.471,5 m.kr. og lækkar um 495,9 frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 65,7 m.kr.

Rekstrarframlög hækka um 308,7 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum sem skýrist fyrst og fremst af fjárheimild sem millifærð er í tengslum við breytingar á Stjórnarráði Íslands í samræmi við forsetaúrskurð 5/2025. Að öðru leyti er ekki um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 293,9 m.kr. vegna flutnings fjárheimildar til aðalskrifstofu ráðuneytisins í tengslum við breytingar á Stjórnarráði Íslands í samræmi við forsetaúrskurð 5/2025.
- b. Samtals eru 40 m.kr. fluttar á málaflokkinn af málefnasviði 13. Um er að ræða breytta forgangsörðun milli málefnasviða ráðuneytisins til að bregðast við breyttri verkefnastöðu.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 25,1 m.kr.

13 Sjávarútvegur og fiskeldi

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð atvinnuvegaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                                             | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi                                |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 13.10 Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis .....              | 2.024,1                                  | 2.051,8                               | 2.217,0                   | 8,1                       | 9,5                    |
| 04 Atvinnuvegaráðuneyti .....                               | 2.024,1                                  | 2.051,8                               | 2.217,0                   | 8,1                       | 9,5                    |
| 13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í<br>sjávarútvegi ..... | 7.170,0                                  | 6.237,8                               | 6.683,6                   | 7,1                       | -6,8                   |
| 04 Atvinnuvegaráðuneyti .....                               | 7.170,0                                  | 6.237,8                               | 6.683,6                   | 7,1                       | -6,8                   |
| Samtals .....                                               | 9.194,1                                  | 8.289,6                               | 8.900,6                   | 7,4                       | -3,2                   |


<sup>1</sup> Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakín er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 13 *Sjávarútvegur og fiskeldi* árið 2026 eru áætluð 8.900,6 m.kr. og aukast um 261,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar 3,2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 611 m.kr. milli ára eða sem svarar til 7,4%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun. Útfærsla aðhaldskröfu á málefnasviðinu felur bæði í sér sértækar og almennar ráðstafanir auk þess sem unnið er að verkefnum hjá ráðuneytinu sem stuðla eiga að aukinni skilvirkni og bættri nýtingu opinbers fjár.

**Hagræn skipting útgjalda**

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                     | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| <b>13 Sjávarútvegur og fiskeldi</b> |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....               | 6.396,4                                  | 6.514,6                               | 7.220,4                   | 10,8                      | 12,9                   |
| Rekstrartilfærslur .....            | 934,7                                    | 947,1                                 | 990,0                     | 4,5                       | 5,9                    |
| Fjármagnstilfærslur .....           | 359,1                                    | 400,0                                 | 400,0                     | 0,0                       | 11,4                   |
| Fjárfestingarframlög .....          | 1.503,9                                  | 427,9                                 | 290,2                     | -32,2                     | -80,7                  |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>         | <b>9.194,1</b>                           | <b>8.289,6</b>                        | <b>8.900,6</b>            | <b>7,4</b>                | <b>-3,2</b>            |
| Rekstrartekjur .....                | -                                        | 1.858,3                               | 2.137,0                   | 15,0                      | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....         | -                                        | 6.431,3                               | 6.763,6                   | 5,2                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....           | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>     | <b>-</b>                                 | <b>8.289,6</b>                        | <b>8.900,6</b>            | <b>7,4</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1</sup> og <sup>2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

**13.10 Stjórnsýsla fiskveiða og fiskeldis**

Starfsemi málaflokksins er í höndum Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs og auk þess heyra Fiskræktarsjóður, Umhverfissjóður sjókvíaeldis, Fiskeldissjóður og alþjóðlegt samstarf í sjávarútvegi undir málaflokkinn. Þá má nefna að Matvælastofnun, sem heyrir undir málefnasvið 12, sinnir verkefnum á sviði fiskeldis.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                | Framkvæmdaraðili     | Breyting á fjárveitingu |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Bæta skilyrði sjávarútvegs til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi</b> |                      |                         |
| Efling hafrannsóknna.                                                                                                               | Hafrannsóknastofnun  | 220 m.kr. <sup>1</sup>  |
| Efling fiskveiðieftirlits með fjölgun stöðugilda eftirlitsmanna hjá Fiskistofu.                                                     | Fiskistofa           | 30 m.kr.                |
| Skilgreining verndarsvæða í hafi á grunni rannsókna og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.                                    | Atvinnuvegaráðuneyti | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Bæta skilyrði fiskeldis til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi</b>    |                      |                         |
| Efling eftirlits með lagareldi með fjölgun stöðugilda hjá Matvælastofnun og hugbúnaðar- og tækjakaupum. <sup>2</sup>                | Matvælastofnun       | 50 m.kr.                |
| Efling sjókvíaeldisbyggða.                                                                                                          | Atvinnuvegaráðuneyti | 99 m.kr.                |
| Efling ferskvatnsrannsókna og vöktun umhverfisáhrifa vegna sjókvíaeldis.                                                            | Hafrannsóknastofnun  | 50 m.kr. <sup>2</sup>   |

<sup>1</sup>Fjárveiting til verkefnisins kemur fram í málaflokki 13.20, sem Hafrannsóknastofnun heyrir undir, en umfjöllun um markmið og helstu verkefni koma fram undir málaflokki 13.10.

<sup>2</sup>Fjárveiting til verkefnisins kemur fram í málaflokki 12.10 sem Matvælastofnun heyrir undir og er að öðru leyti vísað í umfjöllun þar. Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 12.10.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 2.217 m.kr. og hækkar um 114,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 51 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 99 m.kr. til eflingar Fiskeldissjóðs vegna aukinnar innheimtu gjalda samkvæmt lögum nr. 89/2019, um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Í lögnum er miðað við að 1/3 af gjaldinu fari til Fiskeldissjóðs, sbr. greinargerð með lögnum. Markmiðið með hækkun framlagsins er að stuðla að enn frekari uppbyggingu innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og styrkja þar með samfélög og stöðir atvinnulífs á þeim svæðum. Verkefnið er í samræmi við markmið 2 í málaflokki 13.10.
- Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins hækki um 30 m.kr. til fjölgunar stöðugilda eftirlitsmanna Fiskistofu. Kemur sú hækkun til viðbótar 65 m.kr. framlagi til verkefnisins í fjárlögum 2025. Tillagan er hluti af aðgerðum stjórnvalda til að bregðast við áskorunum í sjávarútvegi og fiskeldi með því að efla stjórnsýslulega umgjörð þessara málaflokka og stuðla þannig að aukinni verðmætasköpun fyrir íslenskt þjóðarþú til framtíðar. Verkefnið er í samræmi við markmið 1 í málaflokki 13.10.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 36,4 m.kr.

### 13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi og fiskeldi

Undir málaflokkinn falla verkefni Hafrannsóknastofnunar, Verkefnasjóður sjávarútvegsins, Umhverfissjóður sjókvíaeldis og framlög til ýmissa samninga og verkefna í sjávarútvegi og fiskeldi, s.s. vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 6.683,6 m.kr. og hækkar um 147,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 298,3 m.kr.

Helstu breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins felast annars vegar í 220 m.kr. hækkun rekstrarframlags vegna eflingar hafrannsóknar og hins vegar 144 m.kr. lækkun fjárfestingarframlags vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi til tækjakaupa í nýtt hafrannsóknaskip. Að öðru leyti er ekki um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 220 m.kr. til eflingar hafrannsóknar hjá Hafrannsóknastofnun með það að markmiði að skapa sjávarútvegi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Kemur sú hækkun til viðbótar 410 m.kr. framlagi til verkefnisins í fjárlögum 2025. Verkefnið er í samræmi við markmið 1 í málaflokki 13.10.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 50 m.kr. til að styrkja verkefni Hafrannsóknastofnunar á sviði burðarþolsmats fjarðakerfa, þ.m.t. eldissvæðaskiptingu, mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis, áhættumat erfðablöndunar og rannsóknir á dreifingu laxa- og fiskilúsar. Kemur sú hækkun til viðbótar 176 m.kr. framlagi til verkefnisins í fjárlögum 2025. Mikil þörf hefur verið á að auka eftirlit, rannsóknir og vöktun á sviði lagareldis. Sjókvíaelði hefur verið í miklum vexti undanfarin fimm ár og er mikilvægt að styrkja vöktun og rannsóknir vegna samspils lífríkis við sjókvíaelðið.
- c. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 190 m.kr. í samræmi við uppfærða tekjuáætlun Hafrannsóknastofnunar.
- d. Samtals eru 40 m.kr. fluttar af málaflokknum yfir á málefnasvið 12. Um er að ræða breytta forgangs röðun milli málefnasviða ráðuneytisins til að bregðast við breyttri verkefnastöðu.
- e. Tímabundin 144 m.kr. fjárheimild, til tækjakaupa í nýtt hafrannsóknaskip, fellur niður.
- f. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 120,4 m.kr.



14 Ferðapjónusta

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð atvinnuvegaráðherra. Einn málaflokkur heyrir undir málefnasviðið sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                               | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 14 Ferðapjónusta              |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 14.10 Ferðapjónusta .....     | 2.349,3                                  | 2.417,3                               | 2.402,6                   | -0,6                      | 2,3                    |
| 04 Atvinnuvegaráðuneyti ..... | 2.349,3                                  | 2.417,3                               | 2.402,6                   | -0,6                      | 2,3                    |
| Samtals .....                 | 2.349,3                                  | 2.417,3                               | 2.402,6                   | -0,6                      | 2,3                    |


<sup>1</sup>Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>2</sup>og <sup>3</sup>Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins .

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli áráanna 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 14 Ferðapjónusta árið 2026 eru áætluð 2.402,6 m.kr. og lækka um 30,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 1,3%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 14,7 m.kr. milli ára eða sem svarar til 0,6%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Útfærsla aðhaldskröfu á málefnasviðinu felur bæði í sér sértækar og almennar ráðstafanir auk þess sem unnið er að verkefnum hjá ráðuneytinu sem stuðla eiga að aukinni skilvirkni og bættri nýtingu opinbers fjár. Vakin er athygli á því að innan málefnasviðsins er búið að aðlagja fjárheimildir í tengslum við breytta verkaskiptingu ráðuneyta vegna breytinga á Stjórnarráðinu.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                             | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-----------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 14 Ferðapjónusta            |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....       | 649,4                                    | 768,2                                 | 780,8                     | 1,6                       | 20,2                   |
| Rekstrartilfærslur .....    | 1.247,3                                  | 1.152,4                               | 1.129,9                   | -2,0                      | -9,4                   |
| Fjármagnstilfærslur .....   | 449,7                                    | 494,5                                 | 489,6                     | -1,0                      | 8,9                    |
| Fjárfestingarframlög .....  | 2,9                                      | 2,2                                   | 2,3                       | 4,5                       | -20,7                  |
| Heildarútgjöld .....        | 2.349,3                                  | 2.417,3                               | 2.402,6                   | -0,6                      | 2,3                    |
| Rekstrartekjur .....        | -                                        | 46,6                                  | 46,3                      | -0,6                      | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði ..... | -                                        | 2.370,7                               | 2.356,3                   | -0,6                      | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....   | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Samtals fjármögnun .....    | -                                        | 2.417,3                               | 2.402,6                   | -0,6                      | -                      |

<sup>1</sup>Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup>Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins .

14.10 Ferðapjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum atvinnuvegaráðuneytis, Ferðamálstofu, Flugþróunar-sjóðs og Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Unnið er að forgangsörðun verkefna í aðgerða-áætlun með ferðamálastefnu til 2030 til að tryggja megi framkvæmd þeirra.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                      | Framkvæmdaraðili      | Breyting á<br>fjárveitingu |
|-------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------|----------------------------|
| Markmið 1: Aukin verðmætasköpun                                                           |                       |                            |
| Endurskoðun á regluverki, stjórnsýslu og fjármögnun innviða í ferðapjónustu. <sup>1</sup> | Atvinnuvegaráðuneytið | Innan ramma                |
| Endurskoðun á fyrirkomulagi gjaldtöku í ferðapjónustu.                                    | Atvinnuvegaráðuneytið | Innan ramma                |

|                                                                                                  |                                       |             |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------|-------------|
| Gagnaöflun og rannsóknir í ferðaþjónustu. <sup>2</sup>                                           | Atvinnuvegaráðuneytið                 | Innan ramma |
| Beint millilandaflug til Akureyrar og Egilsstaða með styrkingu á Flugþróunarsjóði.               | Ferðamálastofa                        | Innan ramma |
| <b>Markmið 2: Jákvæðari upplifun heimamanna og ferðamanna</b>                                    |                                       |             |
| Fjármögnun og rekstur áfangastaða og endurskoðun á Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. <sup>3</sup> | Atvinnuvegaráðuneytið, Ferðamálastofa | Innan ramma |
| Endurskoðun á regluverki tengdu öryggi ferðamanna.                                               | Atvinnuvegaráðuneytið,                | Innan ramma |
| Endurskoðun á gæða- og umhverfisvottun fyrir ferðaþjónustu.                                      | Atvinnuvegaráðuneytið                 | Innan ramma |
| <b>Markmið 3: Aukin umhverfisleg sjálfbærni í ferðaþjónustu</b>                                  |                                       |             |
| Þróun verkfærakistu til að meta þolmörk og bregðast við álagi á áfangastöðum ferðamanna.         | Atvinnuvegaráðuneytið, Ferðamálastofa | Innan ramma |
| Álagsstýring á áfangastöðum ferðamanna.                                                          | Atvinnuvegaráðuneytið, Ferðamálastofa | Innan ramma |

<sup>1</sup> Meðal annars aðgerðir B.2, B.3, C.2, C.9 og C.11 í aðgerðaáætlun með ferðamálastefnu til 2030.

<sup>2</sup> Meðal annars aðgerðir A.1, A.4, A.5, A.6, A.7 og A.8 í aðgerðaáætlun með ferðamálastefnu til 2030.

<sup>3</sup> Meðal annars aðgerðir C.3, C.4 og C.5 í aðgerðaáætlun með ferðamálastefnu til 2030.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 2.402,6 m.kr. og lækkar um 30,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 15,8 m.kr.

Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 28 m.kr. Að öðru leyti er ekki um miklar breytingar á fjárheimildum málaflokksins að ræða.

15 Orkumál


Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála. Einn málaflokkur heyrir undir málefnasviðið sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                            | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|--------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 15 Orkumál                                 |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 15.10 Stjórnun og þróun orkumála .....     | 11.615,8                                 | 13.820,7                              | 11.586,6                  | -16,2                     | -0,3                   |
| 14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti | 11.615,8                                 | 13.820,7                              | 11.586,6                  | -16,2                     | -0,3                   |
| Samtals .....                              | 11.615,8                                 | 13.820,7                              | 11.586,6                  | -16,2                     | -0,3                   |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfellum hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.



Heildargjöld málefnasviðs 15 Orkumál árið 2026 eru áætluð 11.586,6 m.kr. og lækka um 2.325,0 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 16,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 2.234,1 m.kr. milli ára eða sem svarar til 16,2%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 15 Orkumál                      |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 1.067,4                                  | 385,4                                 | 259,5                     | -32,7                     | -75,7                  |
| Rekstrartilfærslur .....        | 8.431,9                                  | 5.731,8                               | 6.133,2                   | 7,0                       | -27,3                  |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 2.109,8                                  | 7.703,5                               | 5.193,9                   | -32,6                     | 146,2                  |
| Fjárfestingarframlög .....      | 6,7                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -100,0                 |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>11.615,8</b>                          | <b>13.820,7</b>                       | <b>11.586,6</b>           | <b>-16,2</b>              | <b>-0,3</b>            |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 13.820,7                              | 11.586,6                  | -16,2                     | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>13.820,7</b>                       | <b>11.586,6</b>           | <b>-16,2</b>              | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

15.10 Stjórnun og þróun orkumála

Starfsemi málaflokksins er í höndum Umhverfis- og orkustofnunar sem heldur utan um verkefni Loftslags- og orkusjóðs og auk þess heyra niðurgreiðslur á húshitun og jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku undir málaflokkinn.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                | Framkvæmdaraðili          | Breyting á<br>fjárveitingu |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------|----------------------------|
| <b>Markmið 1: Tryggt orkuöryggi fyrir alla landsmenn</b>                                                                                                                            |                           |                            |
| Söfnun og miðlun upplýsinga um raforkuframboð og bætt yfirsýn og eftirlit með tiltæku varaafli raforku í landinu. Aukin úrræði til að tryggja orkuöryggi.                           | Umhverfis- og orkustofnun | Innan ramma                |
| Aukið eftirlit og stýring vegna öryggisbirgða olíu.                                                                                                                                 | Umhverfis- og orkustofnun | Innan ramma                |
| Nýir orkukostir og bætt orkunýtni, s.s. vindorka á landi og á hafi, greining á möguleikum smávirkjana, varmadælna, sólar- og sjávarfallaorku og nýting glatvarma og græns varaafls. | Umhverfis- og orkustofnun | Innan ramma                |
| Átaksverkefni um leit og nýtingu jarðhita.                                                                                                                                          | Loftslags- og orkusjóður  | Innan ramma                |

|                                                                                                                                                                  |                                         |             |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------|-------------|
| Græn orkuöflun. Virkir notendur framleiða fyrir eigin notkun og selja umframorku. Stuðningur við ör- og smávirkjanir og verkefni sem stuðla að bættri orkunýtni. | Loftslags- og orkusjóður                | Innan ramma |
| Stuðningur við garðyrkjubændur varðandi innleiðingu á LED-ljósum í gróðurhúsum og öðrum orkusparandi búnaði                                                      | Loftslags- og orkusjóður                | Innan ramma |
| <b>Markmið 2: Aukið hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap landsins</b>                                                                                 |                                         |             |
| Beinn stuðningur við kaup á ökutækjum er ganga fyrir hreinni orku og uppbygging innviða.                                                                         | Loftslags- og orkusjóður                | Innan ramma |
| Greining á stöðu innviða fyrir orkuskipti og uppfærð orkuskipta- og innviðaaætlun.                                                                               | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti | Innan ramma |
| Gerð orkuöflunarstefnu.                                                                                                                                          | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti | Innan ramma |
| <b>Markmið 3: Jöfnun orkukostnaðar á landsvísu</b>                                                                                                               |                                         |             |
| Full jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku á landsbyggðinni.                                                                                                    | Umhverfis- og orkustofnun               | Innan ramma |
| Aukin neytendavernd og samkeppni á raforkumarkaði.                                                                                                               | Umhverfis- og orkustofnun ofl.          | Innan ramma |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 11.586,6 m.kr. og lækkar um 2.325 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 90,9 m.kr.

Nokkur breyting er á hagrænni skiptingu á málaflöknum. Þannig eru 225 m.kr. færðar af rekstrarframlögum og rekstrartilfærslum á fjármagnstilfærslur hjá Loftslags- og orkusjóði. Þetta eru fjárveitingar sem áður tilheyrðu Loftslagssjóði.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Framlög til Loftslags- og orkusjóðs lækka um 2.500 m.kr. í samræmi við fjármálaáætlun. Um er að ræða styrki til orkuskipta sem tóku við af kerfi skattaívilnana árið 2024. Í upphafi var gert ráð fyrir að til verkefnisins yrði varið 7.500 m.kr. árlega árin 2024 og 2025 en síðan lækkaði upphæðin í 5.000 m.kr. árin 2026 til 2030.
- Framlög til Loftslags- og orkusjóðs lækka um 150 m.kr. þegar þriggja ára tímabundnu átaki í jarðhitaleit lýkur en áframhaldandi stuðningur er við leit og nýtingu jarðvarma.
- Framlög til Loftslags- og orkusjóðs lækka um 75 m.kr. þegar tímabundnu átaki vegna grænna fjárfestinga lýkur.
- Framlög til niðurgreiðslna á húshitun hækka tímabundið um 400 m.kr. til að mæta halla á liðnum.

16 Markaðseftirlit og neytendamál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð atvinnuvegaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Einn málaflokkur heyrir undir málefnasviðið sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.


|                                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 16 Markaðseftirlit og neytendamál               |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 16.10 Markaðseftirlit og neytendamál .....      | 4.030,3                                  | 4.216,6                               | 4.547,2                   | 7,8                       | 12,8                   |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....         | 3.183,1                                  | 3.392,5                               | 3.602,4                   | 6,2                       | 13,2                   |
| 04 Atvinnuvegaráðuneyti .....                   | 847,2                                    | 824,1                                 | 944,8                     | 14,6                      | 11,5                   |
| 16.20 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar ... | 304,1                                    | 243,1                                 | 348,4                     | 43,3                      | 14,6                   |
| 04 Atvinnuvegaráðuneyti .....                   | 304,1                                    | 243,1                                 | 348,4                     | 43,3                      | 14,6                   |
| Samtals .....                                   | 4.334,4                                  | 4.459,7                               | 4.895,6                   | 9,8                       | 12,9                   |

<sup>1</sup> Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakín er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 16 Markaðseftirlit og neytendamál árið 2026 eru áætluð 4.895,6 m.kr. og aukast um 398,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 8,9%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 435,9 m.kr. milli ára eða sem svarar til 9,8%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                   | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-----------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 16 Markaðseftirlit og neytendamál |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....             | 978,2                                    | 874,7                                 | 1.130,1                   | 29,2                      | 15,5                   |
| Rekstrartilfærslur .....          | 3.352,2                                  | 3.578,2                               | 3.758,5                   | 5,0                       | 12,1                   |
| Fjármagnstilfærslur .....         | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....        | 4,0                                      | 6,8                                   | 7,0                       | 2,9                       | 75,0                   |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>       | <b>4.334,4</b>                           | <b>4.459,7</b>                        | <b>4.895,6</b>            | <b>9,8</b>                | <b>12,9</b>            |
| Rekstrartekjur .....              | -                                        | 29,7                                  | 30,0                      | 1,0                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....       | -                                        | 4.430,0                               | 4.865,6                   | 9,8                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....         | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>   | <b>-</b>                                 | <b>4.459,7</b>                        | <b>4.895,6</b>            | <b>9,8</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfellum hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins .

16.10 Markaðseftirlit og neytendamál

Starfsemi málaflokksins er í höndum atvinnuvegaráðuneytis, Samkeppniseftirlitsins, Neytendastofu og Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                          | Framkvæmdaraðili     | Breyting á<br>fjárveitingu |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|----------------------------|
| <b>Markmið 1: Aukið gagnsæi, virkari samkeppni og heilbrigðari viðskiptahættir fjármála- og viðskiptalífs</b> |                      |                            |
| Ný heildstæð stefnumótun á sviði neytendamála (þingsályktun um stefnu stjórnvalda á sviði neytendamála).      | Atvinnuvegaráðuneyti | Innan ramma                |
| Endurskoðun löggjafar til að efla neytendavernd og treysta umgjörð neytendamála.                              | Atvinnuvegaráðuneyti | Innan ramma                |
| Rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu.                                   | Atvinnuvegaráðuneyti | Innan ramma                |



|                                                                                              |                                                      |             |
|----------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------|-------------|
| Efling samkeppniseftirlits (veltumörk tilkynningarskyldra samruna og samrunagjald).          | Atvinnuvegaráðuneyti                                 | Innan ramma |
| Endurskoðun á regluverki um fjármálafyrirtæki með það að markmiði að minnka flækjustig þess. | Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Seðlabanki Íslands | Innan ramma |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 4.547,2 m.kr. og hækkar um 293,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 36,7 m.kr.

Rekstrartilfærslur hækka um 200,7 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum sem skýrist fyrst og fremst af hækkun fjárheimildar í samræmi við rekstraráætlun Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Að öðru leyti er ekki um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Vakin er athygli á því að innan málaflokksins er búið að aðlagja fjárheimildir í tengslum við breytta verkaskiptingu ráðuneyta vegna breytinga á Stjórnarráðinu.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 95 m.kr. til eflingar samkeppnis- og neytendamála. Gert er ráð fyrir að framlaginu verði ráðstafað til aukinna verkefna á sviði neytendamála og til endurnýjunar á mælitækjum vegna kvörðunarbjonustu fyrir atvinnulífið. Einnig er gert ráð fyrir að framlag til Samkeppniseftirlitsins verði aukið til að efla eftirlitið, m.a. í kjölfar úttektar Ríkisendurskoðunar á Samkeppniseftirlitinu og til að mæta þeim ábendingum sem þar koma fram. Þá er gert ráð fyrir auknu framlagi til kærunefndar vöru- og þjónustukaupa til að mæta auknum verkefnum og málafjölda.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 209,9 m.kr. í samræmi við rekstraráætlun Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Fjárveiting úr ríkissjóði er jafnhá áætluðum tekjum af eftirlitsgjaldi til að standa undir rekstri Fjármálaeftirlitsins. Sjá nánari umfjöllun í frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2026.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 13,4 m.kr.

## 16.20 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Starfsemi málaflokksins er í höndum atvinnuvegaráðuneytis. Undir málaflokkinn fellur einn fjárlagaliður sem er ýmis verkefni og þar undir eru ýmis viðskipta- og bankamál umsvifamest.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 348,4 m.kr. og hækkar um 105 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 0,3 m.kr.

Rekstrarframlög hækka um 212,2 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum sem skýrist fyrst og fremst af fjárheimild sem millifærð er í tengslum við breytingar á Stjórnarráðinu í samræmi við forsetaúrskurð auk eflingar samkeppnis- og neytendamála. Þá hækka rekstrartilfærslur um 135,9 m.kr. sem að stærstum hluta er vegna breytinga á Stjórnarráðinu. Að öðru leyti er ekki um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 243,1 m.kr. vegna flutnings fjárheimildar af málaflokki 18.50 í tengslum við breytingar á Stjórnarráðinu í samræmi við forsetaúrskurð eins og vikið var nánar að hér á undan.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 105 m.kr. til eflingar samkeppnis- og neytendamála. Gert er ráð fyrir að framlagið verði annars vegar notað til að standa undir kostnaði (tekjutapi) fyrirtækjaskrár Skattsins við það að veita gjaldfrjálsan aðgang að upplýsingum úr fyrirtækjaskrá í samræmi við lög þar um, nr. 64/2017, og álit umboðsmanns Alþingis. Hins vegar er gert ráð fyrir tímabundnu framlagi til að styrkja áfrýjunarnefnd samkeppnismála vegna umfangsmikilla mála sem þar eru til meðferðar.

17 Umhverfismál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og matvælaráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                                    | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|----------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 17 Umhverfismál                                    |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla ....   | 10.313,2                                 | 8.813,3                               | 8.650,4                   | -1,8                      | -16,1                  |
| 01 Forsætisráðuneyti .....                         |                                          |                                       | 855,8                     | -                         | -                      |
| 14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti .....   | 10.313,2                                 | 8.813,3                               | 7.794,6                   | -11,6                     | -24,4                  |
| 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands ..... | 5.571,8                                  | 5.862,7                               | 6.040,0                   | 3,0                       | 8,4                    |
| 14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti .....   | 5.571,8                                  | 5.862,7                               | 6.040,0                   | 3,0                       | 8,4                    |
| 17.30 Meðhöndlun úrgangs .....                     | 9.689,1                                  | 10.970,7                              | 11.574,9                  | 5,5                       | 19,5                   |
| 14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti .....   | 9.689,1                                  | 10.970,7                              | 11.574,9                  | 5,5                       | 19,5                   |
| 17.40 Varnir vegna náttúruvá .....                 | 11.905,6                                 | 3.961,5                               | 5.023,0                   | 26,8                      | -57,8                  |
| 10 Innviðaráðuneyti .....                          | 7.957,2                                  |                                       |                           |                           |                        |
| 14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti .....   | 3.948,4                                  | 3.961,5                               | 5.023,0                   | 26,8                      | 27,2                   |
| 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála .....              | 6.002,1                                  | 8.540,0                               | 9.200,7                   | 7,7                       | 53,3                   |
| 14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti .....   | 6.002,1                                  | 8.540,0                               | 9.200,7                   | 7,7                       | 53,3                   |
| Samtals .....                                      | 43.481,8                                 | 38.148,2                              | 40.489,0                  | 6,1                       | -6,9                   |


<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli áranna 2025–2026



Heildargjöld málefнасviðs 17 *Umhverfismál* árið 2026 eru áætluð 40.489 m.kr. og aukast um 1.605,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025, eða sem svarar til 4,2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.340,8 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,1%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Samkvæmt áherslum ríkisstjórnarinnar er auknum fjármunum einkum forgangsraðað í þágu náttúruvár á málefнасviðinu í þeim tilgangi að efla gerð hættumats vegna náttúruvár og aðlögunarhæfni vegna loftslagsbreytinga og til uppbyggingar varnarvirkja vegna ofanflóða. Vegna þessa aukast varanlegar fjárheimildir um 500 m.kr. á árinu sem er hluti af lengri vegferð en samkvæmt fjármálaáætlun 2026–2030 er gert ráð fyrir að fjárheimildir aukist í skrefum og hafi þannig hækkað varanlega um 2 ma.kr. undir lok gildistíma áætlunarinnar. Einnig er fjármunum forgangsraðað innan núverandi fjárheimilda til að leggja áherslu á aðgerðir sem hafa margþættan umhverfislegan ávinning, þar á meðal aukin verndun hafsvæða og endurheimt vot- og mýrlendis, til þess að vinna samtímis að líffræðilegri fjölbreytni, árangri í loftslagsmálum og náttúruvernd. Enn fremur er lögð áhersla á að efla hollustuháttamál m.t.t. einföldunar, samræmingar og betri þjónustu.

Almenn aðhaldskrafa og aðrar sértækar aðhaldsráðstafanir á árinu nema alls 352,6 m.kr. Almenn er almennri aðhaldskröfu dreift hlutfallslega milli rekstrar- og fjárfestingarliða í málaflokkum 17.10, 17.20 og 17.50 en sértækum aðhaldsaðgerðum er dreift jafnt á stofnanir og verkefni innan fyrrgreindra málaflokka.

**Hagræn skipting útgjalda**

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 17 Umhverfismál                 |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 23.268,6                                 | 22.013,4                              | 22.694,7                  | 3,1                       | -2,5                   |
| Rekstrartilfærslur .....        | 7.001,3                                  | 10.456,1                              | 11.309,3                  | 8,2                       | 61,5                   |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 11.572,3                                 | 3.980,2                               | 5.030,2                   | 26,4                      | -56,5                  |
| Fjárfestingarframlög .....      | 1.639,6                                  | 1.698,5                               | 1.454,8                   | -14,3                     | -11,3                  |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>43.481,8</b>                          | <b>38.148,2</b>                       | <b>40.489,0</b>           | <b>6,1</b>                | <b>-6,9</b>            |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 5.073,0                               | 5.291,6                   | 4,3                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 31.575,2                              | 33.697,4                  | 6,7                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 1.500,0                               | 1.500,0                   | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>38.148,2</b>                       | <b>40.489,0</b>           | <b>6,1</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskrifir ársins 2024 verið dregnir frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfellum hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

**17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla**

Starfsemi málaflokksins er í höndum Náttúruverndarstofnunar, Lands og skógar, sem og Þjóðgarðsins á Þingvöllum (sem fellur undir viðfangsefni forsætisráðuneytis). Helstu verkefni sem falla undir málaflokkinn eru: umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða, verndun

líffræðilegrar fjölbreytni, innviðaupbygging og landvarsla, gróður- og jarðvegsvernd, stöðvun eyðingar jarðvegs og gróðurs, eftirlit með nýtingu lands, endurheimt raskaðra vistkerfa, þ.m.t. birkiskóga og mýrlendis, og uppbygging og sjálfbær nýting skógarauðlindar. Um verkefni innan málaflokksins gilda einkum lög um náttúruvernd, lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, lög um landgræðslu og lög um skóga og skógrækt.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                         | Framkvæmdaraðili                                  | Breyting á fjárveitingu  |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------|--------------------------|
| Markmið 1: Að bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða                                                                              |                                                   |                          |
| Stuðningur við uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum í samræmi við landsáætlun um innviði til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti           | Innan ramma              |
| Reglubundið mat á ástandi skilgreindra áfangastaða innan náttúruverndarsvæða.                                                                | Náttúruverndarstofnun, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | Innan ramma              |
| Markmið 2: Að auka árlegt umfang uppgræðslu og endurheimtar vistkerfa og nýskógræktar                                                        |                                                   |                          |
| Endurheimt vistkerfa á ríkisjörðum. <sup>1</sup>                                                                                             | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti           | Innan ramma              |
| Innleiðing reglugerðar nr. 670/2024 um sjálfbæra landnýtingu.                                                                                | Land og skógur                                    | Innan ramma              |
| Rannsóknir á samspili landnotkunar og loftslagsmála. <sup>1</sup>                                                                            | Land og skógur                                    | Innan ramma              |
| Bygging fræhúss á Vöglum fyrir framleiðslu á lerki.                                                                                          | Land og skógur                                    | Innan ramma <sup>2</sup> |
| Setning og innleiðing reglugerðar um stuðning við skógrækt og landgræðslu                                                                    | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti           | Innan ramma              |
| Markmið 3: Að efla náttúruvernd með friðlýsingu náttúruverndarsvæða <sup>3</sup>                                                             |                                                   |                          |
| Reglugerð um óbyggð víðerni og kortlagning þeirra.                                                                                           | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti           | Innan ramma              |
| Endurskoðun og innleiðing stefnu um verndun líffræðilegrar fjölbreytni.                                                                      | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti           | Innan ramma              |
| Vöktun náttúruverndarsvæða undir álagi ferðamanna. <sup>4</sup>                                                                              | Náttúrufræðistofnun                               | Innan ramma              |
| Vinnsla stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði.                                                                                  | Náttúruverndarstofnun                             | Innan ramma              |
| Markmið 4: Að auka þekju verndarsvæða í skilningi Samnings SP um líffræðilega fjölbreytni                                                    |                                                   |                          |
| Greining á því hvaða landsvæði teljast verndarsvæði í skilningi samnings SP um líffræðilega fjölbreytni.                                     | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti           | Innan ramma              |

|                                                                                                |                                         |             |
|------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------|-------------|
| Greining á því hvaða hafsvæði ættu að njóta verndar eða vera undir annarri virkri svæðisvernd. | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti | Innan ramma |
| Friðlýsing eða önnur verndun svæða.                                                            | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti | Innan ramma |
| Efling rannsókna á vistkerfum hafs og vatna.                                                   | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti | Innan ramma |

- <sup>1.</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 17.5 um að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.
- <sup>2.</sup> Ráðuneytið hefur ákveðið að forgangsraða fjármunum innan ramma í þágu þessa verkefnis, alls 100 m.kr., þannig að gerð verður tillaga í fjáráukalögum um 50 m.kr. í verkefnið 2025 og 50 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 2026.
- <sup>3.</sup> Markmið #3 var áður í málaflokki 17.50 ásamt aðgerðum er heyrðu undir ráðuneytið og Umhverfisstofnun en með tilkomu Náttúruverndarstofnunar sem heyrir alfarið undir málaflokk 17.10 er markmiðið ásamt öllum aðgerðum í tengslum við náttúruvernd fært undir málaflokkinn.
- <sup>4.</sup> Undir markmiði #2 í málaflokki 17.20 var tilgreint verkefni um „vöktun náttúruverndarsvæða undir álagi ferðamanna“. Markmiðið var talið falla betur undir það markmið #3 í málaflokki 17.10 að efla náttúruvernd með friðlýsingu náttúruverndarsvæða og var því flutt undir málaflokkinn.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 8.650,4 m.kr. og lækkar um 434,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 271,3 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins eykst varanlega um 20 m.kr. til nýrra og aukinna verkefna í tengslum við náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum.
- b. Fjárheimildir málaflokksins hækka um 116,2 m.kr. og vegur þýngst 92,7 m.kr. leiðrétting á sértekjum hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum.
- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 245,8 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður og vegur þar þýngst niðurfelling fjárheimilda í tengslum við grænar fjárfestingar í loftslagsmálum.
- d. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 92,2 m.kr.

## 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands

Starfsemi málaflokksins er í höndum Náttúrufræðistofnunar og Veðurstofu Íslands. Helstu verkefni sem falla undir málaflokkinn eru vöktun og grunnrannsóknir á öllum þáttum þeirra málefnasviða er ráðuneytinu tilheyrir og mynda grundvöll fyrir góða og upplýsta ákvarðanatöku, s.s. vöktun náttúru og líffræðilegra þátta, auðlinda (þ.m.t. orkuauðlinda), náttúruvár, áhrifa loftslagsbreytinga, landnýtingar og umhverfisþátta. Enn fremur miðlun og hagnýting rannsókna. Um verkefni innan málaflokksins gilda einkum lög um náttúruvernd, lög um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur, lög um verndun Mývatns og Laxár, lög um Landmælingar Íslands, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, lög um loftslagsmál, lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar og lög um Veðurstofu Íslands.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram

endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                    | Framkvæmdaraðili                        | Breyting á fjárveitingu |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Að efla vöktunarkerfi vegna náttúruvár</b>                                                |                                         |                         |
| Átak í gerð áhættu- og hættumats.                                                                       | Veðurstofa Íslands                      | 250 m.kr.               |
| Bætt vöktun náttúruvár með áreiðanlegri og lengri viðvörunartíma og bættu rekstraröryggi vöktunarkerfa. | Veðurstofa Íslands                      | Innan ramma             |
| Styrking reksturs og efling mælakerfis fyrir veður, vatn og jörð.                                       | Veðurstofa Íslands                      | Innan ramma             |
| Endurnýjun og uppbygging veðursjárkerfis.                                                               | Veðurstofa Íslands                      | Innan ramma             |
| Uppbygging upplýsingatækni og netöryggisinnviða.                                                        | Veðurstofa Íslands                      | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Að efla rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga</b>                                       |                                         |                         |
| Rannsóknir, vöktun og miðlun á loftslagsbreytingum og þeim afleiðingum sem þær kunna að valda.          | Veðurstofa Íslands                      | Innan ramma             |
| Rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á súrnun sjávar.                                                | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti | Innan ramma             |

<sup>1.</sup> Undir markmiði #2 var tilgreint verkefni um „vöktun náttúruverndarsvæða undir álagi ferðamanna“. Markmiðið var talið falla betur undir það markmið #3 í málaflokki 17.10 að efla náttúruvernd með friðlýsingu náttúruverndarsvæða og var því flutt undir málaflokkinn.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 6.040 m.kr. og lækkar um 63,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 240,6 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin varanlega um 250 m.kr. til að efla vinnu við gerð og framkvæmd hættumats vegna náttúruvár, sbr. markmið nr. 1. Um er að ræða fyrsta áfanga á lengri vegferð en skv. fjármálaáætlun 2026–2030 er gert ráð fyrir að auka enn frekar við þessar fjárheimildir þannig að þær hafi aukist um 1 ma.kr. árlega undir lok gildistíma áætlunarinnar.
- Fjárheimildir aukast um 107,7 m.kr. vegna breytinga í sértekjuáætlun málaflokksins.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 333,8 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 87,2 m.kr. Aðhald fylgir almennri útfærslu með þeirri undantekningu að gerð er 18,9 m.kr. aðhaldskrafa á Náttúrufræðistofnun til viðbótar almennri kröfu vegna hagræðingar í húsnæðiskosti tengd sameiningum stofnana.

### 17.30 Meðhöndlun úrgangs

Helsta verkefni málaflokksins er að draga úr soun með því að koma í veg fyrir myndun úrgangs og auka endurnotkun, stuðla að bættri "meðhöndlun úrgangs með endurvinnslu og annarri endurnýtingu og stuðla þannig að sem minnstri förgun, í anda hringrásarhagkerfis. Eftirtaldir aðilar falla undir málaflokkinn: Úrvinnslusjóður og Endurvinnslan hf.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málafllokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                     | Framkvæmdaraðili                                                         | Breyting á fjárveitingu |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Að auka endurvinnslu heimilisúrgangs</b>                                                   |                                                                          |                         |
| Framkvæmd aðgerða á grundvelli stefnunnar „Í átt að hringrásarhagkerfi, stefna í úrgangsmálum 2021–2032“ | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti o.fl.                            | Innan ramma             |
| Framkvæmd úrgangsforvarnastefnu.                                                                         | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og Umhverfis- og orkustofnun     | Innan ramma             |
| Framkvæmd aðgerða á grundvelli aðgerðaáætlunar í plastmálefnum frá árinu 2020.                           | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti o.fl.                            | Innan ramma             |
| Framkvæmd aðgerða gegn matarsóun á grundvelli aðgerðaáætlunar gegn matarsóun frá árinu 2021.             | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, Umhverfis- og orkustofnun o.fl. | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 11.574,9 m.kr. og hækkar um 602,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1,7 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins vegna Endurvinnslunnar hækkar um 500 m.kr. Byggt er á áætlun um magnaukningu og hækkun á skila- og umsýslugjaldi.
- Fjárheimild málaflokksins vegna Úrvinnslusjóðs er aukin um 135 m.kr. vegna áætlunar um magnaukningu og hækkun á úrvinnslugjaldi.
- Tekjuáætlun málaflokksins lækkar um 30 m.kr. Um er að ræða áætlaða breytingu á vaxtatekjum Úrvinnslusjóðs.

### 17.40 Varnir gegn náttúruvá

Helstu verkefni sem falla undir málaflokkinn eru gerð hættumats vegna ofanflóða, eldgosa, vatns- og sjávarflóða, frumathugun og hönnun varnarmannvirkja, uppbygging, viðhald og vöktun varnarmannvirkja.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málafllokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram



endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                   | Framkvæmdaraðili | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------|-------------------------|
| Markmið 1: Að tryggja fullnægjandi öryggi fyrir íbúa landsins gegn ofanflóðum                                                                                          |                  |                         |
| Uppbyggingu ofanflóðavarnarvirkja við Stekkagil á Patreksfirði, undir Gilsbakkagili og Milligiljum á Bildudal, í Drangagili og undir Bjólfi á Seyðisfirði, á Flateyri. | Ofanflóðasjóður  | 750 m.kr.               |
| Flýting framkvæmda undir Nes- og Bakkagiljum í Neskaupstað.                                                                                                            | Ofanflóðasjóður  | 300 m.kr.               |
| Viðhald mannvirkja á Siglufirði og Ísafirði.                                                                                                                           | Ofanflóðasjóður  | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 5.023 m.kr. og hækkar um 1.050 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 11,5 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- e. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 250 m.kr. til að hraða uppbyggingu varnavirkja vegna ofanflóða, sbr. markmið nr. 1. Um er að ræða fyrsta áfanga á lengri vegferð en samkvæmt fjármálaáætlun 2026–2030 er gert ráð fyrir að auka enn frekar við þessar fjárheimildir þannig að þær hafi aukist um 1 ma.kr. árlega undir lok gildistíma áætlunarinnar.
- a. Fjárheimild málaflokksins eykst tímabundið um 300 m.kr. Um er að ræða tilfærslu fjárheimilda frá 2028 til 2026 til að flýta framkvæmd um uppbyggingu snjóflóðavarna undir Nes- og Bakkagiljum í Neskaupstað.
- b. Fjárheimild málaflokksins eykst um 500 m.kr. Annars vegar er um að ræða 400 m.kr. aukningu til styrkingar mannvirkjagerðar vegna ofanflóða úr fjármálaáætlun 2024–2028 og hins vegar 100 m.kr. aukningu vegna uppfærðs framkvæmdakostnaðar úr fjármálaáætlun 2023–2027.

17.50 Stjórnsýsla umhverfismála

Helstu verkefni sem falla undir málaflokkinn eru loftslagsmál, stjórnsýsla umhverfis- og orkumála, að tryggja heilnæmt umhverfi og öruggar neysluvörur og mat á umhverfisáhrifum, miðlun upplýsinga til almennings, þátttökuréttindi almennings og að tryggja réttláta málsmeðferð, stjórn vatnamála og fráveitumál.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                    | Framkvæmdaraðili                                                          | Breyting á fjárveitingu |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda í sam-ræmi við markmið Íslands í loftslagsmálum</b>                          |                                                                           |                         |
| Stefnumótun á sviði loftslagsmála, t.d. skilgreining á kolefnishlutleysi.                                                               | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti                                   | Innan ramma             |
| Stuðningur við tæknilausnir og nýsköpun á sviði loftslagsmála.                                                                          | Loftslags- og orkusjóður                                                  | Innan ramma             |
| Samtal við ESB um hert markmið í loftslagsmálum og innleiðing regluverks því tengdu.                                                    | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti                                   | Innan ramma             |
| Úrbætur á losunarbókhalði fyrir landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt (LULUCF) með hliðsjón af reglum ESB og Loftslagssamningi SP. | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, Umhverfisstofnun, Land og skógur | Innan ramma             |
| Innleiðing aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum: Utanumhald, framkvæmd aðgerða og mótframlög í aðgerðir annarra ráðuneyta.                  | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti                                   | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2<sup>1</sup>: Að efla viðnámsþrótt íslensks samfélags og lífríkis gagnvart loftslagsvá</b>                                  |                                                                           |                         |
| Innleiðing aðlögunaráætlunar vegna áhrifa loftslagsbreytinga: utanumhald, framkvæmd aðgerða og mótframlög í aðgerðir annarra ráðuneyta. | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti                                   | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Að efla hreinsun fráveitu</b>                                                                                             |                                                                           |                         |
| Átak í fráveitumálum sveitarfélaga.                                                                                                     | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti                                   | Innan ramma             |

<sup>1</sup> Í þessum málaflokki mátti áður finna markmið #2 um eflingu náttúruverndar með friðlýsingu náttúruverndarsvæða ásamt aðgerðum er styðja við markmiðið. Aðgerðir voru á hendi ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar, en með tilkomu Náttúruverndarstofnunar sem heyrir alfarið undir málaflokk 17.10 færirst markmiðið og öll verkefni í tengslum við náttúruvernd undir þann málaflokk.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 9.200,7 m.kr. og hækkar um 450,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 210,1 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Almennt útgjaldasvigrúm málaflokksins eykst varanlega um 100 m.kr. sem ætlað er til nýrra og aukinna verkefna innan málaflokksins.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 760 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun um nýtingu sveigjanleikaákvæðis og ráðstöfun á losunarheimildum til flugfélaga.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 265 m.kr. vegna tímabundinna verkefna í tengslum við grænar fjárfestingar í loftslagsmálum sem falla niður.
- Hlutdeild málaflokksins í almenntri aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 173,2 m.kr.

# 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð forsætisráðherra, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, mennta- og barnamálaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.


| 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|----------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 18.10 Safnamál .....                         | 6.640,2                                  | 6.223,0                               | 6.199,8                   | -0,4                      | -6,6                   |
| 17 Menningar-, nýsköpunar- og háskólar. ..   | 6.640,2                                  | 6.223,0                               | 6.199,8                   | -0,4                      | -6,6                   |
| 18.20 Menningarstofnanir .....               | 8.397,0                                  | 8.776,1                               | 8.896,6                   | 1,4                       | 5,9                    |
| 14 Umhverfis-, orku- og loftslagsr. ....     | 437,9                                    | 420,2                                 | 439,3                     | 4,5                       | 0,3                    |
| 17 Menningar-, nýsköpunar- og háskólar. ..   | 7.959,1                                  | 8.355,9                               | 8.457,3                   | 1,2                       | 6,3                    |
| 18.30 Menningarsjóðir .....                  | 5.512,3                                  | 5.614,9                               | 5.751,6                   | 2,4                       | 4,3                    |
| 14 Umhverfis-, orku- og loftslagsr. ....     | 328,9                                    | 330,3                                 | 385,3                     | 16,7                      | 17,1                   |
| 17 Menningar-, nýsköpunar- og háskólar. ..   | 5.183,4                                  | 5.284,6                               | 5.366,3                   | 1,5                       | 3,5                    |
| 18.40 Íþróttar- og æskulýðsmál .....         | 1.659,9                                  | 3.617,7                               | 4.141,7                   | 14,5                      | 149,5                  |
| 02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....       | 1.659,9                                  | 3.617,7                               | 4.141,7                   | 14,5                      | 149,5                  |
| Samtals .....                                | 22.209,4                                 | 24.231,7                              | 24.989,7                  | 3,1                       | 12,5                   |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfellum hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

## Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árána 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 18 Menning, listir, iþróttar- og æskulýðsmál árið 2026 eru áætluð 24.989,7 m.kr. og hækka um 125,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 0,5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 758 m.kr. milli ára eða sem svarar til 3,1% hækkunar.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsörðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Aðhald á málefnasviðinu birtist í einföldun, straumlínulögun og nýtingu tækifæra til samlegðar og sameiningar auk hagræðingar hjá hverri stofnun fyrir sig.

Menning er grundvallarþáttur í sjálfsmynd þjóðar og því er lögð áhersla á að tryggja aðgengi allra að menningu og listum óháð efnahag og búsetu og stuðla að aukinni þátttöku almennings í menningarlífi um land allt. Sérstök áhersla verður lögð á barnamenningu og að börn og ungmenni fái tækifæri til listrænnar sköpunar og að efla skapandi hugsun. Stjórnvöld hafa að undanförnu innleitt stefnur og mótað aðgerðaáætlanir í málefnum íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Ný tækifæri felast í máltaekni og gervigreind en þar ríður á að huga jafnt að arfleifð, þróun og inngildingun.

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

| 18 Menning, listir, iþróttar- og æskulýðsmál | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|----------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| Rekstrarframlög .....                        | 13.517,8                                 | 14.023,0                              | 14.226,9                  | 1,5                       | 5,2                    |
| Rekstartilfærslur .....                      | 7.571,8                                  | 7.811,1                               | 7.783,5                   | -0,4                      | 2,8                    |
| Fjármagnstilfærslur .....                    | 385,2                                    | 491,9                                 | 516,2                     | 4,9                       | 34,0                   |
| Fjárfestingarframlög .....                   | 734,6                                    | 1.905,7                               | 2.463,1                   | 29,2                      | 235,3                  |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>                  | <b>22.209,4</b>                          | <b>24.231,7</b>                       | <b>24.989,7</b>           | <b>3,1</b>                | <b>12,5</b>            |
| Rekstrartekjur .....                         | -                                        | 2.604,9                               | 2.613,4                   | 0,3                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....                  | -                                        | 21.626,8                              | 22.376,3                  | 3,5                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....                    | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>              | <b>-</b>                                 | <b>24.231,7</b>                       | <b>24.989,7</b>           | <b>3,1</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfellum hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

18.10 Safnamál

Starfsemi málaflokksins er í höndum ríkis og sveitarfélaga, sjálfseignarstofnana og annarra aðila.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                        | Framkvæmdaraðili                            | Breyting á fjárveitingu |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Að almenningur hafi betri aðgang að menningararfi og náttúruminum þjóðarinnar</b>                                                                             |                                             |                         |
| Aukinn stuðningur við að bæta aðgengi landsmanna að menningu og listum óháð búetu og efnahag.                                                                               | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |
| Áframhaldandi uppbygging nýs sýningarhúsnæðis fyrir Náttúruminjasafn Íslands.                                                                                               | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |
| Áfram unnið að húsnæðismálum Listasafns Íslands.                                                                                                                            | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | 13 m.kr.                |
| Unnið að auknu samstarfi og/eða sameiningu safna.                                                                                                                           | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Bæta vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur</b>                                                                                   |                                             |                         |
| Unnið að áætlun um vernd menningarminja vegna aðsteðjandi vár, t.d. vegna náttúruvár, stríðsástands o.fl.                                                                   | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |
| Unnið að áætlun um uppbyggingu og endurnýjun varðveislurýma fyrir safnkost í ríkiseigu í tengslum við innleiðingu á viðbragðsáætlunum safna vegna loftslags- og náttúruvár. | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |
| Stuðningur vegna reksturs varðveisluhúsnæðis Þjóðskjalasafns Íslands og til kaupa á búnaði.                                                                                 | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Efla rannsóknir og skráningu</b>                                                                                                                              |                                             |                         |
| Meta stöðu skráninga og stafvæðingar safnkosts með hliðsjón af forgangsroðun stofnana og aðgengi almennings.                                                                | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 6.199,8 m.kr. og lækkar um 251,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 228,1 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er eftirtalin:

- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málaflokksins nemur 124,8 m.kr. og er útfært með hlutfallslegri skiptingu niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

## 18.20 Menningarstofnanir

Starfsemi málaflokksins nær yfir opinberar stofnanir á sviði lista og menningar, s.s. Þjóðleikhúsið, Óperuna, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslenska dansflokkinn, Kvikmyndamiðstöð Íslands og Minjastofnun Íslands.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                      | Framkvæmdaraðili                            | Breyting á fjárveitingu  |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------|--------------------------|
| <b>Markmið 1: Vernda menningararf þjóðarinnar með markvissari hætti</b>                                                                                                                                                   |                                             |                          |
| Efla skráningu menningarminja í landinu, bæði út frá skilgreindum forgangssvæðum og áherslusvæðum, þ.m.t. svæða sem eru utan skráningarskyldra svæða sveitarfélaga vegna skipulagsgerðar, þjóðlendna og friðlýstra svæða. | Minjastofnun Íslands                        | Innan ramma              |
| Efla tækniinnviði, upplýsingaveitur og miðlun gagna á sviði skráningar menningarminja, þ.m.t. gagnagrunn.                                                                                                                 | Minjastofnun Íslands                        | Innan ramma              |
| <b>Markmið 2: Framúrskarandi menningarstofnanir með sterkan rekstur og faglega forystu</b>                                                                                                                                |                                             |                          |
| Aukinn stuðningur við að bæta aðgengi landsmanna að menningu og listum óháð búsetu og efnahag.                                                                                                                            | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma <sup>1</sup> |
| Innleiðing mælikvarða á aðsókn og aðgengi að menningarstofnunum.                                                                                                                                                          | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma              |
| Unnið að undirbúningi við nýtt sýningar- og æfingarhúsnæði þjóðleikhússins.                                                                                                                                               | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma              |
| Bætt aðgengi að íslenskum kvikmyndaarfi með samvinnu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og Kvikmyndasafns Íslands.                                                                                                               | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma              |

<sup>1</sup> Verkefnið byggist á aðgerð 13 í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það grundvallast á markmiði 1 í málaflokki 18.30 þar sem það er fjármagnað.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 8.896,6 m.kr. og lækkar um 200,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 321,3 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er eftirtalin:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 80 m.kr. til að tryggja áframhaldandi rekstur Tónlistarmiðstöðvar.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málaflokksins nemur 225,4 m.kr. og er útfært með hlutfallslegri skiptingu niður á stofnanir og safnlið málaflokksins.

### 18.30 Menningarsjóðir

Starfsemi málaflokksins felst í fjárveitingum ríkisins sem er úthlutað í gegnum lögbundna sjóði. Undir málaflokkinn heyra m.a. launasjóðir listamanna og ýmsir sjóðir á sviði menningar og lista. Yfirliggjandi markmið í málaflokknum er að auðga nýsköpun í skapandi greinum, einfalda umhverfið, efla þjónustu og vinna að sameiningu þar sem við á. Í því felst m.a. að styrkja innlenda sköpun og stuðla að auknum útflutningi íslenskrar menningar og lista.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                          | Framkvæmdaraðili                            | Breyting á fjárveitingu |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Bætt aðgengi að menningu og listum</b>                                                                                                                                                                          |                                             |                         |
| Aukinn stuðningur við að bæta aðgengi landsmanna að menningu og listum óháð búsetu og efnahag.                                                                                                                                | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | 200 m.kr. <sup>1</sup>  |
| <b>Markmið 2: Efla stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu</b>                                                                                                                                                                   |                                             |                         |
| Unnið samkvæmt aðgerðaáætlunum í málefnum íslenskrar tungu og táknaðs.                                                                                                                                                        | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma.            |
| Áfram verði unnið skv. málækniáætlun stjórnvalda en áherslur endurmetnar m.t.t. breytinga í starfsumhverfi, þar á meðal nýrrar miðstöðvar um gervigreind og málækni og annarra breytinga á tækni eða regluverki. <sup>2</sup> | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma.            |
| <b>Markmið 3: Tryggja tölfraði og kyngreind gögn um menningarsjóði</b>                                                                                                                                                        |                                             |                         |
| Skilgreining og birting lykiltalna um menningarstarf og skapandi greinar.                                                                                                                                                     | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |
| Unnið að aukinni skilvirkni sjóðakerfis lista, menningar og skapandi greina.                                                                                                                                                  | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |
| Áfram unnið að eftirfylgd fyrir nügildandi stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði listgreina. Innleiðing á bókmenntastefnu og sviðslistastefnu.                                                                                   | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 5.751,6 m.kr. og hækkar um 72,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 64,1 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Í samræmi við stefnufirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 950 m.kr. Af þeim verður 720 m.kr. varið í að efla menningarsjóði og standa þannig vörð um grasrót skapandi greina og störf innan hennar. 230 m.kr. verður varið til styrkingar málefna íslensku, barnamenningar og aukins aðgengis að menningu óháð búsetu og efnahag.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. með tímabundnu framlagi af málefnasviði 17 Umhverfismál til Húsafriðunarsjóðs í tilefni af 50 ára afmæli sjóðsins.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 57,5 m.kr. og er útfært með hlutfallslegri skiptingu niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

<sup>1</sup> Verkefnið byggist á aðgerð 13 í stefnufirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Fjármagn er sett í verkefnið á lið 18.30 en það nær jafnframt til verkefna á liðum 18.10 og 18.20.

<sup>2</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 7.20.

### 18.40 Íþróttta- og æskulýðsmál

Starfsemi í málaflokknum er að mestu leyti á hendi frjálsra félaga og félagasamtaka í samstarfi við ríki og sveitarfélög og veltur starfsemi þeirra að hluta til á sjálfbodastarfi en að mestu á ráðnu starfsfólki sem sinnir faglegu starfi. Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga samkvæmt íþróttalögum er að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði og tilgangur æskulýðslaga er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi og skapa sem bestar aðstæður fyrir þau til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Ríki og sveitarfélög styðja starfsemi íþróttta- og æskulýðssamtaka með ýmsum hætti og vinna að því að skapa trausta umgjörð um starfsemina.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                                                     | Framkvæmdaraðili                                                                                            | Breyting á fjárveitingu |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Efla umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk</b>                                                                                                                                                                                         |                                                                                                             |                         |
| Efla heildarumgjörð afreksíþróttta og þ.m.t. að vinna að réttindamálum afreksfólks í íþróttum.                                                                                                                                                           | Mennta- og barnamálaráðuneyti, Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands                                          | Innan ramma             |
| Þróun samstarfsvettvangs gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum í samræmi við alþjóðasamning Evrópuráðsins. Samlegð við starfsemi Lyfjaeftirlits Íslands verði skoðuð.                                                                                 | Mennta- og barnamálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, ríkislögreglustjóri og hagsmunaaðilar                     | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu æskulýðsstarfi</b>                                                                                                                                                                                  |                                                                                                             |                         |
| Fylgjast með þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku í íþróttta- og æskulýðsstarfi í samvinnu við Menntavísindasvið HÍ og setja áherslur í samninga við íþróttta- og æskulýðssamtök og sjóði sem stuðla að aukinni þátttöku iðkenda í þessum hópi. | Mennta- og barnamálaráðuneyti, Menntavísindasvið HÍ og íþróttta- og æskulýðsfélög                           | Innan ramma             |
| Undirbúningur seinni aðgerðaáætlunar tómsunda- og félagsstarfs barna og ungmenna til 2030.                                                                                                                                                               | Mennta- og barnamálaráðuneyti, Æskulýðsráð, Samband íslenskra sveitarfélaga, umboðsmaður barna og hagaðilar | Innan ramma             |
| Unnið að endurskoðun æskulýðslaga.                                                                                                                                                                                                                       | Mennta- og barnamálaráðuneyti, Æskulýðsráð, Samband íslenskra sveitarfélaga, umboðsmaður barna og hagaðilar | Innan ramma             |



**Markmið 3: Bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu íþróttastarfi**

|                                                                                               |                                                                                                     |             |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|
| a. Unnið að undirbúningi framkvæmda vegna þjóðarleikvangs (þjóðarhallar) fyrir innviðpróttir. | Mennta- og barnamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, forsætisráðuneyti, ÍSÍ og sérsambönd | Innan ramma |
| b. Unnið að undirbúningi vegna þjóðarleikvangs í knattspyrnu.                                 |                                                                                                     |             |
| c. Unnið að undirbúningi vegna þjóðarleikvangs í frjálisíþróttum.                             |                                                                                                     |             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 4.141,7 m.kr. og hækkar um 504,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 19,1 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 646 m.kr. vegna framkvæmda við Þjóðarhöll.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 120 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 21,1 m.kr. og lækkar fjárheimild málaflokksins sem því nemur. Skiptist aðhaldið niður á milli verkefna innan málaflokksins.

19 Fjölmiðlun

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra. Undir það heyrir einn málaflokkur sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.


|                                            | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|--------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 19 Fjölmiðlun                              |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 19.10 Fjölmiðlun .....                     | 6.858,2                                  | 7.149,2                               | 7.476,0                   | 4,6                       | 9,0                    |
| 17 Menningar-, nýsköpunar- og háskólar. .. | 6.858,2                                  | 7.149,2                               | 7.476,0                   | 4,6                       | 9,0                    |
| Samtals .....                              | 6.858,2                                  | 7.149,2                               | 7.476,0                   | 4,6                       | 9,0                    |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1</sup> og <sup>2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspeglar breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.



Heildargjöld málefnasviðs 19 Fjölmiðlun árið 2026 eru áætluð 7.476 m.kr. og aukast um 322,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 4,5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 326,8 m.kr. milli ára eða sem svarar til 4,6%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 19 Fjölmíðlun                   |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 6.233,7                                  | 6.476,9                               | 6.815,4                   | 5,2                       | 9,3                    |
| Rekstrartilfærslur .....        | 623,9                                    | 671,3                                 | 659,6                     | -1,7                      | 5,7                    |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....      | 0,6                                      | 1,0                                   | 1,0                       | 0,0                       | 66,7                   |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>6.858,2</b>                           | <b>7.149,2</b>                        | <b>7.476,0</b>            | <b>4,6</b>                | <b>9,0</b>             |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 7.149,2                               | 7.476,0                   | 4,6                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>7.149,2</b>                        | <b>7.476,0</b>            | <b>4,6</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1</sup> og <sup>2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

19.10 Fjölmíðlun

Starfsemi málaflokksins er í höndum fjölmíðlanefndar, Ríkisútvarpsins ohf. og einkarekinna fjölmíðla.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                 | Framkvæmdaraðili                                  | Breyting á<br>fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------|----------------------------|
| Markmið 1: Stuðningur við einkarekna fjölmíðla eflir ritstjórnir fjölmíðla                           |                                                   |                            |
| Innleiða fjölmíðlastefnu.                                                                            | Menningar-,<br>nýsköpunar- og<br>háskólaráðuneyti | Innan ramma                |
| Styrkja stöðu einkarekinna fjölmíðla, sbr. endurskoðað stuðningskerfi og aðgerðir í fjölmíðlastefnu. | Menningar-,<br>nýsköpunar- og<br>háskólaráðuneyti | Innan ramma                |
| Styrkja sérstaklega stöðu svæðisbundinna fjölmíðla utan höfuðborgarsvæðisins.                        | Menningar-,<br>nýsköpunar- og<br>háskólaráðuneyti | Innan ramma                |

**Markmið 2: Sjálfstætt Ríkisútvarp sem nýtur trausts og sinnir vandaðri og aðgengilegri fjölmiðlaþjónustu í almannapágu**

|                                                                                                                                         |                                                             |             |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------|-------------|
| Áhersla á leikið íslenskt efni til að auka framboð og gæði á leiknu íslensku sjónvarpsefni skv. þjónustusamningi.                       | RÚV                                                         | Innan ramma |
| Unnið verði að því að nýta gervigreind til uppbyggingar á máltæknilausnum og sjálfvirkri textun í rauntíma á íslensku tal- og myndefni. | RÚV                                                         | Innan ramma |
| Unnið verði að breyttu fyrirkomulagi starfsemi Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði.                                                     | Menningar-,<br>nýsköpunar- og<br>háskólaráðuneyti og<br>RÚV | Innan ramma |

**Markmið 3: Aukin stafræn færni, netöryggi og miðlalæsi allra aldurshópa, með áherslu á börn og ungmenni**

|                                                                            |                |             |
|----------------------------------------------------------------------------|----------------|-------------|
| Samanburðarrannsóknir á stafrænni færni, netöryggi og miðlalæsi.           | Fjölmiðlanefnd | Innan ramma |
| Miðlalæsis- og netöryggisfræðsla í grunnskólum til að efla stafræna færni. | Fjölmiðlanefnd | Innan ramma |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 7.476 m.kr. og hækkar um 322,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 4,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 20 m.kr. til samræmis við tekjuáætlun af útvarpsgjaldi.
- Aðhaldskrafa málaflokksins nemur 8,1 m.kr. sem er skipt hlutfallslega á stofnanir og verkefni málaflokksins.

20 Framhaldsskólastig

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð mennta- og barnamálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                        | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|----------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 20 Framhaldsskólastig                  |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 20.10 Framhaldsskólar .....            | 45.699,7                                 | 47.246,1                              | 51.380,5                  | 8,8                       | 12,4                   |
| 02 Mennta- og barnamálaráðuneyti ..... | 45.699,7                                 | 47.246,1                              | 51.380,5                  | 8,8                       | 12,4                   |
| 20.20 Tónlistarfræðsla .....           | 748,4                                    | 776,3                                 | 812,1                     | 4,6                       | 8,5                    |
| 02 Mennta- og barnamálaráðuneyti ..... | 748,4                                    | 776,3                                 | 812,1                     | 4,6                       | 8,5                    |
| 20.30 Vinnustaðanám og styrkir .....   | 392,6                                    | 392,6                                 | 392,6                     | 0,0                       | 0,0                    |
| 02 Mennta- og barnamálaráðuneyti ..... | 392,6                                    | 392,6                                 | 392,6                     | 0,0                       | 0,0                    |
| 20.40 Jöfnun námskostnaðar .....       | 607,1                                    | 703,7                                 | 726,2                     | 3,2                       | 19,6                   |
| 02 Mennta- og barnamálaráðuneyti ..... | 607,1                                    | 703,7                                 | 726,2                     | 3,2                       | 19,6                   |
| Samtals .....                          | 47.447,8                                 | 49.118,7                              | 53.311,4                  | 8,5                       | 12,4                   |


<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 20 Framhaldsskólastig árið 2026 eru áætluð 53.311,4 m.kr. og aukast um 950,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 1,9%. Þegar tekið er

tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 4.192,7 m.kr. milli ára eða sem svarar til 8,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsörðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Aðhaldskrafa er á málefnasviðið. Hún er útfærð á málaflokk 20.10 *Framhaldsskólar*, bæði á stofnanir og safnliði málaflokksins.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| <b>20 Framhaldsskólastig</b>    |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 43.831,0                                 | 44.919,5                              | 49.587,9                  | 10,4                      | 13,1                   |
| Rekstrartilfærslur .....        | 3.015,5                                  | 3.104,7                               | 3.112,6                   | 0,3                       | 3,2                    |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 0,0                                      | 186,4                                 | 40,1                      | -78,5                     | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....      | 601,3                                    | 908,1                                 | 570,8                     | -37,1                     | -5,1                   |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>47.447,8</b>                          | <b>49.118,7</b>                       | <b>53.311,4</b>           | <b>8,5</b>                | <b>12,4</b>            |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 2.123,5                               | 2.212,5                   | 4,2                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 46.995,2                              | 51.098,9                  | 8,7                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>49.118,7</b>                       | <b>53.311,4</b>           | <b>8,5</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

### 20.10 Framhaldsskólar

Ábyrgð á málaflokki liggur hjá mennta- og barnamálaráðuneyti, bæði er varðar rekstur og fagleg málefni framhaldsskólastigsins. Löggjöf um málaflokkinn tekur til opinberra framhaldsskóla og annarra framhaldsskóla sem hlotið hafa viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Framhaldsskólarnir eru um 40 og bjóða ýmist upp á almennt eða sérhæft nám, þar af bjóða 30 upp á fjölbreytt heildstætt nám samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Saga skólanna og sérhæfing er ólík, þeir eru misjafnir að stærð og gerð og staðsettir víðs vegar um landið. Undir málaflokkinn falla einnig fagleg málefni, s.s. starfsþróun kennara, námskrágerð og innleiðing og eftirfylgni með aðalnámskrá.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                  | Framkvæmdaraðili                                                    | Breyting á fjárveitingu |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi og jafna kynjadreifingu</b>                                                                                                                       |                                                                     |                         |
| Halda áfram undirbúningi og framkvæmdum við stækkun fimm framhaldsskóla (FB, VMA, MÍ, FS, FNV) með það markmið að mæta samfélagslegum, faglegum og fjárhagslegum áskorunum og fjölga nemendum í starfs- og tækninámi. | Mennta- og barnamálaráðuneyti                                       | Innan ramma             |
| Einfalda og skýra leiðir fullorðinna inn í starfsnám og til að fá raunfærni sína metna.                                                                                                                               | Mennta- og barnamálaráðuneyti                                       | Innan ramma             |
| Vinna að jafnari kynjadreifingu í starfsnámi í samstarfi við fulltrúa atvinnulífsins og starfsnámsskóla.                                                                                                              | Mennta- og barnamálaráðuneyti, starfsnámsskólar                     | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Fjölga nemendum sem ljúka námi úr framhaldsskóla</b>                                                                                                                                                    |                                                                     |                         |
| Efla, samræma og þróa námsframboð á framhaldsskólastigi svo að það mæti betur fjölbreyttum þörfum nemenda.                                                                                                            | Mennta- og barnamálaráðuneyti                                       | Innan ramma             |
| Uppbygging heildstæðrar skólaþjónustu á framhaldsskólastigi með áherslu á þjónustu, ráðgjöf og stuðning við framhaldsskóla.                                                                                           | Mennta- og barnamálaráðuneyti og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu | Innan ramma             |
| Menntastefna 2030. Innleiðing á 2. áfanga menntastefnunnar – aðgerðaáætlun 2025–2027 með tilliti til forgangsroðunar.                                                                                                 | Mennta- og barnamálaráðuneyti                                       | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Auka gæði menntunar í framhaldsskólum</b>                                                                                                                                                               |                                                                     |                         |
| Innleiða endurskoðuð gæðaviðmið um skólastarf í framhaldsskólum til notkunar í innra mati skólanna.                                                                                                                   | Mennta- og barnamálaráðuneyti                                       | Innan ramma             |
| Framkvæma ytra mat sem byggir á nýjum gæðaviðmiðum og breyttu fyrirkomulagi sem felur í sér aukna viðveru á vettvangi.                                                                                                | Mennta- og barnamálaráðuneyti                                       | Innan ramma             |
| Þróun gagnagrunns fyrir námsbrautir framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja yfirsýn yfir námsframboð og gefa skólum kost á því að þróa og samræma námsbrautir á miðlægum vettvangi.                             | Mennta- og barnamálaráðuneyti                                       | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 51.380,5 m.kr. og hækkar um 950,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 3.184,3 m.kr.

Við vinnslu frumvarps til fjárlaga 2026 var stuðst við sömu nemendatölur og voru í fjárlögum 2025. Fyrir 2. umræðu fjárlaga 2026 verða gerðar breytingar á nemendafjöldatölum og fjárveitingum til skóla þar sem þá liggja fyrir betri upplýsingar um skólavist nemenda í fullu námi enda þá nokkuð líðið á skólaárið.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 150 m.kr. vegna fjölgunar nemenda í verknámi, sbr. markmið nr. 1.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.500 m.kr. vegna mikillar fjölgunar nemenda haustið 2025 þar sem um óvenju stóran árgang er að ræða. Þessum fjármunum verður útdeilt í 2. umræðu fjárlaga 2026 þegar betri upplýsingar um fjölda reiknaðra nemenda í fullu námi liggja fyrir.
- c. Fjárfestingarheimild málaflokksins lækkar um 500 m.kr. vegna flutnings fjárheimilda á milli ára en fjárheimildin kemur aftur árið 2027. Þessi frestun hefur ekki áhrif á framkvæmdir árið 2026.
- d. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 57,2 m.kr. vegna lækkunar á varasjóði málaflokksins.
- e. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 20,6 m.kr. vegna hækkunar sértekna sem hækka um sömu fjárhæð.
- f. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 777,3 m.kr. og lækkar fjárheimild málaflokksins sem því nemur. Skiptist aðhaldið annars vegar upp á 500 m.kr. vegna hliðrunar fjárfestingarheimilda og hins vegar niður á milli stofnana og safnliða málaflokksins upp á 277,3 m.kr.

## 20.20 Tónlistarfræðsla

Um málaflokkinn gilda lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, og taka þau til tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum og annarra sem njóta styrks samkvæmt lögnum. Mennta- og barnamálaráðuneytið fer með faglega umsjón og eftirlit með tónlistarfræðslu, s.s. yfirstjórn námskrár- og námsefnisgerðar. Þá skipar ráðuneytið samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar til að fjalla í heild um starfsemi tónlistarskóla, samstarf skólanna og/eða rekstraraðila þeirra sem og samstarf tónlistarskóla við grunnskóla og framhaldsskóla.

Í annarri aðgerðaáætlun menntastefnu til 2030 er bent á að engin lög séu til um listmenntun í landinu, hvorki heildstæð né í einstökum listgreinum. Stjórnvöld vinna nú að undirbúningi rammalöggjafar um listfræðslu, þar sem m.a. verður kveðið á um tilgang listmennta, þ.m.t. tónlistarmenntunar.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 812,1 m.kr. og tekur ekki breytingum frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 35,8 m.kr.

## 20.30 Vinnustaðanám og styrkir

Tilgangur löggjafar um vinnustaðanámssjóð er að auðvelda nemendum að ljúka tilskildu námi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana af vinnustaðanámi og auðvelda fyrirtækjum og stofnunum að taka nemendur á náms- eða starfsþjálfunarsamning.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 392,6 m.kr. og tekur ekki breytingum frá gildandi fjárlögum. Engar almennar launa- og verðlagsbreytingar koma inn á málaflokkinn.



**20.40 Jöfnun námskostnaðar**

Undir málaflokkinn falla lög um námsstyrki, nr. 79/2003. Námsstyrkir eru veittir til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungri fjárhagsbyrði eða efnaleysi torveldar þeim nám.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 726,2 m.kr. og tekur ekki breytingum frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 22,5 m.kr.

21 Háskólastig

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                                          | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|----------------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 21 Háskólastig                                           |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi .....               | 57.675,4                                 | 62.738,8                              | 65.904,2                  | 5,0                       | 14,3                   |
| 04 Atvinnuvegaráðuneyti .....                            | 214,7                                    | 324,9                                 | 232,0                     | -28,6                     | 8,1                    |
| 17 Menningar-, nýsköpunar- og háskólar. ..               | 57.460,7                                 | 62.413,9                              | 65.672,2                  | 5,2                       | 14,3                   |
| 21.30 Stuðningur við námsmenn .....                      | 8.785,8                                  | 4.713,2                               | 4.976,8                   | 5,6                       | -43,4                  |
| 17 Menningar-, nýsköpunar- og háskólar. ..               | 8.785,8                                  | 4.713,2                               | 4.976,8                   | 5,6                       | -43,4                  |
| 21.40 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og<br>nýsköpunar..... | 2.112,5                                  | 2.002,0                               | 2.289,4                   | 14,4                      | 8,4                    |
| 17 Menningar-, nýsköpunar- og háskólar. ..               | 2.112,5                                  | 2.002,0                               | 2.289,4                   | 14,4                      | 8,4                    |
| Samtals .....                                            | 68.573,7                                 | 69.454,0                              | 73.170,4                  | 5,4                       | 6,7                    |


<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1</sup> og <sup>2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfellum hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspeglar breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árunna 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 21 Háskólastig árið 2026 eru áætluð 73.170,4 m.kr. og aukast um 992 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 1,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 3.716,4 m.kr. milli ára eða sem svarar til 5,4%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Aðhald er útfært á háskóla og yfirstjórn málefnasviðsins, s.s. tilgreint er undir hverjum málaflokki.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                             | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-----------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 21 Háskólastig              |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....       | 54.768,7                                 | 62.183,4                              | 65.567,3                  | 5,4                       | 19,7                   |
| Rekstrartilfærslur .....    | 11.830,8                                 | 6.215,7                               | 6.487,5                   | 4,4                       | -45,2                  |
| Fjármagnstilfærslur .....   | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....  | 1.974,2                                  | 1.054,9                               | 1.115,6                   | 5,8                       | -43,5                  |
| Heildarútgjöld .....        | 68.573,7                                 | 69.454,0                              | 73.170,4                  | 5,4                       | 6,7                    |
| Rekstrartekjur .....        | -                                        | 16.722,1                              | 17.529,4                  | 4,8                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði ..... | -                                        | 52.731,9                              | 55.641,0                  | 5,5                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....   | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Samtals fjármögnun .....    | -                                        | 69.454,0                              | 73.170,4                  | 5,4                       | -                      |

<sup>1</sup> Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>2</sup> Vakín er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

21.10 Háskólar og rannsóknarstarfsemi

Starfsemi málaflokksins er í höndum fjögurra opinberra og þriggja einkarekinna háskóla, auk rannsóknastofnunarinnar Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Undir málaflokkinn fellur einnig Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands og starfsemi rannsókna-, fræða- og þekkingarsetra á landsbyggðinni auk Gæðamats íslenskra háskóla. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                                                                                                    | Framkvæmdaraðili                                                    | Breyting á fjárveitingu |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Háskólar í þágu samfélags og atvinnuþróunar um land allt</b>                                                                                                                                                                                                                              |                                                                     |                         |
| Unnin verði heildarstefna um háskólastarfsemi á Íslandi, m.a. til undirbúnings mögulegri endurskoðun lagaumhverfis íslenskra háskóla og til eflingar háskóla- og vísindastarfi um land allt. <sup>1,3</sup>                                                                                             | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                         | Innan ramma             |
| Unnin verði úttekt á námsbrautum til kennsluréttinda á vegum íslenskra háskóla.                                                                                                                                                                                                                         | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                         | Innan ramma             |
| Stuðningur við sameiginlegar námsleiðir og prófgráður, innan lands sem á alþjóðavettvangi, m.a. í gegnum Evrópunet háskóla. <sup>1,3</sup>                                                                                                                                                              | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                         | Innan ramma             |
| Efling örnáms og raunfærnimats til að auka sveigjanleika sí- og endurmenntunar háskólamenntaðra og aðgengi ólíkra þjóðfélagshópa að færniþróun.                                                                                                                                                         | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                         | Innan ramma             |
| Nemendur í háskólum tileinki sér gagnrýna hugsun og öðlist færni til að bregðast við upplýsingaóreiðu. <sup>1</sup>                                                                                                                                                                                     | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                         | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Framúrskarandi aðstæður fyrir námsmenn</b>                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                     |                         |
| Áhersla á aðgengilega háskóla, aukna fjölbreytni og inngildingu nemenda og starfsfólks í háskólasamfélaginu, aðgerðir til úrbóta á kynjahalla, fjölgun ungra karla í námi sem og greiðara aðgengi fatlaðra. Unnið að fjölgun nemenda á sviðum með mönnunarþörf, s.s. innan heilbrigðis- og STEM-greina. | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                         | Innan ramma             |
| Uppbygging húss Heilbrigðisvísindasviðs HÍ með áherslu á betri innviði og umgjörð rannsókna og náms. <sup>1</sup>                                                                                                                                                                                       | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                         | Innan ramma             |
| Uppbygging húsnæðis við Háskólann á Hólum, í þágu fiskeldis- og rannsóknaraðstöðu, auk aðstöðu fyrir námsbraut í hestafræði. <sup>1</sup>                                                                                                                                                               | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                         | Innan ramma             |
| Bygging jarðræktarmiðstöðvar við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. <sup>1</sup>                                                                                                                                                                                                                   | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og atvinnuvegaráðuneyti | 100 m.kr.               |
| Uppbygging húsnæðis fyrir Listaháskóla Íslands.                                                                                                                                                                                                                                                         | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                         | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Aukin gæði og samkeppnishæfni í alþjóðlegum samanburði</b>                                                                                                                                                                                                                                |                                                                     |                         |
| Eftirfylgni með innleiðingu árangurstengdrar fjármögnunar sem tekur tillit til árangurs í kennslu, rannsókna og annarrar starfsemi í þágu samfélags, auk birtingatölfræði, brautskráninga doktorsnema og árangurs af erlendra styrkjasókn. <sup>1,3</sup>                                               | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                         | Innan ramma             |
| Efling háskólastígs með aðgerðum til stuðnings sameiningum og samvinnu háskóla, m.a. í gegnum háskólasamstöðu, sameiginlega stoðþjónustu og alþjóðasamstarf. <sup>1,2,3</sup>                                                                                                                           | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                         | Innan ramma             |
| Kannaður verði fýsileiki sameiginlegra siðanefnda háskóla, m.a. m.t.t. gervigreindar. <sup>1</sup>                                                                                                                                                                                                      | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti                         | Innan ramma             |

|                                                                                                                                                        |                                             |             |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------|-------------|
| Breytingar á gjaldtökuheimildum opinberra háskóla til að heimila innheimtu skólagjalda af nemendum utan EES-svæðis, til samræmis við önnur Norðurlönd. | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------|-------------|

<sup>1.</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 7.10.

<sup>2.</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 2 í málaflokki 7.10.

<sup>3.</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 3 í málaflokki 7.10.

Markmiðin hafa verið endurskoðuð í samræmi við áherslur stjórnvalda í málaflokknum frá því sem birt var í mælaborði árangurs á vefsíðu Stjórnarráðsins í júní sl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 65.904,2 m.kr. og hækkar um 537,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2.627,6 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. vegna byggingar jarðræktarmiðstöðvar á Hvanneyri, sbr. markmið nr. 2.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 250 m.kr. til eflingar á málaflokki háskóla.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 400 m.kr. vegna breyttra forsendna um fjölgun nemenda.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 493,1 m.kr. og vegur þar þyngst 145,9 m.kr. sértækt aðhald á varasjóð málaflokksins en því sem eftir er verður dreift hlutfallslega á stofnanir málaflokksins.

### 21.30 Stuðningur við námsmenn

Undir málaflokkinn fellur Menntasjóður námsmanna.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                        | Framkvæmdaraðili                            | Breyting á fjárveitingu |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Að tryggja námsmönnum sem falla undir lögin tækifæri til náms, án tillits til efnahags og aðstæðna</b>                        |                                             |                         |
| Endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna ásamt úthlutunarreglum, byggð á mati á framkvæmd nýrra laga sem tóku gildi árið 2020. <sup>1</sup> | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Jöfn og gagnsæ dreifing á framlagi ríkisins til nemenda og bætt námsframvinda nemenda í háskólum</b>                          |                                             |                         |
| <b>Markmið 3: Að styðja við öflugt menntakerfi sem er forsenda framfara</b>                                                                 |                                             |                         |

<sup>1.</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 2 og 3.

Markmiðin hafa verið endurskoðuð í samræmi við áherslur stjórnvalda í málaflokknum frá því sem birt var í mælaborði árangurs á vefsíðu Stjórnarráðsins í júní sl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 4.976,8 m.kr. og hækkar um 263,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Málaflokkurinn tekur ekki almennum launa- og verðlagsbreytingum.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 366,3 m.kr. vegna uppfærðrar áætlunar Menntasjóðs námsmanna á styrkjum til námsmanna vegna framfærslu barna.
- b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 94,7 m.kr. vegna uppfærðra áætlana um fjárþörf í málaflokknum.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 10,8 m.kr. með hlutfallslegri skiptingu niður á stofnanir innan málaflokksins.

#### **21.40 Stjórnsýsla menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis**

Undir málaflokkinn fellur starfsemi menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis en einnig falla málefni Rannsóknarmiðstöðvar Íslands (Rannís) hér undir. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 2.289,4 m.kr. og hækkar um 190,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 96,8 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Í samræmi við skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er fjárheimild málaflokksins aukin um 154,9 m.kr. í samræmi við forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta.
- b. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar er gert ráð fyrir að veita 50 m.kr. framlag til að efla málaflokk gervigreindar hjá ráðuneytinu.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 35,2 m.kr. en þar vegur þýngst aðhald á aðalskrifstofu ráðuneytisins upp á 30,3 m.kr. með sértæku aðhaldi á aðalskrifstofu. Aðhald á Rannsóknarmiðstöð Íslands er 4,9 m.kr.

22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð mennta- og barnamálaráðherra og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

| 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|--------------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 22.10 Leikskóla- og grunnskólastig .....               | 936,0                                    | 1.684,9                               | 1.615,9                   | -4,1                      | 72,6                   |
| 02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....                 | 936,0                                    | 1.684,9                               | 1.615,9                   | -4,1                      | 72,6                   |
| 22.20 Framhaldsfræðsla og menntun                      |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Óflokkuð á skólastig.....                              | 2.410,2                                  | 2.721,3                               | 2.540,2                   | -6,7                      | 5,4                    |
| 02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....                 | 2.039,3                                  | 2.359,1                               | 2.180,8                   | -7,6                      | 6,9                    |
| 17 Menningar-, nýsköpunar- og háskólar. ....           | 370,9                                    | 362,2                                 | 359,4                     | -0,8                      | -3,1                   |
| 22.30 Stjórnsýsla mennta- og barnamála                 | 3.304,6                                  | 2.628,8                               | 2.717,0                   | 3,4                       | -17,8                  |
| 02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....                 | 3.304,6                                  | 2.628,8                               | 2.717,0                   | 3,4                       | -17,8                  |
| Samtals .....                                          | 6.650,8                                  | 7.035,0                               | 6.873,1                   | -2,3                      | 3,3                    |


<sup>1</sup> Vakinn er athugi á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athugi á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli áranna 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála árið 2026 eru áætluð 6.873,1 m.kr. og lækka um 431,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 6,1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 161,9 m.kr. milli ára eða sem svarar til 2,3%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                                        | Reikningur <sup>1</sup> | Fjárlög <sup>2</sup> | Frumvarp       | Br. frá     | Br. frá    |
|--------------------------------------------------------|-------------------------|----------------------|----------------|-------------|------------|
| 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála | 2024                    | 2025                 | 2026           | fjárlögum   | reikn.     |
|                                                        | m.kr.                   | m.kr.                | m.kr.          | %           | %          |
| Rekstrarframlög .....                                  | 3.834,3                 | 4.321,5              | 4.388,6        | 1,6         | 14,5       |
| Rekstrartilfærslur .....                               | 2.600,7                 | 2.699,9              | 2.470,4        | -8,5        | -5,0       |
| Fjármagnstilfærslur .....                              | 0,0                     | 0,0                  | 0,0            | -           | -          |
| Fjárfestingarframlög .....                             | 215,8                   | 13,6                 | 14,1           | 3,7         | -93,5      |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>                            | <b>6.650,8</b>          | <b>7.035,0</b>       | <b>6.873,1</b> | <b>-2,3</b> | <b>3,3</b> |
| Rekstrartekjur .....                                   | -                       | 448,3                | 427,5          | -4,6        | -          |
| Framlag úr ríkissjóði .....                            | -                       | 6.586,7              | 6.445,6        | -2,1        | -          |
| Viðskiptahreyfingar .....                              | -                       | 0,0                  | 0,0            | -           | -          |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>                        | <b>-</b>                | <b>7.035,0</b>       | <b>6.873,1</b> | <b>-2,3</b> | <b>-</b>   |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

22.10 Leikskóla- og grunnskólastig

Starfsemi málaflokksins er annars vegar í höndum sveitarfélaganna sem bera ábyrgð á rekstri og kostnaði leik- og grunnskóla og einstökum þáttum skólastarfs og hins vegar hjá mennta- og barnamálaráðuneyti sem fer með stefnumótunar-, yfirstjórnar- og eftirlitshlutverk eins og nánar er kveðið á um í lögum um leikskóla, lögum um grunnskóla, lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.



| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           | Framkvæmdaraðili                                                             | Breyting á fjárveitingu |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Styrkja lestrarfærni grunnskólanemenda</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |                                                                              |                         |
| Úttekt á tiltækum skimunartækjum fyrir náms- félags- og tilfinningalegum áskorunum barna og ungmenna. Úttekt verði gerð á þeim skimunartækjum sem til staðar eru fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og mat lagt á hvort þau standist gæðaviðmið. Samhliða verði unnið mat á þörf fyrir frekari skimunartæki. <sup>1</sup>                                                                                                                                                                                                   | Miðstöð menntunar og skólaþjónustu                                           | Innan ramma             |
| Bættur námsárangur og samræmdar mælingar. Innleiða Matsferil sem samræmt námsmat, þ. á m. valkvæð og skyldubundin stöðu- og framvindupróf á grunnskólastigi, ásamt öðrum skimunar- og matstækjum fyrir leik- og grunnskóla. Auka stuðning við kennara við að nota með markvissum hætti niðurstöður mats- og skimunartækja til þess að breyta og bæta kennslu og mæta námsþörfum allra barna, hvort sem þau þurfa stuðning eða frekari áskoranir í námi. Áhersla verður fyrst um sinn á stærðfræði og lesskilning. <sup>1</sup> | Mennta- og barnamálaráðuneyti og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu          | Innan ramma             |
| Stafræn námsgögn á íslensku. Útgáfa stafrænna námsgagna, útgáfa námsgagna fyrir nemendur sem nota táknmál, nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn með sérstaka áherslu á stuðningsefni fyrir íslenskunám, orðaforða og hugtakaskilning. <sup>1</sup>                                                                                                                                                                                                                                                  | Miðstöð menntunar og skólaþjónustu                                           | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Styrkja færni grunnskólanemenda í stærðfræði og náttúrufræði</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |                                                                              |                         |
| Málefni kennara og skólastjórnaenda Áframhaldandi áhersla á nýliðun kennara og bætt náms- og starfsumhverfi skóla, auk áherslu á starfsþróun kennara og annars starfsfólks skóla. Setning viðmiða um hæfni starfsfólks í íslensku sem ekki eru með íslensku að móðurmáli og aukið framboð á námskeiðum í kjarnagreinum grunnskóla, m.a. í Menntafléttu. <sup>2</sup>                                                                                                                                                           | Mennta- og barnamálaráðuneyti og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti | Innan ramma             |
| Opinber gæðaviðmið og miðlun námsgagna. Birting og innleiðing opinberra gæðaviðmiða fyrir náms- og kennslugögn þvert á skólastig og þróun miðlægrar stafrænnar námsgagnaveitu. <sup>2</sup>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    | Mennta- og barnamálaráðuneyti og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu          | Innan ramma             |
| Stafrænn nemendagrunnur. Þróun og innleiðing á Frigg, miðlægum stafrænum nemendagagnagrunni um heildstæðar upplýsingar um nemendur. Áhersla verður fyrst á upplýsingar um nemendur á skólaskyldualdri en síðar einnig um nemendur í leik- og framhaldsskólum. <sup>2</sup>                                                                                                                                                                                                                                                     | Miðstöð menntunar og skólaþjónustu                                           | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Bætt líðan barna og aukin gæði menntunar í leik- og grunnskólum</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |                                                                              |                         |
| Menntastefna 2030. Innleiðing á 2. áfanga menntastefnunnar – aðgerðaáætlun 2025–2027 með tilliti til forgangsroðunar. <sup>3</sup>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             | Mennta- og barnamálaráðuneyti og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu          | Innan ramma             |
| Mat og eftirlit. Endurskoðun framkvæmdar og eftirfylgni ytra mats og eftirlits í leik- og grunnskólum, gæðaviðmiða innra og ytra mats fyrir leik- og grunnskóla; breytingar á ákvæðum laga leik- og grunnskóla og aðalnámskrám skólastiganna um mat og eftirlit, námsmat o.fl. <sup>3</sup>                                                                                                                                                                                                                                    | Mennta- og barnamálaráðuneyti                                                | Innan ramma             |

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |                                                                     |             |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------|-------------|
| Fyrstu 1000 dagar barnsins – styrking leikskólastígs. Samráð við hagsmunaaðila, úttekt á námsumhverfi leikskólabarna, breytingar á viðeigandi lögum o.fl. Föruneyti barna – námskeið fyrir foreldra leik- og grunnskólabarna. Áframhaldandi áhersla á nýliðun kennara, þ.m.t. fjölgun kennara á leikskólastigi. <sup>4</sup> | Mennta- og barnamálaráðuneyti og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu | Innan ramma |
| <sup>1.</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 2 og 3.                                                                                                                                                                                                                                                                 |                                                                     |             |
| <sup>2.</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 og 3.                                                                                                                                                                                                                                                                 |                                                                     |             |
| <sup>3.</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 og 2.                                                                                                                                                                                                                                                                 |                                                                     |             |
| <sup>4.</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 1.                                                                                                                                                                                                                                                                      |                                                                     |             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 1.615,9 m.kr. og lækkar um 108 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 39 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Gert er ráð fyrir að fresta niðurfellingu 500 m.kr. fjárveitingar um eitt ár vegna áframhaldandi stuðnings við börn af erlendum uppruna.
- b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 80 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 28 m.kr. og lækkar fjárheimild málaflokksins sem því nemur. Skiptist aðhaldið niður á milli verkefna og sjóða innan málaflokksins.

## 22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

Starfsemi málaflokksins er í höndum mennta- og barnamálaráðuneytis og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis sem bera ábyrgð á stefnumótun, almennri stjórnsýslu og gæðaeftirliti. Meginverkefni málaflokksins lögum samkvæmt eru kennsla og þjónusta við fullorðna einstaklinga með stutta skólagöngu til að auðvelda þeim að hefja nám að nýju eða efla starfshæfni. Markmið framhaldsfræðslu er að hækka menntunarstig í landinu og stuðla að því að nám og reynsla sem aflað hefur verið utan hins formlega skólakerfis sé metið að verðleikum.

Framhaldsfræðsla tengist samstarfi hins opinbera við samtök aðila á vinnumarkaði og við samtök um málefni fatlaðs fólks. Starfsemin fer að mestu fram hjá sjálfseignarstofnunum, frjálsum félagasamtökum og fræðsluaðilum. Undir málaflokkinn fellur einnig íslenskukennsla fyrir innflytjendur og málefni Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                               | Framkvæmdaraðili                                                                                   | Breyting á fjárveitingu |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Að efla gæði og framboð íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur til að auðvelda þeim að taka virkan þátt í samfélaginu</b>                                                                     |                                                                                                    |                         |
| Stuðningur við og eftirfylgd með samstarfs- og nýsköpunarverkefnum styrkhafa um fjölbreytt íslenskunám fyrir ólíka hópa innflytjenda. <sup>5</sup>                                                                 | Mennta- og barnamálaráðuneyti                                                                      | Innan ramma             |
| Mótun heildstæðari umgjärðar um íslenskunám fullorðinna innflytjenda m.t.t. aðgengis, gæða, skilvirkni og framkvæmdar samhæfðra stöðuprófa.                                                                        | Mennta- og barnamálaráðuneyti í samstarfi við hagsmunaaðila                                        | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Að auðvelda fullorðnu fólki með stutta skólagöngu að afla sér menntunar og starfsréttinda</b>                                                                                                        |                                                                                                    |                         |
| Einfalda framsetningu vottaðra námskráa framhaldsfræðslu svo leiðir í áframhaldandi nám séu skýrar og raunfærnimat til staðar inn á námsbrautir framhaldsskóla.                                                    | Mennta- og barnamálaráðuneyti í samstarfi við hagsmunaaðila                                        | Innan ramma             |
| Vinna að viðurkenningu á námslokum innan framhaldsfræðslu á öðru þrepi hæfniramma um íslenska menntun.                                                                                                             | Fræðslumiðstöð atvinnulífsins                                                                      | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Að efla þjónustu við táknmálstalandi fólki</b>                                                                                                                                                       |                                                                                                    |                         |
| Framkvæmd aðgerða skv. þingsályktun um málstefnu íslensks táknmáls. Unnið verði að endurskoðun laga um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra sbr. aðgerð 1 sem fellur undir meginstöð E í aðgerðaáætlun. | Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra o.fl. | Innan ramma             |

<sup>5</sup> Styrkt verkefni byggja á menntastefnu 2030 og þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2024–2026.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 2.540,2 m.kr. og lækkar um 295,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 114,3 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 250 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 30,5 m.kr.

22.30 Stjórnsýsla mennta- og barnamála

Hlutverk mennta- og barnamálaráðuneytisins er að stuðla að því að menntun, aðbúnaður og réttindi barna séu ávallt í fyrirrúmi. Ráðuneytið fer með stjórnarmálefni sem varða fræðslumál, málefni barna og ungmenna og íþróttamál. Ráðherra fer með yfirstjórn þeirra stjórnvalda sem undir hann heyra og hefur eftirlit með starfrækslu, fjárreiðum og eignum á vegum þeirra. Á sviðinu starfar Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, sbr. lög nr. 91/2023, sem hefur það hlutverk að starfa í þágu barna og ungmenna á sviði fræðslu- og menntamála um land allt í samræmi við lög, stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 2.717 m.kr. og lækkar um 28 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 116,2 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 21,1 m.kr. vegna breytinga Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð og kemur millifærslan af málaflokki 32.40 *Stjórnsýsla félagsmála*.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 48,2 m.kr.

23 Sjúkrahúspjónusta

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.


|                                       | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 23 Sjúkrahúspjónusta                  |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta ..... | 155.460,9                                | 151.272,3                             | 168.002,1                 | 11,1                      | 8,1                    |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti .....         | 155.460,9                                | 151.272,3                             | 168.002,1                 | 11,1                      | 8,1                    |
| 23.20 Almenn sjúkrahúspjónusta .....  | 18.437,4                                 | 18.668,5                              | 19.985,1                  | 7,1                       | 8,4                    |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti .....         | 18.437,4                                 | 18.668,5                              | 19.985,1                  | 7,1                       | 8,4                    |
| 23.30 Erlend sjúkrahúspjónusta .....  | 4.561,7                                  | 4.382,1                               | 4.306,7                   | -1,7                      | -5,6                   |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti .....         | 4.561,7                                  | 4.382,1                               | 4.306,7                   | -1,7                      | -5,6                   |
| Samtals .....                         | 178.460,0                                | 174.322,9                             | 192.293,9                 | 10,3                      | 7,8                    |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli áranna 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 23 Sjúkrahúspjónusta árið 2026 eru áætluð 192.293,9 m.kr. og aukast um 11.910,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 6,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 17.971 m.kr. milli ára eða sem svarar til 10,3%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Aðhaldsmarkmið málefnasviðsins felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir vegna aukinnar hagræðingar í opinberum innkaupum og rannsóknþjónustu, endurskoðunar jafnlaunavottunar og niðurfellingar á varasjóðum málaflokka. Jafnframt er sértæk aðhaldskrafa á málaflokk 23.1 *Sérhæfð sjúkrahúspjónusta* þar sem unnið verður úr tillögum fagráðs um forgangsöröðun í heilbrigðiskerfinu og þær útfærðar innan heilbrigðiskerfisins fyrir 2. umræðu fjárlaga. Málaflokkar málefnasviðsins bera ekki almenna aðhaldskröfu.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| <b>23 Sjúkrahúspjónusta</b>     |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 152.645,0                                | 149.967,3                             | 159.417,2                 | 6,3                       | 4,4                    |
| Rekstrartilfærslur .....        | 4.725,8                                  | 4.728,3                               | 4.652,9                   | -1,6                      | -1,5                   |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 0,0                                      | 1.049,0                               | 4.111,0                   | 291,9                     | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....      | 21.089,2                                 | 18.578,3                              | 24.112,8                  | 29,8                      | 14,3                   |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>178.460,0</b>                         | <b>174.322,9</b>                      | <b>192.293,9</b>          | <b>10,3</b>               | <b>7,8</b>             |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 11.484,9                              | 11.873,1                  | 3,4                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 162.838,0                             | 180.420,8                 | 10,8                      | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>174.322,9</b>                      | <b>192.293,9</b>          | <b>10,3</b>               | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri. Hlutverk Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri er að veita heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma samræmist skyldu slíks sjúkrahúss, m.a. sérfræðiþjónustu í nær öllum viðurkenndum greinum læknisfræði, hjúkrunarfræði og eftir atvikum öðrum greinum heilbrigðisvísinda sem stundaðar eru hér á landi, með aðgengi að stoðdeildum og rannsóknardeildum.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                    | Framkvæmdaraðili                                                              | Breyting á fjárveitingu |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Efla mönnun í heilbrigðisþjónustu</b>                                                                                                                                                     |                                                                               |                         |
| Mannauðsstefna í heilbrigðisþjónustu til 2030 liggur fyrir. Aðgerðaáætlun er unnin fyrir eitt ár í senn.                                                                                                | Heilbrigðisráðuneyti                                                          | Innan ramma             |
| Áfram unnið að lifandi mælaborði um greiningu á mönnun heilbrigðisþjónustunnar.                                                                                                                         | Heilbrigðisráðuneyti                                                          | Innan ramma             |
| Unnið að forsendum mönnunarlíkana í heilbrigðisþjónustu þannig að stofnanir geti með samræmdum hætti innleitt mönnunarviðmið miðað við þörf og getu.                                                    | Heilbrigðisráðuneyti                                                          | Innan ramma             |
| Áfram unnið að eflingu sérnáms heilbrigðisstétta hérlandis til að eiga betri möguleika á að standa undir mönnun til framtíðar.                                                                          | Heilbrigðisráðuneyti                                                          | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Stytta biðtíma eftir nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu</b>                                                                                                                                 |                                                                               |                         |
| Vinna að því að koma á fót samræmdum biðlistum fyrir sem flesta þætti þjónustu innan sérgreinasjúkrahúsa.                                                                                               | Embætti landlæknis, Sjúkratryggingar, LSH og Sjúkrahúsið á Akureyri           | Innan ramma             |
| Áframhaldandi vinna við útvistun þeirra verkefna sem leysa má á öðrum þjónustustigum en sérgreinasjúkrahúsum og auka þannig getu sérgreinasjúkrahúsa til að anna þeim verkefnum sem þau ein geta leyst. | Heilbrigðisráðuneyti, LSH, Sjúkrahúsið á Akureyri, heilbrigðisstofnanir og SÍ | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 168.002,1 m.kr. og hækkar um 11.266,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 5.463,7 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 1.500 m.kr. til ýmissa áherslumála ríkisstjórnarinnar, m.a. til eflingar meðferðarúrræða við fíknivanda, styrkingar móttöku þolenda heimilisofbeldis, innleiðingar NAT-skimunar (e. Nucleic Acid Testing) hjá Blóðbankanum, upptöku litningarannsóknna án inngríps á Landspítala, NIPT (e. Non Invasive Prenatal Testing) o.fl.
- Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu innan málaflokksins vegna fjölgunar og öldrunar þjóðarinnar er 2.195,2 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 5.562 m.kr. í samræmi við framkvæmdaáætlun Nýs Landspítala.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 2.500 m.kr. vegna byggingar nýrrar legudeildar við Sjúkrahúsið á Akureyri.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 600 m.kr. vegna reksturs átta nýrra öryggisvistunarrýma á geðsviði á Kleppi. Unnið er að breytingum á húsnæðinu vegna þessara nýju úrræða sem verða tekin í notkun árið 2026.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 200 m.kr. vegna hækkunar á DRG-potti til að tryggja að Sjúkratryggingar geti greitt fyrir umframframleiðslu samkvæmt

- samningi um þjónustutengda fjármögnun við bæði Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri.
- g. Millifærðar eru á málaflokkinn 258,1 m.kr. vegna niðurfellinga þjónustusamninga Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri við Sjúkratryggingar. Fjárveitingin er færð í framleiðslugrunn stofnananna.
  - h. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 950 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður, átaks í lýðheilsutengdum aðgerðum og brúarverkefni á bráðamóttöku Landspítala.
  - i. Millifærðar eru 225 m.kr. á málefнасvið 25 *Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta* til meðferðarúrræða við fíknivanda.
  - j. Útgjaldaheimild málaflokksins lækkar um 166,5 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á sértekjum.
  - k. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 142,6 m.kr. vegna breytts greiðslufyrirkomulags Microsoft-samninga.
  - l. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 530 m.kr. vegna hliðrunar á byggingarferli legudeildar á Sjúkrahúsinu á Akureyri en framkvæmdum var frestað um eitt ár.
  - m. Sértek aðhaldskrafa á málaflokkinn nemur 1.961,3 m.kr. Þar af eru 200 m.kr. í rannsóknþjónustu (betri yfirsýn yfir nýtingu tækja og mannafla), 534,8 m.kr. vegna opinberra innkaupa sem skiptist hlutfallslega milli Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri og 1.000 m.kr. vegna stofnunar fagráðs um forgangsstöðun í heilbrigðiskerfinu en tillögur frá því verða útfærðar nánar í 2. umræðu fjárlaga. Einnig er varasjóður málaflokksins að upphæð 201,4 m.kr. felldur niður annað árið í röð.

23.20 Almenn sjúkrahúsþjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisstofnana í heilbrigðisumdæmum. Þess má geta að í lögum um heilbrigðisþjónustu heitir almenn sjúkrahúsþjónusta nú annars stigs þjónusta. Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri veita annars stigs sjúkrahúsþjónustu fyrir íbúa sem búa í heilbrigðisumdæmum höfuðborgarsvæðisins og á Norðausturlandi en allar fjárveitingar til þessara tveggja stofnana eru undir málaflokki 23.1.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                                           | Framkvæmdaraðili     | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Efla aðgang sjúklinga að skilgreindri sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á heilbrigðisstofnunum</b>                                                                                                                                   |                      |                         |
| Unnið verði úr tillögum starfshóps um rétta þjónustu á réttum stað m.t.t. verkaskiptingar milli sérgreinasjúkrahúsa, sérgreinalækna og þjónustu heilsugæslu og tryggja samvinnu þeirra á milli þannig að þjónustan verði samfelld og skilvirk. | Heilbrigðisráðuneyti | Innan ramma             |
| Unnið verði úr mati á stöðu stafrænna mála í heilbrigðiskerfinu og mótaðar tillögur sem stuðla að samfelli í þjónustu og bættri upplifun notenda.                                                                                              | Heilbrigðisráðuneyti | Innan ramma             |



**Markmið 2: Sjúklingar komist í liðskiptaaðgerðir innan ásættanlegs biðtíma miðað við viðmið embættis landlæknis**

Stytting biðar eftir liðskiptaaðgerð með breyttu verklagi í samvinnu þjónustuveitenda.

Heilbrigðisráðuneyti

Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 19.985,1 m.kr. og hækkar um 558,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 758 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 1.100 m.kr. vegna styrkingar á rekstrargrunni heilbrigðisstofnana til að ná fram áherslumálum í heilbrigðisþjónustu.
- Millifærðar eru 836,7 m.kr. á málaflokk 25.10 vegna samræmingar á fjárheimildum hjúkrunarrýma sem rekin eru af heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni og hjúkrunarrýma sem greidd eru skv. samningum við Sjúkratryggingar Íslands.
- Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu innan málaflokksins vegna fjölgunar og öldrunar þjóðarinnar er 283,8 m.kr.
- Útgjaldaheimild málaflokksins hækkar um 187 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á sértekjum.
- Sérstakar aðhaldsráðstafanir eru 119,6 m.kr. Þar af er aukin hagræðing í opinberum innkaupum 94,7 m.kr., endurskoðun jafnlaunavottunar 3,4 m.kr. og þá er varasjóður málaflokks að upphæð 21,5 m.kr. felldur tímabundið niður annað árið í röð.
- Millifærðar eru 200 m.kr. á málaflokk 23.10 til að styrkja rekstur Sjúkrahússins á Akureyri.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 86,6 m.kr. vegna breytts greiðslufyrirkomulags vegna Microsoft-samninga.

### 23.30 Erlend sjúkrahúspjónusta

Framkvæmd málaflokksins er í höndum Sjúkratrygginga Íslands sem sjá um samningagerð við erlend sjúkrahús ásamt því að hafa milligöngu um greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu milli landa þar sem milliríkjasamningar gilda. Til erlendra sjúkrahúspjónustu telst heilbrigðisþjónusta sem veitt er erlendis og greitt er fyrir af Sjúkratryggingum í samræmi við reglugerðir um þjónustuna. Um er að ræða nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sem ekki er í boði á Íslandi, nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sem er ekki veitt á Íslandi innan tímamarka og heilbrigðisþjónustu yfir landamæri innan EES-lands (landamæratilskipun). Að auki heyrir sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis undir málefnasviðið.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                                                         | Framkvæmdaraðili                                                                             | Breyting á fjárveitingu |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Aðgerðir sem áður voru gerðar erlendis á grundvelli biðtímareglugerðar eru framkvæmdar hérlendis</b>                                                                                                                                           |                                                                                              |                         |
| Stytta biðlista með fjölgun aðgerða sem framkvæmdar eru hér á landi, bæði á vegum opinberra aðila og einkaaðila. Áætlun verði gerð um flutning aðgerða til landsins m.t.t. nýtingar bjarga hérlendis, þ.m.t. fjármagns sem nú er nýtt til þjónustu erlendis. | Heilbrigðisráðuneyti og<br>Sjúkratryggingar<br>Íslands, sjúkrahús og<br>heilbrigðisstofnanir | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 4.306,7 m.kr. og hækkar um 85,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa-, gengis- og verðlagsbreytingum en þær lækka um 161 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er eftirtalin:

- a. Fjárheimild til málaflokksins hækkar um 85,6 m.kr. vegna raunvaxtar, fjölgunar íbúa og öldrunar þjóðarinnar.

## 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                               | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-----------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa        |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 24.10 Heilsugæsla .....                       | 53.515,1                                 | 46.251,2                              | 49.855,3                  | 7,8                       | -6,8                   |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti .....                 | 53.515,1                                 | 46.251,2                              | 49.855,3                  | 7,8                       | -6,8                   |
| 24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun .....       | 32.874,8                                 | 35.900,9                              | 37.289,1                  | 3,9                       | 13,4                   |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti .....                 | 32.874,8                                 | 35.900,9                              | 37.289,1                  | 3,9                       | 13,4                   |
| 24.30 Sjúkrþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun | 9.623,9                                  | 10.019,0                              | 10.521,0                  | 5,0                       | 9,3                    |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti .....                 | 9.623,9                                  | 10.019,0                              | 10.521,0                  | 5,0                       | 9,3                    |
| 24.40 Sjúkraflutningar .....                  | 4.723,0                                  | 4.896,4                               | 5.113,7                   | 4,4                       | 8,3                    |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti .....                 | 4.723,0                                  | 4.896,4                               | 5.113,7                   | 4,4                       | 8,3                    |
| Samtals .....                                 | 100.736,8                                | 97.067,5                              | 102.779,1                 | 5,9                       | 2,0                    |


<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

### Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árunna 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 24 *Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa* árið 2026 eru áætluð 102.779,1 m.kr. og aukast um 2.012,2 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025, eða sem svarar til 2,1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 5.711,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 5,9%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Aðhaldsmarkmið málefnasviðsins felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir vegna aukinnar hagræðingar í opinberum innkaupum og niðurfellingar á varasjóðum málaflokka. Jafnframt er sértæk aðhaldskrafa á málaflokk 24.10 *Heilsugæsla* vegna aukinnar greiðsluþátttöku sjúkratryggðora sem verður útfærð innan heilbrigðiskerfisins fyrir 2. umræðu fjárlaga. Málaflokkar 24.10 *Heilsugæsla* og 24.20 *Sérfræðiþjónusta og hjúkrun* bera ekki almenna aðhaldskröfu og er almennt aðhald því aðeins útfært á málaflokka 24.30 *Sjúkrþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun* og 24.40 *Sjúkraflutningar*.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                        | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|----------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....                  | 57.132,1                                 | 49.767,8                              | 53.506,2                  | 7,5                       | -6,3                   |
| Rekstrartilfærslur .....               | 43.334,9                                 | 47.131,4                              | 49.099,6                  | 4,2                       | 13,3                   |
| Fjármagnstilfærslur .....              | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....             | 269,8                                    | 168,3                                 | 173,3                     | 3,0                       | -35,8                  |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>            | <b>100.736,8</b>                         | <b>97.067,5</b>                       | <b>102.779,1</b>          | <b>5,9</b>                | <b>2,0</b>             |
| Rekstrartekjur .....                   | -                                        | 1.719,2                               | 1.755,5                   | 2,1                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....            | -                                        | 95.348,3                              | 101.023,6                 | 6,0                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....              | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>        | <b>-</b>                                 | <b>97.067,5</b>                       | <b>102.779,1</b>          | <b>5,9</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

24.10 Heilsugæsla

Heilsugæslan er fyrsti viðkomustaður notenda heilbrigðisþjónustunnar en þar er veitt fyrsta stigs og eftir atvikum annars stigs heilbrigðisþjónusta. Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana heilbrigðisumdæma og einkarekinna heilsugæslustöðva.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                   | Framkvæmdaraðili                                                             | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Greitt aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu óháð aldri</b>                                                                                                  |                                                                              |                         |
| Umbótaverkefni í geðheilbrigðisþjónustu barna. Bættir verkferlar, rafræn kerfi, betri nýting mannauðs og fleiri umbóta- og samstarfsverkefni.                          | Heilbrigðisráðuneyti og heilsugæslur um allt land                            | Innan ramma             |
| Kortlagning fyrstu línu geðheilbrigðisþjónustu fullorðinna um landið og umbótavegferð í framhaldi.                                                                     | Heilbrigðisráðuneyti og heilsugæslur um allt land                            | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Að auka notkun skjólstæðinga á Heilsuveru</b>                                                                                                            |                                                                              |                         |
| Flutningur á virkni og upplýsingum frá Heilsuveru yfir á Ísland.is ásamt nýjum viðbótum í þjónustu til að efla stafræna heilbrigðisþjónustu og auka aðgengi sjúklinga. | Heilbrigðisráðuneyti, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og embætti landlæknis | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 49.855,3 m.kr. og hækkar um 1.696,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.907,7 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Reiknaður raunvöxtur á veittri þjónustu innan málaflokksins er 830 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 2.300 m.kr. til ýmissa áherslumála ríkisstjórnarinnar. Þar af eru geðheilbrigðismál eflað í samræmi við áætlun og geðheilbrigðisstefnu með áherslu á aukna þjónustu við börn, ásamt meðferðarúrræðum við fíknivanda, Upplýsingamiðstöð heilsugæslunnar o.fl.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 42,9 m.kr. vegna breytts greiðslufyrirkomulags vegna Microsoft-samninga.
- Millifærðar eru 420 m.kr. á málefнасvið 25 *Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta* annars vegar til eflingar meðferðarúrræða við fíknivanda og hins vegar vegna aukinnar hjúkrunarþyngdar á hjúkrunarheimilum.
- Millifærðar eru 66 m.kr. á málefнасvið 23 *Sjúkrahúsþjónusta* vegna uppbyggingar sérhæfðrar geðþjónustu fyrir aldraða.
- Millifærðar eru 100 m.kr. á málaflokk 24.20 *Sérfræðiþjónusta og hjúkrun* vegna afnáms tilvísanakerfis barna til sérgreinalækna.
- Útgjaldaheimild málaflokksins hækkar um 26,1 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á sértekjum.
- Sértæk aðhaldskrafa á málaflokkinn nemur 1.087,5 m.kr. Þar af eru 1.000 m.kr. vegna aukinnar greiðsluþátttöku sjúkratryggðra sem verður útfærð fyrir 2. umræðu fjárlaga, innan heilbrigðiskerfisins. Málaflokkurinn er ekki látinn bera almenna aðhaldskröfu.

#### 24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun

Starfsemi málaflokksins er í höndum sjálfstætt starfandi sérgreinalækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og ljósmæðra. Viðkomandi fagaðilar veita sérhæfða þjónustu utan sjúkrahúsa. Þjónustan er almennt veitt á grundvelli samninga Sjúkratrygginga Íslands og nær til rannsókna og meðferða.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                             | Framkvæmdaraðili                                 | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Að efla þróun á starfsemi sérgreinalækna utan sjúkrahúsa</b>                                                                                                                                       |                                                  |                         |
| Unnið að þróun á þjónustu sérgreinalækna í gegnum samstarfssamning SÍ og LÍ. Sérstaklega er horft til verklags í tengslum við þverfagleg teymi og forgangsröðun þjónustu m.t.t. þjónustuparfar á landsbyggðinni. | Sjúkratryggingar Íslands og Læknafélag Íslands   | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Greitt aðgengi að meðferðarúrræði vegna vímuefnavanda</b>                                                                                                                                          |                                                  |                         |
| Gerð nýrrar vímuefnastefnu.                                                                                                                                                                                      | Heilbrigðisráðuneyti                             | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Efling fæðingarþjónustu sem miðar að eðlilegu fæðingarferli</b>                                                                                                                                    |                                                  |                         |
| Unnið skv. aðgerðaáætlun um barneignaðþjónustu til ársins 2030 þar sem m.a. er lögð áhersla á að efla fæðingarþjónustu sem miðar að eðlilegu fæðingarferli innan og utan sjúkrahúsa.                             | Heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar Íslands | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 37.289,1 m.kr. og hækkar um 95,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.292,8 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. til að afnema tilvísanir barna til sérgreinalækna.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 648,5 m.kr. vegna raunvaxtar, fjölgunar íbúa og öldrunar þjóðarinnar.
- Millifærðar eru 258,1 m.kr. á málefnasvið 23 *Sjúkrahúspjónusta* vegna niðurfellinga þjónustusamninga Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri við Sjúkratryggingar. Fjárveitingin er færð í framleiðslugrunn stofnana þar sem viðkomandi verk eru framkvæmd.
- Millifærðar eru 50 m.kr. á málefnasvið 26 *Lyf og lækningavörur* til að styrkja hjálpertækjalið Sjúkratrygginga.
- Millifærðar eru 45 m.kr. á málefnasvið 25 *Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta* vegna aukinna þjónustukaupa af HL-stöðinni í Reykjavík.
- Fellt er niður tímabundið 300 m.kr. framlag vegna átaks í lýðheilsutengdum aðgerðum.

24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun

Starfsemi málaflokksins er í höndum sjúkraþjálfara, iðjuþjálfra og talmeinafræðinga sem veita þjónustu á grundvelli samninga við Sjúkratryggingar Íslands. Þá fellur þjónusta Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands einnig undir málaflokkinn en þar er sinnt bæði heyrnar- og talmeinaþjónustu.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                  | Framkvæmdaraðili         | Breyting á fjárveitingu |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------|-------------------------|
| Markmið 1: Biðtími eftir þjónustu sjúkraþjálfara er < 30 dagar skv. miðlægum biðlista                                 |                          |                         |
| Gerð og útfærsla miðlægrar biðlistalausnar eftir þjónustunni.                                                         | Sjúkratryggingar Íslands | Innan ramma             |
| Afnám kröfu um tilvísanir lækna til sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara.                                              | Heilbrigðisráðuneyti     | Innan ramma             |
| Markmið 2: Fjölga sjálfstætt starfandi talmeinafræðingum sem eru skráðir í miðlægan gagnagrunn <sup>1</sup>           |                          |                         |
| Miðlæg biðlistalausn gerð aðgengileg sjálfstætt starfandi talmeinafræðingum.                                          | Sjúkratryggingar Íslands | Innan ramma             |
| Krafa um skráningu í rafræna sjúkraskrá sett inn í samning Sjúkratrygginga við sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga. | Sjúkratryggingar Íslands | Innan ramma             |

<sup>1</sup>Orðalagi markmiðs breytt frá því sem birt var í mælaborði árangurs í júní sl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 10.521 m.kr. og hækkar um 171,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 330,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 174,6 m.kr. vegna raunvaxtar, fjölgunar íbúa og öldrunar þjóðarinnar.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 1,5 m.kr. vegna breytts greiðslufyrirkomulags vegna Microsoft-samninga.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins ásamt sértækum aðhaldsaðgerðum nemur 7,4 m.kr.

24.40 Sjúkraflutningar

Til sjúkraflutninga teljast allir flutningar sjúkra og slasaðra utan sjúkrahúsa, á landi og í lofti. Þjónustan er veitt af rekstraraðilum sem starfa samkvæmt samningum við Sjúkratryggingar Íslands eða á vegum heilbrigðisstofnana. Undir þennan málaflokk falla einnig ferðir innan lands sem greiddar eru á grundvelli reglugerðar um ferðakostnað.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                | Framkvæmdaraðili                                                                                  | Breyting á fjárveitingu |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Skjótari viðbrögð við bráðaútköllum í dreifbýli</b>                                   |                                                                                                   |                         |
| Innleiða verkefni skv. uppfærðri aðgerðaáætlun um bráðaþjónustu og sjúkraflutninga til ársins 2030. | Heilbrigðisráðuneyti, Landspítali og framkvæmdaraðilar sjúkraflutninga.                           | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Betri faglegur stuðningur á vettvangi</b>                                             |                                                                                                   |                         |
| Ljúka innleiðingu samræmdrar rafrænnar skráningar í flutningstækjum sjúkraflutninga.                | Embætti landlæknis og framkvæmdaraðilar sjúkraflutninga                                           | Innan ramma             |
| Vinna áfram að því að flytja nám sjúkraflutningamanna inn í almenna skólakerfið.                    | Heilbrigðisráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti, embætti landlæknis og Sjúkrahúsið á Akureyri | Innan ramma             |
| Tryggja faglegan sérhæfðan stuðning á vettvangi með fjarheilbrigðislausnum.                         | LSH, Neyðarlínan og framkvæmdaraðilar sjúkraflutninga                                             | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 5.113,7 m.kr. og hækkar um 48,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 168,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 85,6 m.kr. vegna raunvaxtar, fjölgunar íbúa og öldrunar þjóðarinnar.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins ásamt sértækum aðhaldsaðgerðum nemur 40,6 m.kr.



25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta


Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                           | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta    |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými .....      | 71.817,9                                 | 79.138,0                              | 84.520,0                  | 6,8                       | 17,7                   |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti .....             | 65.581,2                                 | 73.746,2                              | 77.344,8                  | 4,9                       | 17,9                   |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti ..... | 6.236,7                                  | 5.391,8                               | 7.175,2                   | 33,1                      | 15,0                   |
| 25.20 Endurhæfingarþjónusta .....         | 7.994,1                                  | 8.423,6                               | 8.693,9                   | 3,2                       | 8,8                    |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti .....             | 7.994,1                                  | 8.423,6                               | 8.693,9                   | 3,2                       | 8,8                    |
| Samtals .....                             | 79.812,0                                 | 87.561,6                              | 93.213,9                  | 6,5                       | 16,8                   |

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.



Heildargjöld málefnasviðs 25 *Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta* árið 2026 eru áætluð 93.213,9 m.kr. og aukast um 3.673,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025, eða sem svarar til 4,2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 5.652,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Aðhaldsmarkmið málefnasviðsins eru tvenns konar; almenn og sértæk. Málaflokkur 25.10 *Hjúkrunar- og dvalarrými* ber ekki almenna aðhaldskröfu en málaflokkur 25.20 *Endurhæfingarþjónusta* gerir það. Sértækar aðhaldsráðstafanir vegna aukinnar hagræðingar í opinberum innkaupum eru færðar á málaflokk 25.10. Einnig er sértæk aðhaldskrafa sem felur í sér að varasjóður málaflokks 25.20 er felldur tímabundið niður annað árið í röð.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                        | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|----------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....                  | 74.374,6                                 | 84.149,8                              | 89.621,8                  | 6,5                       | 20,5                   |
| Rekstartilfærslur .....                | 30,6                                     | 895,0                                 | 895,0                     | 0,0                       | -                      |
| Fjármagnstilfærslur .....              | 2.571,8                                  | 2.504,6                               | 2.684,6                   | 7,2                       | 4,4                    |
| Fjárfestingarframlög .....             | 2.835,0                                  | 12,2                                  | 12,5                      | 2,5                       | -99,6                  |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>            | <b>79.812,0</b>                          | <b>87.561,6</b>                       | <b>93.213,9</b>           | <b>6,5</b>                | <b>16,8</b>            |
| Rekstrartekjur .....                   | -                                        | 3.700,7                               | 4.591,3                   | 24,1                      | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....            | -                                        | 83.860,9                              | 88.622,6                  | 5,7                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....              | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>        | <b>-</b>                                 | <b>87.561,6</b>                       | <b>93.213,9</b>           | <b>6,5</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfellum hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými

Undir málaflokkinn fellur uppbygging og starfsemi hjúkrunar- og dvalarrýma á hjúkrunarheimilum og á heilbrigðisstofnunum, einnig dagdvöl, almenn og sérhæfð og Framkvæmdasjóður aldraðra. Starfsemi málaflokksins er í höndum sjálfseignarstofnana, sveitarfélaga, hlutafélaga og heilbrigðisstofnana. Málaflokkurinn heyrir undir tvö ráðuneyti; heilbrigðisráðuneytið sem hefur með höndum heilbrigðisþjónustu í hjúkrunarrýmum og sérhæfðum dagdvalarrýmum og félags- og húsnaðismálaráðuneytið sem sér um stjórn, skipulag og stefnumótun öldrunarmála fyrir landið í heild, annað en heilbrigðisþjónustu. Í því felst m.a. uppbygging hjúkrunarheimila, greiðsla húsaleigu og allur rekstur dvalarrýma og almennra dagdvala. Einnig hefur félags- og húsnaðismálaráðuneytið umsjón með Framkvæmdasjóði aldraðra.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                        | Framkvæmdaraðili                                              | Breyting á fjárveitingu                          |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------|
| <b>Markmið 1: Stytta biðtíma eftir hjúkrunarrýmum</b>                                                       |                                                               |                                                  |
| Ljúka húsnæðisuppbýggingu fyrir 106 ný hjúkrunarrými.                                                       | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti                              | 536,3 m.kr. í húsaleigu. Fjárfesting innan ramma |
| Rekstur 106 nýrra hjúkrunarrýma.                                                                            | Heilbrigðisráðuneyti                                          | 2.010 m.kr.                                      |
| Gerð nýrra samninga við sveitarfélög um uppbyggingu hjúkrunarheimila.                                       | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti                              | Innan ramma                                      |
| <b>Markmið 2: Efling almennrar líknarmeðferðar á hjúkrunarheimilum</b>                                      |                                                               |                                                  |
| Unnin verði hæfniviðmið um líknarmeðferð fyrir starfsfólk hjúkrunarheimila.                                 | Heilbrigðisráðuneyti og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu | Innan ramma                                      |
| Unnið verði að uppsetningu meðferðaráætlunar í rafrænni sjúkraskrá hjúkrunarheimila vegna deyjandi íbúa.    | Heilbrigðisráðuneyti og embætti landlæknis                    | Innan ramma                                      |
| Innleiddir verði gæðavísar sem sérstaklega eiga við um líknarmeðferð á hjúkrunarheimilum.                   | Heilbrigðisráðuneyti og embætti landlæknis                    | Innan ramma                                      |
| <b>Markmið 3: Heildræn yfirsýn yfir eftirspurn og þjónustufarir einstaklinga sem þurfa sérhæfða dagdvöl</b> |                                                               |                                                  |
| Efla skráningu og gera biðlista eftir þjónustu sérhæfðra dagdvala miðlægan.                                 | Heilbrigðisráðuneyti og embætti landlæknis                    | Innan ramma                                      |
| Kortleggja þörf þjónustuþega fyrir sveigjanleika í dvalartíma.                                              | Sjúkratryggingar Íslands                                      | Innan ramma                                      |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 84.520 m.kr. og hækkar um 3.777,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.604,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er augin um 2.010 m.kr. til reksturs nýrra hjúkrunarrýma, sbr. markmið nr. 1.
- Fjárheimild málaflokksins er augin um 536,3 m.kr. vegna leigu á fasteignum nýrra hjúkrunarrýma, sbr. markmið nr. 1.
- Fjárheimild málaflokksins er augin um 220 m.kr. vegna áætlaðrar aukinnar hjúkrunarþyngdar.
- Fjárheimild málaflokksins er augin um 836,7 m.kr. vegna samræmingar á fjárheimildum hjúkrunarrýma sem rekin eru af heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni og hjúkrunarrýma sem greidd eru skv. samningum við Sjúkratryggingar Íslands.
- Fjárheimild málaflokksins er augin um 180 m.kr. til þess að fjárveiting til Framkvæmdasjóðs aldraðra samsvari áætluðum tekjum af gjaldi í sjóðinn.
- Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 50,2 m.kr. vegna breytinga á rekstrartekjuáætlunum stofnana.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 55,7 m.kr. og er þar um að ræða sértæka hagræðingu í opinberum innkaupum. Málaflokkurinn er ekki látinn bera almenna aðhaldskröfu.

25.20 Endurhæfingarpjónusta

Undir málaflokkinn falla meðferðar- og endurhæfingarstofnanir sem hafa það að markmiði að styðja fólk til sjálfsbjargar, vinnufærni og sjálfstæðrar búsetu heima sem lengst. Starfsemi málaflokksins er í höndum einkarekinna heilbrigðisstofnana, m.a. á grundvelli samninga við Sjúkratryggingar Íslands (t.d. Reykjalundar, Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands og SÁÁ).

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                         | Framkvæmdaraðili     | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------|----------------------|-------------------------|
| Markmið 1: Aukin samfella í endurhæfingarpjónustu                            |                      |                         |
| Stigskipting á þjónustu endurhæfingarúrræða í samræmi við skilgreiningu WHO. | Heilbrigðisráðuneyti | Innan ramma             |
| Staðlað árangursmat í endurhæfingarpjónustu.                                 | Heilbrigðisráðuneyti | Innan ramma             |
| Markmið 2: Viðeigandi endurhæfingarpjónusta á réttum tíma                    |                      |                         |
| Samræmt mat á endurhæfingarpörfum á öllum stigum heilbrigðisþjónustu.        | Heilbrigðisráðuneyti | Innan ramma             |
| Skilgreining á snemmtækri endurhæfingarpjónustu.                             | Heilbrigðisráðuneyti | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 8.693,9 m.kr. og lækkar um 104,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 374,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 480 m.kr. vegna tímabundinna framlaga til SÁÁ, Samhjálp, Endurhæfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Parkinsonsamtakanna, Krýsuvíkursamtakanna og Ljóssins sem falla niður.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 425 m.kr. vegna eflingar meðferðarúrræða við fíknivanda.
- c. Millifærðar eru 10 m.kr. af málaflokksnum á málaflokk 23.10 til Landspítala vegna skaðaminnkandi aðgerða gegn óþíóíðafaraldri (útvegum Naloxone).
- d. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 45 m.kr. vegna aukinna þjónustukaupa af HL-stöðinni í Reykjavík.
- e. Almenn aðhaldskrafa málaflokksins nemur 84,2 m.kr. Samningsupphæðir við endurhæfingarstofnanir lækka sem því nemur. Einnig er gerð sértæk aðhaldskrafa sem felur í sér að varasjóður málaflokks 25.20 að fjárhæð 7,5 m.kr. er felldur tímabundið niður annað árið í röð.

26 Lyf og lækningavörur

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                               | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 26 Lyf og lækningavörur       |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 26.10 Lyf .....               | 37.585,0                                 | 35.585,9                              | 36.417,1                  | 2,3                       | -3,1                   |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti ..... | 37.585,0                                 | 35.585,9                              | 36.417,1                  | 2,3                       | -3,1                   |
| 26.30 Hjálpartæki .....       | 8.530,3                                  | 8.561,5                               | 8.852,8                   | 3,4                       | 3,8                    |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti ..... | 8.530,3                                  | 8.561,5                               | 8.852,8                   | 3,4                       | 3,8                    |
| Samtals .....                 | 46.115,3                                 | 44.147,4                              | 45.269,9                  | 2,5                       | -1,8                   |


<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 26 Lyf og lækningarvörur árið 2026 eru áætluð 45.269,9 m.kr. og aukast um 2.358,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025, eða sem svarar til 5,3%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.122,5 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 2,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Aðhaldsmarkmið málefnasviðsins felur í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir vegna leyfisskyldra lyfja þar sem horft verði til innkaupa frá Norðurlöndunum og árlegs verðendurmats ásamt aukinni hagræðingu í opinberum innkaupum á lið hjálpartækja.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 26 Lyf og lækningavörur         |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 18.320,4                                 | 16.725,1                              | 17.063,2                  | 2,0                       | -6,9                   |
| Rekstartilfærslur .....         | 27.794,9                                 | 27.422,3                              | 28.206,7                  | 2,9                       | 1,5                    |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....      | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>46.115,3</b>                          | <b>44.147,4</b>                       | <b>45.269,9</b>           | <b>2,5</b>                | <b>-1,8</b>            |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 44.147,4                              | 45.269,9                  | 2,5                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>44.147,4</b>                       | <b>45.269,9</b>           | <b>2,5</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

26.10 Lyf

Lyfjamál fjalla m.a. um framleiðslu, dreifingu, notkun og sölu lyfja og skyldra vara. Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Landspítala, Lyfjastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands. Embætti landlæknis sér um eftirlit með lyfjaávisunum.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                       | Framkvæmdaraðili     | Breyting á fjárveitingu |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Minnka ofnotkun ávanabindandi lyfja</b>                                                                                      |                      |                         |
| Tilraunaverkefni um niðurtröppun ávanabindandi lyfja. Framhaldsverkefni með niðurtröppunarappi og lyfjafræðilegri þjónustu.                | Heilbrigðisráðuneyti | Innan ramma             |
| Hvati settur inn í greiðslulíkan heilsugæslunnar þannig að heilsugæslustöðvum sé umbunað fyrir að trappa niður notkun ávanabindandi lyfja. | Heilbrigðisráðuneyti | Innan ramma             |

**Markmið 2: Aukin gæði við lyfjaval og afhendingu**

Innleiða lyfjalista til að styðja markvisst og hagkvæmt val lyfja í heilsugæslu.

Þróunarmiðstöð heilsugæslunnar

Innan ramma

**Markmið 3: Lækkun lyfjakostnaðar**

Endurskoðun á útgáfu lyfjaskírteina.

Heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar

Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 36.417,1 m.kr. og hækkar um 2.097 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa-, gengis- og verðlagsbreytingum en þær lækka um 1.265,8 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 689,9 m.kr. vegna raunvaxtar, fjölgunar íbúa og öldrunar þjóðarinnar.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 1.700 m.kr. til ýmissa áherslumála ríkisstjórnarinnar. Þar af verða 700 m.kr. nýttar til að styrkja þjónustu vegna almennra lyfja og lækningatækja og 1.000 m.kr. til að efla þjónustu vegna leyfisskyldra lyfja.
- Sértæk aðhaldskrafa á málaflokkinn nemur 300 m.kr. og kemur til lækkunar á framlagi til leyfisskyldra lyfja. Þar verður horft til innkaupa frá Norðurlöndunum og árlegs verðendurmats.

**26.30 Hjálpartæki**

Meginverkefni málaflokksins eru úthlutun hjálpartækja og styrkja sjúkratrygginga almannatrygginga til að afla nauðsynlegra hjálpartækja með það að markmiði að draga úr áhrifum fötlunar eða færniskerðingar á líf notenda. Starfsemi málaflokksins er í höndum Sjúkratrygginga Íslands sem sjá að mestu um úthlutun hjálpartækja.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                           | Framkvæmdaraðili     | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Einfalda aðgang fólks að hjálpartækjum og tryggja jafnræði við notkun þeirra</b> |                      |                         |
| Endurskoðun reglugerðar um styrki vegna hjálpartækja.                                          | Heilbrigðisráðuneyti | Innan ramma             |
| Endurskoðun mats á þörf fyrir hjálpartæki.                                                     | Heilbrigðisráðuneyti | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Bæta aðgang að heildstæðum upplýsingum um hjálpartæki</b>                        |                      |                         |
| Efla island.is sem upplýsingalind um hjálpartæki.                                              | Heilbrigðisráðuneyti | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 8.852,8 m.kr. og hækkar um 261,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 29,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 163,2 m.kr. vegna fjölgunar íbúa og öldrunar þjóðarinnar.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. til að mæta veikleika á hjálpartækjalið Sjúkratrygginga.
- Sértæk aðhaldskrafa á málaflokkinn nemur 1,4 m.kr. vegna opinberra innkaupa.



27 Örorka og málefni fatlaðs fólks

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og húsnæðismálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.


|                                                                           | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks                                        |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 27.10 Bætur skv. lögum um<br>almannatryggingar, örorkulífeyrir            | 60.272,0                                 | 68.374,9                              | 114.741,1                 | 67,8                      | 90,4                   |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti .....                                 | 60.272,0                                 | 68.374,9                              | 114.741,1                 | 67,8                      | 90,4                   |
| 27.20 Bætur skv. lögum um félagslega<br>aðstoð, örorka .....              | 40.046,4                                 | 39.126,2                              | 17.391,2                  | -55,6                     | -56,6                  |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti .....                                 | 40.046,4                                 | 39.126,2                              | 17.391,2                  | -55,6                     | -56,6                  |
| 27.30 Málefni fatlaðs fólks .....                                         | 1.734,4                                  | 135,8                                 | 83,2                      | -38,7                     | -95,2                  |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti .....                                 | 1.734,4                                  | 135,8                                 | 83,2                      | -38,7                     | -95,2                  |
| 27.40 Aðrar örorkugreiðslur (Önnur<br>velferðarmál, lífeyristrygg.) ..... | 215,2                                    | 378,9                                 | 406,3                     | 7,2                       | 88,8                   |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti .....                                 | 215,2                                    | 378,9                                 | 406,3                     | 7,2                       | 88,8                   |
| 27.50 Jöfnun á örorkubyrði almennra<br>lífeyrissjóða                      | 6.896,0                                  | 4.507,4                               |                           | -100,0                    | -100,0                 |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....                                   | 6.896,0                                  | 4.507,4                               |                           | -100,0                    | -100,0                 |
| Samtals .....                                                             | 109.164,0                                | 112.523,2                             | 132.621,8                 | 17,9                      | 21,5                   |

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 27 *Örorka og málefni fatlaðs fólks* árið 2026 eru áætluð 132.621,8 m.kr. og aukast um 14.753,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 13,1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 20.098,6 m.kr. milli ára eða sem svarar til 17,9%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                    | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....              | 423,8                                    | 135,7                                 | 83,1                      | -38,8                     | -80,4                  |
| Rekstrartilfærslur .....           | 108.740,2                                | 112.387,2                             | 132.538,4                 | 17,9                      | 21,9                   |
| Fjármagnstilfærslur .....          | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....         | 0,0                                      | 0,3                                   | 0,3                       | 0,0                       | -                      |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>        | <b>109.164,0</b>                         | <b>112.523,2</b>                      | <b>132.621,8</b>          | <b>17,9</b>               | <b>21,5</b>            |
| Rekstrartekjur .....               | -                                        | 11,3                                  | 11,3                      | 0,0                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....        | -                                        | 112.511,9                             | 132.610,5                 | 17,9                      | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....          | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>    | <b>-</b>                                 | <b>112.523,2</b>                      | <b>132.621,8</b>          | <b>17,9</b>               | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

27.10 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar en stofnunin sér um framkvæmd og ábyrgð greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Frá og með 1. september 2025 tók gildi nýtt greiðslukerfi örorkulífeyris með nýjum bótaflokkum örorkulífeyris, hlutaörorkulífeyris og sjúkra- og endurhæfingargreiðslum og falla þá niður greiðslur samkvæmt núverandi örorkulífeyri, tekjutryggingu örorkulífeyris og sérstakri uppbót örorkulífeyrisþega. Einnig fellur niður endurhæfingarlífeyrir sem greiddur er skv. lögum um félagslega aðstoð. Innbyrðis skipting milli málaflokka 27.1 og 27.2 tekur breytingum við gildistöku nýju laganna. Undir lið 27.10 er kveðið á um greiðslur á grundvelli laga um um almannatryggingar og undir lið 27.20 er kveðið á um greiðslur á grundvelli laga um félagslega aðstoð. Greiðslur vegna endurhæfingarlífeyris falla því niður af lið 27.20 og sjúkra- og endurhæfingargreiðslur verða undir lið 27.10. Þá fellur jafnframt niður framfærslu-uppbót sem hefur verið undir lið 27.20 og hækkar örorkulífeyri undir lið 27.10.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                           | Framkvæmdaraðili                                                                                     | Breyting á fjárveitingu  |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------|
| <b>Markmið 1: Einfaldara og sveigjanlegra bótakerfi almannatrygginga vegna skertrar starfsgetu</b>                                                             |                                                                                                      |                          |
| Tryggja að lífeyrisgreiðslur fylgi þróun launavísitölu, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag.                                                        | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti                                                                     | Innan ramma <sup>1</sup> |
| Aldursviðbót á lífeyri öryrkja verður látin gilda áfram með ellilífeyri (lagabreyting).                                                                        | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti                                                                     | Innan ramma              |
| Áframhaldandi innleiðing á nýju mats- og greiðslukerfi skv. lögum um almannatryggingar. <sup>2</sup>                                                           | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti og Tryggingastofnun                                                 | 14,3 ma.kr.              |
| <b>Markmið 2: Auka færni til atvinnuþátttöku að fullu eða að hluta og draga úr kynjamun meðal örorkulífeyrisþega</b>                                           |                                                                                                      |                          |
| Áframhaldandi innleiðing og þróun samvinnu þjónustuaðila endurhæfingar til að tryggja rétta þjónustu á réttum tíma.                                            | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, Tryggingastofnun og þjónustuaðilar skv. lögum um almannatryggingar | Innan ramma              |
| Áframhaldandi innleiðing og þróun samþætts sérfræðimats.                                                                                                       | Tryggingastofnun                                                                                     | Innan ramma              |
| <b>Markmið 3: Minnka nýgengi örorku og jafna kynjadreifingu</b>                                                                                                |                                                                                                      |                          |
| Áframhaldandi innleiðing á sjúkra- og endurhæfingargreiðslum sem m.a. er ætlað að stuðla að viðeigandi endurhæfingaráðum til að auka skilvirkni endurhæfingar. | Tryggingastofnun                                                                                     | Innan ramma              |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 114.741,1 m.kr. og hækkar um 41.741,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 4.625 m.kr.

Ekki eru breytingar á hagrænni skiptingu.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 40,7 ma.kr. vegna nýs greiðslukerfis örorkulífeyris. Þar af er 14,3 ma.kr. viðbót vegna nýs kerfis og um 26,4 ma.kr. eru tilfærsla milli málaflokka vegna breytinga á bótaflokkum. Áætlaður heildarkostnaður vegna breytinga á örorkulífeyri er um 18,7 ma.kr. og bættust um 4,4 ma.kr. við fjárheimild ársins 2025. Önnur útgjöld vegna kerfisbreytinganna eru á málefnasviði *30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi*.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.026 m.kr. vegna kerfislægs vaxtar sem ætlað er að mæta áætlaðri fjölgun lífeyrisþega.
- Greiðslur almannatrygginga eru undanþegnar aðhaldskröfu.

<sup>1</sup> Breytt framkvæmd hefur áhrif á launa- og verðlagsbreytingar í málaflóknum

<sup>2</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 2.

**27.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka**

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar en stofnunin sér um framkvæmd og ábyrgð greiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og lögum um almannatryggingar.

Samkvæmt lögum um félagslega aðstoð er heimilt að greiða ýmiss konar styrki og uppbætur eins og heimilisuppbót, uppbót á lífeyri vegna tiltekins kostnaðar lífeyrisþega og uppbætur og styrki vegna bifreiðakaupa og reksturs bifreiða. Greiðslur vegna barnalífeyris falla einnig undir málaflokkinn.

Visað er til umfjöllunar í málaflokki 27.10 hér að framan um kerfi örorku og endurhæfingar.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 17.391,2 m.kr. og lækkar um 22.436 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 701 m.kr.

Ekki eru breytingar á hagrænni skiptingu.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 22,1 ma.kr. vegna nýs greiðslukerfis örorkulífeyris út af tilfærslu milli málaflokka vegna breytinga á bótaflokkum.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 164 m.kr. vegna kerfislægs vaxtar sem ætlað er að mæta áætlaðri fjölgun lífeyrisþega.
- c. Greiðslur almannatrygginga eru undanþegnar almennri aðhaldskröfu en gert er ráð fyrir 500 m.kr. sérstöku aðhaldi vegna áætlunar um lægra nýgengi endurhæfingar.

**27.30 Málefni fatlaðs fólks**

Þjónusta við fatlað fólk fer skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og fara sveitarfélög með framkvæmd þjónustu.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið vinnur að undirbúningi á lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Til að vinna að innleiðingu samningsins var samþykkt framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027, í formi landsáætlunar. Áætlunin felur í sér 60 aðgerðir þvert á ráðuneyti sem eru til þess fallnar að koma í framkvæmd ákvæðum samningsins, m.a. að hægt verði að ná í upplýsingar um réttindi og þjónustu við fatlað fólk og fjölskyldur þess á einum stað (aðgerð A.12), að útbúið verði fræðsluefni fyrir starfsfólk sem sinnir þjónustu við fatlað fólk um réttindi fatlaðs fólks og leiðir í þjónustu sem verndi sjálfsákvörðunarrétt og sjálfræði og komi í veg fyrir að nauðung sé beitt (aðgerð A.7) og gerð verði úttekt á launum og kjörum fatlaðra einstaklinga á aðgreindum vinnustöðum með það að markmiði að skýra betur skilin á milli vinnu og hæfingar ásamt því að auka gagnsæi og jafnrétti á milli hópa (aðgerð D.9). Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 83,2 m.kr. og lækkar um 55,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2,6 m.kr.

Ekki eru breytingar á hagrænni skiptingu.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Gert er ráð fyrir 53,6 m.kr. millifærslu á fjárheimildum til Mannréttindastofnunar sem eru eftirstöðvar af rekstrarfé réttindagæslu fyrir fatlað fólk.
- b. Aðhaldskrafa málefнасviðsins nemur 1,6 m.kr. og fellur á framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.

**27.40 Aðrar örorkugreiðslur**

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar en stofnunin sér um framkvæmd og ábyrgð greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar. Greiðslur sem falla undir málaflokkinn eru aðrar ótaldar greiðslur vegna örorku eins og greiðslur vegna vottorða, vaxta o.fl. Vísað er til umfjöllunar í málaflokki 27.1 hér að framan um nýtt kerfi örorku og endurhæfingar.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 406,3 m.kr. og hækkar um 11 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 16,4 m.kr.

Ekki eru breytingar á hagrænni skiptingu.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 11 m.kr. vegna kerfislægs vaxtar sem ætlað er að mæta áætlaðri fjölgun lífeyrisþega.
- b. Greiðslur almannatrygginga eru undanþegnar aðhaldskröfu.

**27.50 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**

Undir þennan málaflokk heyrir jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða en fjárframlög hafa verið veitt úr ríkissjóði til að jafna og lækka mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða í samræmi við lög nr. 113/1990, um tryggingagjald. Til stendur að endurskoða fyrirkomulag jöfnunarframlagsins sem felur m.a. í sér að fjárheimild málaflokksins fellur niður að fullu á árinu 2026. Breytingar á framlaginu eru gerðar í tengslum við breytingar á örorkukerfi almannatrygginga sem tóku gildi þann 1. september, líkt og áður hefur verið fjallað um í fjármálaáætlun.

## 28 Málefni aldraðra

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og húsnæðismálaráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.

|                                                                             | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-----------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 28 Málefni aldraðra                                                         |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| <b>28.10 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra .....</b> | <b>101.102,6</b>                         | <b>110.466,8</b>                      | <b>115.704,5</b>          | <b>4,7</b>                | <b>14,4</b>            |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti .....                                   | 101.102,6                                | 110.466,8                             | 115.704,5                 | 4,7                       | 14,4                   |
| <b>28.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun .....</b>            | <b>8.012,9</b>                           | <b>10.527,7</b>                       | <b>11.247,0</b>           | <b>6,8</b>                | <b>40,4</b>            |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti .....                                   | 8.012,9                                  | 10.527,7                              | 11.247,0                  | 6,8                       | 40,4                   |
| <b>28.30 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta. ....</b>             | <b>478,7</b>                             | <b>575,4</b>                          | <b>614,6</b>              | <b>6,8</b>                | <b>28,4</b>            |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti .....                                   | 478,7                                    | 575,4                                 | 614,6                     | 6,8                       | 28,4                   |
| <b>Samtals .....</b>                                                        | <b>109.594,2</b>                         | <b>121.569,9</b>                      | <b>127.566,1</b>          | <b>4,9</b>                | <b>16,4</b>            |


<sup>1</sup> Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakín er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

### Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árána 2025–2026



Heildargjöld málefнасviðs 28 *Málefni aldraðra* árið 2026 eru áætluð 127.566,1 m.kr. og aukast um 855 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 0,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 5.996,2 m.kr. milli ára eða sem svarar til 4,9%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

**Hagræn skipting útgjalda**

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 28 Málefni aldraðra             |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 83,9                                     | 2,1                                   | 2,1                       | 0,0                       | -97,5                  |
| Rekstrartilfærslur .....        | 109.510,3                                | 121.567,8                             | 127.564,0                 | 4,9                       | 16,5                   |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....      | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>109.594,2</b>                         | <b>121.569,9</b>                      | <b>127.566,1</b>          | <b>4,9</b>                | <b>16,4</b>            |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 8,3                                   | 8,3                       | 0,0                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 121.561,6                             | 127.557,8                 | 4,9                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>121.569,9</b>                      | <b>127.566,1</b>          | <b>4,9</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfellum hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

**28.10 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra**

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar sem annast framkvæmd með greiðslum samkvæmt lögum um almannatryggingar en það eru greiðslur ellilífeyris og vasapenings ellilífeyrisþega. Eins og fram kemur í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna verður almennt frítekjumark ellilífeyris hækkað í 60.000 kr. á kjörtímabilinu. Gert er ráð fyrir að hækkanin verði í þremur skrefum, fyrst frá 1. janúar 2026. Einnig verður aldursviðbót á lífeyri öryrkja lätin gilda áfram með ellilífeyri að uppfylltum nánari skilyrðum.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 115.704,5 m.kr. og hækkar um 574 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 4.663,7 m.kr.

Ekki eru breytingar á hagrænni skiptingu.

| Helstu verkefni 2026                                                                                    | Framkvæmdaraðili                 | Breyting á fjárveitingu  |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------|--------------------------|
| <b>Markmið 1: Hækkaðar heildartekjur ellilífeyrisþega</b>                                               |                                  |                          |
| Tryggja að lífeyrisgreiðslur fylgi þróun launavísitölu, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag. | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti | Innan ramma <sup>1</sup> |
| <b>Markmið 2: Aukin atvinnuþátttaka aldraðra</b>                                                        |                                  |                          |
| Hækka almennt frítekjumark ellilífeyrisþega. <sup>2</sup>                                               | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti | 1.000 m.kr.              |

<sup>1</sup> Breytt framkvæmd hefur áhrif á launa- og verðlagsbreytingar í málaflokknum.

<sup>2</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 1.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Gert er ráð fyrir 1 ma.kr. útgjaldaaukningu vegna 5.000 kr. hækkunar á mánaðarlegu almennu frítekjumarki ellilífeyris. Gert er ráð fyrir að það hækki frá 1. janúar 2026.
- Gert er ráð fyrir 300 m.kr. aukningu til að greiða öryrkjum aldursviðbót með ellilífeyri.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 4 ma.kr. vegna aukinna tekna ellilífeyrisþega.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 3,3 ma.kr. vegna kerfislægs vaxtar sem ætlað er að mæta áætlaðri fjölgun lífeyrisþega.
- Greiðslur almannatrygginga eru undanþegnar aðhaldskröfu.

## 28.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar sem ber ábyrgð á framkvæmd greiðslna málaflokksins. Samkvæmt lögum um félagslega aðstoð er heimilt að greiða ýmiss konar styrki og uppbætur eins og heimilisuppbót, uppbót á lífeyri vegna tiltekins kostnaðar lífeyrisþega og uppbætur og styrki vegna bifreiðakaupa og reksturs bifreiða.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 11.247 m.kr. og hækkar um 266 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 453,3 m.kr.

Ekki eru breytingar á hagrænni skiptingu.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 266 m.kr. vegna kerfislægs vaxtar sem ætlað er að mæta áætlaðri fjölgun lífeyrisþega.
- Greiðslur almannatrygginga eru undanþegnar aðhaldskröfu.

## 28.30 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, ótaldar

Undir þjónustu við aldraða og aðrar greiðslur, ótaldar, falla greiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 113/1994, og greiðslur samkvæmt lögum um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, nr. 74/2020. Með síðarnefndu lögunum hefur verið komið til móts við þann hóp aldraðra sem ekki hefur áunnið sér full réttindi í almannatryggingum. Líkt og gildir um málaflokk 28.20 ber Tryggingastofnun ábyrgð á framkvæmd greiðslna sem falla undir málaflokkinn.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 614,6 m.kr. og hækkar um 15 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 24,2 m.kr.



Ekki eru breytingar á hagrænni skiptingu.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Gert er ráð fyrir 40 m.kr. útgjaldaaukningu vegna hækkunar á mánaðarlegu almennu frítekjumarki félagslegs viðbótarstuðnings fyrir aldraða. Gert er ráð fyrir að það hækki frá 1. janúar 2026 og verði jafnhátt frítekjumarki ellilífeyris.
- b. Niðurfellt er tímabundið 25 m.kr. framlag vegna hækkunar á almennu frítekjumarki á árinu 2025.
- c. Greiðslur almannatrygginga eru undanþegnar aðhaldskröfu.

29 Fjölskyldumál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og húsnæðismálaráðherra, heilbrigðisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, mennta- og barnamálaráðherra, forsætisráðherra og dómsmálaráðherra. Það skiptist í sjö málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.


|                                                                   | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 29 Fjölskyldumál                                                  |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 29.10 Barnabætur .....                                            | 20.142,8                                 | 21.000,0                              | 21.000,0                  | 0,0                       | 4,3                    |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....                           | 20.142,8                                 | 21.000,0                              | 21.000,0                  | 0,0                       | 4,3                    |
| 29.20 Fæðingarorlof .....                                         | 25.131,1                                 | 26.445,4                              | 28.783,5                  | 8,8                       | 14,5                   |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti .....                         | 25.131,1                                 | 26.445,4                              | 28.783,5                  | 8,8                       | 14,5                   |
| 29.30 Bætur skv. lögum um félagslega<br>aðstoð, fjölskyldur ..... | 527,0                                    | 638,0                                 | 664,8                     | 4,2                       | 26,1                   |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti .....                         | 527,0                                    | 638,0                                 | 664,8                     | 4,2                       | 26,1                   |
| 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og<br>börn .....           | 18.088,7                                 | 18.972,8                              | 23.657,2                  | 24,7                      | 30,8                   |
| 01 Forsætisráðuneyti .....                                        | 96,8                                     | 89,3                                  | 92,4                      | 3,5                       | -4,5                   |
| 02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....                            | 5.906,1                                  | 6.385,4                               | 9.533,8                   | 49,3                      | 61,4                   |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....                                        | 1.915,1                                  | 545,0                                 | 984,0                     | 80,6                      | -48,6                  |
| 10 Innviðaráðuneyti .....                                         |                                          | 421,3                                 |                           | -100,0                    | -                      |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti .....                         | 10.170,7                                 | 11.531,8                              | 13.047,0                  | 13,1                      | 28,3                   |
| 29.50 Bætur til eftirlifenda .....                                | 499,3                                    | 590,5                                 | 615,3                     | 4,2                       | 23,2                   |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti .....                         | 499,3                                    | 590,5                                 | 615,3                     | 4,2                       | 23,2                   |
| 29.60 Bætur vegna veikinda og slysa .....                         | 2.216,9                                  | 3.000,3                               | 3.122,3                   | 4,1                       | 40,8                   |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti .....                                     | 2.216,9                                  | 3.000,3                               | 3.122,3                   | 4,1                       | 40,8                   |
| 29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna ....                    | 3.825,7                                  | 5.064,0                               | 4.731,6                   | -6,6                      | 23,7                   |
| 02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....                            | 306,6                                    | 70,7                                  | 71,8                      | 1,6                       | -76,6                  |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti .....                         | 3.519,1                                  | 4.993,3                               | 4.659,8                   | -6,7                      | 32,4                   |
| Samtals .....                                                     | 70.431,5                                 | 75.711,0                              | 82.574,7                  | 9,1                       | 17,2                   |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfellum hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 29 *Fjölskyldumál* árið 2026 eru áætluð 82.574,7 m.kr. og aukast um 5.867,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 7,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 6.863,7 m.kr. milli ára eða sem svarar til 9,1%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                             | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-----------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 29 Fjölskyldumál            |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....       | 9.955,7                                  | 9.090,4                               | 9.074,0                   | -0,2                      | -8,9                   |
| Rekstartilfærslur .....     | 60.438,6                                 | 66.392,4                              | 72.774,4                  | 9,6                       | 20,4                   |
| Fjármagnstilfærslur .....   | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....  | 37,2                                     | 228,2                                 | 726,3                     | 218,3                     | 1.852,4                |
| Heildarútgjöld .....        | 70.431,5                                 | 75.711,0                              | 82.574,7                  | 9,1                       | 17,2                   |
| Rekstartekjur .....         | -                                        | 219,9                                 | 251,5                     | 14,4                      | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði ..... | -                                        | 74.946,1                              | 81.778,2                  | 9,1                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....   | -                                        | 545,0                                 | 545,0                     | -                         | -                      |
| Samtals fjármögnun .....    | -                                        | 75.711,0                              | 82.574,7                  | 9,1                       | -                      |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfellum hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

### 29.10 Barnabætur

Málaflokkurinn tekur til barnabóta sem eru tekjutengdar bætur og greiddar eru með börnum yngri en 18 ára. Fjárhæð barnabóta ræðst af fjölda og aldri barna á heimili, hjúskaparstöðu foreldra og tekjum þeirra. Barnabætur eru tekjutengdar til að ná því fram að stuðningur barnabóta sé mestur hjá þeim fjölskyldum sem þurfa mest á stuðningi að halda en meginmarkmið barnabóta er að styðja við efnaminni foreldra. Barnabætur byggjast á A-lið 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og annast Skatturinn umsýslu barnabóta. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 21.000 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

### 29.20 Fæðingarorlof

Starfsemi málaflokksins er í höndum Fæðingarorlofssjóðs sem er í vörslu Vinnumálastofnunar. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                   | Framkvæmdaraðili                  | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Jafnari nýting foreldra á rétti til fæðingarorlofs</b>                                                   |                                   |                         |
| Hækkun mánaðarlegra hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði til foreldra í fæðingarorlofi úr 800.000 kr. í 900.000 kr. | Félags- og húsnæðismálaráðuneytið | 2.150 m.kr.             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 28.783,5 m.kr. og hækkar um 2.301 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 37,1 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 2.150 m.kr. sem byggist m.a. á aðgerðum stjórnvalda til stuðnings kjarasamningum um að hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækki í áföngum til ársins 2026 úr 600.000 kr. í 900.000 kr.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 150 m.kr. til þess að bæta hag fjölburaforeldra og þeirra sem veikjast í kjölfar meðgöngu.

### 29.30 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð

Málaflokkurinn tekur til greiðslna samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð. Um er að ræða heimildargreiðslur sem eru háðar mati hverju sinni. Málaflokkurinn tekur einnig til mæðra- og feðralauna og endurgreiðslu umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf. Tryggingastofnun annast framkvæmd málaflokksins.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 664,8 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 26,8 m.kr.

Ekki eru breytingar á hagrænni skiptingu.

#### 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

Starfsemi málaflokksins er í höndum umboðsmanns skuldara, Ráðgjafar- og greiningarstöðvar, Sjónstöðvarinnar, Barna- og fjölskyldustofu, umboðsmanns barna og Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Auk þess falla lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, meðlög, sorgarleyfi, umönnunargreiðslur og greiðslur til stuðnings fjölskyldum langveikra eða alvarlega fatlaðra barna undir málaflökkinn. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Unnið er að úrbótum í málefnum fullorðinna einstaklinga sem sæta öryggisráðstöfunum. Þjónusta við þessa hópa hefur hingað til verið ómarkviss og brotakernd og skortur verið á sérhæfðum búsetuúrræðum. Með markvissri uppbyggingu úrræða, samhliða nauðsynlegum lagabreytingum, má tryggja betri og öruggari þjónustu og betri nýtingu fjármuna. Lagt verði til við Alþingi að samþykkja heildstæðan lagaramma um öryggisráðstafanir skv. dómsúrlausn og komið á fót stofnun um framkvæmd fullnustu öryggisráðstafana skv. dómsúrlausn.

| Helstu verkefni 2026                                                                                     | Framkvæmdaraðili                                           | Breyting á fjárveitingu |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Bætt lífsgæði eldra fólks</b>                                                              |                                                            |                         |
| Samþætting heimaþjónustu.                                                                                | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti                           | Innan ramma             |
| Upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta og sérhæfður stuðningur fyrir fólk með heilabilun og aðstandendur þess. | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti                           | Innan ramma             |
| Eftling upplýsinga, rannsókna, nýsköpunar og þróunar í þjónustu við eldra fólk.                          | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti                           | Innan ramma             |
| Ein upplýsingagátt fyrir allt landið varðandi upplýsingar um þjónustu og réttindi eldra fólks.           | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti                           | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Hlutfall samþættra mála barna á öðru og þriðja stigi þjónustu minnki</b>                   |                                                            |                         |
| Innleiða lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.                                             | Mennta- og barnamálaráðuneyti                              | Innan ramma             |
| Innleiða aðgerðir stjórnvalda vegna ofbeldis meðal barna og gegn börnunum.                               | Mennta- og barnamálaráðuneyti og Barna- og fjölskyldustofa | Innan ramma             |

**Markmið 3: Styttning biðtíma eftir þjónustu fyrir börn**

| Átak í að stytta biðlista í þjónustu við börn. | Ráðgjafar- og greiningarstöð | Innan ramma |
|------------------------------------------------|------------------------------|-------------|
|------------------------------------------------|------------------------------|-------------|

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 23.657,2 m.kr. og hækkar um 4.075,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 609,1 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 3.000 m.kr. vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga. Í samkomulaginu tekur ríkið yfir ábyrgð og kostnað á búsetu barna með fjölbættan vanda utan heimilis.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 500 m.kr. vegna byggingar á nýju húsnæði fyrir öryggisvistun. Áætlaður kostnaður við byggingu viðeigandi húsnæðis á tímabili gildandi fjármálaáætlunar er 2,6 ma.kr. og er áætlað að framkvæmdum verði lokið árið 2028.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 500 m.kr. vegna umönnunargreiðslna í tengslum við endurmat bóталиða almannatrygginga.
- Gert er ráð fyrir að fresta niðurfellingu 520 m.kr. fjárveitingar um eitt ár vegna stuðnings við börn á flótta, fækkunar á biðlista og barna í viðkvæmri stöðu.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 340 m.kr. vegna sorgarleyfis. Alþingi samþykkti þann 6. júní 2025 frumvarp um breytingar á lögum um sorgarleyfi. Með nýju lögunum nær sorgarleyfi einnig til foreldra sem missa maka og eiga börn yngri en 18 ára. Jafnframt fela lögin í sér að foreldri á nú sjálfstæðan rétt til sorgarleyfis eða sorgarstyrks í allt að þrjá mánuði frá þeim degi sem fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu á sér stað í stað tveggja mánaða. Einnig að foreldri sem hefur verið í samfelldu starfi á nú sjálfstæðan rétt á sorgarleyfi eða sorgarstyrk í allt að sex mánuði frá þeim degi sem andanafæðing á sér stað eftir 22 vikna meðgöngu í stað þriggja mánaða áður.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 230 m.kr. vegna tímabundinna fjárveitinga til þriggja ára sem komu inn í fjárlögum 2023 en falla nú niður. Um er að ræða ýmsar stuðningsaðgerðir við viðkvæma hópa sem gripið var til í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 137,2 m.kr.

**29.50 Bætur til eftirlifenda**

Málaflokkurinn tekur til barnalífeyris vegna andláts foreldris samkvæmt lögum um almannatryggingar. Þá tekur málaflokkurinn til maka- og umönnunarbóta, dánarbóta og barnalífeyris vegna menntunar skv. lögum um félagslega aðstoð en þar er um að ræða heimildargreiðslur sem eru háðar mati hverju sinni. Tryggingastofnun annast framkvæmd málaflokksins.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 615,3 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 24,8 m.kr. Ekki eru breytingar á hagrænni skiptingu. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 0,1 m.kr.

29.60 Bætur vegna veikinda og slysa

Starfsemi málaflokksins er í höndum Sjúkratrygginga Íslands og tekur til bóta samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015, og lögum um sjúklingatryggingu, nr. 47/2024, sbr. einnig lög nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                             | Framkvæmdaraðili     | Breyting á fjárveitingu |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Endurskoða bætur í ljósi breytinga á greiðslupátttökukerfi sjúkratrygginga frá því bæturnar voru lögfestar og einfalda umsýslu</b> |                      |                         |
| Færa sjúkrahjálp skv. lögum um almannatryggingar í almenna greiðslupátttökukerfið.                                                               | Heilbrigðisráðuneyti | Innan ramma             |
| Endurskoða fyrirkomulag og ábyrgð á sjúkra- og slysadagpeningum.                                                                                 | Heilbrigðisráðuneyti | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 3.122,3 m.kr. og eru engar breytingar á fjárheimild frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 122 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins. Engar breytingar eru á fjárheimildum málaflokksins.

29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna

Starfsemi málaflokksins er í höndum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Einnig falla undir málaflokkinn endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og eru þær greiðslur á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna 15. gr. Barnaverndarlaga, nr. 80/2002, falla undir málaflokkinn en greiðslurnar eru á ábyrgð mennta- og barnamálaráðuneytis. Enn fremur sinnir Vinnumálastofnun nú verkefnum vegna flóttafólks eftir að starfsemi Fjölmenningsseturs var sameinuð starfsemi Vinnumálastofnunar árið 2023.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                                                                                                | Framkvæmdaraðili | Breyting á fjárveitingu |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------|-------------------------|
| Markmið 1: Hlutfall flóttafólks sem nýtir íslenskunámskeið á fyrsta ári eftir verndarveitingu aukist*                                                                                                                                               |                  |                         |
| Bjóða fullorðnu flóttafólki og atvinnuleitendum sem ekki eiga íslensku að móðurmáli þátttöku á íslenskunámskeiðum. Jafnframt sé í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og tungumálaskóla tryggt að nægt framboð og aðgengi sé að íslenskunámi.       | Vinnumálastofnun | Innan ramma             |
| Markmið 2: Hlutfall flóttafólks sem fær samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk aukist*                                                                                                                                                                   |                  |                         |
| Ráðast í heildarendurskoðun og uppfærslu á kennsluefni í samfélagsfræðslu fyrir fullorðna innflytjendur með áherslu á hagnýtar upplýsingar og fjölbreyttar leiðir til náms. Að auki verði aðgengi flóttafólks að samfélagsfræðslu sérstaklega eflt. | Vinnumálastofnun | Innan ramma             |

\* Orðalagi markmiða lítið breytt frá því sem var í mælaborði árangurs í júní 2025.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 4.731,6 m.kr. og lækkar um 508,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 176,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 330 m.kr. vegna millifærslu af innflytjendaráði og móttöku flóttamanna til Vinnumálastofnunar á málaflokki 30.10. Millifærslan á að koma til móts við samsvarandi fjárheimild sem er að falla niður hjá Vinnumálastofnun sem stofnunin fékk tímabundið til tveggja ára í fjárlögum 2024 til að standa straum af vinnu ráðgjafa hjá stofnuninni sem aðstoða flóttamenn við atvinnuleit og virkni.
- b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 150 m.kr. Um er að ræða tímabundna fjárheimild vegna aðgerðaáætlunar um inngildingu innflytjenda og flóttamanna sem fellur nú niður.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 28,8 m.kr.



30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og húsnæðismálaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                           | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi          |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 30.10 Vinnumál og atvinnuleysi .....      | 45.161,5                                 | 41.988,6                              | 44.276,7                  | 5,4                       | -2,0                   |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....   | 511,4                                    | 250,0                                 |                           | -100,0                    | -100,0                 |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti ..... | 44.650,1                                 | 41.738,6                              | 44.276,7                  | 6,1                       | -0,8                   |
| 30.20 Vinnumarkaður .....                 | 1.689,9                                  | 1.874,4                               | 1.933,8                   | 3,2                       | 14,4                   |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti ..... | 1.689,9                                  | 1.874,4                               | 1.933,8                   | 3,2                       | 14,4                   |
| Samtals .....                             | 46.851,4                                 | 43.863,0                              | 46.210,5                  | 5,4                       | -1,4                   |


<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1</sup> og <sup>2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

Breytingar á ramma milli áranna 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi árið 2026 eru áætluð 46.210,5 m.kr. og aukast um 642,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 1,5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.347,5 m.kr. milli ára eða sem svarar til 5,4%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                  | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|----------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....            | 7.163,3                                  | 5.357,5                               | 5.281,7                   | -1,4                      | -26,3                  |
| Rekstrartilfærslur .....         | 39.632,5                                 | 38.477,7                              | 40.900,4                  | 6,3                       | 3,2                    |
| Fjármagnstilfærslur .....        | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....       | 55,6                                     | 27,8                                  | 28,4                      | 2,2                       | -48,9                  |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>      | <b>46.851,4</b>                          | <b>43.863,0</b>                       | <b>46.210,5</b>           | <b>5,4</b>                | <b>-1,4</b>            |
| Rekstrartekjur .....             | -                                        | 1.442,6                               | 1.190,6                   | -17,5                     | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....      | -                                        | 42.420,4                              | 45.019,9                  | 6,1                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....        | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>  | <b>-</b>                                 | <b>43.863,0</b>                       | <b>46.210,5</b>           | <b>5,4</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakín er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspeglar breytta skipan Stjórnarráðsins.

30.10 Vinnumál og atvinnuleysi

Starfsemi málaflokksins er í höndum Vinnumálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                    | Framkvæmdaraðili | Breyting á fjárveitingu |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Draga úr fjarveru á vinnumarkaði</b>                                                                                                                      |                  |                         |
| Greining á þjónustubörf einstaklinga án atvinnu þannig að unnt sé að veita einstaklingsmiðaða og markvissa aðstoð með það að markmiði að draga úr langtímaatvinnuleysi. | Vinnumálastofnun | Innan ramma             |
| Reglulegar mælingar og greiningar á árangri vinnumarkaðsaðgerða.                                                                                                        | Vinnumálastofnun | Innan ramma             |
| Aukið eftirlit með greiðslu atvinnuleysistrygginga.                                                                                                                     | Vinnumálastofnun | Innan ramma             |

| Markmið 2: Efla stuðningsúrræði fyrir fólk með skerta starfsgetu í tengslum við þátttöku þess á vinnumarkaði                                                                                              |                  |             |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------|-------------|
| Einstaklingsmiðuð þjónusta við einstaklinga með skerta starfsgetu, s.s. „atvinna með stuðning“ (AMS) og sérstök þjónusta við ungt fólk (IPS) sem stendur frammi fyrir geðrænum eða félagslegum áskorunum. | Vinnumálastofnun | Innan ramma |
| Innleiðing lagabreytinga vegna nýs örorkulífeyriskerfis og greiðslna virknistyrks frá og með 1. september 2025 og þjónustu við hlutaörorkulífeyrisþega í atvinnuleit og virkni.                           | Vinnumálastofnun | Innan ramma |
| Stuðningur við atvinnurekendur til að ráða einstaklinga með skerta starfsgetu og fjölga hlutastörfum.                                                                                                     | Vinnumálastofnun | 250 m.kr.   |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 44.276,7 m.kr. og hækkar um 663,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.624,7 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.131,2 m.kr. vegna atvinnuleysisbóta í samræmi við uppfærða þjóðhagsspá með tilliti til breytinga á atvinnuleysi og mannfjölda á vinnufærum aldri.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 712,9 m.kr. vegna starfsendurhæfingasjóða.
- c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 330 m.kr. Um er að ræða millifærslu af innflytjendaráði og móttöku flóttamanna á málaflokki 29.7 til Vinnumálastofnunar. Millifærslan á að koma til móts við samsvarandi fjárheimild sem er að falla niður hjá Vinnumálastofnun sem stofnunin fékk tímabundið til tveggja ára í fjárlögum 2024 til að standa straum af vinnu ráðgjafa hjá stofnuninni sem aðstoða flóttamenn við atvinnuleit og virkni.
- d. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 150 m.kr. vegna aukins framlags til vinnusamninga öryrkja.
- e. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. vegna vinnumarkaðsúrræða fyrir fólk með skerta starfsgetu í tengslum við heildarendurskoðun örorkulífeyriskerfisins.
- f. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 330 m.kr. vegna tímabundinnar fjárheimildar varðandi fjölgun stöðugilda hjá Vinnumálastofnun vegna aðstoðar við atvinnuleit og virkni fyrir flóttafólk sem kom inn í fjárlögum 2024 en fellur nú niður.
- g. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 300 m.kr. vegna lækkunar á sértekjum sem lækka um sömu upphæð.
- h. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 250 m.kr. vegna tímabundinnar fjárheimildar sem fellur niður í tengslum við rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavík.
- i. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 120 m.kr. þegar tímabundin fjárheimild frá 2024 fellur niður, fjárheimildin var veitt í íslenskunámskeið til að mæta fjölgun flóttafólks á þeim tíma.
- j. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 765,6 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum til atvinnuleysistrygginga annars vegar um 500

m.kr. með áherslu á virkni fólks og aukið eftirlit og hins vegar um 200 m.kr. með því að þrengja lágmarksskilyrði til greiðslu atvinnuleysisbóta.

30.20 Vinnumarkaður

Starfsemi málaflokksins er í höndum embættis ríkissáttasemjara og Vinnueftirlits ríkisins. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                      | Framkvæmdaraðili       | Breyting á fjárveitingu |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------|-------------------------|
| Markmið 1: Öruggari og heilsusamlegir vinnustaðir                                                                                         |                        |                         |
| Mat og greining á gagnaumhverfi Vinnueftirlitsins með það að markmiði að upplýsingatækni styðji betur við kjarnastarfsemi stofnunarinnar. | Vinnueftirlit ríkisins | Innan ramma             |
| Skipulögð og markviss miðlun upplýsinga, fræðslu og reynslu til vinnustaða landsins um mikilvægi öryggi og velferð starfsfólks.           | Vinnueftirlit ríkisins | Innan ramma             |
| Markmið 2: Efla fyrirbyggjandi sáttamiðlun ríkissáttasemjara við gerð kjarasamninga á vinnumarkaði                                        |                        |                         |
| Áframhaldandi mótun á vettvangi undir stjórn ríkissáttasemjara vegna stærri deilumála milli samningsaðila á gildistíma kjarasamninga.     | Ríkissáttasemjari      | Innan ramma             |
| Verkstjórn verkefna sem samningsaðilar vinna á samningstíma og ráðgjöf veitt eftir þörfum.                                                | Ríkissáttasemjari      | Innan ramma             |
| Vinnuaðferðir sáttamiðlunar kynntar fyrir samningsaðilum og nýttar við úrlausn mála.                                                      | Ríkissáttasemjari      | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 1.933,8 m.kr. og lækkar um 20,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 80,3 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er eftirtalin:

- a. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 34,5 m.kr.

31 Húsnæðis- og skipulagsmál

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð félags- og húsnæðismálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.


|                                           | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 31 Húsnæðis- og skipulagsmál              |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 31.10 Húsnæðismál .....                   | 30.915,8                                 | 27.036,8                              | 25.070,4                  | -7,3                      | -18,9                  |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....   | 7.034,0                                  | 2.100,0                               | 800,0                     | -61,9                     | -88,6                  |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti ..... | 23.881,8                                 | 24.936,8                              | 24.270,4                  | -2,7                      | 1,6                    |
| 31.20 Skipulagsmál .....                  | 924,4                                    | 814,3                                 | 831,5                     | 2,1                       | -10,0                  |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti ..... | 924,4                                    | 814,3                                 | 831,5                     | 2,1                       | -10,0                  |
| Samtals .....                             | 31.840,2                                 | 27.851,1                              | 25.901,9                  | -7,0                      | -18,7                  |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfellum hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspeglar breytta skipan Stjórnarráðsins.

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli árunna 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 31 Húsnæðis- og skipulagsmál árið 2026 eru áætluð 25.901,9 m.kr. og lækka um 2.132,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 7,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 1.949,2 m.kr. milli ára eða sem svarar til 7%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                     | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 31 Húsnæðis- og skipulagsmál        |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 31.10 Húsnæðismál                   | 30.915,8                                 | 27.036,8                              | 25.070,4                  | -7,3                      | -18,9                  |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti   | 7.034,0                                  | 2.100,0                               | 800,0                     | -61,9                     | -88,6                  |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti | 23.881,8                                 | 24.936,8                              | 24.270,4                  | -2,7                      | 1,6                    |
| 31.20 Skipulagsmál                  | 924,4                                    | 814,3                                 | 831,5                     | 2,1                       | -10,0                  |
| 07 Félags- og húsnæðismálaráðuneyti | 924,4                                    | 814,3                                 | 831,5                     | 2,1                       | -10,0                  |
| Samtals                             | 31.840,2                                 | 27.851,1                              | 25.901,9                  | -7,0                      | -18,7                  |

<sup>1</sup> Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakín er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

31.10 Húsnæðismál

Undir starfsemi málaflokksins falla húsnæðisbætur, stofnframlög, hlutdeildarlán, vaxta- bætur og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS).

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                       | Framkvæmdaraðili                                                                         | Breyting á<br>fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------|
| Markmið 1: Markmið um húsnæðisöryggi og jafnrétti landsmanna í húsnæðismálum                                                                               |                                                                                          |                            |
| Breytt fyrirkomulag stofnframlaga til almennra íbúða.*                                                                                                     | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti og HMS                                                  | Innan ramma                |
| Breytt fyrirkomulag hlutdeildarlána til fyrstu íbúðarkaupa.*                                                                                               | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti og HMS                                                  | Innan ramma                |
| Hertar reglur um skammtímaleigu og aðrar aðgerðir til að fleiri íbúðir nýtist sem heimili fólks.*                                                          | Atvinnuvegaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og félags- og húsnæðismálaráðuneyti | Innan ramma                |
| Markmið 2: Jafnvægi á húsnæðismarkaði                                                                                                                      |                                                                                          |                            |
| Samningar við sveitarfélög um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á grundvelli rammisamnings ríkis og sveitarfélaga til að tryggja nægt og tímanlegt lóðaframboð.** | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti og HMS                                                  | Innan ramma                |

|                                                                                                                                                 |                                                                    |             |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------|-------------|
| Fjölgun íbúða með minna vistspori með því að liðkað verði fyrir umbreytingu atvinnuhúsnæðis í íbúðarhúsnæði og notkun færanlegra einingahúsa.** | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti og HMS                            | Innan ramma |
| Lóðir og húsnæði í eigu ríkisins verði nýtt til að hraða uppbyggingu íbúða.**                                                                   | Fjármála- og efnahagsráðuneyti og félags- og húsnæðismálaráðuneyti | Innan ramma |
| <b>Markmið 3: Markmið um skilvirkari stjórnsýslu og gæði íbúða í jafnvægi við umhverfið</b>                                                     |                                                                    |             |
| Sameining Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Skipulagsstofnunar.                                                                               | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, HMS og Skipulagsstofnun          | Innan ramma |
| Aukin réttarvernd neytenda vegna byggingargalla með breyttu fyrirkomulagi byggingareftirlits.**                                                 | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti og HMS                            | Innan ramma |
| Einfaldara regluverk með endurskoðun byggingarreglugerðar.*                                                                                     | Félags- og húsnæðismálaráðuneyti og HMS                            | Innan ramma |

\*Verkefnið styður jafnframt við markmið 2.

\*\* Verkefnið styður jafnframt við markmið 1.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 25.070,4 m.kr. og lækkar um 2.128,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 162,2 m.kr.

Ekki er um að ræða teljandi breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Gert er ráð fyrir að framlag vegna vaxtabóta lækki um 1,3 ma.kr. og falli brott frá og með 1. janúar 2027.
- Stofnframlög vegna almennra leiguíbúða eru aukin um 3,9 ma.kr. en á móti fellur niður tímabundið framlag sem nemur 3,7 ma.kr og samtals nema stofnframlögin 7,5 ma.kr. árið 2026.
- Húsnæðisbætur lækka um 500 m.kr. í tengslum við útgjaldaáætlun.
- Sértækur húsnæðisstuðningur og vaxtaniðurgreiðslur vegna heilbrigðis- og náttúruvár falla niður en fjárhæð þessa nam 467 m.kr. í fjárlögum ársins 2025.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 74,6 m.kr.

### 31.20 Skipulagsmál

Undir starfsemi málaflokksins falla Skipulagsstofnun og Skipulagssjóður. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeglar ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                                           | Framkvæmdaraðili                                     | Breyting á fjárveitingu |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Vernd umhverfis og náttúru</b>                                                                                                                                   |                                                      |                         |
| Unnið verði að leiðbeiningum um landslagsgreiningu svo að skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands taki mið af þeim gæðum sem felast í landslagi.                                 | Skipulagsstofnun                                     | Innan ramma             |
| Forgangsöröðun verkefna vegna skipulags strandsvæða.                                                                                                                           | Félags- og húsnaðismálaráðuneyti og Skipulagsstofnun | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Velsæld samfélags</b>                                                                                                                                            |                                                      |                         |
| Unnið verði að mælaborði um stöðu og þróun skipulagsmála.                                                                                                                      | Skipulagsstofnun                                     | Innan ramma             |
| Bæta aðgengi að upplýsingum um möguleika á uppbyggingu húsnaðis í skipulagsáætlunum til að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir húsnaði.                    | Skipulagsstofnun                                     | Innan ramma             |
| Unnið verði að því að einfalda ferla í skipulagsgerð og byggingarmálum þannig að til verði einn heildstæður, samþættur og skilvirkur ferill með stafræna þróun að leiðarljósi. | Félags- og húsnaðismálaráðuneyti                     | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Samkeppnishæft atvinnulíf</b>                                                                                                                                    |                                                      |                         |
| Unnið verði að endurskoðun skipulagslaga.                                                                                                                                      | Félags- og húsnaðismálaráðuneyti                     | Innan ramma             |
| Styrkt verði leiðbeinandi hlutverk Skipulagsstofnunar við sveitarfélög við skipulagsgerð og afgreiðslu skipulagstillagna.                                                      | Skipulagsstofnun                                     | Innan ramma             |
| Gerð verði strandsvæðisskipulög í Eyjafirði og Skjálfanda.                                                                                                                     | Skipulagsstofnun                                     | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 831,5 m.kr. og lækkar um 4,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 21,4 m.kr.

Ekki er um að ræða teljandi breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 5,8 m.kr.



### 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra, dómsmálaráðherra og félags- og húsæðismálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

|                                              | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|----------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála    |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit ..... | 4.825,2                                  | 3.442,8                               | 3.465,6                   | 0,7                       | -28,2                  |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti .....                | 4.825,2                                  | 3.442,8                               | 3.465,6                   | 0,7                       | -28,2                  |
| 32.20 Jafnréttismál .....                    | 334,1                                    | 394,7                                 | 398,2                     | 0,9                       | 19,2                   |
| 01 Forsætisráðuneyti .....                   | 283,5                                    | 201,4                                 |                           | -100,0                    | -100,0                 |
| 06 Dómsmálaráðuneyti .....                   | 50,6                                     | 193,3                                 | 398,2                     | 106,0                     | 687,0                  |
| 32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála .....      | 4.339,0                                  | 4.491,0                               | 4.720,5                   | 5,1                       | 8,8                    |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti .....                | 4.339,0                                  | 4.491,0                               | 4.720,5                   | 5,1                       | 8,8                    |
| 32.40 Stjórnsýsla félagsmála .....           | 3.857,2                                  | 4.192,5                               | 4.389,5                   | 4,7                       | 13,8                   |
| 07 Félags- og húsæðismálaráðuneyti .....     | 3.857,2                                  | 4.192,5                               | 4.389,5                   | 4,7                       | 13,8                   |
| Samtals .....                                | 13.355,5                                 | 12.521,0                              | 12.973,8                  | 3,6                       | -2,9                   |


<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

#### Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 32 *Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála* árið 2026 eru áætluð 12.973,8 m.kr. og lækka um 20,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025, eða sem svarar til 0,2%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 452,8 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 3,6%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Aðhaldsmarkmið málefnasviðsins felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir vegna aukinnar hagræðingar í opinberum innkaupum, endurskoðunar jafnlaunavottunar, niðurfellingar á varasjóðum málaflokka, 3% aðhalds á aðalskrifstofu ráðuneytisins ásamt því að prentun þingskjala verður hætt. Almennt aðhald málefnasviðsins er útfært með hlutfallslegri skiptingu á stofnanir og verkefni.

**Hagræn skipting útgjalda**

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                                  | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|--------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| <b>32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála</b> |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....                            | 11.794,9                                 | 11.420,3                              | 11.954,8                  | 4,7                       | 1,4                    |
| Rekstrartilfærslur .....                         | 1.036,7                                  | 1.042,3                               | 959,6                     | -7,9                      | -7,4                   |
| Fjármagnstilfærslur .....                        | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....                       | 523,9                                    | 58,4                                  | 59,4                      | 1,7                       | -88,7                  |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>                      | <b>13.355,5</b>                          | <b>12.521,0</b>                       | <b>12.973,8</b>           | <b>3,6</b>                | <b>-2,9</b>            |
| Rekstrartekjur .....                             | -                                        | 1.279,3                               | 1.134,4                   | -11,3                     | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....                      | -                                        | 11.241,7                              | 11.839,4                  | 5,3                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....                        | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>                  | <b>-</b>                                 | <b>12.521,0</b>                       | <b>12.973,8</b>           | <b>3,6</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

**32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit**

Helstu verkefni málaflokksins eru á sviði lýðheilsu í heilbrigðisþjónustu þar sem megináhersla er á heilsuefningu og forvarnir, auk þess sem verkefni málaflokksins eru geislavarnir, sóttvarnir, viðbúnaður við heilsuvá, eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsfólki og að tryggja greitt aðgengi að lyfjum og lækningatækjum. Heilbrigðisráðuneytið fer með stjórn málaflokksins og undir málaflokkinn falla embætti landlæknis, Lyfjastofnun, Geislavarnir ríkisins, Lýðheilsusjóður og verkefni er varða viðbúnað vegna farsóttu.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                           | Framkvæmdaraðili                                                 | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Efling heilsu og heilbrigðra lífnaðarháttá</b>                                                                                   |                                                                  |                         |
| Aðgerðaáætlun í málefnum offitu í kjölfar þingsályktunartillögu sem lögð verður fram á haustþingi 2025.                                        | Heilbrigðisráðuneyti og embætti landlæknis                       | Innan ramma             |
| Lagabreytingar á haustþingi 2025 sem miða að forvörnum gegn nikótínnotkun barna og ungmenna.                                                   | Heilbrigðisráðuneyti, ÁTVR og heilbrigðisnefndir                 | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Aukið öryggi sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna</b>                                                                             |                                                                  |                         |
| Setja reglugerð um innra eftirlit heilbrigðisstofnana.                                                                                         | Heilbrigðisráðuneyti                                             | Innan ramma             |
| Innleiða gæðaskrár um afmarkaða hópa sjúklinga sem nýttar eru til að auka gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu.                                  | Embætti landlæknis og heilbrigðisstofnanir                       | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Aukin gæði og efling rafrænnar heilbrigðisþjónustu</b>                                                                           |                                                                  |                         |
| Lagt verður fram frumvarp á haustþingi 2025 þess efnis að öllum veitendum heilbrigðisþjónustu verði gert skylt að nýta stafræn sjúkrahúskerfi. | Heilbrigðisráðuneyti                                             | Innan ramma             |
| Stafvæðing pappírsbundinna lausna í heilbrigðisþjónustu.                                                                                       | Heilbrigðisráðuneyti, embætti landlæknis og heilbrigðisstofnanir | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 3.465,6 m.kr. og lækkar um 104 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 126,8 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild embætti landlæknis er aukin um 71 m.kr. vegna kvörtunarmála og rannsókna alvarlegra atvika.
- Fjárheimild Lyfjastofnunar er aukin um 60 m.kr. vegna verkefna sem snúa að verð- og greiðsluþátttöku lyfja og verðendurmati lyfja.
- Fjárheimild Geislavarna ríkisins er aukin um 20 m.kr. vegna eftirlits með kjarnorkuknúnum kaþbátum.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 9,3 m.kr. vegna breytts greiðslufyrirkomulags vegna Microsoft-samninga.
- Niðurfellt er 20 m.kr. tímabundið framlag til Lýðheilsusjóðs.
- Útgjöld málaflokksins lækka um 200 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á sértekjuáætlunum stjórnsýslustofnana.
- Aðhald í starfsemi málaflokksins er 38 m.kr.
- Sértækar aðhaldsráðstafanir málaflokksins eru 21,5 m.kr. Þar af er gerð sértæk aðhaldskrafa sem felur í sér að varasjóður málaflokksins, að upphæð 15,2 m.kr., er felldur tímabundið niður annað árið í röð.

### 32.20 Jafnréttismál

Undir málaflokkinn falla aðgerðir hins opinbera á sviði kynjajafnréttis og jafnréttis í viðtækri merkingu, auk þess sem mannréttindamál falla einnig undir málaflokkinn. Kynjajafnrétti er forgangsmál þar sem jafnréttismál verða ávallt í forgrunni ákvarðanatöku. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, lög um stjórnsýslu jafnréttismála, nr. 151/2020, lög nr. 85/2018, um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, og lög nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði (mismununarlöggjöfin), teljast til helstu laga málaflokksins, auk laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, en málefni hinsegin fólks falla hér undir. Starfsemi Jafnréttisstofu tilheyrir málaflokknum.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                                       | Framkvæmdaraðili   | Breyting á fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Launajafnrétti verði náð - kynbundnum launamun verði útrýmt</b>                                                                              |                    |                         |
| Breyta lögum um jafnlaunakerfi fyrirtækja og stofnana til einföldunar í ljósi fenginnar reynslu, sbr. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. | Dómsmálaráðuneyti  | Innan ramma             |
| Þróa virðismatskerfi starfa í þágu kynjajafnréttis.                                                                                                        | Dómsmálaráðuneyti  | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Sporna við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi</b>                                                                                            |                    |                         |
| Ný aðgerðaáætlun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir árin 2026–2029.                             | Dómsmálaráðuneyti  | Innan ramma             |
| Landsáætlun um kynbundið ofbeldi gegn konum.                                                                                                               | Dómsmálaráðuneytið | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Réttindi hinsegin fólks tryggð</b>                                                                                                           |                    |                         |
| Framfylgd verkefna í nýrri aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks.                                                                                        | Dómsmálaráðuneyti  | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 398,2 m.kr. og lækkar um 9,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 13 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 0,5 m.kr. vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi Microsoft-samninga.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 3 m.kr. og er útfært með hlutfallslegri skiptingu niður á stofnanir og verkefni málaflokks.

### 32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála

Undir málaflökkinn heyra m.a. aðalskrifstofa heilbrigðisráðuneytisins, Sjúkratryggingar Íslands og Vísindasiðanefnd. Sjúkratryggingar Íslands sjá um framkvæmd annarra málaflökka er falla undir málefnasvið um sjúkrahúspjónustu (23), heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa (24), hjúkrunar- og endurhæfingarrými (25) og lyf og lækningatæki (26). Undir málaflökkinn heyra einnig stafræn málefni. Verkefni heilbrigðisráðuneytisins eru nánar tilgreind í forsetaúrskurði 5/2025.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflökki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                    | Framkvæmdaraðili      | Breyting á fjárveitingu |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Skilvirk stjórnsýsla heilbrigðismála</b>                                                                  |                       |                         |
| Fækkun nefnda, ráða og stjórna á málefnasviðum heilbrigðisráðuneytisins.                                                | Heilbrigðisráðuneytið | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Efling vísindarannsókna í heilbrigðisþjónustu</b>                                                         |                       |                         |
| Stutt verði við innleiðingu einstaklingsbundinnar heilbrigðisþjónustu í samræmi við tillögur starfshóps þar að lútandi. | Heilbrigðisráðuneytið | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflökksins fyrir árið 2026 er áætluð 4.720,5 m.kr. og hækkar um 70,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 159,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflökksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflökksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflökksins hækkar um 200 m.kr. til að fjármagna ýmis áherslumál ríkisstjórnarinnar. Þar af eru Sjúkratryggingar Íslands og Lyfjastofnun styrkt ásamt embætti landlæknis.
- Millifærðar eru 26 m.kr. á málaflokk 32.10 *Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit* vegna aukinna fjárveitinga til embættis landlæknis vegna kvörtunarmála og rannsókna alvarlegra atvika.
- Millifærðar eru 60 m.kr. á málaflokk 32.10 *Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit* vegna aukinna fjárveitinga til Lyfjastofnunar vegna verkefna sem snúa að verð- og greiðsluþátttöku lyfja og verðendurmati lyfja.
- Fjárheimild málaflökksins er aukin um 75 m.kr. vegna átaks í bólusetningum.
- Fjárheimild málaflökksins er aukin um 10 m.kr. vegna samnings Íslands í alþjóðasamstarfi WHO.
- Fjárheimild málaflökksins hækkar um 10,3 m.kr. vegna breytts greiðslufyrirkomulags vegna Microsoft-samninga.

- g. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 5,3 m.kr. vegna breytinga Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð 5/2025.
- h. Niðurfellt er 35 m.kr. tímabundið framlag til Píeta-samtakanna.
- i. Niðurfellt er 10 m.kr. tímabundið framlag til Alzheimersamtakanna vegna reksturs Seiglunnar.
- j. Aðhald í starfsemi málaflokksins er 29,8 m.kr.
- k. Sértaekar aðhaldsráðstafanir málaflokksins eru 61,8 m.kr. Þar af er gerð sértæk aðhaldskrafa sem felur í sér að varasjóður málaflokksins, að upphæð 2,8 m.kr., er felldur tímabundið niður annað árið í röð.

### 32.40 Stjórnsýsla félagsmála

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, auk þess sem rekstur úrskurðarnefndar velferðarmála, Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og Tryggingastofnunar fellur undir málaflokkinn.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 4.389,5 m.kr. og hækkar um 23,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 173,8 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins hækki um 35,7 m.kr. vegna breytinga stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð 5/2025.
- b. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 18 m.kr. vegna hagsmunafulltrúa eldra fólks sem verður falið að standa vörð um réttindi þess.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 80,7 m.kr.

### 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.

| 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| <b>33.10 Fjármagnskostnaður .....</b>                 | <b>92.920,3</b>                          | <b>101.595,6</b>                      | <b>125.388,6</b>          | <b>23,4</b>               | <b>34,9</b>            |
| 19 Vaxtagjöld ríkissjóðs .....                        | 92.920,3                                 | 101.595,6                             | 125.388,6                 | 23,4                      | 34,9                   |
| <b>33.20 Ríkisábyrgðir .....</b>                      | <b>408,9</b>                             | <b>110,0</b>                          | <b>110,0</b>              | <b>0,0</b>                | <b>-73,1</b>           |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....               | 408,9                                    | 110,0                                 | 110,0                     | 0,0                       | -73,1                  |
| <b>33.30 Lífeyrisskuldbindingar .....</b>             | <b>45.838,1</b>                          | <b>79.067,2</b>                       | <b>80.899,6</b>           | <b>2,3</b>                | <b>76,5</b>            |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....               | 45.838,1                                 | 79.067,2                              | 80.899,6                  | 2,3                       | 76,5                   |
| <b>Samtals .....</b>                                  | <b>139.167,3</b>                         | <b>180.772,8</b>                      | <b>206.398,2</b>          | <b>14,2</b>               | <b>48,3</b>            |


<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1 og 2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

#### Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli áranna 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 33 *Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar* árið 2026 eru áætluð 206.398,2 m.kr. og aukast um 25.625,4 m.kr. á milli ára eða sem svarar til 14,2%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

| 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|-------------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| Rekstrarframlög .....                                 | 139.167,3                                | 180.662,8                             | 206.288,2                 | 14,2                      | 48,2                   |
| Rekstartilfærslur .....                               | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjármagnstilfærslur .....                             | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....                            | 0,0                                      | 110,0                                 | 110,0                     | 0,0                       | -                      |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>                           | <b>139.167,3</b>                         | <b>180.772,8</b>                      | <b>206.398,2</b>          | <b>14,2</b>               | <b>48,3</b>            |
| Rekstrartekjur .....                                  | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....                           | -                                        | 113.238,4                             | 133.134,9                 | 17,6                      | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....                             | -                                        | 67.534,4                              | 73.263,3                  | 8,5                       | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>                       | <b>-</b>                                 | <b>180.772,8</b>                      | <b>206.398,2</b>          | <b>14,2</b>               | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

<sup>1</sup> og <sup>2</sup> Vakinn er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

33.10 Fjármagnskostnaður

Starfsemi málaflokksins er í höndum fjármála- og efnahagsráðherra. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspegla ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                         | Framkvæmdaraðili               | Breyting á<br>fjárveitingu |
|------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------|----------------------------|
| <b>Markmið 1: Viðhalda sjálfbærni skulda ríkissjóðs</b>                      |                                |                            |
| Hagstæð fjármögnun ríkissjóðs með jöfnu afborgunarferli og lágmörkun áhættu. | Fjármála- og efnahagsráðuneyti | Innan ramma                |
| Uppbygging áhættustýringar fyrir ríkissjóð.                                  | Fjármála- og efnahagsráðuneyti | Innan ramma                |



**Markmið 2: Lágmarkun fjármagnskostnaðar að teknu tilliti til áhættu**

|                                                                                                       |                                |             |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------|-------------|
| Endurfjármögnun útistandandi skulda þegar tækifæri gefast á betri vaxtakjörum.                        | Fjármála- og efnahagsráðuneyti | Innan ramma |
| Lagt verði mat á samsetningu efnahags ríkissjóðs með hagkvæmni og áhættu að leiðarljósi. <sup>1</sup> | Fjármála- og efnahagsráðuneyti | Innan ramma |

<sup>1</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 33.30.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 125.388,6 m.kr. og hækkar um 23.793 m.kr. frá gildandi fjárlögum.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða. Tilefni hækkunar heimildarinnar á milli ára er að mestu til komin vegna uppgjörs ÍL-sjóðs og skuldabréfaútgáfu, vaxtagjalda og verðbóta A1-hluta ríkissjóðs sem því fylgdi. Þá hækka vaxtagjöld af erlendum lánum um 2,4 ma.kr. vegna erlendrar lántöku á árinu 2025 til styrkingar gjaldeyrisforða landsins.

**33.20 Ríkisábyrgðir**

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                  | Framkvæmdaraðili               | Breyting á fjárveitingu |
|---------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Draga úr ríkisábyrgðum</b>                                              |                                |                         |
| Endurlána ríkisfyrirtækjum og sjóðum í stað þess að heimila lántökur með ríkisábyrgð. | Fjármála- og efnahagsráðuneyti | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 110 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum. Nánar er fjallað um ríkisábyrgðir í 11. kafla frumvarpsins um fjárhagsáhættu ríkissjóðs.

**33.30 Lífeyrisskuldbindingar**

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                               | Framkvæmdaraðili               | Breyting á fjárveitingu |
|--------------------------------------------------------------------|--------------------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Minnka ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar</b>      |                                |                         |
| Ríkissjóður greiði 10,7 ma.kr. inn á lífeyrisskuldbindingar sínar. | Fjármála- og efnahagsráðuneyti | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 80.899,6 m.kr. og hækkar um 1.832,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hrein lífeyrisskuldbinding ríkissjóðs hækkaði um 4.278 m.kr. á árinu 2024 og stóð í 932.890 m.kr. í árslok 2024. Hækkunina má helst rekja til breytinga á launum opinberra starfsmanna en vísitala lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn hækkaði um 5,4% á árinu 2024. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2025 hefur vísitalan hækkað um 8,4%. Gert er ráð fyrir að heildarlífeyrisskuldbinding ríkissjóðs vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ná hámarki um þessar mundir en fari svo lækkandi sem leiðir til lækkandi gjaldfærslu að jafnaði á næstu árum. Ríkissjóður greiðir 10,7 ma.kr. til B-deildar LSR á árinu 2026 til viðbótar við lífeyrishækkanir ársins. Í fjármálaáætlun 2026–2030 er gert ráð fyrir að þessar forinngreiðslur verði verðtryggðar a.m.k. til ársins 2030.

34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.


| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|----------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 34.10 Almennur varasjóður .....                    |                                          | 17.041,6                              | 22.888,7                  | 34,3                      | -                      |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....            |                                          | 17.041,6                              | 22.888,7                  | 34,3                      | -                      |
| 34.20 Sértækar fjárráðstafanir .....               |                                          | 481,1                                 | 485,5                     | 0,9                       | -                      |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....            |                                          | 481,1                                 | 485,5                     | 0,9                       | -                      |
| 34.30 Afskriftir skattkrafna .....                 | 12.521,9                                 | 6.510,0                               | 7.188,1                   | 10,4                      | -42,6                  |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....            | 12.521,9                                 | 6.510,0                               | 7.188,1                   | 10,4                      | -42,6                  |
| Samtals .....                                      | 12.521,9                                 | 24.032,7                              | 30.562,3                  | 27,2                      | 144,1                  |

<sup>1</sup>Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup>Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins .

Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli ára 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 34 *Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* árið 2026 eru áætluð 30.562,3 m.kr. og aukast um 3.283,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 13,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 6.529,6 m.kr. milli ára eða sem svarar til 27%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|----------------------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| Rekstrarframlög .....                              | 12.521,9                                 | 19.788,9                              | 25.733,6                  | 30,0                      | 105,5                  |
| Rekstrartilfærslur .....                           | 0,0                                      | 3.502,0                               | 2.545,8                   | -27,3                     | -                      |
| Fjármagnstilfærslur .....                          | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....                         | 0,0                                      | 741,8                                 | 2.282,9                   | 207,8                     | -                      |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>                        | <b>12.521,9</b>                          | <b>24.032,7</b>                       | <b>30.562,3</b>           | <b>27,2</b>               | <b>144,1</b>           |
| Rekstrartekjur .....                               | -                                        | 1.204,4                               | 0,0                       | -100,0                    | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....                        | -                                        | 16.318,3                              | 23.374,2                  | 43,2                      | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....                          | -                                        | 6.510,0                               | 7.188,1                   | 10,4                      | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b>                    | <b>-</b>                                 | <b>24.032,7</b>                       | <b>30.562,3</b>           | <b>27,2</b>               | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1</sup> og <sup>2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

34.10 Almennur varasjóður

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Samkvæmt 24. gr. laga um opinber fjármál er almennum varasjóði ætlað að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Almennum varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum, s.s. vegna náttúruhamfara, eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti samkvæmt fjárlögum. Nánar er fjallað um framangreind skilyrði og verkferlið við almennan varasjóð í kafla 5.7 *Varasjóðir og millifærslur fjárheimilda innan fjárlaga-árs*.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 22.888,7 m.kr. og hækkar um 2.605,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 3.241,7 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Af almennum launa- og verðlagsbreytingum á málaflokknum er 3.000 m.kr. varúðarfærsla til þess að mæta frávikum í endanlegum útreikningi launa- og verðlagsbóta sem fram fer þegar kjarasamningar eru frágengnir við öll opinber stéttarfélög. Þá getur slík varúðarfærsla mætt viðbótarútgjöldum vegna mögulegra

leiðréttinga á útreikningi launa- og verðlagsbóta innan ársins 2026. Heildarumfang áætlaðra launa- og verðlagsbreytinga í fjárlagafrumvarpi ársins 2026 nemur 43,5 ma.kr. eins og fram kemur í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 2.000 m.kr. vegna reksturs öryggisvistunarrýma og öryggisúrræða vegna ósakhæfra einstaklinga. Þrjú ráðuneyti koma að slíkum rekstri, þ.e. dómsmálaráðuneytið, félags- og húsnæðismálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið. Þar sem ekki lá fyrir skipting kostnaðar milli aðila þegar forsendum frumvarpsins var lokað er fjárheimild vegna verkefnisins tímabundið geymd á almennum varasjóði. Þessi fjárheimild verður færð af almennum varasjóði til viðeigandi málaflokka þegar útfærsla liggur fyrir.
- c. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð tímabundið um tæplega 1.500 m.kr. vegna sértækra hagræðingarverkefna sem eftir er að útfæra nánar á málaflokka. Um er að ræða ýmis verkefni, s.s. fækkun fermetra vegna starfsmanna ríkisins, sameiningu nefnda og aukinn samrekstur stofnana, auk hluta af áætlaðri hagræðingu vegna opinberra innkaupa sem eftir er að færa á málefnasvið.
- d. Fyrir utan niðurfelldar heimildir sem eiga uppruna sinn í útfærslu á fjárlögum ársins 2025 og tilfærslu heimilda sem vistaðar voru tímabundið á almennum varasjóði í fjárlögum þess árs eru aðrar breytingar á umfangi almenna varasjóðsins ætlaðar til þess að tryggja getu varasjóðsins til þess að standa undir lögbundnu verkefni sínu, sbr. 24. gr. laga um opinber fjármál, og viðhalda varasjóðunum umfram hið lögbundna lágmark sem nemur 1% af heildarfjárheimildum komandi fjárlagaárs.

#### 34.20 Sértækar fjárráðstafanir

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra en nánar er fjallað um hann í fjármálaáætlun. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 485,5 m.kr. og hækkar um 4,4 m.kr. sem nemur launa- og verðlagsbótum.

#### 34.30 Afskriftir skattkrafna

Starfsemi málaflokksins er í höndum fjármála- og efnahagsráðherra. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum skattkrafna sem taldar eru sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynsla bendir til að muni að líkindum ekki innheimtast. Um er að ræða kröfur vegna álagðra skatta, álagðra vaxta á ógreidda skatta og annarra tekna. Afskriftir skattkrafna eru færðar til gjalda samkvæmt IPSAS-staðli en til tekjulækkunar samkvæmt GFS-staðli. Þær hafa bein áhrif á afkomu ársins en hvorki á sjóðstreymi né skuldir ríkissjóðs.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 7.188,1 m.kr. og hækkar um 678,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum í samræmi við áætlanir.

### 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð utanríkisráðherra. Undir málefnasviðið heyrir einn málaflokkur sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun. Markmið og mælikvarða sem sett hafa verið á málefnasviðinu má sjá á sérstöku mælaborði á vef Stjórnarráðsins.


|                              | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| 35.10 Þróunarsamvinna .....  | 13.491,8                                 | 15.010,3                              | 16.372,5                  | 9,1                       | 21,4                   |
| 03 Utanríkisráðuneyti .....  | 13.491,8                                 | 15.010,3                              | 16.372,5                  | 9,1                       | 21,4                   |
| Samtals .....                | 13.491,8                                 | 15.010,3                              | 16.372,5                  | 9,1                       | 21,4                   |

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1</sup> og <sup>2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

#### Breytingar á útgjaldaramma eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

Breytingar á ramma milli áranna 2025–2026



Heildargjöld málefnasviðs 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands árið 2026 eru áætluð 16.372,5 m.kr. og aukast um 1.362,2 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2025 eða sem svarar til 9,1%. Þar sem útgjöld málefnasviðsins eru miðuð við tiltekið hlutfall af vergum þjóðartekjum eru ekki gerðar almennar launa- eða verðlagsbreytingar á fjárheimild málefnasviðsins á milli ára.

Myndin endurspeglar þá útfærslu sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins og þeim útgjaldaramma sem settur var í fjármálaáætlun 2026–2030. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun.

Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2024 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

|                                 | Reikningur <sup>1</sup><br>2024<br>m.kr. | Fjárlög <sup>2</sup><br>2025<br>m.kr. | Frumvarp<br>2026<br>m.kr. | Br. frá<br>fjárlögum<br>% | Br. frá<br>reikn.<br>% |
|---------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------|---------------------------|------------------------|
| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna    |                                          |                                       |                           |                           |                        |
| Rekstrarframlög .....           | 2.953,2                                  | 3.313,9                               | 3.376,1                   | 1,9                       | 14,3                   |
| Rekstrartilfærslur .....        | 10.516,8                                 | 11.696,4                              | 12.996,4                  | 11,1                      | 23,6                   |
| Fjármagnstilfærslur .....       | 0,0                                      | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| Fjárfestingarframlög .....      | 21,8                                     | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -100,0                 |
| <b>Heildarútgjöld .....</b>     | <b>13.491,8</b>                          | <b>15.010,3</b>                       | <b>16.372,5</b>           | <b>9,1</b>                | <b>21,4</b>            |
| Rekstrartekjur .....            | -                                        | 4,9                                   | 4,9                       | 0,0                       | -                      |
| Framlag úr ríkissjóði .....     | -                                        | 15.005,4                              | 16.367,6                  | 9,1                       | -                      |
| Viðskiptahreyfingar .....       | -                                        | 0,0                                   | 0,0                       | -                         | -                      |
| <b>Samtals fjármögnun .....</b> | <b>-</b>                                 | <b>15.010,3</b>                       | <b>16.372,5</b>           | <b>9,1</b>                | <b>-</b>               |

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2024 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.  
<sup>1 og 2</sup> Vakin er athygli á því að í einhverjum tilfella hafa verið framkvæmdar tilfærslur á heimildum til að endurspegla breytta skipan Stjórnarráðsins.

35.10 Þróunarsamvinna

Starfsemi málaflokksins er í höndum þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytis, sendiskrifstofa Íslands í Lilongwe, Kampala og Freetown sem og fastanefnda Íslands í New York, Genf, París og Róm. Íslensk stjórnvöld leggja sig fram um að vera áreiðanlegur samstarfsaðili í þróunarsamvinnu, fara vel með þróunarfé og vinna samkvæmt bestu starfsvenjum. Utanríkisráðuneytið á í markvissu samstarfi við alþjóðastofnanir og samstarfslönd með framgang heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Rammasamningum við áherslustofnanir og frjáls félagasamtök er ætlað að auka sveigjanleika, fyrirsjáanleika og viðbragðsflýti þeirra. Unnið er eftir stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028 en yfirmarkmið þróunarsamvinnu Íslands er *útrýming fátæktar, virðing fyrir mannréttindum og bætt lífsskilyrði* sem grundvallast á framtíðarsýn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá helstu verkefni sem áformað er að ráðast í á árinu 2026 og hvaða markmið þau styðja við en markmið og mælikvarðar í hverjum málaflokki eru birt á sérstöku mælaborði á vefsíðu Stjórnarráðsins. Í framhaldi af töflunni eru dregnar fram helstu breytingar á fjármögnun verkefna frá fjárlögum ársins 2025. Þær fjárhæðir sem þar koma fram endurspeгла ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

| Helstu verkefni 2026                                                                                                                              | Framkvæmdaraðili   | Breyting á fjárveitingu |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------|-------------------------|
| <b>Markmið 1: Uppbygging mannauðs og samfélagslegra grunnstoða með áherslu á mannréttindi og jafnrétti kynjanna</b>                               |                    |                         |
| Byggðapróunarverkefni í Malaví, Síerra Leóne og Úganda (HM 4, 3, 6, 5).                                                                           | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |
| Samstarfsverkefni með Mannfjöldasjóði Sp um aðgerðir gegn fæðingarfistli í Malaví, Síerra Leóne og Úganda (HM 3, 5).                              | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |
| Stuðningur við kjarnastofnanir Sp sem vinna í þágu mannréttinda og kynjajafnréttis (HM 5, 10).                                                    | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |
| <b>Markmið 2: Viðbrögð gegn loftslagsvánni, efling viðnámsþróttar samfélaga og sjálfbær nýting náttúruauðlinda</b>                                |                    |                         |
| Verkefni í Síerra Leóne á sviði fiskimála og bláa hagkerfisins (HM 14).                                                                           | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |
| Þátttaka í verkefni Norræna þróunarsjóðsins (NDF) um aukna nýtingu og aðgang að endurnýjanlegri orku í Afríku (HM 7, 13).                         | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |
| Stuðningur við GRÓ – þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu með færni- og þekkingaruppbyggingu (HM 7, 15, 14, 13).                                      | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |
| <b>Markmið 3: Ísland er áreiðanlegur samstarfsaðili í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðarmálum og beitir sér í þágu stöðugleika og friðar</b> |                    |                         |
| Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við lykilstofnanir Sp á sviði mannúðaraðstoðar.                                                          | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |
| Efnahags- og mannúðarstuðningur við Úkraínu.                                                                                                      | Utanríkisráðuneyti | Innan ramma             |

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2026 er áætluð 16.372,5 m.kr. og hækkar um 1.362,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Ekki eru gerðar almennar launa- og verðlagsbreytingar á fjárheimild málaflokksins. Ekki er um verulegar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Framlög til málaflokksins aukast um 1.367 m.kr., byggt á spá Hagstofunnar um vergar þjóðartekjur. Tillagan er liður í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028 þar sem stefnt var að því að framlög Íslands til þróunarsamvinnu færu hækkanði yfir tímabil fjármálaáætlunar 2024–2028 úr 0,35% af vergum þjóðartekjum (VPT) árið 2024 í 0,46% árið 2028. Samkvæmt þeirri stefnu var gert ráð fyrir því að framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu næmu 0,40% af VPT árið 2026 en að svo stöddu er stefnt að því að þetta hlutfall verði 0,35% á árinu 2026.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 4,8 m.kr. og verður útfærð við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2026.



## Viðauki – Framsetning og uppgjör ríkisfjármála

Lög nr. 123/2015, um opinber fjármál, kveða m.a. á um að framsetning ríkisfjármála og reikningsskil skuli byggð á alþjóðlegum stöðlum. Lögin gera ráð fyrir að reikningsskil fyrir A-hluta ríkisins og ríkisaðila í A1- og A2- hluta skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn, IPSAS (e. *International Public Sector Accounting Standards*). Þá gera lögin ráð fyrir því að framsetning og flokkun upplýsinga um fjármál A-hluta ríkisins, sem og um A1-hluta ríkissjóðs, skuli vera samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli, svokölluðum GFS-staðli (e. *Government Finance Statistics*) sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur umsjón með.

Innleiðing á breyttum reikningsskilum er umfangsmikið verkefni. Stærstum hluta innleiðingar er lokið og er ríkisreikningur 2024 birtur í annað sinn sem heildarsamstæða A-, B- og C- hluta. Í séryfirliti ríkisreiknings er svo að finna ársreikning A1-hluta ríkissjóðs ásamt ýmsum séryfirlitum og sundurliðunum sem gefa frekari upplýsingar um ríkisfjármálin. A1-hluti ríkissjóðs er sá hluti ríkisrekstrarins sem tekur til starfsemi sem einkanlega er fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum og á sér samsvörun í fjárlögum. Reikningsskil fyrir árið 2024 eru gerð á grundvelli IPSAS-staðlanna með frávikum þar sem reikningsskilaráð hefur heimilað frestun á innleiðingu í samræmi við heimildir 52. gr. laga um opinber fjármál um gerð og framsetningu reikningsskila. Áfram er unnið að því að þróa áætlanir og reikningsskil ríkisins að kröfum GFS- og IPSAS-staðlanna í samráði við Fjársýslu ríkisins og Hagstofu Íslands með það að markmiði að tryggja samræmi gagna og upplýsinga og gagnsæi um frávik milli staðlanna tveggja.

### Yfirlit frumvarpsins

**Í 1. gr. frumvarpsins er fjárstreymisyfirlit** sem sett er fram skv. GFS-staðlinum með upplýsingum um meginstærðir ríkisfjármálanna. Þar er sett fram sundurliðuð áætlun á tekjum og gjöldum A1-hluta ríkissjóðs eftir hagrænni flokkun ásamt breytingum á eignum og skuldum. Í því yfirliti hefur verið tekið tillit til innbyrðis viðskipta og tilfærslna milli ríkisaðila innan A1-hlutans. Yfirlitið veitir góða sýn á áhrif ríkisfjármálanna í efnahagslegu tilliti, s.s. á eftirspurn, framleiðslu og tekjudreifingu. Aðrar greinar fjárlaga sem varða fjármál A1-hluta ríkissjóðs eru byggðar á reikningsskilaaðferðum í samræmi við IPSAS. Ríkisreikningur skal gerður upp samkvæmt IPSAS-staðlinum en þar ber jafnframt að sýna tengingu á milli niðurstaðna reikningsskilanna við ofangreint fjárstreymisyfirlit A1-hluta ríkissjóðs samkvæmt GFS-staðlinum.

**Í 2. gr. er áætlun um sjóðstreymi ríkissjóðs** með yfirliti um innheimtar tekjur og greidd rekstrargjöld, fjárfestingarhreyfingar og lánahreyfingar og breytingu á handbæru fé.

**Í 3. gr. frumvarpsins** er birt yfirlit um fjárheimildir fyrir 35 málefnasvið A1-hluta ríkissjóðs á rekstrargrunni samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum. Fjárheimildirnar eru greindar niður eftir hagrænni skiptingu á útgjöldum A1-hlutans í rekstrarframlög, rekstrar-tilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingarframlög. Tilfærsluframlögin renna til rekstrar og fjárfestinga annarra aðila en fjárfestingarframlögin eru til eignamyndunar hjá ríkisaðilum í A1-hluta. Eignamyndunarframlagið færir í skuldahlið sem fyrirframgreitt framlag/frestaðar tekjur á móti eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna. Í yfirlitinu er einnig sýnt hvernig fjárheimildum er mætt með fjármögnun af rekstrartekjum ríkisaðila og framlögum úr ríkissjóði. Neðst í yfirlitinu má jafnframt sjá aðlögun að GFS-staðlinum og heildarfjárheimildir samkvæmt þeim staðli.

**Í 4. gr. frumvarpsins** er birt yfirlit um fjárheimildir málefnasviða og málaflokka á rekstrargrunni byggt á IPSAS-reikningsskilastaðlinum, sundurliðaðar eftir ráðuneytum. Markmið greinarinnar er að draga fram heildarfjárheimild hvers málefnasviðs og málaflokks og þau ráðuneyti sem ábyrgð bera á viðkomandi málaflökki.

**Í sundurliðun 1** er sýnt nánar hvernig áætlaðar heildartekjur A1-hluta ríkissjóðs á rekstrargrunni samkvæmt 1. gr. frumvarpsins og á greiðslugrunni í samræmi við 2. gr. frumvarpsins skiptast eftir tegundum. Fylgt er flokkunarlykli fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis sem byggður er á flokkunarleiðbeiningum GFS-hagskýrslustaðalsins. Meginflokkar tekna eru fjórir talsins: skattar, tryggingagjöld, fjárframlög og aðrar tekjur, sbr. einnig 51. gr. laga um opinber fjármál.

**Í sundurliðun 2** er sýnd skipting á fjárheimildum málefnasviða eftir málaflökkum og ráðuneytum ásamt upplýsingum um fjármögnun útgjalda með rekstrartekjum, framlagi úr ríkissjóði eða af efnahagsliðum. Nánari skipting fjárheimilda í fjárveitingar til ríkisaðila og verkefna og í varasjóði málaflokka er sett fram í fylgiriti með frumvarpinu. Í fylgiritinu er yfirlit um fjárveitingar til einstakra ríkisaðila og verkefna á rekstrargrunni og fjármögnun þeirra með rekstrartekjum ríkisaðila eða beinu framlagi úr ríkissjóði. Er sú framsetning gerð samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum á sama hátt og á við 3. og 4. gr. frumvarpsins og sundurliðun 2.

Vakin er athygli á því að skv. 51. gr. laga um opinber fjármál skal færa allar tekjur A1-hluta ríkissjóðs í yfirlit um tekjur A1-hluta ríkissjóðs í heild en í reikninga einstakra ríkisaðila í A1-hluta færast einungis rekstrartekjur þeirra. Í athugasemdum við greinina segir að þær skatttekjur sem fram að gildistöku laga um opinber fjármála voru markaðar tilteknum stofnunum færast nú eingöngu hjá ríkissjóði. Einnig kemur þar fram að gert sé ráð fyrir því að tekjustofn sé tengdur málaflökki í heild sinni en ekki einstökum aðilum sem annast framkvæmd innan hans. Því beri að láta tekjurnar af honum renna í ríkissjóð en það sé hlutverk Alþingis að ákveða með fjárheimildum í fjárlögum hverju sinni hversu miklu skuli ráðstafað til viðkomandi málaflokks. Til samræmis við þetta hefur viðkomandi lagaákvæðum um markaðar tekjur, sem áður voru færðar í bókhaldi stofnana eða fjárlagaliða, verið breytt með lögum nr. 47/2018, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur.

### **Breytt framsetning ríkisfjármála**

Hagstofa Íslands gaf í lok árs 2020 út endurskoðun á flokkun hageininga (e. sector classification) sem snýr að afmörkun hins opinbera (e. general government sector) í íslenskum þjóðhagsreikningum (Hagtiðindi, greinargerð, Flokkun stofnanaeininga í þjóðhagsreikningum, 30. nóvember 2020). Með breyttri flokkun ríkisaðila samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli verða eftirleiðis sjálfstæðir lögaðilar hluti af A-hluta ríkissjóðs, þ.m.t. ákveðin hlutafélög í eigu ríkissjóðs. Við þessa endurflokkun munu einnig ýmsar einingar sem áður hafa heyrt til B- og C-hluta verða flokkaðar með A-hluta.

Við þá breytingu er nauðsynlegt að um A-hluta gildi mismunandi forsendur eftir eðli og tilgangi starfseminnar. Því skiptist A-hluti í þrjá hluta: Í A1-hluta er starfsemi sem fallið hefur undir ríkissjóð og er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum úr ríkissjóði, í A2-hluta er starfsemi sem samanstendur af starfsemi fyrirtækja, lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir beinni stjórn ríkisins en stendur undir sér með sölu á vöru eða þjónustu, leigu og lánastarfsemi, í A3-hluta er starfsemi hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Eftir sem áður verða flokkar B- og C-hluta áfram til og undir þá falla aðrar fullgildar hageiningar samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Tilfærsla lánastofnana í A-hluta fjárlaga kallar á aðgreiningu þeirra innan A-hluta frá

annarri starfsemi með tilliti til regluverks og framsetningar í fjárlögum. Því eru þessir aðilar flokkaðir í A2-hluta. Um þessa aðila verða sérreglur frá aðilum í A1-hluta þannig að þeir eru undanþegnir skilyrðum 7. gr. við mat á markmiðum fjármálaáætlunar og fjármálastefnu þar sem fjármögnun þeirra var undanskilin þegar fjármálaregla var sett á með lögum um opinber fjármál. Jafnframt njóta þessir aðilar ákveðins sjálfstæðis umfram hefðbundna ríkisaðila í A1-hluta og verði undanþegnir ýmsum ákvæðum um A1-hluta, s.s. varðandi framsetningu í fjárlögum, lánareglur, framkvæmd fjárlaga o.fl., og þar giltu ákvæði líkt og gilda nú um B- og C-hluta aðila. Eftir sem áður birtast allir þessir aðilar í samstæðuyfirliti fyrir A-hluta (A1-, A2- og A3-hluta) þannig að A-hlutinn í heild verði samanburðarhæfur við framsetningu þjóðhagsreikninga. Samstæða A-hluta kemur fram í 7. kafla þessa frumvarps.

### **Helstu frávík á framsetningu ríkisfjármála samkvæmt GFS- og IPSAS-staðli**

Hér er gerð stutt grein fyrir framsetningu ríkisfjármálanna skv. GFS-staðli og helstu atriðunum sem valda mismun á framsetningu ríkisfjármálanna samkvæmt GFS- og IPSAS-stöðlunum. Báðum stöðlunum er ætlað að tryggja samkvæmni og alþjóðlega samanburðarhæfni en áherslur þeirra eru ólíkar. Í aðalatriðum sýna niðurstöður samkvæmt stöðlunum tveimur, GFS og IPSAS, sömu niðurstöður í efnahagsreikningi á hreinni eign í árslok. Hins vegar er í ákveðnum tilvikum mismunandi færslumeðferð með tilliti til þess hvað færist um rekstrarreikning eða um endurmat á efnahagsreikningi. Ræðst það einkum af ólíkum markmiðum staðlanna þar sem GFS-staðlinum er ætlað að draga fram efnahagsleg áhrif viðkomandi einingar á hagkerfið á meðan IPSAS-staðallinn miðast við að sýna fjárhagslega afkomu og stöðu viðkomandi rekstraraðila. Frávík á milli staðlanna eru í aðalatriðum eftirfarandi:

- a. **Gengismismunur.** Allur gengismunur færist um endurmatsreikning yfir á efnahag samkvæmt GFS-staðli en samkvæmt IPSAS-staðli færist hann um rekstrarreikning.
- b. **Lífeyrisskuldbindingar.** IPSAS-staðallinn gerir almennt ráð fyrir að allar breytingar á lífeyrisskuldbindingum ársins færist um rekstrarreikning, s.s. vegna áhrifa af ávinnslu nýrra réttinda á árinu, launabreytinga og breytinga á tryggingafræðilegum forsendum. Samkvæmt GFS-staðli færast einungis breytingar á lífeyrisskuldbindingum vegna ávinnslu réttinda á árinu og reiknaðs vaxtakostnaðar af útistandandi lífeyrisskuldbindingu um rekstrarreikning. Aðrar breytingar á lífeyrisskuldbindingum, s.s. vegna launabreytinga, breytinga á ávöxtunarprósentu, lífslíkum eða lífeyrisaldri, færast um endurmat yfir á efnahag. Staða lífeyrisskuldbindinga í efnahagsreikningi í árslok er hins vegar sú sama samkvæmt stöðlunum báðum.
- c. **Eignfærsla á varanlegum rekstrarfjármunum.** Samkvæmt báðum stöðlunum er gerð krafa um eignfærslu á varanlegum rekstrarfjármunum. Innleiðing laga um opinber fjármál fól í sér breytingar á framsetningu og innihaldi efnahagsreikninga hjá einstökum ríkisaðilum og þá sérstaklega er varðar meðferð varanlegra rekstrarfjármuna. Í stað þess að þessir fjármunir gjaldfærast við kaup eru þeir eignfærðir. Það felur í sér að á móti eignfærslunni færast eignamyndunarframlag í skuldahlið sem fyrirframgreitt framlag. Yfir líftíma eignarinnar er hún síðan afskrifuð árlega og á móti þeirri gjaldfærslu er jafnan tekjufærður sambærilegur hluti af eignarmyndunarframlaginu. Í árlegum reikningsskilum fyrir þessar eignir er því lögð áhersla á að jafna saman gjöldum og tekjum í rekstrarreikningi og eignum og skuldum í efnahagsreikningi yfir líftíma viðkomandi eignar.

- d. **Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.** Samkvæmt IPSAS-staðli eru afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna gjaldfærðar og hafa þannig áhrif á heildarafkomu en samkvæmt GFS-staðlinum eru afskriftir færðar til gjalda á meðal rekstrarútgjalda en til lækkunar á fastafjárútgjöldum í sama mæli. Samkvæmt GFS-staðlinum hafa afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna þannig ekki áhrif á heildarafkomu.
- e. **Fjárfesting í efnislegum eignum.** IPSAS-staðallinn gerir ráð fyrir því að fjárfesting fari aðeins um efnahagsreikning en GFS-staðallinn gerir auk þess ráð fyrir gjaldfærslu. Þannig hafa fjárfestingar áhrif á heildarafkomu samkvæmt GFS-staðlinum en ekki samkvæmt IPSAS-staðlinum.
- f. **Sala fastafjármuna.** Samkvæmt GFS-staðlinum er sala fastafjármuna dregin frá fjárfestingu ársins á gjaldahlið.
- g. **Afskriftir skattkrafna.** Samkvæmt IPSAS-staðli er afskrift óinnheimtra skattkrafna og annarra tekna færð sem útgjöld. Samkvæmt GFS-staðli er hún færð til lækkunar á viðkomandi tekjum. Í báðum tilvikum er um að ræða færslu um rekstrarreikning og áhrif á afkomu eru því hin sömu, óháð því hvorum staðlinum er fylgt.
- h. **Endurgreiðsla virðisaukaskatts til opinberra aðila.** Samkvæmt IPSAS-staðli er endurgreiðsla virðisaukaskatts til opinberra aðila færð til lækkunar á tekjum af virðisaukaskatti. Samkvæmt GFS-staðli er slík endurgreiðsla færð sem gjöld. Í báðum tilvikum er um að ræða færslu um rekstrarreikning og áhrif á afkomu eru því hin sömu, óháð því hvorum staðlinum er fylgt.
- i. **Hlutdeildarðferð við mat á eignarhlutum í félögum og stofnunum.** Báðir staðlarnir gera almennt ráð fyrir því að hlutdeildarðferð sé beitt við mat á eignarhlutum í félögum og stofnunum. Niðurstöðutölur í árslok í efnahagsreikningi eru hinar sömu en frávík er á milli þess hvernig staðlarnir fara með breytingar ársins með tilliti til þess hvað færist um rekstrarreikning eða endurmatsreikning yfir á efnahag. IPSAS-staðallinn gerir kröfu um að öll breytingin færist um rekstrarreikning. GFS-staðallinn gerir hins vegar ráð fyrir því að sá hluti breytingarinnar sem rekja má til viðskipta ársins færist um rekstrarreikning á meðan aðrar breytingar, s.s. matsbreytingar, færist um endurmatsreikning yfir á efnahag.

### **Samanburður á afkomu ríkissjóðs samkvæmt GFS og IPSAS**

Meðfylgjandi yfirlit sýnir yfirfærslu tekna og gjalda frá GFS yfir í IPSAS-framsetningu og áætlaðan heildarjöfnuð A1-hluta ríkissjóðs á hvorum staðli fyrir sig. Eins og sjá má er munur á áætlaðri afkomu á milli þessara tveggja staðla. Vakin er athygli á því að í þessari samantekt er ekki lagt mat á möguleg áhrif hlutdeildar í afkomu annarra hlutdeildarfélaga sem kunna að hafa mikil áhrif á heildarniðurstöðu ársins samkvæmt IPSAS-staðlinum til lækkunar eða lækkunar.

**Tafla 1 í viðauka: Samanburður á afkomu ríkissjóðs samkvæmt GFS og IPSAS**

| Rekstrargrunnur, m.kr.                                                                                      | Frumvarp<br>2026 |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------|
| Heildartekjur samkvæmt GFS-staðli .....                                                                     | 1.591.246        |
| Rekstrargjöld samkvæmt GFS-staðli .....                                                                     | 1.590.148        |
| <b>Rekstrarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli .....</b>                                                           | <b>1.098</b>     |
| Fastafjárútgjöld .....                                                                                      | 16.435           |
| Heildargjöld samkvæmt GFS-staðli .....                                                                      | 1.606.583        |
| <b>Heildarjöfnuður samkvæmt GFS-staðli .....</b>                                                            | <b>-15.337</b>   |
| Aðlaganir á tekjuhlöð .....                                                                                 | -67.472          |
| Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS <sup>1</sup> ..... | 7.188            |
| Endurgreiðsla VSK til opinberra aðila <sup>2</sup> .....                                                    | -18.900          |
| Mismunur á tekjufærðum hagnaði félaga skv. IPSAS og GFS <sup>3</sup> .....                                  | -55.760          |
| Aðlaganir á gjaldahlöð .....                                                                                | 65.603           |
| Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu <sup>4</sup> .....                         | 15.846           |
| Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á tekjum skv. GFS en hækkunar gjalda skv. IPSAS <sup>1</sup> ..... | 7.188            |
| Endurgreiðsla VSK til opinberra aðila <sup>2</sup> .....                                                    | -18.900          |
| Lífeyrisskuldbindingar - s.s.launabreytingar og aðrar forsendubreytingar .....                              | 60.576           |
| Sala fastafjármuna <sup>5</sup> .....                                                                       | 804              |
| Aðlögun vegna tapaðra krafna .....                                                                          | 90               |
| Heildartekjur samkvæmt IPSAS-staðli .....                                                                   | 1.523.774        |
| Heildarfjárheimild til reksturs og fjárfestinga samkvæmt IPSAS-staðli .....                                 | 1.672.186        |
| Innbyrðis viðskipti sem dregin eru frá í upplýsingum um samstæðu .....                                      | -15.846          |
| Fjárfestingaframlög ekki gjaldfærð samkvæmt IPSAS-staðli .....                                              | -89.256          |
| Afskriftir gjaldfærðar samkvæmt IPSAS-staðli <sup>6</sup> .....                                             | 28.983           |
| Heildargjöld samkvæmt IPSAS-staðli .....                                                                    | 1.596.068        |
| <b>Heildarjöfnuður samkvæmt IPSAS-staðli .....</b>                                                          | <b>-72.293</b>   |

<sup>1</sup> Samkvæmt IPSAS eru afskriftir skattkrafna færðar meðal gjalda í rekstrarreikningi. Samkvæmt GFS eru þær hins vegar látnar koma til lækkunar á tekjum ríkissjóðs af viðkomandi sköttum.

<sup>2</sup> Í stað þess að færa nettó útgjöld ráðuneyta og stofnana vegna útgjalda sem uppfylla skilyrði fyrir endurgreiðslu á VSK eru útgjöldin færð brúttó en skráðar eru tekjur hjá ríkissjóði á móti samkvæmt GFS.

<sup>3</sup> Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að munur á arðgreiðslum skv. GFS-staðalinum og IPSAS reikningsskilum nemi 55.760 m.kr. Hér er ekki gert ráð fyrir breytingum sem tengjast afkomu ársins hjá öðrum félögum í ríkiseigu.

<sup>4</sup> Í samstæðureikningi og í fjárstreymisýfirliti samkvæmt GFS er leiðrétt fyrir innbyrðis viðskiptum en hér er þeim bætt við til að sýna heildarfjárheimild eins og hún birtist í lagagreinum 3 og 4 í frumvarpinu.

<sup>5</sup> Sala fastafjármuna koma til frádráttar fjárfestingu skv. GFS.

<sup>6</sup> Áætlaðar afskriftir í ríkisreikningi. Um gróft mat er að ræða. Í fjárlögum eru afskriftir áætlaðar í samræmi við verklag Hagstofu Íslands. Unnið er að samræmingu á meðferð afskrifta í reikningshaldi og í þjóðhagsreikningum.



## Töfluviðauki

|                                                                    |     |
|--------------------------------------------------------------------|-----|
| 1. Fjárstreymi A1-hluta ríkissjóðs .....                           | 352 |
| 2. Sjóðstreymi A1-hluta ríkissjóðs .....                           | 354 |
| 3. Stöðugleikaregla.....                                           | 355 |
| 4. Tekjur A1-hluta ríkissjóðs .....                                | 356 |
| 5. Útgjöld A1-hluta ríkissjóðs eftir hagrænni skiptingu.....       | 357 |
| 6. Útgjöld A1-hluta ríkissjóðs eftir málefnasviðum .....           | 358 |
| 7. Eignir og skuldir A1-hluta ríkissjóðs .....                     | 359 |
| 8. Samanburður á afkomu A1-hluta ríkissjóðs skv. GFS og IPSAS..... | 360 |
| 9. Lykilstærðir í fjárreiðum ríkisaðila í A2-hluta .....           | 361 |
| 10. Lykilstærðir í fjárreiðum ríkisaðila í A3-hluta .....          | 362 |
| 11. Samstæðuyfirlit A-hluta í heild .....                          | 363 |
| 12. Efnahagsforsendur frumvarpsins, prósentubreytingar .....       | 364 |
| 13. Efnahagsforsendur frumvarpsins, nafnstærðir .....              | 365 |

Tafla 1

Fjárstreymi A1-hluta rikissjóðs

| Þjóðhagsgrunnur <sup>1</sup> , m.kr.        | Reikn.<br>2023   | Brb.<br>2024     | Fjárlög<br>2025  | Horfur<br>2025   | Frumvarp<br>2026 |
|---------------------------------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| <b>Heildartekjur .....</b>                  | <b>1.285.707</b> | <b>1.393.484</b> | <b>1.420.626</b> | <b>1.500.200</b> | <b>1.591.246</b> |
| <b>Skatttekjur .....</b>                    | <b>998.617</b>   | <b>1.091.828</b> | <b>1.120.164</b> | <b>1.167.192</b> | <b>1.236.609</b> |
| Skattar á tekjur og hagnað .....            | 463.737          | 480.720          | 506.800          | 525.100          | 549.500          |
| Skattar á laungreiðslur og vinnuafl .....   | 11.563           | 11.891           | 12.949           | 13.030           | 13.926           |
| Eignarskattar .....                         | 13.670           | 15.195           | 12.127           | 15.527           | 14.327           |
| Skattar á vöru og þjónustu .....            | 487.688          | 560.924          | 563.758          | 588.215          | 632.187          |
| Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti ..... | 6.155            | 6.664            | 6.420            | 7.420            | 7.170            |
| Aðrir skattar .....                         | 15.804           | 16.434           | 18.110           | 17.900           | 19.499           |
| <b>Tryggingagjöld .....</b>                 | <b>131.613</b>   | <b>136.982</b>   | <b>148.590</b>   | <b>151.726</b>   | <b>159.923</b>   |
| <b>Fjárframlög .....</b>                    | <b>8.105</b>     | <b>10.383</b>    | <b>7.452</b>     | <b>7.679</b>     | <b>8.085</b>     |
| <b>Aðrar tekjur .....</b>                   | <b>147.371</b>   | <b>154.291</b>   | <b>144.419</b>   | <b>173.603</b>   | <b>186.629</b>   |
| Eignatekjur .....                           | 84.894           | 91.352           | 94.623           | 122.021          | 132.978          |
| þ.a. vaxtratekjur .....                     | 35.346           | 25.956           | 39.604           | 55.454           | 51.909           |
| þ.a. arðgreiðslur .....                     | 37.799           | 53.695           | 42.416           | 53.818           | 56.822           |
| Sala á vöru og þjónustu .....               | 52.308           | 55.507           | 43.129           | 44.251           | 45.948           |
| Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur .....  | 10.170           | 7.432            | 6.668            | 7.331            | 7.704            |
| <b>Heildargjöld .....</b>                   | <b>1.331.403</b> | <b>1.449.407</b> | <b>1.483.228</b> | <b>1.519.393</b> | <b>1.606.583</b> |
| <b>Rekstrargjöld .....</b>                  | <b>1.324.800</b> | <b>1.445.283</b> | <b>1.462.602</b> | <b>1.515.084</b> | <b>1.590.148</b> |
| Laun .....                                  | 288.254          | 310.169          | 325.775          | 340.650          | 352.537          |
| Kaup á vöru og þjónustu .....               | 216.637          | 228.997          | 235.496          | 234.104          | 244.783          |
| Afskriftir .....                            | 87.655           | 94.779           | 74.799           | 94.715           | 97.746           |
| Vaxtagjöld <sup>2</sup> .....               | 130.571          | 131.966          | 120.150          | 132.557          | 144.259          |
| Framleiðslustyrkir .....                    | 61.413           | 70.972           | 71.851           | 73.851           | 71.591           |
| Fjárframlög .....                           | 452.592          | 491.842          | 508.721          | 527.262          | 567.826          |
| Til alþjóðastofnana .....                   | 16.699           | 16.021           | 16.379           | 16.379           | 18.274           |
| Til almannatrygginga .....                  | 378.115          | 408.150          | 437.717          | 446.742          | 477.400          |
| Til sveitarfélaga .....                     | 57.778           | 67.671           | 54.624           | 64.141           | 72.152           |
| Félagslegar tilfærslur til heimila .....    | 25.883           | 37.347           | 36.476           | 34.476           | 34.688           |
| Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög ..... | 61.795           | 79.211           | 89.335           | 77.469           | 76.718           |
| <b>Fastafjárútgjöld .....</b>               | <b>6.604</b>     | <b>4.124</b>     | <b>20.626</b>    | <b>4.309</b>     | <b>16.435</b>    |
| Fjárfesting í efnislegum eignum .....       | 94.259           | 98.903           | 95.424           | 99.024           | 114.181          |
| Afskriftir (-) .....                        | -87.655          | -94.779          | -74.799          | -94.715          | -97.746          |
| <b>Frumjöfnuður .....</b>                   | <b>49.529</b>    | <b>50.087</b>    | <b>17.943</b>    | <b>57.909</b>    | <b>77.014</b>    |
| <b>Vaxtajöfnuður .....</b>                  | <b>-95.226</b>   | <b>-106.010</b>  | <b>-80.545</b>   | <b>-77.102</b>   | <b>-92.350</b>   |
| <b>Heildarjöfnuður .....</b>                | <b>-45.696</b>   | <b>-55.923</b>   | <b>-62.602</b>   | <b>-19.193</b>   | <b>-15.337</b>   |

<sup>1</sup> Fjármál rikissjóðs eru skv. lögum um opinber fjármál sett fram á alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS) og er hann sá sami og Hagstofa Íslands notar við birtingu þjóðhagsreikninga. Unnið er að samræmingu á gögnum í talnagrunni fjárlaga og eldri gögnum og því kunna eftir atvikum að vera frávik á tekju- og gjaldahlið sem skýrast af breyttri framsetningu.

<sup>2</sup> Til vaxtagjalda teljast reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga en þau eru áætluð um 19 ma.kr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2026.



Tafla 1 - framhald

## Fjárstreymi A1-hluta ríkissjóðs

| Þjóðhagsgrunnur <sup>1</sup> , % af VLF | Reikn.<br>2023 | Brb.<br>2024 | Fjárlög<br>2025 | Horfur<br>2025 | Frumvarp<br>2026 |
|-----------------------------------------|----------------|--------------|-----------------|----------------|------------------|
| Frumtekjur .....                        | 28,6           | 29,7         | 28,5            | 29,2           | 29,4             |
| Frumgjöld .....                         | 27,5           | 28,7         | 28,1            | 28,0           | 27,9             |
| <b>Frumjöfnuður .....</b>               | <b>1,1</b>     | <b>1,1</b>   | <b>0,4</b>      | <b>1,2</b>     | <b>1,5</b>       |
| Vaxtatekjur .....                       | 0,8            | 0,6          | 0,8             | 1,1            | 1,0              |
| Vaxtagjöld <sup>2</sup> .....           | 3,0            | 2,9          | 2,5             | 2,7            | 2,8              |
| <b>Vaxtajöfnuður .....</b>              | <b>-2,2</b>    | <b>-2,3</b>  | <b>-1,7</b>     | <b>-1,6</b>    | <b>-1,8</b>      |
| Heildartekjur .....                     | 29,4           | 30,3         | 29,3            | 30,3           | 30,4             |
| Heildargjöld .....                      | 30,5           | 31,5         | 30,6            | 30,7           | 30,7             |
| <b>Heildarjöfnuður .....</b>            | <b>-1,0</b>    | <b>-1,2</b>  | <b>-1,3</b>     | <b>-0,4</b>    | <b>-0,3</b>      |

<sup>1</sup> Fjármál ríkissjóðs eru skv. lögum um opinber fjármál sett fram á alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS) og er hann sá sami og Hagstofa Íslands notar við birtingu þjóðhagsreikninga. Unnið er að samræmingu á gögnum í talnagrunni fjárlaga og eldri gögnum og því kunna eftir atvikum að vera frávik á tekju- og gjaldahlið sem skýrast af breyttri framsetningu.

<sup>2</sup> Til vaxtagjalda teljast reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga en þau eru áætluð um 19 ma.kr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2026.

| Tafla 2                                      | Sjóðstreymi A1-hluta ríkissjóðs |                  |                  |
|----------------------------------------------|---------------------------------|------------------|------------------|
|                                              | Fjárlög<br>2025                 | Horfur<br>2025   | Frumvarp<br>2026 |
| Greiðslugrunnur, m.kr.                       |                                 |                  |                  |
| <b><i>Rekstrarhreyfingar</i></b>             |                                 |                  |                  |
| <b>Innheimta .....</b>                       | <b>1.346.513</b>                | <b>1.390.613</b> | <b>1.480.465</b> |
| Skatttekjur .....                            | 1.092.769                       | 1.139.042        | 1.205.500        |
| Tryggingagjöld .....                         | 145.840                         | 148.920          | 157.129          |
| Fjárframlög .....                            | 7.452                           | 7.679            | 8.085            |
| Fjármunatekjur .....                         | 38.926                          | 31.391           | 33.025           |
| Aðrar tekjur .....                           | 61.525                          | 63.581           | 76.726           |
| <b>Greiðslur .....</b>                       | <b>1.403.670</b>                | <b>1.436.522</b> | <b>1.506.445</b> |
| Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar .....    | 692.054                         | 705.687          | 736.082          |
| Rekstrartilfærslur .....                     | 583.103                         | 594.628          | 622.047          |
| Fjármagnstilfærslur .....                    | 54.947                          | 49.947           | 58.407           |
| Fjármagnskostnaður .....                     | 73.567                          | 86.262           | 89.909           |
| <b>Handbært fé frá rekstri .....</b>         | <b>-57.157</b>                  | <b>-45.910</b>   | <b>-25.980</b>   |
| <b><i>Fjárfestingarhreyfingar</i></b>        |                                 |                  |                  |
| Fjárfesting .....                            | -69.913                         | -73.513          | -86.299          |
| Sala eigna .....                             | 99.300                          | 94.300           | 800              |
| Veitt löng lán .....                         | -28.850                         | -39.600          | -30.850          |
| Innheimtar afborganir af veittum lánum ..... | 6.731                           | 28.195           | 27.675           |
| Móttekinn arður .....                        | 42.416                          | 53.818           | 56.822           |
| Fyrirframgreiðsla til LSR .....              | -10.400                         | -10.400          | -10.733          |
| Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup .....     | -1.606                          | 18.394           | -1.606           |
| Uppgjör ÍL-sjóðs, nettó .....                | 0                               | -268.000         | 0                |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar samtals .....</b> | <b>37.678</b>                   | <b>-196.806</b>  | <b>-44.191</b>   |
| <b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður .....</b>        | <b>-19.479</b>                  | <b>-242.716</b>  | <b>-70.171</b>   |
| <b><i>Fjármögnunarhreyfingar</i></b>         |                                 |                  |                  |
| Tekin langtímalán .....                      | 164.668                         | 733.456          | 293.474          |
| Afborganir af teknum lánum .....             | -136.423                        | -433.487         | -264.082         |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar samtals .....</b>  | <b>28.245</b>                   | <b>299.969</b>   | <b>29.392</b>    |
| <b>Breyting á handbæru fé .....</b>          | <b>8.766</b>                    | <b>57.253</b>    | <b>-40.779</b>   |

Tafla 3

## Stöðugleikaregla

| Rekstrargrunnur, ma.kr. á verðlagi ársins 2025             | Fjárlög<br>2025 | Frumvarp<br>2026 | % br.       |
|------------------------------------------------------------|-----------------|------------------|-------------|
| <b>Heildarútgjöld málefna sviða .....</b>                  | <b>1.545,6</b>  | <b>1.628,7</b>   | <b>5,4%</b> |
| <i>Undanskildir liðir</i>                                  |                 |                  |             |
| Vaxtagjöld .....                                           | 101,6           | 125,4            | 23,4%       |
| Lífeyrisskuldbindingar .....                               | 79,1            | 80,9             | 2,3%        |
| Fjárfestingarframlög .....                                 | 70,0            | 86,4             | 23,4%       |
| Atvinnuleysisbætur .....                                   | 35,6            | 35,5             | -0,2%       |
| Jöfnunarsjóður, lögbundin framlög .....                    | 32,2            | 34,1             | 5,8%        |
| Afskriftir skattkrafna .....                               | 6,5             | 7,2              | 10,4%       |
| Tapaðar kröfur og tjónabætur .....                         | 0,1             | 0,1              | 0,0%        |
| <b>Útgjaldagrunnur stöðugleikareglu .....</b>              | <b>1.220,6</b>  | <b>1.259,1</b>   |             |
| Raunvöxtur útgjalda milli ára, % .....                     |                 | 3,2%             |             |
| Raunvöxtur útgjalda milli ára .....                        |                 | 38,5             |             |
| Raunvöxtur tekjuráðstafana milli ára .....                 |                 | 14,6             |             |
| <b>Útgjaldavöxtur að frádregnum tekjuráðstöfunum .....</b> |                 | <b>23,9</b>      |             |
| <b>Stöðugleikaregla, % br. frá fyrra ári .....</b>         |                 | <b>2,0%</b>      |             |

Tafla 4

## Tekjur A1-hluta ríkissjóðs

| Rekstrargrunnur, m.kr.                           | Fjárlög<br>2025  | Horfur<br>2025   | Fjárlög<br>2026  | br. frá fjárl.<br>m.kr. | br. frá fjárl.<br>% |
|--------------------------------------------------|------------------|------------------|------------------|-------------------------|---------------------|
| <b>Skatttekjur .....</b>                         | <b>1.120.164</b> | <b>1.167.192</b> | <b>1.236.609</b> | <b>112.445</b>          | <b>10,0</b>         |
| Skattar á tekjur og hagnað .....                 | 506.800          | 525.100          | 549.500          | 42.700                  | 8,4                 |
| Tekjuskattur, einstaklingar .....                | 279.400          | 280.800          | 304.200          | 24.800                  | 8,9                 |
| Tekjuskattur, lögaðilar .....                    | 149.300          | 149.500          | 152.000          | 2.700                   | 1,8                 |
| Sérstakur fjársýsluskattur .....                 | 7.400            | 7.200            | 7.900            | 500                     | 6,8                 |
| Fjármagnstekjuskattur .....                      | 70.700           | 87.600           | 85.400           | 14.700                  | 20,8                |
| Skattar á launagr. og vinnuafl .....             | 12.949           | 13.030           | 13.926           | 977                     | 7,5                 |
| Fjársýsluskattur .....                           | 4.160            | 4.200            | 4.400            | 240                     | 5,8                 |
| Aðrir skattar á launagreiðslur og vinnuafl ..... | 8.789            | 8.830            | 9.526            | 737                     | 8,4                 |
| Eignarskattar .....                              | 12.127           | 15.527           | 14.327           | 2.200                   | 18,1                |
| Erfðafjárskattur .....                           | 9.900            | 13.300           | 11.900           | 2.000                   | 20,2                |
| Aðrir eignarskattar .....                        | 2.227            | 2.227            | 2.427            | 200                     | 9,0                 |
| Skattar á vöru og þjónustu .....                 | 563.758          | 588.215          | 632.187          | 64.428                  | 11,3                |
| Virðisaukaskattur .....                          | 420.500          | 440.650          | 465.600          | 45.100                  | 10,7                |
| Stimpilgjöld .....                               | 7.520            | 7.500            | 7.840            | 320                     | 4,3                 |
| Vörugjöld af ökutækjum .....                     | 9.750            | 10.650           | 17.700           | 7.950                   | 81,5                |
| Vörugjöld af bensíni .....                       | 11.500           | 9.000            | 0                | -11.500                 | -100,0              |
| Kolefnisgjald .....                              | 7.270            | 12.400           | 14.530           | 3.260                   | 28,9                |
| Oliugjald .....                                  | 16.400           | 11.400           | 0                | -16.400                 | -100,0              |
